



## Gjörðabók byggingarnefndar 1905-1913

---

Aðfnr. 4630 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is)

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# SKJALASAFN

REYKJAVÍKURBÆJAR


Gjörðabók

byggingarnefndar

1905 - 1913

.077.5:025.26 - .785.075.15

Aðfnr. 4630 *A*



Tililblað bókarinnar:

Bók þessi,  
sem er 410 - fjögur hundruð og tíu - tölusettar blað-  
síður og gegnumdreginn og innsiglið með innsigli stjórn-  
arráðsins, löggildist hérmeð til að vera

Byggingarnefndarbók  
fyrir Reykjavíkurbæ.

Í stjórnarráði Íslands 13. júní 1905.

F.h.r.

Jón Magnússon  
settur.

Guðm. Sveinbjörnsson  
aðst.

Ár 1905, 15. júlí átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir eftirfarandi málefni

1. Gunnlaugi Péturssyni leyft að gera íbúð í vesturenda húss hans nr. 1 við Framnesveg.

2. H.P.Duus-verzlun leyft að stækka vörugeymsluhús við Vesturgötu um 12 1/2 x 5 1/2 alin.

3. Th. Thorsteinsen kaupmanni leyft að gjöra skúr 6 x 7 al. að stærð við fiskgeymsluhús hans á Kirkjusandi syðra.

4. Samþykkt að selja Magnúsi Blöndal lóð við Laugaveg milli Mógrafabletts að vestan og Rauðarárstígs að austan. Lóðin er öll 5152 ferálnir að stærð að meðtöldum lækjarfarveginum, en þar af undan skilzt 560 ferálnir undir framhald Grettisgötu. Það sem þá verður eftir, 4592 ferálnir, vill nefndin selja fyrir 50 aura hverja feralin og með þeim skilyrðum, að kaupandi veiti fram læknum gegn um lóðina eftir nægilega víðri neðanjarðarpípu eða steinlímdu ræsi, og haldi þessu rennsli forsvaranlega við.

5. Ab. Th. Jensen leyft að stækka fjós og heyllöðu í Bráðræði, fjósið um 9 x 6 1/4 al. og heyllöðuna um 2 3/8 x 13 3/8 al.

6. Guðmundi Þórðarsyni skósmið leyft að reisa íbúðarhús á lóð sinni við Bergstaðastræti 12 x 16 al. að stærð með skúr 4 x 4 al.

7. Guðmundi Guðmundssyni kaupmanni Laugavegi 22 leyft að reisa hús til íbúðar og verzlunar á lóð hans í horninu milli Laugavegar og Klapparstígs 15 1/2 x 12 al. að stærð með skúr 6 1/2 x 6 al.

8. Pétri Jónssyni Þjátursmið leyft að gjöra skúr við hús hans í Vesturgöfu 14 x 7 1/2 al. að stærð.

Allir á fundi nema Hannes Hafliðason og Tr. Gunnarsson..

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson.  
Guðmundur Jakobsson. K. Zimsen.

Ár 1905 b. 29. júlí átti byggingarnefndin aukafund með sér og var þá ákveðen stefna Hafnarstrætis samkvæmt framlögðum uppdrætti og breidd götunnar ákveðin 20 álnir.

Allir á fundi nema Tr.Gunnarsson og Kr.O.Borgrímsson.

Fundi slitið.

Oddur Gíslason, settur. K.Zimsen. Hannes Hafliðason. Guðmundur Jakobsson.

Ár 1905, 5. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekein fyrir þessi málefni

1. H.Andersen klæðskera leyft að breyta heyhúsi á lóð hans við Aðalstræti í vinnustofu með því skilyrði, að hann leggi fram uppdrátt fyrir breytinguna ekki síðar en næsta mánudag 7. b.m.

2. Með því að Björn Símonarson kaupmaður hefur enn eigi fengið breikkaðan ganginn að húsi sínu frá Aðalstræti svo sem áskilið var við útmælingu l. f.m. lagði nefndin fyrir hann að láta hætta við bygginguna þangað til skilyrðinu væri fullnægt. Nefndin tjáði og yfirmiðnum þessi fyrirmæli. Ennfremur var lagt fyrir Björn Símonarson að taka tafarlaust burtu steintröppur, sem hann hefur sett í óleyfi framan við húsið í Vallarstræti. Þegar Björn hefur fullnægt fyrgreindu skilyrði, og byggingunni verður haldið áfram, var honum leyft að setja pall (þalkon) framan á kvistinn neðan við efstu gluggana og gera 2 þakglugga framan á húsið.

3. H.Th.A.Thomsen (D.Thomsen) leyft að gjöra skúr 12 x 4 al. að stærð austan við íbúðarhús hans við Lækjartorg.

4. Dr. Ostlund leyft að lengja til norðurs samkomuhús hans við Ingólfsstræti um 2 al. Húsið er 11 al. br.

5. Guðmundi Guðmundssyni fyrrv. fátækrafulltrúa leyft að reisa íbúðarhús 14 x 13 al. að stærð með skúr 4 x 4 al á lóð hans við Grettisgötu, og ennfremur heyhús 10 x 10 al. að stærð á suðvesturenda lóðarinnar.

6. Haraldí kaupsmanni Sigurðssyni leyft leyft að gjöra geymsluskúr 13 x 6 1/2 al. að stærð á lóð hans nr. 44 við Laugaveg.

7. Páli Guðmundssyni leyft að reisa hús 20 x 10 1/2 al. að stærð með skúr 4 1/2 x 3 1/2 al. á lóð hans á hönnun milli Frakkastígs og Njálsgötu. Hornið á húsinu milli gatnanna á að vera sneitt og all, húsið undir sama risi.

8. Sveini Gestssyni leyft að reisa íbúðarhús 9 x 9 al. að stærð með skúr 3 x 3 al. á lóð hans við Grettisgötu vestanverðri við Vitastíg.

9. Guðmundi Jakobssyni snikkara leyft að leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans norðan við Njálsgötu 9 x 8 al. að stærð með skúr 6 x 2 1/2 al..

10. Sæmundi Þórðarsyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð sinni sunnan við Njálsgötu vestan Barónstígs 10 x 9 al. að stærð með skúr 3 1/2 x 3 al.

11. Jóhannesi Lárussyni synjað um að reisa geymsluhús syðst á lóð sinni við Laugaveg, með því að húsið eins og það er fyrirhugað mundi eigi verða meira en ca. 1 al. 20 þumlungar frá framhlið á húsi Ingvars Ingvarssonar, og gjöra ómögulegt að koma slökkvitækjum að því húsi.

12. Math. Jensen leyft að stækka skúr við fjós hennar í Bráðræði 3 3/4 x 6 1/4 al. og hækka þakið á fjósinu um 1 al.

13. Erlendi Magnússyni gullsmið leyft að gjöra viðbót norðan við vinnuhús hans við Þingholtsstræti 8 1/4 x 11 1/2 al. að stærð.

14. H. Th. A. Thomsen (D. Thomsen) leyft að gjöra 3 salerni og 1 pissoir í portu á lóð hans norðan við Hafnarstræti. - Hús þessi eru til samans 9 x 1 3/4 al. og setja girðingu milli húsanna.

Allir á fundi nema Knud Zimsen og Tr. Gunnarss.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Guðmundur Jakobsson. Hannes Hafliðason. Kristján Þorgrímsson.



Ár 1905, b. 10. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Einari Zöega veitingamanni leyft að gjöra fjós 5 1/2 x 6 1/2 al. að stærð í erfðafestulandi hans, Stekkjarholtsbletti.

2. Sigurði Guðmundssyni Bræðraborgarstig 13 leyft að gjöra salerni þar á lóð sinni 2 x 2 al. að stærð.

3. Reinholdt Andersen klæðskera leyft að setja dyr á vesturgöfl húss hans við Aðalstræti - sunnan við Aðalstræti.

4. Beiðni frá Jóhannesi Hjartarsyni skipstjóra um að fá keyptan lóðarrenning ca. 240 ferálnir á sjávarbakkanum norðan við hjall hans í Hlíðarhúsalandi, vildi byggingarnefndin ekki samþykkja, með því að hún álitur eigi rétt að afsala frá bænum lóðir með sjónum frekar en orðið er, og renningur þessi auk þess að líkindum verður notaður undir götu með tímanum.

5. H.P.Duus verzlun leyfðar ýmsar breytingar samkvæmt framlögðum uppdrætti á gluggum og dyrum á sölubúð og útihúsi verzlunarinnar, þeim megin er veit að Fischersundi, svo og hækka skúrinn (útihúsið), svo að hann verði tvílyftur.

6. Kristni Jónssyni trésmið leyfðar nokkrar breytingar samkvæmt framlögðum uppdrætti á þaki, gluggum og forstofu á húsi því, sem hann er að reisa við Grettisgötu.

7. Marteini Finnbogasyni leyft að endurbæta bæ sinn við Hverfisgötu (Traðarkot).

Allir á fundi nema Kr. Þorgrímsson og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Hannes Hafliðason. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen.

Ár 1905, t. 2. september átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að setja dyr á suðurhlið eldri sölubúðar verzlunarinnar Edinborg við Hafnarstræti.
2. Högna Finnasyni leyft að setja bakglugga á hús hans við Skálholtsstíg.
3. Guðmundi Magnússyni steinsmið leyft að reisa íbúðarhús með 2 lofthæðum  $9 \frac{1}{2} \times 11 \frac{1}{2}$  al. að stærð noeðan við íbúðarhús hans við Bergstaðastræti með eldvarnargafli að norðanverðu á mörkum Bergstaðastíðslóðar.
4. Karli Nikulássyni leyft að gjöra skúr nyrst á lóð hans við Smiðjustíg  $7 \times 3 \frac{1}{2}$  al. að stærð með eldvarnargafli á lóðarmörkum.
5. Ólafur Davíðsson bankabókari hefur keypt af Þórhalli Bjarnasyni lektor lóð við Laufásveg 2600 feralnir, þar af 1050 feral. erfðafestuland. Á lóð þessari var Ólafi leyft að byggja íbúðarhús  $12 \times 15$  al. að stærð með skúr  $3 \times 5$  al.
6. Boga Þórðarsyni trésmið leyft að lækka gólf og stækka glugga í húsi hans nr. 2 við Klapparstíg.
7. Ámunda Árnasyni kaupmanni leyft að reisa geymsluhús nyrst á lóð hans við Hverfisgötu  $8 \times 10$  al. að stærð, með eldvarnarvegg að norðan.
8. Sigurði Jónssyni Kasthúsum leyft að reisa hús þar á lóð sinni  $7 \times 10$  al. að stærð með skúr  $3 \times 3$  al. Gamallt þegarhús á lóðinni  $5 \times 9$  al. að stærð verður rífið um leið.
9. Benóní Benóníssyni kaupmanni leyft að gjöra kjallara undir geymsluhús á lóð hans nr. 58 við Laugaveg og setja reykhálf á húsið.
10. Samúel Ólafssyni söðlasmið leyft að reisa  $23 \times 10$  al. að stærð á lóð hans 53 B við Laugaveg.
11. Jóni Jónssyni Lindarbæ leyft að reisa hús  $10 \times 11$  al. að stærð með skúr  $3 \frac{1}{2} \times 5 \frac{1}{2}$  al. á lóð hans við væntanlegt framhald Vatnsstígs.
12. Beiðni frá Jóhannesí Jósefssyni trésmið um að

mega gjöra timburgeymsluskúr eða skýli á lóð austan við Barónsstíg, en honum hefur verið heimilað til fiskverkunar þangað til þeirinn þarf á henni að halda, gat nefndin ekki samþykkt, með því að lóðin er heimiluð beiðanda aðeins til stakktæðis en ekki annara afnota.

13. Guðmundi Hávarðssyni leyft að gjöra skúr 4 1/2 x 3 2/3 al. að stærð norðan við hús hans við Hverflögötu. Þá skal hann áður en hann byrjar á skúrnum hafa gert vatngrófir framan við húsið og lagfært reöppur, svo sem áður hefur verið fyrir hann lagt.

14. Árna Einarssyni verzlunarstjóra leyft að gjöra skúr 4 1/2 x 5 3/4 al. að stærð í suðvesturhorni lóðar hans við Laugaveg.

15. Húsmælingu handa Páli Guðmundssyni 5. f. m. (tölu- lið 7) breytt eftir ósk hans þanning að húsið verði 16 x 10 1/2 al. að stærð og skúrinn 4 x 3 1/2 al.

16. Kristjönu Teitsdóttur leyft að færa forstofudyr og tröppur á húsi hennar við Frakkastíg á bakhlíð hússins.

Allir á fundi nema Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Guðmundur Jakobsson. Krístján Þorgrímsson. K. Zimsen. Tr. Gunnarsson.

Ár 1905, t. 16. september, átti byggingarnefndin fund með sér:

1. Gunnari Einarssyni útvísað slátrunarhus- og kjöt- búðarstæði 24 x 16 1/2 al. að stærð á lóð hans við Norðurstíg, er hann hefur keypt af Ólafi Jónssyni. Með því að vörin náður undan lóðinni, sem Sigurður Þórðarson hefur notað, rutt með töluverðum kostnaði, verður eigi notað eftir að húsið er reist, var það ákveðið (áskilið) að beiðandi greiði Sigurði hæfilega bóknun fyrir að missa afnot vararinnar.

2. Jóhannesi Magnússyni verzlunarmanni leyft að gjöra útihús 7 x 12 al. að stærð á lóð hans við Bræðraborgarstíg.

3. Beiðmi frá Birni Stefánssyni í Mýrarhúsi við Mýrarhúsi við Nýlendugötu um að fá keypta lóð, sem hann hefur nú til afnota sumpart sem grasblett, sumpart sem stakkstæði, norðan við skurðinn við Hlíðarhúsamýri, fyrir 15 - 20 a. hverja feralin, vildi nefndin ekki samþykka, með því að boðið er af öðrum 50 a. í feral. af lóð þessari.

4. Guðmundi Einarssyni frá Nesi leyft að setja glugga á vesturgöfl húss hans nr. 1. við Austurstræti.

5. D. Thomsen kaupmanni leyft að setja dyr í stað glugga á norðurhlið sölubúðar hans nr. 18 við Hafnarstræti, taka burtu milligerð og setja upp ofn í búðinni.

6. Bjarna Jónssyni leyft að setja kvist á suðurhlið húss hans nr. 18 við Laugaveg og færa til stall á undirsýðunni, svo að inngönguriðið verði innilokað.

7. Guðmundi Egilssyni trésmið leyft að reisa geymsluhús 8 x 18 al. að stærð á sunnanverðri lóðinni nr. 38 við Laugaveg og salerni 2 x 1 1/2 al.

8. Vigfúsi Jenssyni leyft að reisa hús á lóð hans nr. 20 B við Hverfisgötu 11 x 14 al. að stærð með skúr 5 x 4 al. Húsið verður bakhús og skal setja það niður svo sunnarlega á lóðinni að nægilegt bil verði á lóðinni til að flytja nyrðra húsið á sínum tíma 8. al. suður vegna breikkunar á Hverfisgötu.

9. Gísli Jónssyni kaupmanni leyft að setja upp opið bráðabirgðaskýli 5 x 10 al. að stærð á lóð hans nr. 24 við Laugaveg.

10. Guðmundi Arnbjörnssyni leyft að reisa íbúðarhús 9 1/2 x 10 al. að stærð með skúr 2 1/2 x 2 1/2 al. og salerni 2x2 al. á sunnanverðri lóð hans við Njálsgötu.

11. Páli Hafliðasyni skipstjóra leyft að gjöra salerni 2x2 al. sunnan við hús hans á Nýjabæjarlóð.

12. Páli Guðmundssyni leyft að hlaða kjallara undir hús sitt, nr. 12 við Vatnsstíg.

13. Þorláki Guðmundssyni leyft að gjöra útidyraskúr 3x3 al. að stærð við hús hans við Hafnarfjarðarv.

14. Eyjólfvi Ófeigssyni leyft að gjöra skúr 3x4 al. að stærð við vesturgafli ávstra húsi hans við Hverfisgötu.

15. Hlutafélaginu "Völundi" leyft að lengja ketilhús 8 al. breitt um 7 al. og byggja við endann á því timbururrkunarhús 8x12 al. og hlaða reykháf við ketilhúsið 28 al. á hæð, ennfremur reisa salerni 2x4 al.

16. Samúel Jónssyni leyft að breyta skúr við hús hans við Njálsgötu, þannig að skúrin verði 4 1/2x6 al. í stað 4x8 al.

17. Jóni Sigmundssyni gullsmið leyft að setja tröppur við gafli á húsi hans við Hverfisgötu og færa eldhúsið niður í kjallarann.

18. Jóni Henrikssyni leyft að reisa hús 9x10 al. að stærð með skúr 2 1/2x4 1/2 á lóð hans við Brekkugötu. Bærinn (Klökk) verður um leið rifinn niður.

19. Pétri Hjaltsted úrsmið leyft að gjöra skúr 6x6 al. að stærð við hús hans í erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti nr. 10.

20. Jóni Sveinssyni trésmið leyft að setja útskotsglugga á hús hans við Templarasund.

21. Um hús Helgu Hafliðadóttur við Klapparstíg, sem nú er því nær fullgert, athugar byggingarnefndin það, meðalbreidd götunnar (Klapparstígs) var mæld var mæld og ákveðin af nefndinni 16 1/2 al. á fundi hennar, 6. maí þ.a., og samkvæmt því hefur hús Helgu Hafliðadóttur verið sett niður af byggingafulltrúunum. Stefnan á húsunum við götu þessa er yfirleitt óregluleg, og sér nefndin því eigi ástæðu til þess að fara fram á,

að húsið verði flutt inn, enda er gatan þar jafnbreið og í suðurendann, sem ekki verður breikkaður, og flutningur hússins mundi valda miklum kostnaði. Tr. Gunnarsson er þessu ósamþykkur og vill láta flytja húsið inn.

22. Jóhannsi Zöega leyft að gjöra geymsluhús 9x10 al. að stærð vestan við hús hans við Nýlendugötu, með því skilyrði að hann taki burtu skúr, sem nú er við Norðurhlið hússins.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Tryggvi Gunnarsson.  
Hannes Hafliðason. Guðmundur Jakobsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen.

Ár 1905, 6.7. október átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Búnaðarfélag Íslands hefur selt Iðnaðarmannafélagi Reykjavíkur nyrðri hluta lóðar sinnar við Lækjargötu (áður Kristjánsskólalóðin) þann hlutann er liggur að Vonarstræti, og er hann 719  $\frac{3}{8}$  ferálnir að stærð. Á þessari lóð var síðarnefndu félagi útvísað hússtæði fyrir iðnskóla og á húsið að verða tvílyft 24x19  $\frac{1}{2}$  al. að stærð með skúr við vesturhlið 4x4  $\frac{1}{2}$  al. Húsið, sem verður á horninu milli Lækjargötu og Vonarstrætis og á að vera stefnurétt við hornalínunar beggja gatnanna og verður því hornskakkt.

2. Fyrir sunnan iðnskólahúsið og áfast við það, en fráskilið með eldvarnargafli var Búnaðarfélagi Íslands leyft að reisa hús með sömu gerð þeim megin sem veit að Lækjargötu, 16x19 al. að stærð. Húsi þessu fylgir syðri hluti hússtjórnarskólalóðarinnar 633  $\frac{5}{8}$  ferálnir að stærð.

3. Leyft að setja bakglugga á stjórnarráðshúsið.

4. Steingrími Guðmundssyni trésmið leyft að gjöra skúr austast á lóð sinni við Bergstaðastræti 9  $\frac{1}{2}$  x 3  $\frac{3}{4}$  al. að stærð.

5. Erlendi Magnússyni gullsmið leyfð sú breyting á verkstæðismælingu 5. ágúst b.á. að húsið verði tvílyft, en aðeins 9  $\frac{1}{4}$ x8  $\frac{1}{2}$  al. að stærð.

6. Trésmiðunum Einari Sveinssyni og Helga Helgasyni leyft að gjöra verkstæðishús sunnantil á lóð þeirra við Hverfisgötu 10x12 al. að stærð.

7. Þorkeli Helgasyni leyft að stækka efri lofthæð skúrsins við hús hans nr. 34 við Lindargötu um 3x1  $\frac{1}{4}$  al. Sömuleiðis leyft að setja eldavél í skúrinn, með því skilyrði, að reykháfur sé hlaðinn í skúrinn frá grunni, eða ofan á jársúlu, ef hann er settur á efri lofthæð.

8. Jes Zimsen kaupmanni leyft að gjöra bráðabirgðaskúr á lóð sinni við Hafnarstræti 15x10 al. að stærð. Skúrinn skal rífa niður næsta sumar.

9. Pétri Brynjólfssyni myndasmið leyft að stækka skúr við hús hans við Hverfisgötu um 8x3  $\frac{1}{2}$  al.

10. Kristjáni Teitssyni járnsmið leyft að reisa íbúðarhús á lóð sinni við Bjargarstíg (áður lóð Páls Þorkelssonar) 10x11 al. að stærð með skúr 3 3/4x3 3/4 al. að stærð. Honum var sett það skilyrði að gjöra um leið hæfilegt salerni við húsið.

11. Gísla Þorkelssyni steinsmið leyft að gjöra geymsluskúr í suðvesturhorni lóðar hans við Laugaveg 7x5 al. að stærð.

12. Ásbirni Guðmundssyni leyft að gjöra salerni við hús hans nr. 20 við Hverfisgötu 1 1/2x1 1/2 al. að stærð.

13. Ásgrími Magnússyni leyft að gjöra salerni 3x1 5/6 al. að stærð á norðausturhorni lóðar hans við Bergstaðastræti.

14. Jóni Stefánssyni skósmið leyft að reisa íbúðarhús 9x9 1/2 al. að stærð, með skúr 3x3 1/4 al. á lóð hans við Njálsgötu. (áður lóð Jónasar Eymundssonar), með því skilyrði að stígurinn frá Njálsgötu upp að húsinu verði minnst 3 al. á breidd og að hæfilegt salerni sé um leið gjört við húsið.

15. Magnúsi Benjamínssyni úrsmið leyft að setja kvistglugga í stað þakglugga austan á hús hans nr. 3 í Veltusundi.

16. Gísla Guðmundssyni leyft að reisa hús á lóð hans nr. 58 við Hverfisgötu 11x12 al. að stærð með 2 skúrum (að austanverðu við austurgötu og suðurhlíð 3 1/2 x2 al. og 2 3/4x2 1/4 al. Honum er lagt fyrir að gjöra jafnframt hæfilegt salerni við húsið.

17. Þórði Haraldssyni bankagjaldkera leyft að gjöra geymsluskúr nyrzt álóð hans við Grjótagötu 8x4 al. að stærð og salerni 2x2 al.

18. Guðmundi Egilssyni trésmið leyft að stækka skúr við hús hans nr. 40 við Laugaveg um 1 1/2 al.

19. Hlutafélagið "Mjólnir", sem hefur eignast lóð þá, sem K. Zimsen úrsmið var útvísað við Laugaveg austan við lóð félagsins fer fram á að mega reisa geymslúhús syðst á lóðinni 12x8 al. að stærð, og að það megi koma í stað íbúðarhúss, er áður var útvísað á lóðinni. Að öðru leyti hefur félagið notað og notar enn lóðina undir steinsteyppualla. Byggingarn. samb. þessa þeirri.

Allir á fundi nema Hannes Hafliðason og Tr. Gunnarss. Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K. Zimsen. Guðmundur Jakobsson.  
Kristján Þorgrímsdóttir.



Ár 1905, þ. 21. október átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Voru lagðir fram uppdrættir yfir hús, sem Magnús Blöndahl timburmeistari óskar að reisa á lóð sinni við Kirkjustræti 21  $\frac{3}{4}$  x 15 al. að stærð, með skúr 4 x 4 al. Nefndin samþykkti að húsið verði byggt eftir þessum uppdráttum, þegar beiðandi hefur fengið viðbót við óbyggða lóð sína, sem nægir samkvæmt 14. gr. byggingarsamþykktarinnar, en hann hefur fengið loforð um viðbótina hjá(nágranna) eiganda nágranna lóðarinnar nr. 10 við Kirkjustræti. Ennfremur er það skilyrði sett, að gangur inn á lóð beiðandans frá Kirkjustræti verði 3 al. breiður að minnsta kosti, og að þannig sé búið um útskotin á framhlið hússins, að eigi streymi eða leki vatni af þeim niður á gangstéttina.

2. Einar Zöega veitingamaður fór fram á, að byggingarnefndin veitti honum meðmæli um undanþágu frá 25. gr. samþykktarinnar, á þá leið, að bakdyrastigi á hinu nýja húsi sem hann hefur látið reisa við Austurstræti þurfi aðeins að ná upp á efri lofthæð hússins en ekki upp á efsta loftið. Byggingarnefndin sýhjaði um meðmæli sín með þessari undanþágu, með því að efsta loft hússins er ætlað til íbúðar.

3. Hlutafélaginu "Völundur" leyft að hafa "Rabitz" loft í ketilhúsi félagsins við Klapparstíg.

4. Járnsteypufélagi Reykjavíkur (Gísli Finnssyni) leyft að reisa geymsluskúr 14  $\frac{5}{8}$  x 5 al. að stærð á lóð félagsins Egisgötu.

5. Hlutafélaginu "Sápuverkið í Reykjavík" leyft að reisa geymsluskúr 11 x 8 al. að stærð á lóð Félagsins nr. 4 við Vatnstíg.

6. Ásgeiri Sigurðssyni kaupmanni leyft að setja glugga í stað dyra á norðurhlið sölubúðarinnar nr. 12 við Hafnarstræti.

7. Þórði Guðmundssyni leyft að gjöra útihús 8x10 al. að stærð á lóð hans nr. 22 við Klapparstíg.

8. Jónasi Eyfjörð trésmið leyft að reisa hús 10x10 al. að stærð með skúr 3  $\frac{1}{2}$  x 4  $\frac{1}{2}$  al. á lóð hans milli Frakkastígs og fyrirhugaðrar götu milli Njálsgötu og Skólavörðustígs, en lóðina hefur hann keypt af Guðmundi Jakobssyni og er hún 650 ferálnir að stærð.

9. Kristófer Egilssyni leyft að hækka (setja hæð ofan á) hús hans nr. 52 við Vesturgötu og setja á það kvist. Honum var ennfremur leyft að gjöra smíðahús 12 x 12 1/2 al. að stærð vestan við íbúðarhúsið, og skal það standa paralblt við götuna. Fyrir framan bæði húsin skal hann setja girðingu eftir götustefnunni.

Allir á fundi nema Tr.Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Hafliðason. K.Zimsen.  
Guðmundur Jakobsson. Kristján Þorgrímsson.

Ár 1905, þ. 28. október, átti byggingarnefndin með sér aukafund, og voru þá tekin fyrir þessi málefni:

1. Stjórnarráðið hefur beiðzt álits bæjarstjórnarinnar um það, hvar leggja skuli götur eftir Arnarhólstúni, en þar er nú fyrirhugað að reisa hús handa söfnum landsins og gert ráð fyrir að túnið verði að öðru leyti hlutað sundur í byggingarstæði. Lagður var fram uppdráttur yfir túnið, gjörður að undirlagi nefndarinnar af nefndarmanni K.Zimsen. Nefndin samþykkti aðalgötur yfir túnið, þær sem sýndar eru á uppdrættinum, og uppdráttinn að öðru leyti. Um minni götur milli þeirra aðalgatna, sem ástæða kann að verða til að leggja, sér nefndin sér ekki fært að ákveða neitt að svo stöddu með því að slíkt verður að fara eftir því, hvernig byggt er við aðalgöturnar og hve stórar lóðir verða látnar fylgja þeim húsum.

2. Bæjarstjórnin hefur beiðzt álits byggingarnefndarinnar um það, hvernig sett skuli hús, þegar þar að kemur á Útsuðurvelli fyrir sunnan fríkirkjuna. Nefndin er sammála um að láta uppi þá skoðun, að húsalínan, sem nú er byrjuð með komu skólahússins og fríkirkjunnar, eigi að halda áfram suður eftir eins langt og útsuðurvöllur nær.

3. Björn Kristjánsson kaupmaður sækir um að mega reisa tjaldbirgi (Kiosk) á Lækjartorgi. Nefndin leggur til að honum verði leyft þetta og birgið látið standa 6-8 al. norðvestur frá brunnunum og 28-30 al. suður frá miðju húsi D. Thomsens. Það á að vera 41 feralin að grunnmáli. Leyfið sé því aðeins veitt til 10 ára og gegn 50 kr. gjaldi í bæjarsjóð á ári.

Allir á fundi nema Tr.Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Hannes Hafliðason. K.Zimsen.  
Guðmundur Jakobsson. Kristján Þorgrímsson.

Ár 1905, 4. nóvember átti byggingarnefndin fund fund með sér og voru þá tekán fyrir þessi málefni:

1. M.Th. Jensen leyft að setja reykþáf í vörugæmsluhús hennar við Pósthússtræti.

2. Jóni Þórðarsyni kaupmanni leyft að gjöra skúr á lóð hans við Þingholtsstræti, 9 1/2 x 5 al. að stærð.

3. Erlindi Magnússyni gullsmið leyfðar breytingar á gluggum og efri lofthæð (4 al. í stað 3 1/2 al.) á smíðahúsi hans í Þingholtsstræti. Mælt með undanþágu handa honum frá 20. gr. byggingarsamþykktarinnar, að hann þurfi eigi að gjöra eldvarnarvegg við húsið þeim megin sem veit að lóðinni nr. - í Þingholtsstræti, þó að það standi þar á lóðarmörkum, með því að beiðandi hefur fengið til þess skriflegt og þinglesið samþykki eiganda þessarar lóðar, og fjarlægðin og fjarlægðin milli húsanna er meira en 10 al.

4. J. E. Jensen bakará leyft að gjöra skúr 8 1/4 x 7 1/4 al. að stærð á lóð hans við Hverfisgötu.

5. Páli Friðrikssyni leyft að reisa hús á lóð sinni við Grettisgötu nr. 33 (25 x 22 al. ) er hann hefur keypt af Magnúsi Magnússyni, 9 x 7 1/2 al. að stærð með skúr 3 x 2 1/2 al. með þeim skilyrðum, að risið sé 3 al. gluggará forhlið verði settur jafnlangt frá hvoru horni hússins, og gjört sé við það salerni 1 1/2 x 2 al.

6. Gísla Halldórssyni leyft að reisa hús á lóð hans í horninu milli Njálsgötu og Vitastígs 10 x 10 al. að stærð, með skúr 3x4 al. Lóðin er 25x18 álnir, keypt af Guðmundi Jakobssyni.

7. Sveinbirni Stefánssyni/<sup>trésmið</sup> leyft að byggja hús sitt við Njálsgötu 40 b. um 8 al.; húsið er 8 al. breitt.

8. H.J. Bartels leyft að gjöra skúr 3 1/4 x 4 1/2 al. að stærð við geymsluhús á lóð hans við Hverfisgötu 55

9. Jóni Guðmundssyni trésmið Sauðagerði leyft að reisa útihús 10x5 1/2 al. að stærð á lóð hans í Sauðagerði.

10. M.Th. Jensen leyft að gjöra vagnaskúr á lóð hennar í Bráðræði 21x6 al. að stærð.

11. Guðmundi Guðmundssyni fyrv. fátækrafulltrúa

leyft að gjöra geymsluskúr 10x4 al. að stærð á lóð hans við Grettisgötu.

12. Péttri Hjaltsted úrsmið leyft að setja reykhláf í hús það, sem hann hefur byggt í erfðafestulandi sínu í Norðurmyri.

13. M.Lund lyfsala leyft að stækka íbúðarhús hans við Kirkjustræti um 2 feráln. og hækka skúrinn um 4 1/2 alin.

14. Hirti Hjartarsyni trésmið leyft að stækka hús sitt við Bókhöðustíg um 5x12 al. og færa útidyratröppur frá hliðinni á austurgaflinn.

15. Samþykkt að inngangur á lóð Magnúsar Blöndals trésmiðs verði aðeins 2 1/2 al. breiður í staðinn fyrir 3 álnir, sbr. fund 21. f.m. 1. lið.

16. Fríkirkjusöfnuðurinn hefur farið fram á það við bæjarstjórnina, að hinn fyrirhugaði vegur frá Laufásvegi niður að fríkirkjustæðinu verði færður 4 álnir að minnsta kosri norður á við, og hefur bæjarstjórnin óskað álits nefndarinnar um þetta. Nefndin álitur að færa megi vesturenda vegarins 4 al. norður á við, en láta hann taka sig upp á sama stað við Laufásveg, sem vegar hefur verið ákveðið. Við það fjarlægist vegurinn fríkirkjuna um 4 álnir að vestanverðu samkvæmt ósk beiðendanna.

Allir á fundi nema Hannes Hafliðason og Tr.Gunnarsson (erlendis).

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen.

Ár 1905, 18. nóvember, átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Eyjólfur Eyjólfssyni leyft að gjöra salerni 1 1/2 x 2 al. við hús hans nr. 55 Vesturgötu.

2. Hluþafélaginu "Félagsbakarið" leyft að flytja dyr af suðurhlið húss þess nr. 14 í Vesturgötu á vesturgaflinn og setja skúr fram af dyrunum 2x2,1/4 al. að stærð. Einnig samþykkt að selja hluþafélaginu 2-3 al. breiða ræmu við vesturgafn hússins alls 84 feralnir fyrir 50 auru hverja feralin, gegn því að félagið haldi við og hreinsi á sinn kostnað ræmu, sem þar liggur norðan frá Vesturgötu.

3. Eyjólfur Þorkelssyni úrsmið leyft að breyta gluggum á norðurhlið húss hans við Austurstræti og setja í það nýja múrpípu.

4. Sveini Jónssyni <sup>tré</sup> úrsmið leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans við Laufásveg, 17x15 al. að stærð.

5. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að flytja lifrabræðsluskúr af lóð Sveins Sigfússonar nyrst á Helgastaðalóð við sjóinn. Leyfið veitist til bráðabyrgða og með því skilyrði að þrifnaðar sé gætt við lifrabræðsluna og henni hagað þannig að ekki leggi óþef af henni.

6. Einari Árnasyni leyft að járnklæða hús sitt nr. 39 við Bergstaðastræti.

7. M. Lund lyfsala leyfði sú breyting á skúrmælingu á síðasta fundi 4. þ.m. tölul. 13, að skúrinn verði stækkaður um um 6 1/2 feralin.

8. Gísla Bjarnasyni og Bjarnhéðni Þorsteinssyni leyft að reisa hús við Grettisgötu á lóð er þeir hafa keypt af Halldóri Þorsteinssyni. Húsið á að vera tvílyft 11x11 álnir að stærð með skúr 4x6 al.

9. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að reisa fiskverkunar-skúr við sjóinn fyrir norðan Tjarnarborg, 50x22 al. að stærð. Leyfið veitist með því skilyrði að skúrinn sé tekinn burtu að því leyti sem með þarf, þegar vegur verður lagður þar með sjónum.

10. Birni Símonarsyni leyfðar nokkrar breytingar á gluggum og dyrum á húsi hans við Vallarstræti, en honum synjað að setja útidyraskermið lengra fram fyrir

húshliðina en 10 þumlunga.

11. Árna Thorsteinsson leyft að gjöra skúr og hjall 8 3/4 x 5 3/4 al. að stærð á lóð hans við Frammesveg. Hús þetta skal hann setja jafnlangt frá lóðarmörkum og íbúðarhúsið og í stefnu við það.

12. Bárufélagið hefur spurzt fyrir um það hvort nokkur vafi geti leikið á því, að félaginu verði leyft að reisa hús á lóð þeirri, sem því hefur verið leyft að fylla upp í Tjörninni, og hefur bæjarstjórnin vísað þeirri spurningu til byggingarnefndarinnar til álita. Nefndin álitur að ekkert sé því til fyrirstöðu, að félaginu, þegar þar að kemur, verði leyft að reisa sæmlegt hús á þessari lóð, sem ekki verður álitid töl óþryðis á þessum stað.

13. Bæjarstjórnin hefur leitað álits byggingarnefndarinnar, um það, hvornig haga skuli lenging Tjarnargötu suður frá Vonarstræti. Nefndin álitur rétt að taka upp götuna vestan við Bárufélagshúsið og leggja hana fram með því og í sömu stefnu og það lítið eitt suður fyrir lóð félagsins, og sveigja hana svo aftur vestur á við shöur og upp undir tjarnarbrekkuna.

14. Bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar að íhuga gangstígsgerð frá barnaskólabrunni sunnan við Búnaðarfélagslóðina og Iðnaðarmannshúsið yfir á Vonarstræti. Nefndin álitur þennan stíg óþarfan, og vill eigi fyrir sitt leyti ákveða að hann verði lagð ur.

15. Erindi frá Magnúsi Jónssyni um endurgreiðslu á vegalagningargjaldi, sem bæjarstjórnin hefur vísað til byggingarnefndarinnar, álitur nefndin (að málið) liggi fyrir utan verksvið sitt og því vera sér óviðkomandi.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson.  
Fundir slitið.

Halldór Danielsson. K. Zimsen. Guðmundur Jakobsson.  
Kristján Þorgrímsson.

Ár 1905, þ. 2. desember átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Samþykkt að D. Thomsen kónsúll láti gjöra skáinvegg milli slátrunarhúss hans og kolageymsluhúss norðan við Hafnarstræti.

2. Með því að byggingarnefndin hefur bannað Kristjáni trésmið Kristjánssyni að girða lóð hans við Bergstaðastræti þeim megin sem að götunni veit, fram fyrir húsastafnana, gerir nefndin ráð fyrir að kaupa verði af honum lóðarrenning, 178 1/2 feralin, og leggur til að það verði gjört.

3. Var ákveðið götustæði austan við og samsíða Bergstaðastræti með 70 álna bili milli gatnanna.

4. Sveini J. Einarssyni steinsmið leyft að reisa steinhús sunnantil að kóð hans við Grettisgötu 9x9 al. að stærð með skúr 2x3 1/2 al. og salerni 2x1 1/2 alin.

5. Sæmundi Þórðarsyni leyft að byggja hús á lóð hans við Barónsstíg og Njálsgötu 9 1/2 x 9 al. að stærð með skúr 3 1/2 x 2 1/2 al. og salerni 2 x 1 1/2 al.

6. M.Th. jensen leyft að breyta gluggum og dyrum á sölubúðinni nr. 16 Austurstræti. Ennfremur var henni leyft að gjöra lokaðan skúr úr opnum skúr sunnan við lóðina meðfram Pósthússtræti og setja dyr á skúrinn þeim megin, en enga glugga. Leyfi þetta stendur þó ekki lengur en til 3 ára.

7. Halldóri M. Ólafssyni leyft að reisa tvílyft íbúðarhús á lóð hans við Nýlendugötu, 12x14 al. að stærð. Við teikninguna var það athugað, að annaðhvort skyldu vera 2 stigar upp á efra loftið, eða engin íbúð á því lofti að öðrum kosti.

8. Með því að lóð sú, er Jónasi H. Jónssyni var seld við Skólavörðustíg vestan við hina fyrirhugada veg 45x40 al. sjá fund 6. maí þ.á., hefur reynt miklum mun minni en ráð var fyrir gert (1800 al<sup>2</sup>) og hann hefur greitt umsamið andvirði fyrir, var honum í staðinn fyrir þá lóð með hans samþykki útvísuð jafnstór lóð austan við veg þann, sem ákveðið er að leggja frá vegamótum Njálsgötu og Frakkastígs að Skólavörðu? stíg.

Allir á fundi nema Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Tryggvi Gunnarsson. K.Zimsen. Guðmundur Jakobsson. Kristján Þorgrímsson.



Ár 1905, þ. 16. desember átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. E. Schram skipstjóra leyft að setja dyr á austurgafli á húsi hans við Bræðraborgarstíg nr. 4.

2. Þorláki Teitssyni leyft að gjöra salerni 2x1 1/2 al. að stærð við hús hans Bræðraborgarstíg nr. 10.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. K.Zimsen. Guðmundur Jakobs-  
son. Hannes Hafliðason. Kristján Þorgrímsson.

Ár 1906, þ. 6. janúar átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Bjarna Jónssyni trésmið (á Vegamótum) leyft að byggja hús 12x12 al. að stærð með skúr 3x4 al. og skúfurni 2x1 1/2 al., á lóð, er hann hefur keypt af Sigurði Jónssyni í Karthúsum. Lóðin er **aystri** hlutinn af lóð Sigurðar, norðan við lóðina 27 við Laugaveg, og er 900 ferálnir að stærð.

2. Kristni Jónssyni trésmið leyft að gjöra geymslu hús 10x6 al. að stærð og salerni 8x2 al. á lóð hans á horninu milli Grettisgötu og Frakkastígs.

3. Stefáni Bjarnasyni skipstjóra á Bergi leyft að reisa íbúðarhús tvílyft 13x12 al. að stærð, með tveim skúrum 5x4 al. og 4 1/2x3 1/2 al. á lóð hans vestan við væntanlegt framhald Grundarstígs.

4. Högna Finnssyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans vestan við Grundarstíg 12x12 al. að stærð með áföstu smíðahúsi 6x9 al. og inngönguskúr 3x5 1/2 al. Lóðin, sem fylgir þessu húsi, telzt vera 1180 ferálnir.

5. Samþykkt að selja Jónasi H. Jónssyni trésmið lóðarspildu norðan við lóðir þær er hann hefur keypt af bœnum norðan við Skólavörðustíg sbr. fund 2. f.m. tölulíð 8. Spildan er enn ómæld og var verð á henni ákveðið 50 aurar fyrir feralin og samþykkt að hún yrði skoðuð sem viðbót, við hinar lóðirnar. c: að hann þyrfti ekki að reisa sérstakt hús á henni innan 2 ára, hvorttveggja með tilliti til þess, að fyrrgreindar lóðir álítast nokkru lakari en þær, er honum var heitið kaupum á í fyrstu.

6. Guðm. Þorlákssyni trésmið leyft að reisa tvílyft íbúðarhús á lóð hans við Grettisgötu er hann hefur keypt af Guðjóni Helgasyni 12x12 al. að stærð með skúr 3x2 1/2 al. Ris hússins skal vera 1 al. hærra en sýnt er á uppdrættinum og 2 gluggar á gaflinum forstofumegin. Lóðin er keypt úr erfðafestulandi í byggingarlóð og er 580 ferálnir að stærð.

7. Þorsteini Sigurðssyni skósmið leyft að reisa tvílyft íbúðarhús á lóð sinni nr. 5 B við Laugaveg, 12x12 al. að stærð með 2 skúrum 4x6 og 3 1/2x4 og salerni 2 3/4 x 1 3/4 al. Húsið á að standa við stíginn milli Laugavegs og Hverfisgötu austan við lóð beiðanda og snúa frá N.-5.

Allir á fundi nema K.Zimsen og Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Guðmundur Jakobsson. Kristján Þorgrímsson. Tr. Gunnarsson.

Ár 1906, 20. janúar átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Magnúsi Magnússyni skipstjóra og Sigurði Guðmundssyni leyft að reisa tvílyft íbúðarhús á lóð vestan við Ingólfsstræti, áður tilheyrandi Ofanleiti, 528 ferálnir að stærð. Húsið á að vera 15x12 al. að stærð með aðaldraskúr 4x6 al. og bakdraskúr 4x4 al. Salerni í kjallara.

2. Þórði Péturssyni í Oddgeirsbæ leyft að gjöra salerni 3x1 1/2 al. á lóð hans við Frammesveg.

3. Stefáni Jónssyni leyft að skækka skúr við hús hans í Sauðagerði um 3x3 al.

4. Ólafi Árnasyni/<sup>kaupm.</sup> leyft að reisa íbúðarhús á lóð vestan við Suðurgötu, er hann hefur keypt af Ásgeiri kaupm. Sigurðssyni 2120 ferálnir að stærð. Húsið á að vera 16 x 16 1/2 al. að stærð, með framskoti 8 1/2 x 1 1/2 al. Salerni inni.

5. Jóhannesi Guðmundssyni skipstjóra leyft að reisa íbúðarhús (við Nýlendugötu) á lóð við Nýlendugötu, er hann hefur keypt af Steinunni Einarsdóttur 578 ferálnir að stærð. Húsið á að vera 10x11 álnir að stærð með inngangsskúr 2 x 6 1/2 al. Salerni í kjallara.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Hannes Hafliðason. Ásgeir Sigurðsson. Tr. Gunnarsson. K.Zimsen.

Ár 1906, 3. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Árna Þorleifssyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð við Njálsgötu, 448 ferálnir að stærð, er hann hefur keypt af Ólafi Th. Guðmundssyni. Húsið á að vera  $9 \frac{3}{8}$  x 10 al. að stærð með skúr  $2 \frac{1}{2}$  x 4 al. Salerni undir skúrnum.

2. Bjarna Hølgasyni leyft að stækka hús sitt við Njálsgötu um  $8 \frac{1}{2}$  x 10 al. og gera skúr við húsendann  $3$  x  $3$  al.

3. Magnúsi Vigfússyni vegavinnustjóra leyft að reisa heyhús  $8 \times 8$  al., hesthús  $8 \times 5$  al., geymsluhúar  $4$   $12$  x  $4$  al. á eign sinni Kirkjubóli við Laugarnesveg.

4. Sama manni var samþykkt að selja lóð austan við Laugarnesveg 10 al. frá veginum og 30 al. með veginum, 1500 ferálnir á 25 aura hverja.

5. Þórvaldi Jónssyni skipstjóra leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans nr. 25 við Bergstaðastræti,  $11 \frac{1}{4}$  x 10 al. að stærð með skúr við aðaldir  $2$  x  $2 \frac{3}{4}$  al. Öðrum við bakdir  $2$  x  $2$  al. Salerni undir bakdiraskúrnum.

6. Guðmundi Ámundasyni leyft að breikka íbúðarhús á lóð hans nr. 70 við Laugaveg um  $1 \frac{1}{2}$  al. Húsið er 10 álna langt.

7. Sigurði Björnssyni kaupmanni leyft að reisa íbúðarhús á lóð við Grettisgötu 625 ferálnir að stærð, er hann hefur keypt af Einarí Einarssyni. Stærð hússins verður  $12$  x  $13$  áln. skúr við aðaldir  $3 \frac{1}{4}$  x  $4$  al. og salerni  $1 \frac{1}{2}$  x  $2$ . -

8. Sigríði Magnúsdóttur ekkjufrú Kirkjubóli gefinn kostur á að kaupa lóð sunnan við Laugaveg austan við lóð "Mjölnis", annað hvort norðan við götuna 750 ferál. gegn 65 aura borgun fyrir ferálin, eða jafnstóra lóð áfasta við hina að sunnan gegn 15 aura borgun fyrir ferálin. Lóðirnar eru 25 al. frá A-V. og 30 al. frá N-S. Sigr. kaus 15 aura lóðina.

9. Samþykkt að selja Slíppfélaginu lóð norðan við Nýlendugötu, er Björn Stefánsson hefur haft til afnota, án útmælingar. Lóðin er 1400 ferálnir að stærð og selzt fyrir 50 aura hver ferslin. Formaður félagsins

nefndarmaður Tryggvi Gunnarsson lofaði að greiða Birni Stefánssyni þóknun, er þeim semur um, fyrir afnotamissi lóðarinnar.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Ásgeir Sigurðsson. Tr.Gunnarsson. Hannes Hafliðason. K.Zimsen.

Ár 1905, þ. 17. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Jóni Eyvindssyni verzlunarstjóra leyft að reisa íbúðarhús austan við Stýrimannaskólastíg andspænis húsi Karls Bjarnasonar 14x13 al. að stærð, með inngangsskúr 3x5 al. og kjallaradyraskúr 4x4 al. Salerni á að vera í kjallaranum.
2. Th. Thorsteinsson kaupmanni leyft til bráða- byrgða sé gjöra opið skýli í suðurenda Glassowtófarinnar og annað skýli sömuleiðis til bráðabirgða, vestast á lóðinni, þar sem áður var jársmiðjuhúsið.
3. Árna Hannessyni leyft leyft að reisa íbúðarhús vestan við Stýrimannaskólastíg andspænis húsi Jóns Eyvindssonar, 12x12 al. að stærð með aðaldyraskúr 2 1/2 x 3 1/2 al. og bakdyraskúr 3 x 3 al. Salerni á að vera í kjallaranum. Öll lóðin, sem húsinu fylgir, er 20x22 al.
4. Sveini Jónssyni Vesturgötu 50 leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans vestan við Brekkustíg 9x10 al. að stærð með inngönguskúr 2 x 3 1/8 al. og salerni 1 1/2 x 1 1/2 al.
5. Guðjóni Jónssyni járnsmið leyft að lengja íbúðarhús hans við Fischerssund vestur að Garðastræti þannig að viðbótin verður 12 x 11 1/2 al.
6. Runólfi Runólfssyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans austan við Sellandsstíg 11x11 al. að stærð með skúr 3x4 al. Svo var og samþykkt að selja sama manni lóðarrenning milli lóðar hans sunnanverðrar og Sellandsstígs fyrir 20 aura hverja feralin. Hin selda lóð verður síðar mæld.
7. Jóni Eiríkssyni, Mörk á Selholti leyft að reisa tvílyft íbúðarhús á lóð hans austan við bæinn (Börk), sem þar stendur. Húsið á að vera 11x11 al. að stærð með skúrum 3 1/2 x 4 al og 4 x 4 al. Salerni verður í kjallara og austurveggur hússins, sem verður nær lóðarmörkum er 5 al. á að vera eldvarnaveggur. 2 stigar eiga að vera í húsinu samkvæmt byggingarsamþykktinni.
8. Klemens Jónssyni landtitara leyft að reisa íbúðarhús á hinn uppfylltu lóð í austanverðri Tjarnararabrekkunni. Tjarnarabrekkan máð hinar uppfylltu

reiti, er 320 al. á lengd, og er ætlað til að skiptist í 8 lóðir. Lóð beiðandans er 4. lóðin talið að norðanverðu frá. Húsið á að standa 5 al. frá nyrðri lóðarmörkum og 15 al. vestan frá Tjörninni; það á að vera  $23 \frac{1}{2} \times 15 \frac{3}{4}$  al. að stærð með 2 útbyggingum við austur hlið  $8 \times 3 \frac{1}{2}$  al. og  $4 \frac{7}{8} \times 3 \frac{1}{2}$  al. Stærð lóðarinnar er al.

9. Byggingarnefndin vill ekki selja Valdimar Sigurðssyni lóð þá sunnan við Framnesveg, sem hann hefur áður átt, en féll aftur til bæjarins sem ónotuð 1. janúar f.á., með því að fyrirhugaður vegur verður lagður yfir lóðina.

10. Ákveðin stefna á veginum yfir Þorgrímsholtsslóð þannig, að vegurinn sem nú er breikki norður á við um 10 al. vestast á Þorgrímsholtsslóð og um 8 al. austast á lóðinni og verður því vegarstefnan sem næst á torfkofavestan við Landakotskirkjuna gömli.

11. D. Thomsen leyft að koma fyrir frystiklefa og ísgeymslurúmi í skúr við geymsluhús hans nr. 21 í Hafnarstræti.

12. Ákveðið framhald Tjarnargötu fyrir sunnan Vonarstræti á framlögðum uppdrætti, þannig, að suðurbrún götunnar byrjar við Vonarstræti, þar sem hún stefnir eftir vesturhlið á húsi Haralds Möller Tjarnargötu 3 sker strætið. Síðan sveigir gatan jafnt vestur á við, þannig, að milli hennar og hinnar breikkuðu Suðurgötu (16 álna) verði 50 al. á suðurmörkum lóðar Stefáns Egilssonar nr. 13 Suðurgötu.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. K. Zimsen. Tr. Gunnarsson.  
Hannes Hafliðason. Ásgeir Sigurðsson.



Ár 1906, laugardaginn 3. marz átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Birni ritstjóra Jónssyni leyft að byggja prent- vélaskúr 21 x 7 álnir að stærð austan við hús sitt nr. 8 við Austurstræti með steinvegg að Austurstræti og eldtraustum steinvegg gegnt nábúabúðinni að austan. Skúr þessi má ná jafnlangt út í Austurstræti eins og aðal- húsið (íbúðarhúsið) nú nær, þó svo að verði aðal- húsið síðarmeir fært inn vegna hinnar fyrirhuguðu götubreikk- unar þar, skal skylt að færa skúr þenna jafnlangt inn, bæjarsjóði Reykjavíkur kostnaðarlaust. Ennfremur er þetta byggingarleyfi því skilyrði bundið, að band verði sett á hlið og gafl skúrsins á þeim hlutanum sem ú. í götuna nær, og hann skreyttur að ofan samkvæmt uppdrætti er byggingarfulltrúinn samþykkir.

2. Ásgeiri kaupmanni Sigurðssyni leyft að gjöra breytingu á inngangi hús hans nr. 9 við Austurstræti og á herbergjaskipun þess.

3. Guðmundi Ólafssyni leyft að byggja á lóð þeirri ofan til við Lindargötu, sem hann hefur keypt af Bjarna Jónssyni, og er 416 ferálnir að flatarmáli, íbúðarhús 10x10 álnir að stærð með skúr 2x4 álnir að stærð.

4. Erindi Einars Þorsteinssonar um vottorð um stærð lóðar hans við Lindargötu nr. 21 ekki tekið til greina.

5. Kristni skipstjóra Brynjólfssyni leyft að byggja á lóð ~~XXXX~~ sinni við Frakkastíg, 664 ferálnir að stærð, sem hann hefur keypt af Þorsteini bæjarfulltrúa Þorsteinssyni, - íbúðarhús í tveim hæðum 14x12 álnir að stærð með tveim skúrum 4x4 1/2 og 4 3/8 x 4 áln. að stærð, og salerni 2x4 álnir að stærð. Leyfið er því skilyrði bundið, að húseigandi girði lóðina með hárrí girðingu (portí) þeim megin er snýr að Lindargötu, þeg- ar bæjarstjórn krefst þess.

6. Samþykkt að selja Haraldi snikkara Möller lóð þá við Lindargötu, sem honum hafði verið útvísað 4/10 '02, en fallið hafði aftur til bæjarins. Lóðin, sem er talin 25x22 ferálnir, skyldi seld fyrir 1 kr. kvadrat- alin.

7. Gísli kaupmanni Helgasyni leyft að byggja íbúð- arhús á lóð þeirri við Hverfisgötu, er hann hefur keypt af Helga Hannessyni. Húsið er 22 1/4 x 14 álnir að stærð með skúr 6 1/2 x 5 álnir.

8. Þorsteini Sigurðssyni leyft að byggja geymslu-

skúr nyrzt og vestast á lóð sinni við Laugaveg nr. 5  
7 1/2 x 6 álnir á stærð, og að flytja salerno að heim  
skúr. Eldvarnarvegg skal byggja við vesturhlið og suð-  
vesturhlið þessara bygginga. Gamall hjallur, 3x7 álnir  
að stærð, sem á lóðinni er, verður rifinn niður.

9. Benedikt kaupmanni Stefánssyni leyft að gjöra  
skúr 4x6 álnir á stærð við geymsluhús sitt við Bergstaða-  
stræti og breyta húsinu að öðru leyti, í íbúð og núð.

10. Guðmundi Hallssyni leyft að byggja á lóð sinni  
við Laugaveg 29 íbúðarhús og sölubúð, 20x14 álnir á stærð  
með skúr 3 5/8 x 4 7/8 áln.

11. Árna Jónssyni verzlunarmanni leyft leyft að  
flytja eldri partinn af húsi sínu við Laugaveg nr. 37  
ofar í lóðina. Sá partur hússins er 8x9 áln. að stærð.  
Ennfremur leyft að byggja við nýja partinn nefnds húss  
í sama stýl og hann og eina hæð ofan á all, saman, og  
byggja skúr. Viðbyggingin 9x12 1/2 alin og skúrinn  
3 1/2 x 4 álnir á stærð.

12. Guðmundi Egilssyni snikkara leyft að byggja á  
lóð sinni við Laugaveg nr. 40 áfast við eldiv. hjall  
að austan, íbúðarhús og sölubúð, 16x14 með skúr 3 1/4  
x 5 1/4 alin að stærð.

13. Jóni kaupmanni Helgasyni leyft að byggja sölu-  
búð á lóð sinni nr. 45 við Laugaveg sölubúð 15x14 álnir  
að stærð.

14. Jóni Þorsteinssyni söðlasmið leyft að byggja  
hús 10x9 álnir á stærð gjöra verkstæði 7x10 áln.  
við húseign sína nr. 55 við Laugaveg.

15. Sigríði Magnúsdóttur leyft að byggja hús 10x9  
áln. að stærð á lóð sinni austan við Mjölni, með skúr  
3x5 álnir. Lóðarútmælingunni breytt þannig að lóðin  
sé 32 álnir frá Laugavegi í stað 30 álna.

16. Pétri úrsmið Hjaltsted leyft að byggja í erfða-  
festulandi sínu skúr 4x4 áln., annan skúr 3x5 álnir,  
hlöðu og fjós 27x13 álnir og hesthús 22x8 álnir að stærð.

17. Sveini J. Einarssyni leyft að byggja á lóð  
sinni við Grettisgötu áfast við íbúðarhúsið skúr til  
íbúðar 7 1/2 x 11 álnir að stærð með flötu þaki, að því  
áskildu að grindur verði settar ofan á þann vegginn,  
er að götunni snýr, ennfremur að byggja við þenna skúr  
lítinn inn gönguskúr 1x2 áln. og loks að byggja salerni  
3 1/2 x 2 álnir að stærð.

18. Jóni Kaupmanni Felðsnyri mæld út lóð í Skólavörðuholti næst fyrir sunnan Njálsgötu auðtanvert við Frakkastíg, 35x25 áln. að stærð. Verðið ákveðið 1 kr. fyrir kvaðrat al.

19. Jónasi Eyfjörð snikkara útmæld lóð vestan við væntanlegt framh. Frakkastígs, 50 álnir meðfram götunni, 1463 ferálnir að stærð. Verðið ákveðið 1. kr. fyrir feralin.

20. Jónasi H. Jónssyni snikkara mæld út viðbót við lóð hans meðfram nýjum vegi frá Njálsgötu. Viðbótin er 537 áln. og verðið ákveðið 50 aurar fyrir feralin. Jónas á að borga fyrir gamla útmæling 385 kr. og 50 aura.

21. Sami biður um leyfi til að byggja hús á lóð sinni á sama stað. Frestað að veita leyfið sökum ólögulegrar herbergjaskipunar.

22. Nefndin sá sér eigi fært að sinna erindi Sigurðar fangavarðar Jónssonar um breytingu á götustefnu.

23. Sigurjóni Ólafssyni & Co. leyft að byggja vinnuhús á lóð sinni við Skólavörðustíg nr. 4 ásamt skúr. Verkstæðið 25x14 álnir að stærð og skúrinn 6 1/4 x 14 álnir.

24. Guðmundi Jónssyni leyft að byggja bakhús á lóð sinni við Bergstaðastíg nr. 32, með því skilyrði að hann gjöri stíg frá Bergstaðastíg að bakhúsinu. Húsið 10 1/4 x 9 áln. iangönguskúr 3 1/2 x 3 áln. og salerni 1 1/2 x 2 álnir að stærð.

25. Jóni Reykdal málara leyft að byggja íbúðarhús á lóð sinni við Miðstræti, að því áskildu að fylgt sé athugasemdum byggingafulltrúa um bakstiga. Húsið er 16x13 álnir að stærð með skúr 8x3 álnir.

26. Beiðni lá fyrir frá bakara C. Frederiksen um breytingu á Félagsbakaríinu við Vesturgötu, og bygging skúrs vestan við það og salerni. Leyfð breytingin á innréttingu sjálfs hússins en frestað að ákveða um viðbygginguna.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson.  
Fundir slitið.

Jón Magnússon settur. K.Zimsen. Ásgeir Sigurðsson.  
Guðmundur Jakobsson. Hannes Hafliðason.

Ár 1906, laugardaginn 17. marz átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi málefni.

1. Hlutafélaginu Baðhúsi Reykjavíkur leyfð baðhúsbygging á lóð þess bak við húseign Krisjáns kaupmanns Þorgrímssonar við Kirkjustræti. Baðhúsið, 18 1/2 x 11 1/2 al. að flatarmáli, á að vera úr steini. Eldvarnargafl skal setja, þar er hús þetta kann að koma of nærri geymsluhúsi Kr. Þorgrímssonar.

2. Eiríki járnsmið Bjarnasyni leyft að flytja íbúðarhús sitt við Tjarnarbrökku óbreytt upp á Skolavörðuholt, en nýrri útmæling á lóð hans við nefnda götu frestað.

3. Sigurði Briem póstmeistara leyfð húsbygging á lóð hans við fyrirhugaða framlenging Tjarnargötu, 5 áln. frá götunni, þannig: Aðalhúsið 19x15 álnir að stærð með útbygging að vestanverðu 5 1/8 x 1 5/8 áln. og álm-an vestur úr 14x7 1/4 álnir að stærð. Uppdráttur samþykktur, að viðbættum einum dyrum á herbergi á lofti.

4. C. Frederiksen bakari biður um útmælingu á íbúðaðarhúsi og skúrum á lóð sinni við Vesturgötu. Byggingarnefndin sá sér eigi fært að leyfa íbúðarhúsbygginguna eftir fyrirliggjandi uppdrætti, en vildi eigi samþykkja skúrabygginguna vegna fráræslu.

5. Oddi Helgasyni í Norðurbæ synjað um leyfi til skúrbyggingar á lóð sinni þar, vegna framlengingar Nýlendugötu.

6. Grími Jakobssyni leyft að byggja salerni 1 1/2 x 1 1/2 al. á stærð á lóð sinni við Vesturgötus 59.

7. Páli Jónssyni leyft að byggja salerni 1 1/2 x 1 1/2 al. á stærð á lóð sinni við Kaplaskjólsvæg.

8. Hjörleifi snikkara Þórðarsyni leyft að byggja tvö íbúðarhús með skúrum á lóð þeirri er hann hefir keypt af Kristjáni kaupmanni Þorgrímssyni í Þorgrímsholti. Hvort íbúðarhúsið sé 14x12 álnir að stærð með inngönguskúr 3 1/2x3. Stigar séu gjörðir samkvæmt byggingarsamþykktinni.

9. Árna landfógeta Thorsteinsson leyft að endurbyggja skúr við húseign sína í Ingólfsstræti 5 eftir brunann.

10. Gísla Guðmundssyni leyfð breyting á herbergja-skipun í húseign sinni við Hverfisgötu 58, að því áskildu að stigi verði gjörður samkvæmt byggingarsamþykkt.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. K. Zimsen. Hannes Hafliðason.  
son. Ásgeir Sigurðsson. Tryggvi Gunnarsson.

Ár 1906.  
Mánafundur.  
1. Jóna  
stakkættel  
is undir tím  
veimargarðin  
brygju, er  
vegi bryggju  
100 kr. Leig  
þvott á 16 árin  
tæsti 5 álin  
ete þvottarj  
þvottarjörn a  
væ.  
2. Jónst  
um í hafi sír  
sér á austur  
álana breiðum  
þe við norður  
al. að stærð.  
3. Malt  
50, um undan  
sættir breid  
Jón Magnú  
son. Hannes  
sonur Jacobs

Ár 1906, þriðjudaginn 4. apríl hélt byggingarnefndin aukafund. Voru þá tekin fyrir eftirfarandi mál:

1. Jóhannsesi snikkara Jósefssyni leyft að nota stakkstæðislóð sína fyrir norðan Elsumýrarblett framvegis undir timbur og kol o.fl. vörur, að gjöra við sjóvarnargarðinn fyrir lóðinni og enn fremur að gjöra við bryggju, er liggur á framangreindri lóð, þannig að nota megi bryggjuna við uppskipun á timbri m.m.:, allt gegn 100 kr. leigu um árið. Viðarskúr þann, er byggður er nyrzt á lóðinni skal honum skylt að flytja að minnsta kosti 5 álnir frá lóðarmörkum, hvenær sem byggingarnefnd eða bæjarstjórn krefst þess. Leigumála þessum getur bæjarstjórn sagt upp, hvenær sem er, með 6 mánaða fyrirvara.

2. Konsúl D. Thomsen leyft að breyta herbergjaskipun í húsi sínu nr. 17 við Hafnarstræti og gjöra inngonguskúr á austurgafli þess með palli fyrir framan, tveggja álana breiðum, og tröppur upp á hann. Enn fremur að byggja við norðurhlíð hússins viðbyggingu, 16 1/2 x 5 1/2 al. að stærð.

3. Mælt með erindi Gísla Guðmundssonar hverfisgötu 58, um undanþágu frá byggingarsamþykktinni, að því er snertir breidd á þrepum í stiga.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. K.Zimsen. Tryggvi Gunnarsson. Hannes Hafliðason. Ásgeir Sigurðsson. Guðmundur Jakobsson.

Ár 1906, laugardaginn 7. apríl hélt byggingarnefndin fund. Voru bá tekin fyrir eftirgreind mál.

1. Brynjólfur H. Bjarnasyni kaupmanni leyft að gjöra kvistglugga á suðurhlíð húss síns nr. 7 við Aðalstræti og búa til eldhús á efra lofti hússins.

2. Ólafur gullsmið Sveinssyni leyft að byggja viðbygging við austurenda húss síns nr. 5 við Austurstræti. Viðbyggingin er 9x12 álnir að flatarmáli og 7 1/2 al. á hæð yfir götu, með flötu þaki. Byggingarleyfið er því skilyrði bundið, að eigandi hússins rífi niður vestari hluta gamla íveruhússins á lóðinni (bakhússins), helming þess að minnsta kosti, og að hafður sé greiður gangur, að minnsta kost 3 1/2 áln. breiður frá Hafnarstræti, að bakhlið hússins, sem er við Austurstræti.

3. Eiríki Bjarnasyni járnsmið leyft að byggja á lóð sinni við Tjarnargötu íbúðarhús 21 x 12 1/2 al. að stærð, með anddyri 5 3/4 x 2 1/2 alin, og ennfremur smíðahús 14x8 álnir að stærð, með eldvarnarvegg að Báruhúsinu.

4. Pétur snikkari Ingimundsson bað um útmæling undir hús á lóð sinni við Laugaveg. Útmælingunni frestað til uppdráttur væri kominn að framhlíð hússins, en sú hlið var ekki sýnd á þeim uppdrætti, er afhent hafði verið byggingarnefndinni.

5. Magnúsi Guðmundssyni leyft að byggja á lóð sinni Þinghóltsstræti nr. 3 geymsluskúr 18x8 álnir að stærð með 3 eldvarnarveggjum.

6. Frestað að kveða á um erindi frá Þorkeli Ólafssyni múrara um útmæling á lóð ofarlega í Þinghóltum.

7. Páli skipstjóra Hafliðasyni leyft að byggja skúr 5x4 álnir að stærð við Klapparvör, með því skilyrði þó, að skúrin verði tekinn burtu, hvenær sem byggingarnefnd eða bæjarstjórn krefst þess.

8. Þorsteini kaupmanni Þorsteinssyni leyft að lengja geymsluskúr á lóð sinni við Lindargötu, Bakkalóð, um 15 álnir. Breiddin er 20 álnir.

9. Ben. S. Þórarinssyni kaupmanni leyft að breyta gluggum á húseign sinni nr. 7 við Laugaveg.

10. Útmæling á sömu lóð undir geymsluskúr frestað sökum þess að uppdrátt vantaði.

11. Gísla Björnssyni og Bjarnhéðni Þorsteinssyni leyft að stækka inngönguskúr við hús þeirra við Grettisgötu um  $4 \times 1\frac{1}{2}$  aln og gjöra svalir ofan á skúrnum; enn fremur að byggja á lóð sama húss geymsluskúr  $12 \times 5$  al. að stærð.

12. Erindi Jóhannesar snikkara Lárussonar um útmæling á svonefndum leikvelli við Greyyisgötu sá byggingarnefndin sér eigi fært að sinna.

13. Nefndin sá sér eigi fært að samþykkja uppdrátt sama manns að húsi, sem hann hefur í hyggju að byggja við Njálsgötu, því að eftir uppdrættinum á að vera hesthús í (íbúðar)húsinu.

14. Sama manni leyft að byggja íbúðarhús efst á lóð sinni við Hverfisgötu,  $11\frac{1}{2} \times 10$  álnir að stærð með inngönguskúr  $5\frac{1}{8} \times 3$  álnir.

15. Jóni Stefánssyni skósmið leyft að byggja salerni á lóð sinni við Njálsgötu  $2 \times 1\frac{1}{2}$  al. að stærð.

16. Bjarna Helgasyni leyft að lengja hús sitt mitt við Njálsgötu um  $\frac{1}{2}$  al. Húsið er 9 álna breitt.

17. Sæmundi Þórðarsyni leyft að gjöra kvistglugga sunnan á hús það, er hann er að byggja við Njálsgötu.

18. Jóni Felixsyni leyft að byggja á lóð sinni við Frakkastíg íbúðarhús  $12 \times 11$  að stærð með inngönguskúr  $5 \times 4$  og öðrum skúr  $3\frac{1}{2} \times 4$ . Ennfr. hesthús  $6\frac{1}{2} \times 5$  áln. að stærð með tveim eldvarnarveggjum.

19. Jónasi H. Jónssyni leyft að byggja íbúðarhús á lóð sinni við fyrirhugaðan veg milli Njálsgötu og Skólavörðustígs,  $12 \times 12$  áln. að stærð með inngönguskúr  $4 \times 3$  áln.

20. Sama manni mæld út lóð við Frakkastíg (væntanlegt framhald), að stærð  $1204$  ferálnir, og er lagt til að verðið fyrir hana verði ákveðið  $1$  kr.  $50$  fyrir hverja ferálin, en andvirði þetta greiddist fyrir lok b.m.

21. Guðrúnu Jónsdóttur leyft að byggja íbúðarhús á lóð  $610$  ferálna að stærð, er hún hefur keypt af Guðmundi Guðmundssyni á Vegamóti. Hið fyrirhugaða hús er  $14 \times 13$  álnir að stærð með inngönguskúr  $4 \times 4$  álnir.

22. Helga verzlunarmanni Helgasyni neitað um útmælingu á lóð undir íbúðarhús, af því að lóðin er



erðafestuland, sem bæjarstjórnin hefir eigi enn keypt  
að breyta í byggingarlóðir.

23. Síra Ríkhart Torfasyni neitað um útmælingu  
undir hús af sömu ástæðu.

Allir á fundi nema Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. K.Zimsen. Guðmundur Jakobs-  
son. Ásgeir Sigurðsson. Tr. Gunnarsson.

Ár 1906, Þriðjudaginn 17. apríl hélt byggingarnefndin aukafund. Voru þá tekin fyrir eftirgreind mál.

1. Carl og Ludvig Lárussonum leyft að stækka glugga á húseign sinni nr. 1 við Laugaveg, færa til útidyrarhurð, og taka burtu skilrúm þannig, að í staðinn komi biti með stoðum undir.

2. Ben. S. Þórarinssyni kaupmanni leyft að byggja geymsluhús 18x8 3/8 áln. að stærð vestantil á lóð sinni Laugaveg nr. 7, við stíg þann er liggur milli þess vegar og Hverfisgötu vestan við nefnda húseign. Eldvarnarveggi skal byggja við vesturhlið geymsluhússins og við norðurgafi þess.

3. Péttri snikkara Ingimundarsyni leyft að byggja íbúðarhús 17x14 áln. á stærð á lóð sinni við Laufásveg, þeirri er hann hefir nýlega keypt úr erfðafestulandi dr. J. Jónassens. Leyfið er þó því skilyrði bundið, að húsið verði sett svo langt frá götunni, að inngöngurið íð nái eigi út á götuna.

4. Samþykkt að Tjarnargata skuli halda áfram suður yfir Melkólshús að Skothússtíg, þannig, að ca. 65 álnir séu milli Tjarnargötu og Suðurgötu. Breidd Tjarnargötu þar ákveðin 20 álnir. Ákveðið að Suðurgata skuli vera 18 álnir á breidd á þeim kaflanum suður að suðausturhorni kirkjugarðsins. Lagt til að sá hluti Melkotstúns, sem liggur milli nefndra gatna verði gjörður að byggingalóð gegn því, að eigendur greiði 20 aura í bæjarsjóð fyrir hverja alin (feralin). Loks var samþykkt að leggja það til, að eigendum Melkotstúns, Ásgeir kaupmanni Sigurðssyni og Tryggva bankastjóra Gunnarssyni yrði útmæld ræma milli túns þessa og Suðurgötu gegn 25 aura gjaldi.

5. Ákveðin gata meðfram Tjörninni frá norðurmörkum Melkotstúns suður að íshúslóðinni 10 álna breidd.

6. Birni kaupmanni Kristjánssyni leyft að gjöra pall á bilinu milli húss síns við Vesturgötu og hinnar nýju bryggju, er þar er byggð fyrir austan. Þó er þetta því skilyrði bundið, að pallurinn verði tekin burtu, hvenær sem bæjarstjórn krefst þess.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. K. Zimsen. Guðmundur Jakobs-son. Hannes Hafliðason. Ásgeir Sigurðsson. Tr. Gunnarsson.

Ár 1906, laugardaginn 21. apríl hélt byggingarnefnd in fund. Voru þá tekin fyrir þessi mál.

1. Síra Ríkhart Torfasyni leyft að byggja á lóð sinni við Stýrimannastíg íbúðarhús 14x12 álnir að stærð með tveim inngönguskúrum 5x3 1/2 og 3 3/8 x 2 1/2 al. Lóðin er 1209 ferálnir.

2. Steingrími snikkara Guðmundssyni leyft að byggja á lóð sinni við sama stíg íbúðarhús 16x14 álnir á stærð með tveim inngönguskúrum 4x4 og 6x3 áln. á stærð. Lóðin er 841 ferálnir.

3. Jakobi Árnasyni frá Auðarholti leyft að byggja á lóð, sem hann hefir keypt af Hallgrími Sveinssyni biskupi, og liggur fyrir norðan Doktorshús, íbúðarhús 12x11 áln. að stærð með inngönguskúr 7x4 áln. að stærð. Lóðin er 1000 - 1100 ferálnir.

4. Kristni Einarssyni leyft að byggja á lóð sinni við Bræðraborgarstíg íbúðarhús 11x10 áln. að stærð með inngönguskúr 3 1/2 x 2 1/2 alin.

5. Gísla Finnssyni járnsmið leyft að lengja skúr við steinhús hans við Norðurstíg um 10 áln. Skúrin er 5 álnir á breidd.

6. Helga og Guðjóni Guðmundssonum leyft að byggja á lóð sinni við Hverfisgötu (baklóð) íbúðarhús 15x10 álnir að stærð með tveim inngönguskúrum 3x3 og 3x2 1/2 alin að stærð.

7. Gunnari kaupmanni Einarssyni leyft að byggja útihús á lóð sinni við Norðurstíg 22 1/2 x 14 álnir á stærð.

Allir á fundi nema Ásgeir Sigurðsson.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. K.Zimsen. Hannes Hafliðason. Guðmundur Jakobsson. Tryggvi Gunnarsson.

Ár 1906, laugardaginn 28. apríl hélt byggingarnefndin fund. Voru þá tekin fyrir eftirgreind mál.

1. Thor Jensen hefir fyrir hönd Godthaabs verzlunar beðið um útmælingu undir 2 skúra fyrir viðageymslu, annar 70x9 áln. að stærð og hinn 36x9 áln., á parti af erfðafestulandi landlæknis J. Jónassens. Byggingarnefndinni var ekki kunnugt um, að umræddur blettur væri gjörður að byggingarlóð, en vildi fyrir sitt leyti samþykkja að skúrabyggingin væri leyfð, er blettinum væri breytt í byggingarlóð, þó svo að þeir séy eigi settir nær Fríkirkjunni en 20 áln. sé í milli, og að minnsta kosti 20 áln. frá mörkum annara lóða.

2. Árna Jósefssyni leyft að byggja bakhús á lóðinni við Grettisgötu 10x9 1/2 al. að stærð með 3x3 1/2 al. stórum skúr, þó því aðeins að húsið komist fyrir á lóð hans, sem er 40 áln. á breidd, - nema hann kaupi af bænum viðbót við lóðina, og telur byggingarnefndin þá viðbó, hæfilega selda fyrir 25 aura feralin.

3. Runólfi skipstjóra Stefánssyni útvísað hússtæði 12x12 áln. að stærð á lóð hans við Skólavörðustíg (bakkalóð) undir hús það er Eiríkur Björnsson járnsmiður hefir selt honum, sbr. fund byggingarnefndarinnar 17. f.m. Útmælingin er því skilyrði bundin að lóðareigandi gjöristíg 4 álna breiðan að minnsta kosti af Skólavörðustígnum heim að húsinu.

4. Jónatan Þorsteinssyni kaupmanni leyft að gjöra viðbót við hús sitt nr. 31 við Laugaveg, 14x24 1/2 al. og 9x11 1/2 al. að stærð. Niður verður rífið í staðinn steinhúsið 9x11 1/2 áln.

5. Gísla Jónssyni leyft að byggja bakhús á lóð sinni við Laugaveg nr. 50, að stærð 11x10 áln. með skúr 4x2 1/2 al., þó með því skilyrði, að húsið komist fyrir á lóð hans, sem eigi er nema 36 áln. á breidd, nema hann kaupi af bænum viðbót við lóðina, og telur byggingarnefndin þá viðbót eftir atvikum hæfilega metna á 25 au. feralin.

6. Jóhanni snikkara Lárussyni leyft að byggja á lóð sinni við Njálsgötu íbúðarhús 10x13 álnir að stærð með skúr 2x3 álnir.

7. Gísla Þorbjarnareyni verzlunarm. og Sturlu Jónssyni kaupmanni leyft leyft að setja dyr götumegin á kjallara undir húsi þeirra við Laugaveg nr. 68.

8. Ákveðin stefna Skólavörðustígs: úr norðvesturhorni húss Kristófers Sigurðssonar járnsmíðs í suðausturhorn húss Sveins Sveinssonar snikkara.

9. Þorbergur Björnsson biður um að fá útmælda lóð fyrir austan verksmiðjuna Mjölni. Byggingarnefndin vill fyrir sitt leyti samþykkja, að honum verði útmæld lóð beint fyrir austan lóð ekkjunnar Sigríðar Magnúsdóttur frá Kirkjubóli, fyrir austan stíg þann, sem liggja á austan við lóð hennar. Lóð handa Þorbergi telur nefndin hæfilega metna á 25 auru feralin. Nánari mæling á lóðinni fari fram, þegar útmælt verður undir væntanlegt íbúðarhús þar.

10. Samþykkt að girða lóðir bæjarinns milli Hverfisgötu og Laugavegs, milli Laugavegs og Grettisgötu og Grettisgötu og Njálsgötu.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. K.Zimsen. Tryggvi Gunnarsson. Guðmundur Jakobsson. Ásgeir Sigurðsson. Hannes Hafliðason.

Ár 1906, laugardaginn 5. maí hélt byggingarhefnd fund. Voru bá tekin fyrir eftirfarandi mál.

1. Birni augnlækni Ólafssyni leyft að byggja íbúðarhús við Tjörnina 19 1/4 x 17 3/4 al. að stærð með úbyggingu 7x2 al. á stærð. Lóð hans er

2. Sighvati bankastjóra Bjarnasyni leyft að byggja íbúðarhús á lóðarbletti heim, er hann hefir keypt af byggingarlóð Félagsbakarísins við Amtmannsstíg. Íbúðarhúsið á að vera 22 1/2 x 14 1/4 al. á stærð, með úbyggingu 8x3 áln. og skúr 5 1/4 x 4 áln. á stærð. Lóðin er

3. Elís verzlunarmanni Péturssyni leyft að byggja íbúðarhús á lóð sinni við Vitastíg, 10 3/4 x 11 álnir á stærð ásamt skúr 3 1/2 x 3 1/2 al., þó með því skilyrði, að uppgöngurið götumegin komist fyrir á lóðinni, þannig lagað, að fullnægt sé byggingarsamþykktinni. Lóðin er öll 780 ferálnir.

4. Einari Jónassyni leyft að byggja íbúðarhús 9x10 áln. að stærð með inngönguskúr 3x3 áln. á lóð sinni nr. 39 við Bergstaðastræti. Lóðin er að flatarmáli.

5. Ásgeiri Gunnlaugssyni leyft að byggja íbúðarhús 12x12 áln. að stærð ásamt inngönguskúr 4x4 áln. á lóð sinni við Stýrimannastíg. Lóðin er

6. Eyvindi snikkara Árnasyni neitað um útmæling undir hús á Heilmannabæjarlóð, þar til er gjörðir verða vegir. Nefndin leggur til að Bjárgarstíg verði haldið áfram upp í Holtin þegar í sumar, og vegur lagður jafnhliða Bergstaðastræti af Skólavörðustíg.

7. Halldóri bankagjaldkera Jónssyni leyft að byggja hús á lóð sinni nr. 4 við Suðurgötu 22x15 áln. að stærð með 2 útskotum 8x1 1/4 og 9 1/2 x 1 al. og tveim skúrum 4x5 og 2 1/4 x 3 1/2 al. að stærð. Lóðin er 1577 ferálnir að stærð.

8. Ögmundi Hanssyni leyft að byggja íbúðarhús 12x11 áln. á stærð með 2 skúrum 2 1/2 x 3 og 3x3 áln. á stærð í Hólabrekku. Lóðin er

9. Leyfð breyting á herbergjaskipun í hinum Almenna menntaskóla.

10. Friðrik Welding leyft að bæta við 1 glugga á suðurgötu húss síns við Bræðraborgarstíg nr. 27.

11. Eyvindur og Jón Selberg biðja um leyfi til að slá upp lauslegu skýli til bráðabirgða við suðuekkhorn verksmiðju þeirra við Laugaveg, til timburgeymslu. Nefndin gat eigi veitt þar til samþykki sitt.

12. Helga verzlunarmanni Helgasyni leyft að byggja íbúðarhús 11x11 1/2 al. að stærð með skúr 3 7/4 x 5 áln. á lóð, sem hann hefur fengið úr erfðafestulandi Sigurðar Jónssonar fangavarðar. Lóðin er 800 ferálnir.

13. Bárufélaginu leyft að byggja skúr úr steini við hús þess við Vonarstræti, 7x9 áln. að stær. Með þessu leyfi felst ekkert samþykki til þess að steinlím-salur sé settur í húsið.

14. H. Hafstein ráðherra leyft að byggja íbúðarhús 23x16 áln. á stærð með útbýgging 12x9 álna og veranda 4 1/2 x 5 1/2 al. á lóð, sem hann hefir keypt úr Melkotstúni. Lóðin er

15. Árni Jósefsson Grettisgötu 42, Guðmundur Magnússon sömu götu nr. 55 og Gísli Jónsson Laugavegi 50 biðja um að fá keyptar ~~ræmur~~ af bænum ræmur við lóðir þeirra. Byggingarnefndin leggur til að þeir fái þessar lóðarræmur keyptar fyrir 25 aura feralin. Tryggvi Gunnarsson telur þó verðið hæfilegt 50 aura fyrir feralin.

16. Birni kaupmanni Þórðarsyni leyft að stækka hús sitt við Laugaveg 20 B um 13 1/4 x 3 1/2 al. og gjöra nokkrar breytingar á því.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. K.Zimsen. Guðmundur Jakobs-  
son. Hannes Hafliðason. Ásgeir Sigurðsson. Tryggvi  
Gunnarsson.

Ár 1906, laugardaginn 12. maí hélt byggingarnefndin fund. Voru þá tekin fyrir eftirfarandi mál.

1. Stgr. Thorsteinsson skólameistara leyft að lengja skúr að baki húss síns við Thorvaldsensstræti um  $1\frac{1}{2}$  al. Breiddin er  $2\frac{1}{2}$  al.

2. Ólafi Jónssyni leyft að kækka skúr sunnanvert við hús sitt í Vesturgötu 35 og setji í hann uppgöngu- stiga.

3. Hans Hoffmann leyft að byggja íbúðarhús á Þorgrímsholts-bletti nyrðra  $14 \times 13$  áln. að stærð með tveim skúrum  $3 \times 7\frac{1}{2}$  og  $4 \times 3\frac{1}{3}$  að stærð. Lóðin er

4. Lagt til að Þórni hreppstjóra Guðmundssyni frá Neðra-Hólmi verði seldur syðri hluti Þorgrímsholsbletts fyrir 1 kr. feralin, þó með því skilyrði, að bæjar- stjórnin fái aftur af bletti þessum með sama verði þá lóð, er þurfa kann þar síðar undir götur.

5. Þórnarni Jónssyni á Króki leyft að byggja þar íbúðarhús  $11 \times 11$  áln. á stærð með tveim skúrum  $3\frac{1}{2} \times 3$  og  $2\frac{1}{4} \times 2\frac{3}{4}$  al. að stærð. Götur ákveðnar þar samkvæmt uppdrætti.

6. Hlutafélaginu Völundi leyft að byggja viðbót við geymsluhús sitt á Klapparlóð og hækka hið gamla hús. Viðbótin er  $36 \times 16$  álnir á stærð.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson og Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. K.Zimsen. Ásgeir Sigurðss. Guðmundur Jakobsson.



Ár 1906, laugardaginn 19. maí hélt byggingarnefndin fund. Voru þá tekin fyrir eftirgreind mál.

1. Lúðvík Lárussyni leyft að byggja skúr 5 5/8 x 3 1/4 al. að stærð á lóð sinni við Laugaveg nr 1, með því skilyrði þó, að eldvarnarveggur sé gjörður að norðan.

2. Borgþóri verzlunarmanni Jósefssyni leyft að breyta herbergjaskipun í húsi sínu við Grjótagötu, og setja glugga í stað dyra.

3. Jónasi H. Jónssyni leyft að byggja á lóð sinni við fyrirhugaðan veg frá Njálsgötu á Skólavörðustíg íbúðarhús 11x10 áln. að stærð ásamt skúr 3 3/4 x 3 3/4 alin.

4. Sigurði Hjaltsted leyft að byggja viðbót við hús hans við Klapparstíg. Viðbót þessi er 5 5/24 x 12 áln. að stærð.

5. Fröken Sigríður Sigurðardóttir biður um útmælingu undir hús á lóð sinni við Kirkjustræti nr. 8. Útmælingin eigi veitt, sökum þess að timburhús það, er byggja átti, var 18 álna hátt.

6. Mælt með að Einar Jónsson og Jóhannes Zöega fái lóðir frá bænum í skiptum fyrir lóðir þeirra, er ganga undir Aegisgötu, og enn viðbót fyrir 50 aura feralin. Viðbót hjá Einari 312 feral., hjá Jóhannesi 328 feralin.

7. Gísla Jónssyni leyft að byggja á lóð sinni við Laugaveg nr. 50 íbúðarhús 11x10 áln. að stærð ásamt skúr 2 1/2 x 4 álnir.

8. Jóni Teitssyni leyft að byggja á lóð sinni við Spítalastíg íbúðarhús 14x12 áln. að stærð.

9. Árna Jósefssyni leyft að byggja á lóð sinni við Grettisgötu íbúðarhús 10x9 1/2 al. á stærð með skúr 3x3 1/2 al.

10. Hannes bæjarfulltrúi Hafliðasyni leyft að byggja á lóð sinni við Smiðjustíg 6 skúr 5x8 áln. að stærð. Rifinn niður skúr 5x2 1/2 al. á stærð.

11. Bæjarstjórnin hafði vísað frá sér til nefndarinnar erindi frá Hallgrími Sveinssyni biskupi um leyfi til að selja fyrir 45 aura 786 feralna stóran blett úr erfðafestalandi sínu, Hlíðarhúsabletti nr. 1. Nefndin

lagði til að leyft yrði að breyta bletti þessum í byggingaloðir, gegn því, að 1/8 hluti söluverðsins yrði greiddur í bæjarsjóð.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Áón Magnússon settur. K.Zimsen. Guðmundur Jakobs-  
son. Ásgeir Sigurðsson. Hannes Hafliðason.

Ár 1906, laugardaginn 2. júní hélt byggingarnefndin fund. Þessi mál voru tekin fyrir:

1. O. Ellingsen var leyft að byggja á lóð sinni við Stýrimannastíg, íbúðarhús  $16 \times 12 \frac{1}{2}$  al. að stærð með veranda  $6 \times 1 \frac{3}{4}$  og skúr  $3 \frac{1}{2} \times 5 \frac{1}{4}$  al. að stærð.

2. Baldri Benediktssyni leyft að byggja skúr  $12 \times 5 \frac{1}{2}$  al. að stærð á lóð sinni við Bergstaðastræti.

3. Vilhjálmi Bjarnasyni á Rauðará leyft að byggja íbúðarhús  $8 \times 9$  áln. að stærð með skúr  $2 \frac{3}{4} \times 2 \frac{1}{4}$  al. á lóð sinni Fúlutjörn. Gamall bær verður rifinn að undantekinni hlöðu.

4. Bjarna Jónssyni leyft að byggja við hús sitt við Njálsgötu. Viðbótin  $6 \times 9$  áln. á stærð.

5. Skúla Jónssyni leyft að byggja á lóð sinni við Grettisgötu íbúðarhús  $12 \times 12$  áln. að stærð með skúr  $2 \frac{1}{2} \times 3$  álnir. Lagt til að honum verði seld lóðarræma er bærinn á og áföst er við lóð hans, fyrir 25 a. feralin. Samþykkt gegn atkvæði Tryggva Gunnarssonar, er ekki vill selja lóðina fyrir minna en 1 kr. feralin. Lóðin er 138 ferálnir.

6. Mælt með að Árna Þorleifssyni sé seld lóðarræma, er bærinn á og áföst er við lóð Árna við Vitastíg, fyrir 25 au. feralin. Samþykkt gegn vilja Tryggva Gunnarssonar, er ekki vill selja lóðina fyrir minna en 1 kr. feralin. Lóðin 96 ferálnir.

7. Magnúsi Vigfússyni leyft að lengja skúr við íbúðarhús hans á Kirkjubóli um 3 álnir. Breiddin er  $2 \frac{1}{2}$ .

8. Kristjáni Teitssyni leyft að byggja skúr  $14 \times 6$  álnir að stærð við hús sitt við Bjargarstíg.

9. Jóhanni Hafliðasyni leyft að byggja íbúðarhús  $10 \frac{1}{4} \times 12$  álnir að stærð með skúr  $3 \frac{1}{4} \times 10$  álnir á lóð sinni við Grettisgötu. Lagt til að honum verði seld óútmæld lóðarræma við lóð hans fyrir 25 aur. feral. gegn atkvæði Tryggva Gunnarssonar er eigi vildi láta lóðina fara fyrir minna en 1 kr. hverja feralin.

10. Iðnaðarmannafélaginu leyft að byggja 3 skúra  $19 \times 4 \frac{1}{4}$ ,  $9 \frac{1}{2} \times 3 \frac{3}{4}$  og  $12 \times 2$  áln. á lóð sinni við Tjörnina, með því skilyrði, að lóðin sé girt með 4 álna háu porti að sunnan og ekki nær Tjörninni (lóðarmörkum) er nemi 4 álnum.

11. Stefáni Gunnarssyni leyft að byggja íbúðarhús

16x14 álnir að stærð með skúr 4x4 álnir á lóð sinni við Miðstræri.

12. Kristjání Guðmundssyni leyfð breyting á húsi hans við Klapparstíg.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. Ásgeir Sigurðsson. Tryggv Gunnarsson. Hannes Hafliðason. K.Zimsen.

lóa sinni  
yting á  
n.  
son. Tr

Ár 1906, mánudaginn 18. júní hélt byggingarnefndin fund. Voru bá tekin fyrir eftirfarandi mál.

1. Að gefnu tilefni frá Pálma kennara Pálssyni var ákveðið, að breiddin milli Tjarnargötu og Suðurgötu skyldi eigi vera minni norðan við Vonarstræti, en 49. áln. í minnsta lagi, en búizt er við að hún verði 50 al.

2. Kandídat S.A.Gíslasyni leyft að byggja hús á Meltúni 15 1/4 x 13 1/4 ferálnir að stærð með skúr 3x4 1/4 al. á stærð. Lóðin er 750 ferálnir á stærð.

3. Lárusi presti Halldórssyni leyft að byggja íbúðarhús í Meltúni 14 1/8 x 12 1/8 al. með skúr 3x4 1/8.

4. Eiríki Filippussyni leyft að byggja skúr við íbúðarhús sitt við Njálsgötu 21 B, að stærð 6x7 álnir. Gömun útmæling/fellur burtu undir skúr.

5. Melt með að Torfa Vigfússyni verði seld ræma bak við lóa hans nr. 53 við Grettisgötu, 275 ferálnir fyrir 50 aura feralin.

6. Sömuleiðis að Árna Sigbjörnssyni verði seld ræma bak við lóa hans nr. 51 við Sömu götu, með sama verði.

7. Jóni Jónssyni leyft að byggja á lóa sinni við Lindargötu íbúðarhús 10x10 álnir að stærð með skúr 2x3 al.

8. Jes kaupmanni Zimsen leyft að byggja skúr á lóa sinni við Hafnarstræti 23x15 álnir að stærð.

9. Böðvari Jónssyni mæld út lóa við Rauðarárstíg 45x35 álnir að stærð. Verðið ákveðið 50 a. fyrir feral.

10. Guðmundi Brynjólfssyni leyft að byggja íbúðarhús á lóa sinni við Frakkastíg 12x12 áln. að stærð með skúr 3 1/2 x 5 1/2 alin að stærð.

11. Hlutafélaginu "Steinari" neitað um viðbót við lóa þess við Mýragötu.

12. Erindi frá Magnúsi byggingameistara Blöndal o.fl. um að breyta Elsumýrarbletti í byggingarlóa hefði verið vísað til byggingarnefndar af bæjarstjórninni til umsagnar. Byggingarnefndin telur sér eigi fært að mæla með því, að það verði gjört, Öðruvísi en eftir því, sem land þetta, sem er um 5 dagsláttur, byggist.

13. Sömu undirtektir fékk erindi frá Ásgeiri Kaup-

manni Sigurðssyni og Tryggva bankastjóra Gunnarssyni um að breyta Melkotstúni fyrir neðan Tjarnargötu, í byggingarlóð.

14. Kristilegu Unglingafélagi leyft að byggja á lóð 1230 ferálnir að stærð, er það hefur keypt í Þingholtum af Félagsbakarínu, félags- eða fundahús 28x14 áln. að stærð með skúr 4  $\frac{3}{4}$  x 3  $\frac{1}{2}$  alin.

15. Eyvindi Árnasyni leyft að byggja íbúðarhús 13x11 áln. að stærð með útskoti 7x1  $\frac{3}{8}$  alin og skúr 3x6 álnir á Heilmannsbæjarlóð.

16. Fröken Sigríði Sigurðardóttur leyft að byggja íbúðarhús á lóð sinni við Kirkjustræti 20  $\frac{3}{4}$  x 15 áln. að stærð. Þó er þessi útmæling því skilyrði bundin, að hún sanni á fullgildan hátt, að hún hafi greiðan aðgang fyrir slökkviáhöld að bakhlið hússins.

17. Leyfð breyting á skúr Iðnaðarmannahússins.

Allir á fundi nema Ásgeir Sigurðsson.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. Hannes Haflíðason.  
Guðmundur Jakobsson. Tr. Gunnarsson. K.Zimsen.

Ár 1906, miðvikudaginn 4. júlí hélt byggingarnefndin fund. Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Leyfð breyting á húsi K. Zimsens ingeniör við Lækjargötu, þannig að aðalhúsið verði 20x15 álnir með anddyri 3x3 1/2 al. og hliðarbyggingin 18x5 1/2 al. með anddyri 3 1/2 x 3 og skúr 3 1/2 x 3.

2. Ásgeir efnafræðingur Torfason beiðdist leyfis vegna efnarannsóknarstofunnar hér, að setja upp skúr fyrir Benoid-gasverk, 3x6 álnir að stærð austanvert við lækinn gegnt Búnaðarfélagshúsinu, á lóð Eiríks dócents Briem. Nefndin sér sér eigi fært að mæla út lóð undir meira af byggingum á þeim stað.

3. Birni Jónssyni leyft að byggja á lóð sinni við Bræðraborgarstíg 21 íbúðarhús 11x10 álnir að stærð. með skúr 3x3 álnir.

4. Helgi Þórðarson prentari og Sigurjón Björnsson sjómaður höfðu lóðarblett hjá Bjarnabæjarlóð til kaups. Nefndin ræður frá að mæla þá lóð út að svo stöddu, meðan þar er veglaust.

5. Kandidat S.A.Gíslasyni leyft að byggja íbúðarhús í Meltúni 15 1/4 x 13 1/4 al. að stærð, með skúr 3x4 1/4 al. Lóðin er 750 ferálnir að stærð.

6. Lárusi presti Halldórssyni leyft að byggja íbúðarhús á sama stað 14 1/8 x 12 1/8 alin að stærð, með skúr 3x4 1/2 al., þó með því skilyrði að húsinu fylgi lóð að minnsta kosti 1000 ferála stór.

Þessar tvær síðustu útmælingar eru þó því skilyrði bundnar, að báðar húslóðirnar verði gjörðar að byggingarlóð.

7. Vilhjálmur bóndi Björnsson á Rauðará beiðist leyfis til þess að láta gera safngrifju í erfðafestulandi sínu gegnt Mjölniðhúsinu, 40 álnir frá veginum. Byggingarnefndin ræður til, að það leyfi verði ekki veitt.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. K.Zimsen. Hannes Hafliðason. Tryggvi Gunnarsson. Ásgeir Sigurðsson.

Ár 1906, laugardaginn 7. júlí hélt byggingarnefndin fund. Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Kristni Jónssyni snikkara leyft að byggja íbúðarhús á lóð, sem hann hefur keypt af Jóni Magnússyni, á horninu milli Hverfisgötu og Klapparstígs. Aðalhúsið er 16x14 álnir að stærð með skúr 6x5 álnir. Húsið skal sett í línu eftir húsi Péturs Hjaltsted.

2. Jóni Jónssyni leyft að gjöra skúr 8x4 álnir að stærð við húseign sína á Lindargötu 10.

3. Leyft að byggja sötthreinsunarhús 14x9 1/2 al. að stærð á lóð frakkneska sjúkrahússins við Lindargötu, þó svo að risið verði 3 álnir.

4. Guðmundi Þorleifssyni leyft að byggja íbúðarhús á horninu milli Vitastígs og Njálsgötu; aðalhúsið 14 3/4 x 10 álnir að stærð með skúr 3 1/2 x 3 álnir.

5. Ottó Guðmundssyni leyft að byggja íbúðarhús og bökunarhús 23x13 1/2 alin að stærð, þó svo að að leyfi heilbrigðisnefndar fái til að setja upp bökunaráhöldin. Rifið niður af gamla húsinu 3x11 al.

6. Runólfi Ólafssyni leyft að byggja íbúðarhús 12x11 álnir að stærð með skúr 3x4 álnir við Kapla-skjólsvæg.

Allir á fundi nema Guðm. Jakobsson og Hannes Hafliðason.

Fundi slitið.

Jón Magnússon settur. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson. Ásgeir Sigurðsson.



Ár 1936, þ. 21. júlí átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. Var stjórnarráði Íslands leyft að láta reisa hús úr steini, brílyft, handa landsbókasafninu og öðrum söfnum landsins. Húsið á að standa al. norðan við Hverfisgötu al. austan við væntanlegt framhald Ingólfsstrætis og verður 56  $\frac{3}{4}$  al. að lengd og 29  $\frac{7}{8}$  al. á breidd.

2. Byggingarnefndin mælti með beiðni Þórarins Jónssonar Selsholti um að hann megi láta skúr við hús sitt standa 3 áln. frá mörkum lóðar sinnar, með því að lóðareigandinn þeim megin hefir samþykkt það.

3. Beiðni frá Sigríði Sigurðardóttur um hækkun á húsinu nr. 8 í Kirkjustræti um 1 lyftingu, frestaði nefndin, með því að eigi er í beiðninni gerð ~~þáð/lyft~~ grein fyrir, hvernig slökkvátólum verði komið inn á lóð hússins.

4. Erlindi Magnússyni leyft að gjöra salerni 2x3 al. að stærð á lóð hans við Þingholtsstræti.

5. Samþykkt að selja Þorkeli Ólafssyni lóð til húsbyggingar sunnan við Bjargarstíg austan við lóð Guðmundar Guðmundssonar trésmíðs, fyrir 1 kr. hverja ferálin. Lóðin er ~~á~~ómæld.

6. Guðrúnu Þorsteinsson, konu Jóns Þorsteinssonar verzlunarstjóra í Borgarnesi leyft að reisa hús 14x18 áln. með skúr 4x3  $\frac{1}{2}$  norðan við Bjargarstíg á vesturhluta Heilmannslóðar, sem hann hefur keypt, og sem er 34 al. frá norðri til suðurs og 18 áln. frá austri til vesturs, auk lóðarræmu 3x20 al. upp með lóðarmörkum Eyvindar Árnasonar. Húsið sé sett þannig, að Bjargarstígur verði 18 álna breiður.

7. Guðmundi Egilssyni trésmíð leyft að reisa geymsluhús 16x9 áln. á ~~á~~stærð og salerni 3x2 áln. á lóð hans nr. 40 við Laugaveg.

Birni Stefánssyni leyft að reisa geymsluhús 14x7 áln. að stærð á lóð hans nr. 52 við Laugaveg.

9. Þorsteini Sigurðssyni kaupmanni leyft að setja 2 búðarglugga á suðurhlíð húss hans nr. 5 við Laugaveg.

10. Iðnaðarmannafélaginu leyft að breyta framhlið á húsi félagsins við Vonarstræti, þannig að altan yfir dyrunum verði tekið burtu, en settar verði súlur beggja megin við dýrnar upp úr, og gjörður lítill kvistur á bakinu yfir dyrunum.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson og Guð-  
mundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Ásgeir Sigurðsson.  
K.Zimsen. Hannes Hafliðason.

8 Guð-  
son.  
Ár 1906, s. 25. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér, og vou tekin fyrir þessi málefni:

1. Birni Jónssyni ritstjóra leyft að breyta 3 gluggum í norðurhlið húss hans í Austurstræti, í búðarglugga og jafnframt að gjöra nokkrar breytingar (flytja skilrúm o.fl.) inni í húsinu.

2. Búnaðarfélagi Íslands leyft að reisa skúrlengju 19 1/2 x 2 1/2 al. á lóðarmörkum þess að vestanverðu.

3. Byggingarnefndin leggur til að skotið verfi 200 kr. úr bæjarsjóði til girðingar, sem Daníel Bernhöft ætlar að koma upp með lóð sinni norðanverðri meðfram Bankastræti, en þó með því skilyrði, að girðingin úr steini sé ekki látin ná hærra en 1/2 al. yfir götuna, en rimlagirðing ofan á og að tillagið sé ekki borgað út fyrr en girðingin er búin.

4. Einari Vigfússyni bakara synjað um að byggja skúr við vesturmörkin á lóð hans, með því að þar er fyrirhugað vegarstæði, en gjörður var honum kostur á að byggja salerni, sem er 6x8 al. að stærð í suðausturhorni lóðarinnar án eldvarnarveggs til bráðabirgða.

5. Byggingarnefndin leggur til að hin nýja gat., sem lögð hefur verið í sumar austanvið og samhliða Bergstaðastræti verði nefnd Óðinsgata.

6. Samþykkt að selja Árna Jónssyni trésmið lóð við hina ofanefndu nýju götu að austanverðu, að stærð 28 x 25 al. fyrir 1 kr. hverja feralin.

7. Ólafi Th. Guðmundssyni trésmið leyft að gjöra viðbót austan við hús hans við Laugaveg 8x14 al. samkvæmt framlögðum uppdrætti.

8. Böðvari Jónssyni frá Þverárkoti leyft að reisa vinnuhús á lóð hans austan við Rauðarárstíg, 14x14 al. að stærð. Að sjálfsögðu ber beiðandanum að hafa húsið allt járnklætt að utan, samkvæmt byggingarsamþykktinni.

9. Helga Teitssyni hafnsögumanni leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans við Vesturgötu vestanverða, 11x10 áln. að stærð með skúr 3x5 áln. Húsið skal setja þannig á lóðina að gangur 3ja álna breiður að minnsta kosti verði frá götunni inn á lóðina við austurhorn gafflsins. Stefna hússins við götuna skal vera hin sama og á hinu nýja húsi Otto Guðmundssonar.

10. Breytt útmælingu handa Iðnaðarmannafélaginu í síðasta fundi (10. mál), þannig, að altaninn á húsinu framan við Vonarstræti sé stytur og hækkaður en eigi tekin burt, eins og þá var beðið um.

11. Einari Jónssyni Bergstaðastræti 34 leyft að byggja hús 11x11 al. að stærð með skúr 3 1/2 x 5 al. á lóð hans vestanverðri.

12. Jónatan Þorsteinssyni leyft:

1. að flytja geymsluhús norur í lóð sína 5 al. frá norðurmerkjum og fast að vesturmörkum með eldvarnargafli. Skúrinn eða geymsluhúsið að öðru leyfi óbreytt.
2. að gjöra skúr á vesturmörkum lóðarinnar með eldvarnargafli milli fýrgreindra skúra að norðan og íbúðarhús sínu að sunnan. Skúrinn á að vera 7x11 að stærð.
3. að byggja upp í vik á íbúðarhúsinu að mættanverðu, 10x8 al. að stærð, með glerbaki yfir að nokkru leyti.

13. Frú Guðrúnu Þorsteinsson frá Borgarnesi leyft að setja upp bráðabirgðaskýli yfir hey á lóð hennar við hið nýja stræti í Þingholtum (Óðinsgötu). Skýlið skal rífa niður eigi síðar en 1. júní 1907.

14. Beiðni frá Páli Ísakssyni um kaup á lóð við Laugaveg fyrir austan Mjölni sýnjað með því að sennilegt þykir að grjót á öllu svæðinu milli Arabletts og Mjölnis verði notað til hafnarvirkja á sínum tíma.

15. S.P.Duus leyft að leggja stétt fyrir norðan, austan og sunnan sölubúð sína við Aðalstræti og setja látúnsstengur við gluggana utanverða með 10 þuml. bili. Mælt með að honum verði leyft að setja handrið við aðaldyr á austurhlíð búðarinnar allt að 27 þuml. út frá húsinu. Ennfremur var honum leyft að setja handrið við búðardyr á suðurgaflinum, 10 þuml. frá húshlíðinni.

16. Ákveðin breidd á Suðurgötu norðanverðri þannig, að hún verði 16 al. miðað við húsið (M)os í götunni og girðingar á lóðina vestan við götuna færast vestur til að ná þeirri breidd.

17. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni leyft að lengja geymsluhús sitt við Austurstræti um 9 álnir til austurs. Breidd hússins er 14 álnir.

18. Sveini Ólafssyni leyft að byggja viðbót norðan við hús hans við Smiðjustíg, 13x16 al. að stærð.

með tveim skúrum, öðrum 2x4 al. og hinum 3x3 al.

19. Samþykkt að selja Jóni Stefánssyni skósmið lóð að vestanverðu við framlengingu Frakkastígs ca. 1000 ferálnir fyrir 1 kr. alinina.

20. G.E.J. Guðmundssyni trésmið leyft að gjöra skúr 7x8 áln. að stærð við gafl í geymsluhúsi hans á lóðinni Mörk við Laugaveg. Honum var ennfremur leyft að breyta í búðarglugga tveim gluggum á suðurhlið íbúðarhússins og flytja dyrnar á suð-vesturhorn hússins.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Ásgeir Sigurðsson.  
K.Zimsen. Hannes Hafliðason. Tr. Gunnarsson.

3x3 al.  
Ar 1906, þ. 3. sept. átti byggingarnefndin fund með sér, og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Th. Thorsteinsson leyft að stækka kjallaraglugga á sölubúð hans "Liverpool" og gjöra við þá birtugrófir.

2. Samþykkt að selja síra Ingvari Nikulássyni lóðarræmu sunnan við lóð hans Laugaveg 48 fyrir 50 auru hverja feralin. 275 ferálnir.

3. Ásgeiri G. Gunnlaugssyni leyft að gjöra salerni 2 1/2 x 1 3/4 al. ~~Þá~~ stærð við norðvesturhorn á húsi hans við Stýrimannastíg.

4. Gísli Jónssyni kaupmanni leyft að gjöra skúr vestan við hús hans no.24 við Laugaveg 3x6 al. að st.

5. Bergsteini Magnússyni bakara leyft að reisa bökunar- og íbúðarhús á lóðinni no. 34 á Hverfisgötu 12x18 al. að stærð með skúr við suðurhlið 3 1/2 x 4 al. og salerni 2 1/2 x 3 1/2 al. Húsið á að standa ca. 8 al. frá götunni eftir hinn fyrirhuguðu stefnu Hverfisgötu að sunnanverðu. Lóðin hefir mælt 25 al. með götunni og 53 1/2 al. suður frá henni; er ræma 3 1/2 al á breidd talin eign bæjarins og komi sú ræma í skiptum upp í lóð þá er beiðandi afsalar sér til breikkunar götunnar. Leyfið er veitt að áskýldu samþykki heilbrigðisnefndarinnar. Hús sem nú stendur í lóðinni 8x11 al. með skúr 3x3 1/2 al. verður jafnframt rífið niður.

6. Jóhann S. Hjörleifsson bað um leyfi til að gjöra ýmsar breytingar á húsi hans við Lindargötu. Nefndin frestaði málinu.

7. Beiðni frá Einari Sveinssyni um húsmælingu á lóð hans við Spítalastíg frestað til næsta fundar.

8. Beiðni frá Stefáni B. Jónssyni kaupmanni um að mega nota stálþynnur í stað bárujárns til að klæða hús Guðmundar Brynjólfssonar við Frakkastíg sér nefndin sér ekki fært að veita með því að slíkar stálþynnur, sem beiðandi hefir sent nefndinni sýnishorn af, verða ekki álitnar jafngildi bárujárns sem gert er ráð fyrir í byggingarsamþykktinni og umrætt hús stendur ekki við torg eða autt svæði.

9. Guðmundi Matthíassyni leyft að lengja hús sitt nr. 7 við Lindargötu um 3 álnir austur (breidd 10 al) Sama manni leyft að reisa tvílyft hús til íbúðar og verzlunar í austurhluta lóðar, húsið 12x12 al. að stærð.

með tveimur skúrum 4x4 al. og 3x7 al. Mælt með að hann verði undanþeginn að gjöra eldvarnarvegg við skúrinn austan við húsið bó að eigi sé meira en 3 al. frá honum að lóðarmörkum með því að nágrannahúsið er fullar 10 álnir frá og eigandi þess samþykkur að skúrinn standi svo nærri lóðarmörkum hans.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi sliðið.

Halldór Danielsson. Ásgeir Sigurðsson.  
Tr. Gunnarsson. K.Zimsen. Hannes Háflidason.

Ár 1906, þ. 15. september átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir.

1. Pétri Jónssyni blikksmið leyft að reisa smíða- hús í horninu norðan við Nýlendugötu, milli hennar og Agisgötu tvílyft 12x16 áln. að stærð.

2. Þorsteini Jónssyni járnsmið leyft að gjöra salerni 3x1 1/2 al. að stærð við geymsluhús hans sunn- an til við lóðina nr. 33 við Vesturgötu.

3. Guðjóni Björnssyni húsmanni leyft að gjöra viðbót 6x4 al. við skúr á lóð hans nr. 26 við Bræðra- stíg.

5. Guðm. Jónssyni húsmanni Sauðagerði að svo stöddu synjað um mæling á skur við háð hans í Sauðagerði með því að teikningu vantaði.

5. Sveinbirni Þorsteinssyni húsmanni í Sauðagerði leyft að reisa íbúðarhús 9x8 áln. að stærð með skúr 3x3 al. í staðinn fyrir hús það er nú stendur þar (8x 10) og verður rífið niður.

6. Þorleifi Jónssyni póstafréttastjóra leyft að setja dyr á vesturhlið kjallara undir húsi hans nr. 2 við Bókhöðustíg.

7. Sigurði Jónssyni skipstjóra í Görðum leyft að reisa geymsluhús 7x12 al. að stærð, tvílyft, á lóð sinni við Grettisgötu, sem hann hefir keypt af Guðm. Guðmunds- syni fyrrum fátækrafulltrúa.

8. Beiðni frá Sveini Sveinssyni í Efri-Hlíð um húsmælingu á lóð hans austan við Óðinsgötu telur nefnd- in sér ekki fært að samþykkja með því að hún lítur svo á, að gjöra eigi torg á þeim stað með því að margar götur koma þar saman en nefndin hefir gjört Sveini kost á að afsala honum helmingi stærri lóð sunnan við sömu götu, jöfnum skiptum fyrir lóð hans. Þessu boði vill Sveinn bó ekki sinna, en krefst að annaðhvort verði honum veitt hin umbeðna húsmæling eða lóðin keypt af honum fyrir 2 kr. hver feralin ca. 1500 kr. alls. Nefndarmaður Tr. Gunnarsson býðst til að kaupa lóð Sveins handa þenum gegn því að fá sömu lóð sem Sveini stóð til boða. Nefndin álitur samkvæmt ofansögðu, að þeirri þurfi að eignast lóð Sveins, en skýtur til bæjarstjórnarinnar hvort hún vilji kaupa lóðina eða taka boði Tr. Gunnarssonar.

9. Múr og Steinsmiðafélaginu leyft að gjöra geymslu-



skúr suðaustan til á lóð félagsins við Rauðarárstíg  
10x6 al. að stærð.

10. Kristinn Jónsson trésmiður sækir um leyfi  
til að breyta húsmælingu, sem honum var veitt 7. júlí  
þ.á. þannig að meiri hluti hússins verði brílyft og  
vegg hæð 15  $\frac{3}{4}$  al. í heim hluta. Byggingarnefndin  
synjaði að veita slíkt leyfi, sem ekki verður samrýmt  
við byggingasamþykktina en leyfði beiðanda að setja  
á húsið tvo kvisti sinn hvoru megin við suð-austur-horn  
þess. 5 álna breiða talið frá miðhorninu. Honum var  
ennfremur leyfð sú breyting á eldri útmælingunni að  
húsið verði 17  $\frac{1}{2}$  x 14 al. og tveir skúrar við það  
5x4 áln. og 3x4 al. að stærð.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Ásgeir Sigurðsson.  
Tryggvi Gunnarsson. Hannes Hafliðason.

Ár 1906, þ.6. október átti byggingarnefndin fund með sér, og voru þessi mál tekin fyrir.

1. Samþykkt að selja Jóhanni Lárussyni viðbót austan við lóð hans við Rauðarárstíg, renning 10x50 al. að stærð, fyrir 75 auru hverja feralin.

2. Hlutafélaginu "Íðunni" leyft að reisa verksmiðjuhús úr steini á undirstöðum hins fyrra verksmiðjuhúss 76 3/4 x 18 al., einlyft, og viðbyggingu suður úr austurenda hússins við hliðina á gufuvélarhúsinu, 11 1/2 x 28 1/2 al.

3. Benedikt Stefánssyni leyft að gjöra geymsluskúr 6x5 1/2 al. að stærð, í suð-austur horni lóðar sinnar Laugaveg 12.

4. Eiríki H. Sigurðssyni leyft að setja dyr á vesturgafli húss hans nr. 12 við Skólavörðustíg, stækka glugga niður á við götu megin á hlið hússins og birtugrófir framan við há.

5. Árna Jónssyni trésmið útvísað hússtöði undir íbúðarhús á lóð þeirri, er hann hefir keypt af bænum við Óðinsgötu samkvæmt fundargjörð 25. ágúst, og er 700 ferálnir að stærð. Húsið á að vera 11x12 áln. að stærð með skúr 4 1/2 x 3 al. að stærð.

6. Baldri Benediktssyni trésmið seld lóðarviðbót þríhyrningur, sunnan og austan við lóð hans í Bergstaðastræti 45 fyrir 50 auru hverja feralin. Sama manni leyft að gjöra skúr á sömu lóð 3x8 al. að stærð.

7. Eyvindi Árnasyni og Jóni Setberg leyft að setja opið kjallaraskýli sunnan við verksmiðjuhús þeirra við Laufásveg.

8. Lögð var fram fyrirspurn frá Magnúsi Blöndal um það, hvort ráðgert sé að leggja Kirkjustræti beint austur í Lækjargötu með því að slík lenging myndi ganga yfir suðurhluta lóðar spyrjanda, sem hann að öðrum kosti ætlar að fá útmælingu á. Byggingarnefndin álitur að það mundi vera til verulegra bóta að gjöra þessa götu og leggja jafnframt niður ganginn frá kirkjunni upp að Latínuskólanum, en vegna kostnaðar, sem þessi vegarlagning myndi hafa í för með sér vill byggingarnefnd ekki halda henni fram eða ráða bæjarstjórn til þess að samþykkja hana, nema þá aðeins að hlutaðeigandi lóðar eigendur æski hennar og gjöri bæjarstjórn kost á nauðsynlegum lóðarkaupum með sæmilegum kjörum.

9. Hlutafélaginu "Baðhúsfélag Reykjavíkur" leyft

að gjöra skúr vestan við baðhúsið á lóðinni nr. 10 við Kirkjustræti 8x3 3/4 al.

10. Reinholdt Andersen skradðara leyft að taka burtu annan af tveimur stigum, sem liggja upp í forstofunni í húsi hans nr. 9 í Aðalstræti.

11. Bárufélaginu leyft að lengja skúr sunnan við hús félagsins í Vonarstræti þannig, að allur skúrinn verður 20 1/2 x 7 al. að stærð og gjöra loft hæð ofan á skúrinn með því skilyrði, að sett verði 4 al. há girðing austan við skúrinn ef byggingarnefnd þykir viðburfa þegar skúrinn er kominn upp. Önnur útihús í lóðinni verða jafnframt rífin niður.

12. Beiðni frá Hallgrími Jónassyni kennara í Beygjustræti nálægt Stekkjarholtstúni 10 um lóðarkaup og húsmælingu á Grímsstaðaholti nálægt Stekkjarholtstúni vildi nefndin ekki sinna, með því að enginn vegur liggur á þeim stöðvum.

13. St. Jósefssystrum í Landakoti leyft að reisa skýli yfir brunn í lóð spítalans 7x7 1/2 al. að stærð.

14. Otta Guðmundssyni skipasmið leyft að reisa útihús syðst á lóð sinni við Vesturgötu 20x7 al. að stærð.

15. Lúðvig Hafliðasyni leyft að setja glugga á vesturhlíð efra hússins í lóð hans nr. 11 við Vesturgötu og hlaða reykþáf í húsið.

16. Alfred Lind fotógraf sækir um að mega reisa skúr á lóð frú Breiðfjörð nr. 8 í Aðalstræti að fengnu samþykki hennar, 5x8 al að stærð til að setja þar upp mótör og dynamó til að framleiða raflýsingu til afnota við myndasýningar. Nefndin vill veita frú Breiðfjörð leyfi til að gjöra skúrinn að því áskildu að brunamála-nefndin samþykki að áminnst raflýsingartæki verði sett þar upp.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson og Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Ásgeir Sigurðsson. Kristján Þorgrímsson. K. Zimsen.

Ár 1906, þ. 20. október átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi málefni.

1. Jóhanni S. Hjörleifssyni trésmið leyft að lengja hús hans á lóðinni nr. 8 við Lindargötu um 3 áln. húsið er 10 álna ~~breitt~~. Honum var og leyft að gjöra bekk (port) á húsið og hækka kjallarann undir því um 1 alin.

2. Samþykkt að selja Ingvari Guðmundssyni trésmið viðbót við lóð hans við Laugaveg að sunnanverðu, 6x25 al. að stærð fyrir 50 aura hverja feralin.

3. Samþykkt að selja Guðmundi Einarssyni steinsmið Vitastíg 12, viðbót við lóð hans þar, spildu 275 ferálnir að stærð norðan og austan við hina eldri lóð fyrir 50 aura hverja feralin.

4. Bjarna Bjarnasyni húsmanni Ingólfsstræti 23 leyft að gjöra skúr 9x9 1/2 al. að stærð á lóð hans þar, norðan við ívúðarhúsið. Með því að lóðareigandi að halldór bókbindari Þórðarson hefir tilkynnt nefndinni bréflaga, að hann fyrir sitt leyti æski ekki að gjörður sé eldvarnarveggur við skúrinn, því að hann standi eigi 5 al. frá lóðarmörkum, áleit nefndin eigi þörf á að heimta slíkan vegg, með því að skúrinn er töluvert meira en 10 al. frá húsi Halldórs.

5. Jóni Reykdal málara leyft að gjöra skúr 5x3 al. að stærð, bæki við hús hans í við Miðstræti.

6. Fyrirspurn frá Eggeti Briem skrifstofustjóra um hvort nokkuð sé á móti því, að frammhlið á húsi, sem hann og Jón Þorláksson verkfræðingur ætla að byggja sunnarlega undir Tjarnarbrekkunni verði aðeins 4 al. frá götunni þó að hin húsinn 3, sem þegar hafa verið byggð, standi 5 1/2 al. frá götunni. Svaraði nefndin svo, að þar sem húsin er hinir Tjarnarbrekkueigendurnir hafa byggt, eru öll sett 5 1/2 al. frá götunni, álitur nefndin að önnur hús við hana eigi að standa í sömu fjarlægð.

7. Magnúsi Þorfinnssyni skipstjóra, sem hefur keypt lóð, 840 ferálnir við Brekkugötu, af Hannesi Einarssyni, leyft að reisa íbúðarhús á lóðinni 11x10 fæ'r al. að stærð með skúr 6x3 áln.

8. Guðmundi Guðmundssyni á Kröggólfsstöðum við Frammesveg, leyft að reisa hús á þeim hluta lóðar hans sem liggur að Brekkugötu 10x10 al. að stærð með skúr 3x4 1/2 al.

9. Guðmundi Jónssyni Sauðagerði leyft að lengja

geymsluhús á lóð hans um 3 álnir. Húsið er 4 álnir á breidd.

10. Sigvalda Bjarnasyni trésmið, sem hefir eigast lóð þá við Miðstræti, er áður átti Guðrún Jónasson, leyft að byggja á lóðinni tvílyft íbúðarhús 20x16 1/2 al. að stærð með kvisti götumegin og útskoti 5 3/4 x 1 1/2 al. austur úr norður enda. Lóðin 37x24 álnir.

Allir á fundi nema Ásgeir Sigurðsson, Guðmundur Jakobsson og Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen.

Ár 1906, þ. 23. október átti byggingarnefndin með sér aukafund.

Bæjarstjórnin hefur horfið frá því að gjöra torg við Óðinsgötu sbr. fund 15. f.m. töluglið 8, og að kaupa til þess lóð af Sveini Sveinssyni í Efri-Hlíð. Var því Sveini, eftir beiðni hans, leyft að reisa íbúðarhús á lóðinni 11x12 al. að stærð með 2 skúrum 3x3 1/2 al. og 3x3 áln. Húsið á að standa í norðausturhorni lóðarinnar milli Spítalastígs og Óðinsgötu.

Allir á fundi nema Ásgeir Sigurðsson og Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tryggvi Gunnarsson. K.Zimsen.  
Kristján Þorgrímsson.

Ár 1906, b.3. nóv. átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi málefni tekin fyrir.

1. Beiðni frá Þórði Magnússyni og Gesti Sveinbirni Sveinssyni um að fá keypta lóð á melunum sunnan við erfðafestuland Halldórs Jónssonar vill nefndin ekki taka til greina meðal annars af því að enn er óráðið hvar vegir lagðir um melana.

2. Sveinbirni Þorsteinssyni í Sauðagerði leyfð sú breyting á húsmælingu 15. september b.á. að hússtæðið verði 9x9 áln. að stærð í staðinn fyrir 9x8 al.

3. Beiðni frá Einari Brynjólfssyni keyrslumanni um að mega reisa skúr á lóð húss þess við Kaplaskjólsvæg, sem hann leigir íbúð í, synjaði nefndin, með því að beiðandi á ekki lóðina og hefir skýrt byggingarfulltrúanum frá að hann ætli að nota skúrinn fyrir hesthús án þess að ganga frá honum samkvæmt fyrirælum heilbrigðisnefndarinnar.

4. Samþykkt að selja Ingimundi Péturssyni stýrimanni lóð væntanlega framlengingu Sellandsstígs austan Kaplaskjólsvegar fyrir 30 aura hverja feralin. Lóðin er ómæld.

5. Jóni Árnasyni verzlunarmanni leyft að setja dyr götumegin á Kjallara undir húsi hans nr. 39 í Vesturgötu, þannig að kjallarariðið gangi 18 tommur framfyrir húshliðina.

6. Gísli Finnsyni leyft að reisa tvílyft hús með turni á lóð hans við Norðurstíg. Húsið verður með tveimur álmum er mynda horn móti norðaustri. Norðurálman er 21x12 al. að stærð og austurálman 19 1/4 x 13 áln. með skúr 5x4 1/2 al. Húsið er ætlað til íbúðar, verzlunar og járnsmíða. Leyft að hafa miðstöðvarhitun í húsinu. Um skipti á lóð við bæinn, sem beiðandi fer fram á gat nefndin ekki ákveðið að sinni en bíður eftir mælingu á lóðunum. Eldri byggingar á lóðinni verða rifnar.  
niður.

7. Sveini Sveinssyni Efri-Hlíð leyft að setja hús það er honum var mælt 13. f.m. við Óðinsgötu í staðinn fyrir við Spítalastíg. Mælingin óbreytt að öðru leyti.

8. Nefndin leggur til að gata sú, sem liggur frá Skólavörðustíg norður að vegamótum Frakkastígs og Njálsgötu verði nefnd: Nýgata.

9. Jónasi H. Jónssyni trésmið leyft að lengja hús hans við götu þá, sem nefnd er í tölulíð 8 um 15 al.

Húsið er 12 al. á breidd.

10. Hans Hanssyni þósti leyft að gjöra skúrllx5 al. að stærð á lóð hans í Skólavörðuholti við væntanlegt framhald Barónsstígs.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Ásgeir Sigurðsson. Tr. Gunnarsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson.



Ár 1906, 7. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér út af því, að húsið nr. 8 í Kirkjustræti, sem er nýreist tilheyrandi Sigríði Sigurðardóttur, hefur verið gjört með ca. 15 álna vegghæð götumegin. Byggingarmeistarinn Sveinn Jónsson trésmiður var staddur á fundinum og skýrði frá að hann hefði skilið svo 13. gr. í byggingarsamþykktinni að þessi vegghæð væri leyfileg með því að hann ætlaði að gera "gesims" undir þakskegginu og að ekki yrði nema 14 áln. upp að "gesimsinum" Fór hann fram á, ef þessi skilningur væri ekki álitinn réttur, að sér væri veitt undanþága frá nefndri grein í samþykktinni með tilliti til þess að flestir trésmiðir í bænum myndu skylja þetta ákvæði hennar eins og hann og það myndi baka honum töluverðan aukakostnað, að breyta því sem nú er búið að gjöra. Byggingarnefndin fellt ekki á skilning Sveins Jónssonar á fyrirmælum samþykktarinnar í 13. gr. en vill þó, eftir atvikum mæla með því að undanþága verði veitt í þetta sinn.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. K.Zimsen. Ásgeir Sigurðsson.  
Kristján Þorgrímsson.

Ár 1906, þ.17. nóv. átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi málefni tekin fyrir.

1. Sigurði Eyjólfssyni snikkara Hverfisgötu 47 synjað um kaup á lóðarræmu milli lóðar hans á Litlu-Brekku og Þormóðsstaðavegar með því að sá lóðarrenningur verður væntanlega að nokkru leyti notaður undir veg.
2. Sigurði Ólafssyni og Ólafi Ólafssyni leyft að reisa hús á lóð þeirra við Brekkugötu (Garðbæjarlóð) 11x12 al. að stærð með skúr 2 3/4x3 al.
3. Magnúsi Þorsteinssyni leyfð sú breyting á húsmælingu á fundi 20. okt. þ.á. að hann færi húsið nokkru norðar á lóðinni, með því skilyrði, að hann leggi stíg frá Brekkugötu á sinn kostnað negilega breiðan og greiddferan til að koma slökkvitólum að húsinu.
4. Samþykkt að selja Erlendi Guðmundssyni stýrimanni lóð hérumbil 465 ferálnir að stærð fyrir vestan Gísla-holts lóð og fyrir norðan væntanlega götu þar, fyrir 50 aura hverja feralin.
5. Þórði Narfasyni leyft að lengja hús sitt við Nýlendugötu nr. 23 um 6 al. Húsið er 9 al. að breidd.
6. Samþykkt að leyfa Otta Guðmundssyni skipasmið að setja upp bráðabirgðaskúr á stakkstæði hans í Hlíðarhúsmýri til smíða og verkferageymslu og skal skúrin tekinn burtu fyrir 1. máí næsta ár.
7. Steingrími Guðmundssyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús, 15 1/2x12 al. að stærð, með tveimur skúrum 4x4 al. og 3x4 al., á Hlíðarhúsabletti nr. 3 sunnan við væntanlega götu næst fyrir sunnan og samhliða Vesturgötu. Lóðin er 34x19 al. að stærð.
8. Pétri M. Sigurðssyni skipstjóra leyft að reisa íbúðarhús á Hlíðarhúsabletti nr. 3 austan við Stýri-mannastíg, 12x12 al. að stærð með skúr 3 1/2 x4 al. . Lóð hússins er að stærð 23x43 1/2 al.
9. D. Thomsen konsúl leyft að stækka 5 glugga á norðurhlið hússins nr. 22 í Hafnarstræti (næsta gólfi) þó svo að að samtalin breidd glugganna og hurðanna á húshliðinni sé ekki meira en 2/3 af lengd hússins.
10. Þorsteini Tómassyni jársmið leyft að setja glugga á geymsluhús hans á lóð hans nr. 10 við Lækjargötu og gjöra aðrar smábreytingar í húsinu að innan.

11. Jóel S. Þorleifssyni trésmið leyft að stækka íbúðarhús hans Skólavörðustíg 15 þannig að hann reisi viðauka norðan úr því 12x8 3/8 al. að stærð ennfremur leyft að hækka austurhluta gamla hússins um eitt gólf.

12. Jóhanni Haflíðasyni trésmið leyft að gjöra skúr 8x3 áln. að stærð, á lóð hans við Grettisgötu og Vita- stíg.

13. Ingvari Guðmundssyni leyft að breikka hús hans við Vitastíg um 6 áln. og jafnframt hækka gamla húsið um 3 álnir. Húsið er 8 álnir á lengd.

14. Guðjóni Gíslasyni Hverfisgötu leyft að stækka ~~hús//ánn~~ skúr við hús hans Hverfisgötu 23 um 3 1/2x3 1/4 al.

15. Jóhanni Lárussyni trésmið leyft að reisa hús á lóð á horninu milli Lindargötu og Vatnsstígs, sem hann hefir keypt af Sigurði Ámundasyni og er 910 ferálm- ir að stærð með skúr 3x4 1/4 al. að stærð.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Þorgrímsson. Ás- geir Sigurðsson. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson.

Ár 1906, þ. 1. des. átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi málefni tekin fyrir.

1. Einari Zöega veitingamanni leyft að lengja "Hótel Reykjavík" við Austurstræti vestur eftir um 18 al. breiddin jöfn og á eldra húsinu, 18 al. með skúr við suðurhlíð 4x6 al. með því skilyrði að hann leggi neðanjarðar ræsi frá húsinu í neðanjarðar rennu í Pósthússtræti, bænum að kostnaðarlausu.

2. Sigurði Guðmundssyni Stuðlakoti leyft að gjöra geymsluhús, 10x4 al. að stærð, á lóð hans þar.

3. Sighvati Bjarnasyni bankastjóra leyft að gjöra skúr (salerni o.fl.) 2x6 al. að stærð fyrir sunnan hús hans við Amtmannsstíg.

4. Samþykkt að selja Gísla Gíslasyni ~~kráxxix~~ Frakkastíg 13 lóð vestan við Kárastíg, norður fyrir lóð Ólafs Jónssonar ca. 25 al. með götunni og ca. 20 al. vestur frá götunni að meðaltali fyrir 1 kr. hverja feralin.

5. Ólafi Jónssyni trésmið neitað um kaup á sömu lóð.

6. Guðm. Guðmundssyni keyrslumanni, sem hefir keypt lóð við Kárastíg 494 feralnir, af Jónasi H. Jónssyni trésmið, leyft að reisa íbúðarhús á lóðinni 11x11 aln. að stærð, með skúr 3 1/2x2 al.

7. Elís Péturssyni trésmið leyft að reisa geymsluhús 10x9 al. að stærð á lóð hans nr. 48 á Njálsgötu.

(10) 8. Ólafi Gunnlaugssyni frá Ártúnum, sem keypt hefir lóð 480 feralin við Rauðarárstíg af Magnúsi Blöndal, leyft að reisa íbúðarhús á þeirri lóð 9x9 al að stærð með skúr 3x4 al.

(11) 9. Jóhanni Lárússyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans við Rauðarárstíg, 12 1/2x14 al. að st. með skúr 3x3 al. Sama manni leyft að gjöra geymsluskúr 19 al á lengd og 5 al. breiddan í 14 al. og 8 1/2 al. í 5 al. efst á sömu lóð. Allar eldri húsmælingar á þessari lóð falla burtu..

(12) 10. Jóhannes Benediktssyni gefinn kostur á kaupum á lóð sunnan við Laugaveg aústan við lóð Mjólnir 25 x32 al. að stærð, gegn 1 kr. borgun fyrir hverja feralin.

(13) 11. Brynjólfi Jónssyni steinsmið, leyft að lengja hús sitt norðan við Laugaveg, í erfðafestulandi sínu, um 6 al. Breidd hússins er 10 al. og skúr norðan við

húsið 4x2 1/2 al.

(14) 11. Meiri hluti nefndarinnar samþykkir að mæla með undanþágu handa Kristni Jónssyni snikkara frá 13. gr. samþykktarinnar þannig að honum verði leyft að hafa vegg hæð á 3/4 hlutum af húsi hans við Klapparstíg 15 1/2 al. að hæð, formaður er ósamþykktur þessari fundarsamþykkt.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. K. Zimser  
Guðmundur Jakobsson. Ásgeir Sigurðsson.

Ár 1906, hinn 15. des. átti byggingarnefndin fund með sér og vou þessi málefni tekin fyrir.

1. Einari Ágústi Einarssyni leyft að gjóra skúr áfastan við hjall á lóð hans á Lágsholti 5x5 al. að stærð.

2. Jóni Guðmundssyni í Brunnholti leyft að reisa viðbyggingu við hús hans þar. 6x11 1/2 al. að stærð með skúr 4x4 al. Eldri skúr 2x2 al. verður jafnframt tekin burtu.

3. Guðjóni Ólafssyni leyft að gjöra inn gönguskúr 3 3/4 x 3 1/2 al. að stærð við hús hans nr. 21 við Bræðraborgarstíg.

4. Út af erindi frá Helga Jónssyni Nýlendugötu 21 18 um endurgjald fyrir lóð er tekin hefir verið undir veg frá Nýlendugötu og niður á Slipplóðina lætur nefndin uppi það álit að meiri parturinn af lóð þessari sé eign bæjarins. Aðeins lítið horn að vestanverðu 29 feralin telur nefndin hafi verið teknar af lóð beiðanda og eigi sú lóð að endurgjaldast af Slippfélaginu eftir samningi nefndarinnar við félagið.

5. Ólafi Þórðarsyni járnsmið Klapparstíg leyft að lengja hús hans nr. 7 um 1 3/4 al., húsið er 9 al. á breidd. Jafnframt verður rifinn niður skúr við endann á húsinu 4x9.

6. Boga Þórðarsyni kaupmanni synjað um að reisa hús við Klapparstíg samkvæmt framlögðum uppdrætti, með því að uppdrátturinn fer í bága við 13. gr. byggingarsamþykktarinnar.

7. Samþykkt að selja Jónasi Þorsteinssyni stein-smið Laugavegi 23 B lóð vestan við Kárástíg, ca. 480 feraln. fyrir 1 kr. hverja feralin. Sbr. fund 15./6 '07.

8. Bæjarstjórnin hefir vísað til álits byggingarnefndarinnar kvörtun frá ekkjufrú Rannveigu Gísladóttur Laufásvegi 37 útaf því að seldur hafi verið að tilhlutan nefndarinnar Jóni Eyjólfssyni ~~áustætt~~/ renningur austan af lóð hennar. Nefndin hefir rannsakað málið og komið að þeirri niðurstöðu, að kvörtunin sé ekki á rökum byggð. Samkvæmt útmælingu 3. okt. 1896 á lóð þeirri sem kærandiinn á nú, var dýpt lóðarinnar frá götu 35 al., en nú mælist dýptin að vera 45 al., að frádregnum nefndum lóðarrenningi og hefir þó hvorki kærandi né fyrri eigandi fengið melda neina lóðaruppþót. Nefndin lítur því svo á að kærandi eigi ekkert tilkall til lóðarræmunnar, sem seld var Jóni Eyjólfssyni.

9. Sigurði Jónssyni fangaverði leyft að reisa íbúðarhús tvílyft, á lóð við Skólavörðustíg er breytt hefir verið í byggingarlóð úr úr erfðafestulandi hans Neðraholttsbletti og er 400 ferálnir á stærð. Húsið á að vera 12x12 al. að stærð með 2 skúrum 4 1/2 x 3 og 5 1/2x4.

10. Det danske Petroleum Aktieselskab í Kaupmannahöfn hefir beiðst þess við bæjarstjórnina að fá keypta eða leigða 7000 ferálna lóð í landi bæjarins liggjandi við ströndina og með veg að lóðinni og hefir bæjarstjórnin beiðst álits nefndarinnar um þá málaleitan. Nefndin hyggur að tæplega geti komið til greina í þessu skyni annað land er bærinn hefir umráð yfir, heldur en Eff-ersey, en þar við er athugandi að hlutafélagið fer frá á - ef um leigu er að ræða - og sala á eyinni getur ekki komið til mála - að leigutíminn verði minnt 25 ár, óuppsegjanlegur af bæjarstjórnarinnar hálfu, og að bæjarstjórnin samkv. afsalsbréfi fyrir fyrir eyinni getur ekki heimilað öðrum nein umráð eða leiguafnot af henni lengur en 5 ár. Þó vill nefndin, í því traust að samþykki stjórnarráðsins fáið til þess, gefa hlutafélaginu kost á að fá austurhluta af eyjunni leigðan um 10 ára tíma til að hafa þar steinolíubirgðir og lengur ef bæjarstjórnin þarf ekki á hinni leigðu lóð að halda.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Halldór Danielsson. Ásgeir Sigurðsson. Tó. Gunnarsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson.

Ár 1907, hinn 5. januar átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir.

1. Eggert Briem skrifstofustjóri leyft að reisa hús, einlyft á lóð hans vestan við Tjörnina, 16x13 al. að stærð, með anddyri við suðurgöfl 4x6 al. að stærð og skúr við vesturhlið 4x5 al. að stærð.

2. Gunnari Gunnarssyni kaupmanni Hafnarstræti 8 leyft að færa dyr á sölubúð hans á miðja húshliðina að norðanverðu og setja glugga þar, sem nú eru dyrnar, svo og að taka burtu milligjörð í búðinni.

3. Páli Ólafssyni múrara leyft að reisa íbúðarhús, einlyft með kvisti, á lóð hans vestan við Bergstaðastræti 14x12 al. að stærð, með skúr 3 5/8 x 4 3/8 al. . Lóðin er 720 ferálnir að stærð. Beiðandi leggur gang að húsinu frá Bergstaðastræti 4 álna breiðan.

4. Ásbirni Guðmundssyni leyft að byggja hús á lóð hans Hverfisgötu 20, 11x10 al. að stærð með skúr 3x5 al. Hús sem nú stendur á lóðinni, 8x7 al. að stærð með skúr 2x2 al. verður rífið niður um leið og hiti er byggt.

5. Guðm. Magnússyni trésmið Hverfisgötu 30B, leyft að byggja 2 skúra í suðvesturhorni og suðvestur horni lóðar hans 6x3 1/2 al. og 4x4 al. að stærð með eldvarnarveggjum á lóðarmörkum.

6. Gísli Björnsson, Gísli Kristjánsson og Guðm. Sveinsson eigendur húsnanna nr. 48 og 50 við Hverfisgötu fara fram á skipti á lóð þeirri er bærinn á sunnan við lóðir þeirra og ræmu norðan af lóðunum til breikkunar á Hverfisgötu og að þeir fái mismuninn fyrir 40 auru hverja feralin er borgist á 2 árum. Nefndin gat ekki samþykkt þessa beiðni.

7. Samþykkt að selja Magnúsi Magnússyni Barónsstíg 16 lóðarviðbót í horninu milli Vitastígs og Njálsgötu ca. 5x17 1/2 al. að stærð á 75 auru hverja feralin.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Ásgeir Sigurðsson. Tryggvi Gunnarsson. Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen.



Ár 1907, hinn 19. janúar átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir.

1. Erlendi Guðmundssyni skipstjóra leyft að rísa íbúðarhús, einlyft, á lóð hans við væntanlega götu vestan við og samhliða Vesturgötu. Húsið á að vera 11x10 al. að stærð með skúr 4x4 al.

2. Frú Onnu Breiðfjörð leyft að reisa íveruhús, einlyft, á lóð hennar í króknum milli Mjóstrætis og Bröttu götu 15x15 al. að stærð með skúr 2 1/2 x 4 1/2 al. Húsið skal sett þannig að það standi í sömu stefnu við Mjóstræti eins og Vinaminni og Bröttugötumegin skal það vera 10 al. frá eldra húsi Mattías Mattíasen og gafl þess standi í sömu stefnu, sem norðurhlið í hinu nýja húsi sama manns. Lóð fylgir húsinu 655 ferálnir. Gamla húsið á sama stað verður jafnframt rífið niður.

3. Frú Guðrúnu Þorsteinsson leyft að gjöra kvistgl. á hús hennar við Bjargarstíg.

4. Gísli Gíslasyni leyft að byggja hús á lóð hans við Kárástíg 12x10 al. að stærð með skúr 4x4 al.

5. Sveinbirni Stefánssyni trésmið leyft að byggja hús á lóð hans við Njálsgötu 10x12 al. að stærð með skúr 3x5 al.

6. Guðna Guðnasyni leyft að byggja íbúðarhús sunnan til á lóð hans 30 B við Laugaveg 10x10 al. að stærð með skúr 4x4 al.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Ásgeir Sigurðsson. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson.

Ár 1907, hinn 2. febrúar átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir.

1. Ólafí Ólafssyni og Sigurði Sigurðssyni í Garðbæ leyfðu sú breyting á húsmælingu 17. maí f.á. að þeir megi setja  $1 \frac{3}{4}$  al. port ofan á húsið og stækka skúr við það þannig að hann verði  $3 \times 3 \frac{1}{4}$  al. að stærð.

2. St. Jósefssystur biðja um útmælingu í viðbót við spítalann í Landakoti, álmu norður úr honun að austanverðu, samkvæmt framlögðum uppdrætti. Með því að hæð viðbótarinnar eftir uppdrættinum er 17 al. gat nefndin ekki veitt þessa útmælingu, sem mundi koma í bága við samþykktina, auk þess álitur nefndin varhugavert að byggt sé í einu lagi svo stórt sjúkrahús úr timbri, sem þetta hús mundi verða. Eigi þótti nefndinni heldur ástæða til að mæla með að beiðendunum verði veitt undanþága frá samþykktinni til þess að koma upp þessu húsi.

3. Samþykkt að hafa skipti við Ámunda Ámundason í Hlíðarhúsum á lóðarrenning, sem bærinn á vestan við kálgarð hans og sneið norðan af kálgarðinum jafnlangt suður og stefna húsanna að austan og vestan, þeirra Sigurðar Þórðarsonar og Jársteypu félagsins með því skilyrði að hann færi girðinguna norðan við kálgarðinn, suður í téða stefnu.

4. Geir Zöega kaupmanni leyft að reisa tvílyft í-veruhús á lóð hans nr. 7 við Vesturgötu í stað íbúðarhúss þess, sem þar stendur nú og verður rífið niður. Húsið á að vera  $19 \times 15$  al. að stærð með skúr að bakhlíð  $4 \frac{3}{8} \times 4 \frac{3}{8}$  al. og anddyri  $3 \times 5$  al. og standa eftir aðalstefnu götunnar 18 al. frá húsi Björns Kristjánssonar. Framlagður uppdráttur var samþykktur með þeirri breytingu að stigi í bakskúr hússins nái upp á efsta loft.

5. J. Jónassen fyrv. landlæknir leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans við Pósthússtræti (Lækjargötu)  $23 \frac{5}{24} \times 14 \frac{2}{3}$  al. að stærð með anddyri á suðurhlíð  $5 \frac{1}{2} \times 3$  al. að stærð og annað anddyri á vesturgafli  $3 \times 6 \frac{3}{4}$  al. Húsið skal setja þannig að vesturgafli anddyrisins sé 20 al frá Dómkirkjunni og í sömu stefnu (parallel) og ~~ca. 17/21~~ og austurgafli hennar. Að sunnanverðu sé húshlíðin ca. 7 al. frá götunni. Ennfremur samþykkti meirihluti nefndarinnar að mæla með að beiðandanum sé veitt undanþága frá 25. gr. samþykktarinnar, þannig að eigi þurfi að vera meira en einn stigi í húsinu þó að grunnflötur þess sé  $\times$  stærri en 300 ferálnir með tilliti til þess, að grunnflöturinn fer ekki meir en 40 ferálnir fram úr þessari stærð og að altan verður á vesturgafli hússins er komiðt verður niður af ef eldsvoða ber að höndum og áskilur byggingarnefndin að í því skyni sé

kaðalstígi látinn fylgja húsinu, sem beiðandi og síðari húseigendur ábyrgjast að ávallt sé til taks og að tilsvandi krókar festir í altaninu.

6. Steingrími Guðmundssyni trésmið leyft að reisa tvílyft hús á lóð hans við Amtmannsstíg 22x16 al. að stærð með anddyri 4x8 al. og skúr við austurhlið 5x4 1/2

7. Kritjáni Möller leyft að reisa tvílyft hús á lóð hans í króknum milli Ingólfstrætis og Amtmannsstígs 16x12 al. að stærð með útbyggingu að vestanverðu 5x9 al.

8. Jóhanni Kristjánssyni og Jóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús á lóð þeirra nr. 33 við Njálsgötu með tveimur skúrum við norðurhlið. Húsið er 18x10 al. að stærð og skúrarnir 4x2 1/2 al. hver.

9. Sigríði Bjarnadóttur <sup>j</sup>ekku leyft að lengja hús hennar nr. 29 við Njálsgötu um 5 al. Húsið er 9 al. breitt. Henni var líka leyft að hækka risið á húsinu og setja kvist á suðurhlið þess svo og að gjöra skúr við austurgaflinn 2 3/4 x 3 3/4 al.

10. Kristjáni Kristjánssyni ~~krásmið~~ steinsmið leyft að gjöra íbúðarhús á lóð hans við Rauðarárstíg 9x9 al. að stærð með skúr 2x3 1/4 al.

11. Pétri Brynjólfssyni ljósmyndara leyft að setja kvist á ~~íbúðarhús/hús~~ suðurhlið húss hans við Hverfisgötu.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Halldór Danielsson. K. Zimsen. Kristján Þorgrímsson. Tr. Gunnarsson. Ásgeir Sigurðsson.

Árið 1907 hinn 16. febrúar, átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir.

1. St. Jósefssystrum leyft að stækka sjúkrahúsið í Landakoti með því að reisa nýtt hús norður úr austurenda eldra hússins 23 1/2x24 al. að stærð tvílyft. Samþykkt að mæla með undanþágu frá 13. gr. byggingarsamþykktarinnar að vegg hæð nýja hússins megi vera jöfn vegg hæð hins eldra 15 1/2 al.; en þessi meðmæli veitir nefndin þó með þeim skilyrðum að múrveggur sé hlaðinn á milli húsanna og séu aðeins einar dyr á honum á hverju gólfi og járnhurðir fyrir öllum dyrunum og ennfremur að sá útbúnaður sé viðhafður, að vatnsslöngum frá vatnsbirgðum spítalans megi viðkoma í herbergjum spítalans hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

2. Kristjání Þorgrímssyni konsúl leyft að lengja hús sitt við Kirkjustræti til vesturs um 7 3/4 al. og 15 al. á breidd. Viðbótin jafnhá húsinu og með sömu gerð. Skúr, sem stendur á lóðinni 15x4 al. verður jafnframt rifinn niður.

3. Sigurði Ásbjörnssyni leyft að reisa tvílyft íbúðarhús í króknum milli Spítalastígs og bergstaðastrætis að norðanverðu, á lóð hérumbil 581 feralin að stærð, sem hann hefur keypt af Lárusi Pálssyni. Húsið á að vera 19 1/2x14 al. að stærð og skúr 4x4 al. að stærð. Leyft var að hafa miðstöðvarhitunarfæri í húsinu.

4. Sveinbirni Kristjánssyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans nr. 19 Grettisgötu 11x10 al. að stærð með anddyri 2 1/4x3 al. og skúr 2x2 al. að stærð.

5. Samúel Jónssyni trésmið leyft að reisa hús á lóð hans Kárastíg 4, 10x10 al. að stærð með skúr 2 1/2 x 3 1/2 al. að stærð. Samþykkt að selja sama manni lóðarrenning sunnan við lóð hans við Kárastíg 168 feralnir; og ennfremur lóð norðan við Skólavörðustíg, vestan við lóð Jónasar H. Jónssonar trésmiðs, 600 feralnir að stærð, fyrir 1 kr. hverja feralin í báðum lóðunum. Fyrri lóðin reyndist með síðari mælingu af K.Zimsen að vera 122 feralnir (ekki 168 feralnir) og hefur Samúel fengið afsal fyrir þeirri stærð, svo og hinni lóðinni, 600 al<sup>2</sup>.

6. Samþykkt að selja Steingrími Guðmundssyni trésmið lóð vestan við Frakkastíg 515 feralnir að stærð, fyrir kr. 125 hverja feralin. (kr. 1.25 hverja al<sup>2</sup>.)

7. Daníel Daníelssyni leyft að lengja hús sitt við Hverfisgötu um 5 álnir, og hækka allt húsið um eina

lofthæð; svo og gera skúr við húsið 4x5 al. að stærð. Húsið er 10 álna breitt.

8. Carl Frederiksen bakara leyft að gera útihús nyrzt á lóð hans við Vesturgötu 12 1/4x5 1/4 al. að stærð; enn fremur var honum leyft að stækka rúður í gluggum út að götunni og setja götudyrnar mitt á milli glugganna og gera nýjar dyr á bökunarhúsið að húsabaki.

9. Frú Onnu Breiðfjörð leyfð sú breyting á húsmælingu 2. f. m. að botnflötur hússins verði 25 álnum stærri en þá var gert ráð fyrir og að suður hluti hússins verði tvílyftur.

10. Sigurði Eiríkssyni regluþóða leyft að reisa íbúðarhús á lóð við Grettisgötu 588 ferálnir að stærð sem hann hefir keypt af Guðmundi Jakobssyni trésmið; húsið á að vera 10x14 al. að stærð með skúr 3x8 al. Gangur er upp að húsinu 4 al. breiður.

11. Lagður var fram uppdráttur yfir Arnarhólslóð með fyrirhuguðum vegarstæðum þar, eftir Jón Þorláksson ingeniör, þar sem gjörðar eru nokkrar breytingar á uppdrætti. Þeim er áður hefur legið fyrir nefndinni. Féllat nefndin á breytingar með þeim viðauka, að sneitt verður nokkru meira af götuhornum þar sem Ingólfsstræti og Lindargata koma saman eins og sýnt er með bláum strikum, er nefndin gjörði á uppdráttinn og að götulínan með Kalkofnsvegi frá Hverfisgötu að Lindargötu verði bein eins og strikað er á uppdráttinn með bláum líti.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson og Ásgeir Sigurðsson.

Fundi sliðið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. K. Zimser.  
Guðmundur Jakobsson.

Árið 1907, hinn 2. marz átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Þorgrími Jónssyni stýrimanni leyft að gera port 2 1/2 al. að hæð ofan á hús hans við Kaplaskjólsvæg 37.

2. Beiðni frá Gunnari Gunnarssyni kaupmanni um að mega gera hrossabirgi 10 álnir á hvern veg austan við hafnarnefndarskúrinn, var synjað.

3. Ginnari Gunnarssyni trésmið leyft að gera skúr við suðurgafli á húsi hans nr. 4 við Ingólfsstræti 3 1/2 x 2 1/2 al. að stærð, með því skilyrði að suðurhlíð hússins sé eldvarnarveggur.

4. Andrési Bjarnasyni leyft að byggja álmu norður úr húsi hans með Smiðjustíg 12 1/4x10 al. að stærð, með skúr að vestanverðu 2 3/4x3 al. að stærð og með eldvarnargafli að norðan verðu. Geymsluhús, sem stendur á lóðinni þar sem hið nýja hús verður byggt var honum leyft að flytja í norðvesturhorn lóðarinnar, með eldvarnarveggjum á lóðarmörkum.

5. Einari Þorsteinssyni leyft að lengja hús hans við Lindargötu 19 til austurs um 10 áln. með eldvarnarvegg að austanverðu og skúr við norðurhlíð 3 1/2x2 1/4 al.

6. Kritni Jónssyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús tvílyft á lóð hans Lindargötu 36, 15x12 al. að stærð með skúr 3x4 1/2 al. með fyrirvara um salerni.

7. Samúel Jónsdyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans við Kárástíg 11x11 al. að stærð með skúr 2 1/2x3 1/2 al. með fyrirvara um salerni.

8. Guðmundi Jafetssyni leyft að reisa íbúðarhús 10x10 al. að stærð í erfðafestulandi hans sunnan í Rauðarárholti, Norðurmyrarbletti nr. 20. Húsi þessu fylgir 1000 ferálnir byggingarlóð.

9. Beiðni frá Finnþoga Finnþogasyni skipstjóra um að fá útvísað 1500 ferálna lóð á glímuvellinum á Melunum gat byggingarnefndin ekki sinnt með því að enn er eigi gerð áætlun um vegi um Melana og eigi ákveðið hvaða svæði á Melunum kann að þurfa að nota í bæjarins þarfir.

Allir á fundi nema Ásgeir Sigurðsson. Fundi slitið

Halldór Daníelsson. Tryggvi Gunnarsson. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson.

Ár 1907,, 16. marz átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi mál:

1. Fyrirspurn frá Sigurjóni Sigurðssyni um stefnu Pósthússtrætis. Lagður fram uppdráttur og kostnaðaráætlun um lóðakaup til breikkunar Pósthússtrætis frá Kirkjutorgi til Lækjargötu. Byggingarnefndin er sömu skoðunar og áður (sjá fund 6. okt. f.á.), að ný gata frá Kirkjustræti beint austur á Lækjargötu mundi verða til varanlegra bóta, en verður að skjóta því til bæjarsjórnarinnar, hvort hún treystir sér til að leggja frá úr bæjarsjóð, fé það, sem nauðsynlegt mundi til lóðarkaupa, og nema mundi ekki minna en rúmum 7000.00 krón. Nefndin álitur að lenging Pósthússtrætis færi bezt eins og sýnt er á uppdrættinum, en til þess að hann geti haft framgang, verður ekki hjá því komizt að leggja niður stigin upp að Latínuskólanum, og það virðist aftur tæplega gerlegt nema þá aðeins að Kirkjustræti lengt austur í Lækjargötu.

2. Fyrirspurn frá I.P.J. Bryde stórkaupmanni um það, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu, að hann rífi geymsluhús vestan við sölubúð hans og byggji það upp aftur áfast við búðina tvílyft í sama stíl eins og austurendi búðarinnar, svaraði byggingarnefndin svo, að hún mundi samþykkja þessa breytingu, þegar fullnægjandi uppdrættir liggja fyrir, og með þeim fyrirvara, að hornið milli Hafnarstrætis og Vesturgötu verði sneitt, og vesturgöfl hússins verði í sömu línu, sem Hótel Ísland. Skúr við norðurhlíð hússins, sem beiðandinn einnig fer fram á að fá útrýnt hyggub nefndin og að geta samþykkt, þegar uppdráttur af skúrnum kemur fram.

3. Sigurði Briem póstmeistara, Birni Ólafssyni augnlækni og Eggert Briem skrifstofustjóra leyft að reisa geymsluhús 16x6 1/2 alin að stærð á lóð þeirra við Tjarnargötu sunnan við lóð Stefáns Efilssonar. Á húsið að standa norðan til í Tjarnarbrekkunni, snúa frá N - S og vera og vera í sömu stefnu eins og túnin við Tjarnargötu.

4. Sölva Víglundarsyni skipstjóra leyft að reisa einlyft íbúðarhús á lóð hans við Stýrimannastíg, sem er 506 ferálnir að stærð. Húsið á að vera 11 1/2x11 1/2 al. að stærð með skúr við bakhlíð 3 1/2x3 1/4. -

5. Sveini Sveinssyni leyfðar þær breytingar á húsi hans nr. 14 Bankastræti að setja glugga 3x3 al. austan við götudyrnar, setja dyr austast á norðurhlíðina og breyta vesturdyratröppum, þannig að gengið verði upp í þær að austanverðu.

6. Jóhannesi Kr. Jóhannssyni, Lofti Sigurðssyni og Ara Arasyni leyft að reisa tvílyft íbúðarhús á lóð þeirra í krikanum milli Lindargötu og Klapparstígs að norðaustanverðu. Húsið á að vera 21 1/2x14 1/2 al. að stærð. Í landnorðuhorni lóðarinnar var þeim leyft að gjöra skúr 5x2 1/4 al. Hús þau, sem nú standa á lóðinni, verða jafnframt rifin niður.

7. Sigurði Jónssyni steinsmið leyft að reisa tvílyf, íbúðarhús á lóð hans nr. 50 B við Njálsgötu, 10x10 al. að stærð með skúr 3 1/4x4 al. Eldarvæk útmæling fellur úr gildi með því að lóðin var fallin til bæjarins.

8. Gunnari Þorbjörnssyni kaupmanni leyft að setja upp til bráðabirgða vörugeymsluskúr austan við hafnarnefndarskúrinn við Hafnarstræti: Skúrinn skal tekinn burtu ekki síðar en 14. júlí þ. á. Sama manni leyft að setja upp bráðabirgðaskúr til timburgeymslu á Melunum sunnan við Kirkjugarðinn. Sá skúr skal tekinn burtu fyrir næstu áramót.

9. C. Frederiksen bakara leyft að setja glerþak yfir húsagarð norðan við bókunarhúsið nr. 14 við Vesturgötu, og er húsagarðurinn al. að stærð.

Allir á fundi nema Ásgeir Sigurðsson og Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tr. Gunnarson. K. Zimsen.  
Kristján Þorgrímsson.



Ár 1907, 6. apríl átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi mál.

1. Sigurði Jónssyni bókbindara og Vilhjálmi Árnasyni trésmið leyft að lengja hús þeirra nr. 1 B við Lindargötu um 6 al. og gjöra lofthæð ofan á allt húsið, sem er 11 al. breitt svo að hækka skúr við bakhlíð hússins upp í efri lofthæð.

2. Ara B. Antonssyni vitaverði leyft að reisa íbúðarhús einlyft með kvisti á lóð hans no. 9 við Lindargötu 15 1/4x12 al. að stærð, með framskoti úr því miðju fram að götunni 6 1/2x1 1/2 al. með anddyri 5 1/4x3 1/2 al. og eldhússkúr 3 3/4x4 1/4 al. Mælingin veitt með fyrirvara um að hæfilegt salerni sé gjört í eða við húsið.

3. Sveini Árnasyni Barónsstíg 14 leyft að setja dyr á kjallarann undir húsi hans þar að norðanverðu.

4. Ásgrími Magnússyni kennara leyft að reisa tvílyft ~~íbúðar~~hús austan við hús hans nr. 3 í Bergstaðastræti 14x9 al. að stærð, til íbúðar uppi og skólahaðs niðri. Honum var og leyft að gera fordyri með stiga upp á loftið við vesturhlíð gamla hússins út að götunni, 5x4 al. að stærð, en til þess verður hann að kaupa lóð af bændum og áskilur nefndin sér að hann kaupi skákina vestan með lóð hans hérumbil 7x21 al. að stærð fyrir 1 kr. hverja feralin. Loks var samþykkt að beiðandi flytji geymsluhús á lóð hans austur að lóðarmörkum og stækki það um 4x5 al.

5. Samþykkt að selja Bjarna Jónssyni trésmið Njálsgötu 37 húslóð vestan við Frakkastíg 30 áln. með götunni og ca. 37 al. til vesturs að meðaltali, fyrir 1.50 hverja feralin.

6. Baldvin Einarssyni aktýggjasmíð Laugavegi 17 leyft að gjöra tvo glugga á eldhússkúr við hús hans.

7. Sigurði Ólafssyni leyft að reisa tvílyft hús á lóð hans 32 við Laugaveg með íbúð uppi en sölubúð niðri 26x13 al. að stærð með eldvarnagafli við báða enda og skúr við suðurhlíð 3x4 1/2 al. að stærð. Ennfremur að reisa geymsluhús á lóðinni með eldvarnarveggjum á lóðarmörkum 11 1/2 x 4 1/4 al. að stærð. Gert að skilyrði að keyrsluvegur verði gjörður inn á lóðina minnst 3 álna breiður. Steinbær, sem stendur á lóðinni verur rifinn niður.

8. Sveini Jónssyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans við Bergstaðastræti, parti úr Holtastaða-

lóð 900 ferálnir að stærð. Aðalhúsið er 13 1/2 x 8 áln. að stærð með hliðarbyggingu 12 1/2 x 6 álnir.

9. Pétri Ingimundarsyni trésmið leyft að reisa tvílyft íbúðarhús á lóð hans við Laufásveg 13 1/2 x 15 al. að stærð, með skúr við vesturhlið 5x6 al. Lóðin er 480 ferálnir.

10. Einari Þorsteinssyni leyfð sú breyting á húsmælingu við Lindargötu á fundi 2. f.m. að húsið verði aðeins lengt um 6 al. og skúrbyggingin falli niður.

11. Samþykkt að selja Bjarna Þorsteinssyni trésmið lóð sem bærinn á norðan við lóð hans. Grettisg. 35 á 50 auru hverja feráln ef hann kaupir alla lóðina. Lóðin er enn ómæld. - Sjá fund 20. apríl 16. lið.

12. Nefndinni hefir borizt frá bæjarstjórninni erindi frá Einari Gunnarssyni cand. o.fl. um að mega reisa tjaldbirgi (kiosk) á steinpallinum austan við hafnarbryggjuna eða öðrum hentugum stað. Nefndin álitur að eigi geti komið til mála að leyfa slíkt birgi við hafnarbryggjuna en vill samþykkja að það verði veitt á Lækjartorgi á sama stað og með sömu kjörum (til 10 ára. 50 kr. árgjald í bæjarsjóð) sem Birni kaupmanni Kristjánssyni var leyft á fundi nefndarinnar 28. okt. 1905.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson og K. Zimsen.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson.  
Ásgeir Sigurðsson. Guðmundur Jakobsson.

Ár 1907, þ. 20. apríl var fundur haldinn af bygg-  
ingarnefnd bæjarins og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Kristjáni Teitssyni leyft að stækka smíðahús  
á lóð hans við Bjargarstíg um 4 1/2x6 al. með eldvarn-  
arvegg á lóðarmörkum.

2. Jóni Þórðarsyni kaupmanni leyft að taka burtu  
dyr á suðurhlið sölubúðar hans við Bankastræti og lít-  
inn glugga á sömu hlið hússins, breyta tveimur þak-  
gluggum í kvistglugga og taka burtu skilrúm í sölubúð-  
inni.

3. Jóhanni Jóhannssyni kaupmanni leyft að reisa  
geymsluskúr austast á lóð hans nr. 11 A við Bergstæða-  
stræti 10x12 al. að stærð, með eldvarnarvegg að lóð-  
armörkum.

4. Gunnari Þorbjörnssyni ~~leysis~~ kaupmanni leyft  
að reisa tvílyft hús til verzlunar á neðra gólfi en í-  
búðar á efra gólfi á lóð hans á horninu milli Hafnar-  
strætis og Veltusunds í stað íbúðarhússins sem þar  
stendur og verður rífið niður. Húsið verður 16 álnir  
á lengd meðfram Veltusundi og 17 1/2 al. á breidd á  
15 al. meðfram Hafnarstræti og 12 1/2 al. á 11 al.  
Hús þau sem rífin verða niður á lóðinni eru 300 fer-  
álnir að grunnmál.

5. Torfa Vigfússyni leðsmið leyft að stækka úti-  
hús á lóð hans Grettisgötu 53 um 12 1/2x5 al.

6. Jakobínu Thorgrímsen ekkjufrú leyft að gjöra  
skúr vestanverðu við hús hennar Laugaveg 16 14 1/2 x 6  
al. að stærð. Skúrin má þó ekki standa lengur en í-  
búðarhúsið, sem nú er á lóðinni.

7. Pétri Jónssyni blikksmið leyft að gjöra loft-  
hæð til íbúðar ofaná skúr við hús hans nr. 22 við Vest-  
urgötu með þeim fyrirvara að viðir í neðri byggingunni  
hafi nægilegan styrkleika eftir byggingarsamþykktinni.

8. Jens Lange málara leyft að gjöra kvist norðan  
á hús hans nr. 10 við Laugaveg á miðjunni.

9. Ekkjunni Guðrúnu Jóhannesdóttur leyft að reisa  
íbúðarhús 12x11 al. að stærð með skúr 3 1/2 x 4 1/2  
al. við norðurendann á norðvestur horni á lóð hennar  
við Stýrimannastíg. Lóðin er 19x24 al. að stærð.

10. Jóni Jónssyni sagnfræðing og Þórarni Þorláks-  
syni málara leyft að gjöra fordyri norðan við hús þeirra  
nr. 45 við Laufásveg 5 x 2 1/2 al. að stærð.

11. Bæjarstjórn hefir samþykkt að leggja niður suðurenda Pósthússtrætis frá Kirkjutorgi að Lækjargötu og hafa þeir Sigurjón Sigurðsson trésmiður og Þorsteinn Tómasson járnsmiður farið fram á að fá keypta lóð þá er bæjarstjórnin fær til umráða við götulagninguna hvor sinn hluta. Byggingarnefndin samþykkir að selja Þorsteini Tómassyni 5 al. ræmu hverbeint á Lækjargötu norðan af sundinu milli lóðar hans og Sigurjóns Sigurðssonar svo og Þríhyrning af sundinu vestan við lóð hans þannig að ræma norðan af lóð hans er bæjarstjórnin fær til götubreikkunar það sem hún nær kæmi til skipta móti jafnstórri skák af hinni seldu lóð en afganginn borgi hann með 2 kr. hverja feralin. Sigurjóni Sigurðssyni samþykkti nefndin að selja norðurhluta sundsins milli lóðar hans og Þorsteins Tómassonar fyrir 1.50 hverja feralin og Árna Nikulássyni spildu austan við hús hans hérumbil 15 feta breiða og 27 feta langa og hvasst horn suður úr þeirri spildu fyrir 3 kr. hverja feralin.

12. Sveini Sveinssyni trésmið leyft að setja dyr, þar sem nú er austari gluggi á húsi hans nr. 14 við Bankastræti fram að götunni.

13. Jóni Guðmundssyni Sauðagerði leyft að reisa samkomuhús austast á lóð hans nr. 3 í Þingholtsstræti, 22 1/2 x 12 al. að stærð. Jafnframt verða rifnir niður tveir skúrar, 8x18 1/2 al. og 8x3 al. að stærð.

14. Erlendi Magnússyni gullsmið leyft að hækka eldvarnargöfl austan við smíðahús hans og hækka þakið þeim megin að sama skapi.

15. I.P.T. Bryde stórkaupmanni leyft að reisa hús tvílyft, (geymsluhús) vestan við sölubúð hans, þar sem nú er einlyft geymsluhús með þeim skilyrðum sem gerð voru á fundi nefndarinnar 16. f.m. Húsið verður 14 16 x 14 1/2 al. að stærð með skúr við norðurhlíð 14 1/6 x 6 al. að stærð. Svo var honum og leyft að breyta íbúð í vesturenda verzlunarhússins í sölubúð og breyta gluggum öllum í sölubúðinni samkvæmt framlagðri teikningu. Byggingarnefndin telur sér ekki heimilt að víkja frá ákvæði samþykktarinnar, að því er þetta hús snertir, að yzta klæðning þess sé bárujárn. Eldra geymsluhús sem rífið verður niður er 12x14 al. að stærð og 2 skúrar 6x20 1/2 og 3 1/2 x 3 1/2 al.

16. Með því að Björn Stefánsson Laugavegi 52 fer fram á að fá keypta ómælda lóðarræmu ~~latur/sér~~ sunnan við lóð sína og Bjarni Þorsteinsson trésmiður, sem á síðasta fundi var gefinn kostur á að kaupa þessa ~~ræmu~~ lóðarræmu latur sér nægja að fá ræmu norðan við lóð hans var samþykkt að hin útvísada lóð skipist milli

þeirra þannig að hver fái 8x25 al. ræmu fyrir 50 aura.

17. Bjarna Þorlákssyni trésmið leyft að reisa í-  
búðarhús á lóð hans nr. 35 B við Grettisgötu 10x10 al.  
að stærð með skúr 3x5 al. með fyrirvara um að jafnframt  
verði gjört salerni við húsið.

18. Kristjáni Þorgrímssyni kaupmanni leyft að  
gjöra smá kvist norðan á hús hans nr. 10 við Kirkju-  
stræti.

19. Guðlaugi Torfasyni trésmið leyft að gjöra kvist  
á hans nr. 42 við Vesturgötu.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Tr. Gunnarsson. Kristján  
Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson. Ásgeir Sigurðsson.

Ár 1907, þ. 4. maí átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi mál:

1. Kristín Ólafsdóttir ekkja Guðm. Einarssonar frá Nesi leyft að breyta húsi hennar nr. 1 við Austurstræti þannig að dyrnar á austurgaflinum færist í landsuður hornið og sé það sneitt minnst 3 álnir og tröppur nái eigi lengra en 18 tom. út frá hliðinni beggja vegna; ennfremur að stækka 2 glugga á suðurhlið hússins og aðra 2 glugga á austurgafli.

2. Magnúsi Benjamínssyni leyft að stækka 2 glugga á austurhlið húss hans nr. 3 í Veltusundi.

3. Jóni Brynjólfssyni leyft að stækka 2 glugga á suðurhlið húss hans nr. 3 í Austurstræti.

4. Landsímastjórninni leyft að setja kvistglugga að norðanverðu á bak pósthússins og stækka 2 kjallara-glugga á vesturhliðinni.

5. Mattíasi Mattíassyni leyft til bráðabirgða að gjöra skýli 10x5 al. að stærð á lóð hans í Austurstræti norðan við sölubúðina.

6. Guðm. Gamalielssyni bókbindara leyft að reysa tvílyft íbúðarhús með kvisti með kvisti á austurhlið 16 1/2 x 15 1/8 al. að stærð með skúr 3 1/2 x 4 1/2 al. á lóð hans nr. 6 í Lækjargötu með því skilyrði að gjörður verði gangur 3 al. breiður að minnsta kosti inn á lóðina frá Lækjargötu áður en hann byrjar á húsbýggingunni. - útmæling þessi fellur burtu. (sjá fund 15. júní tölulið.2.)

7. Sigurjóni Sigurðssyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús 17 1/4 x 16 1/4 al. að stærð með skúr við vesturhlið 3 1/2 x 5 1/8 al. á lóð hans við Lækjargötu.

8. Samúel A. Johnson trúboða leyft að reisa samkomuhús á lóð hans sunnan við Bjargarstíg 20x12 al. að stærð. Lóðin er 30x24 al. að stærð.

9. Jónasi H. Jóssyni trésmið leyft að reisa geymsluhús á lóð hans við Kárastíg 22 x 6 1/4 al. að stærð með skúr við norðurgafli 2x6 1/4 al.

10. Bjarna Jónssyni snikkara leyft að reisa íbúðarhús á lóðinni nr. 30 við Laugaveg, sem hann hefir keypt af Guðna Guðnasyni og er 730 ferálnið að stærð. Húsið verður 14x14 al. að stærð með tveimur geymsluskúrum við vesturgafli og suðurhlið 4x5 al. að stærð hvor og geymsluskúr við austurgafli 6 3/4 x 5 al. Þær sem stendur

á lóðinni 15x8 álnir og skúr 4x4 áln. verður jafnframt rifinn niður.

11. Þorvaldi Bjarnasyni Bjarnaborg leyft að gjöra salerni á lóð sinni þar  $7 \frac{1}{2} \times 1 \frac{5}{6}$  al. að stærð.

12. Fiskveiðaklakkfélaginu "Island" (Jes Zimsen o. fl.) leyft að reisa fiskgeymsluskúr á Kirkjusandi eystri 23x10 al. að stærð.

13. Helga Thordarsen trésmið leyft að gjöra útidyr vesturgafi á húsinu nr. 21 við Hverfisgötu þar sem er gluggi.

14. Amunda Arnasyni kaupmanni leyft að lengja hús hans við Hverfisgötu um 10 al. og skúr við það að norðri verðu  $6 \times 4 \frac{1}{2}$  al. Húsið er 12 al. breitt. Steinhús sem stendur á lóðinni 10x10 al. og skúr x verður jafnframt rifið niður.

15. Jóni Hafliðasyni steinsmið leyft að reisa íbúðarhús einlyftmeð kvisti á lóð hans við Hverfisgötu sunnan við lóð Daniels Danielssonar, 15x12 al. að stærð með skúr 4x5 al., með þeim fyrirvara að gangur 3ja álna breiddar að minnsta kosti verði gjörður að húsinu frá Hverfisgötu.

16. Einari Gunnarssyni cand. o.fl. mæld lóð á Lækjartorgi til að reisa tjaldbirgi (Kiosk), sem bæjarstjórnin hefir leyft að þeir setji þar upp. Birgið verður stórtrent 20 al. að flatarmáli og var áskilið að stétt  $1 \frac{1}{2}$  al. á breidd komi í kring um það gjörð úr cementsþeypu eða tjörusteypu og jafnar hennar úr höggnu grjóti, þar séu 4" hærrí en torgið.

17. Mæld lóð undir viðbóð við barnaskólann sem áskilið er að reisa með sömu gerð og vesturálman og verði það álma frá austri til vesturs við suðurenda hússins 50x14  $\frac{1}{2}$  al. að stærð.

Allir á fundi nema Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson.  
Geir Sigurðsson. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson.

Árið 1907 hinn 18. maí, átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi mál:

1. Samþykkt var að selja Gísla Finnssyni járnsmið 2 lóðarræmur til viðbótar við lóð hans við Norðurstíg, aðra 112 feral. við Norðurstíg, hina norðan við lóð hans og er hún enn ómæld; fyrir 150 aura hverja feralin, og komi þar upp í lóðarsneið 42 ferálnir, sem hann lætur bænum í té tilk breikkunar á Norðurstíg.

2. Ekkjufrú Álfheiði Briem leyft að reisa íbúðarhús 17x14 al. að stærð á lóð hennar í Tjarnarbrékku, sem er 44x55 áln. að stærð með skúr við húsið 4  $\frac{1}{4}$ x4  $\frac{1}{4}$ .

3. I.P.T. Brydes verzlun leyft að gjöra steypa gangstétt 5 þuml. hærrí en götuna sunnan og vestan við búð hans við Hafnarstræti 2  $\frac{1}{2}$  al. breiða með því skilyrði að tröppur við sölubúðina verði færðar inn svo að eftir verði helmingur stéttarinnar fyrir framan tröppurnar.

Sama manni synjað um að gera tröppur á vesturgöfl verzlunarhússins 3 al. út á götuna. Þá var honum enn fremur leyft að lengja sölubúðina vestur að geymsluhúsinu og er sú viðbót 7  $\frac{1}{2}$ x14 al. og reisa 3 skúra, 2 norðan við búðina 18  $\frac{5}{6}$ x6 al. og 24  $\frac{3}{4}$ x8  $\frac{3}{4}$ , og einn austast á lóðinni 10  $\frac{1}{2}$ x5  $\frac{1}{2}$  al. að stærð, og loks var honum leyft að hafa miðstöðvarhitavél í búðinni og skrifstofunni.

4. Einari Benediktssyni leyft að reisa tvílyft verzlunarhús 24  $\frac{1}{2}$ x24 al. að stærð á lóð hans Austurstræti 14 með kvistum á báðum hliðum. Húsið á að halda stefnu að norðan og sunnan við "Hotel Reykjavík", og austanvert við grindur Austurvallar. Lóðarræmu undir austurenda hússins ca. 60 feral. samþykkti nefndin að selja beiðanda fyrir 10 krónur kverja. Húsinu fylgir engin óbyggð lóð og má því eigi hafa íbúð í því. Eldri byggingar á lóðinni rifnar niður.

5. Sigurjóni Sigurðssyni leyft að flytja gamla íbúðarhúsið á lóð sinni við Póshússtræti vestast á lóð hans þar, og gera skúr við það 3  $\frac{1}{2}$ x5 al.

6. Hróbjartk Péturssyni útvísað hússtæði við Óðinsgötu á lóð er hann hefir keypt úr Efra-Holtsbletti 440 ferálnir að stærð. Húsið er 10x11 al. að stærð með skúr 5x3  $\frac{1}{2}$  al. og standi ca. 43 al. fyrir norðan væntanlegt framhald Spítalastígs.

7. Steingrími Guðmundssyni leyft að reisa einlyft hús á lóð hans við Frakkastíg 10x10 al. að stærð með



skúr 3 1/2x3 3/4 al. Lóðin er 515 ferálnir að stærð.

8. Sveinbirni Kristjánssyni leyft að reisa í-  
búðarhús einlyft 10x10 al. að stærð með skúr 4x3 al.  
á lóð hans 19 B við Grettisgötu. Lóðin sem fylgir  
þessu húsi er 15x18 al. að stærð.

9. Sama manni leyft að flytja 17 A við Grettis-  
götu á lóð hans við sömu götu nr. 19 og byggja við það  
hús 3x4 al. að stærð, og fylgi því húsi lóð 21x18 al.

10. Pétri Jónssyni kaupm. leyft að byggja skúr  
5 1/4x4 1/4 á lóð hans nr. 12 við Grettisgötu.

11. Ágúst Lárussyni og félögum hans leyft að gera  
skýli yfir kappróðrabát á lóðarræmu bæjarins milli  
Rauðararlækjar og Rauðarártúns. Leyfið er aðeins veitt  
til bráðabirgða í sumar.

12. Jóhanni Sigmundssyni leyft að flytja húsið  
nr. 32 við Grettisgötu syðst á lóðina.

13. Samþykkt að selja Jóhannesi Lárussyni tré-  
smið lóð ca. 1700 feralin austur af lóð hans við Rauð-  
arararstíg á 75 aura hverja feralin og að kaupa af  
honum lóðir til götubreikkunar 180 al. við Hverfisgötu  
við Hverfisgötu á 3 kr. feral. og við Lindargötu ca.  
100 feral. á 150 aura feral.

14. Hlutafél. Völundi leyft að gera timburgeymslu  
hús í suðausturhorni við ~~Rauðararstíg~~ á lóð félagsins  
við Klapparstíg 31 1/2x15 al. að stærð.

15. Giðmundi Jakobssyni trésmið leyft að reisa  
skúr á lóð hans við Laugaveg 76, 25x8 al. að stærð,  
sem hann ætlar að nota fyrir hesthús, til heygeymslu  
og annarar geymslu. Hesthúsið skal vera útbúið sam-  
kvæmt fyrirmælum heilbrigðissamþykktar og skal því  
fylgja steinlímð gryfja.

16. Sigurði Eiríkssyni leyft að gera salerni  
2x4 al. að stærð á lóð hans nr. 59 B við Grettisg.

Allir á fundi nema Ásgeir Sigurðsson og Krist-  
ján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K.Zimsen. Tryggvi Gunnarsson.  
Guðmundur Jakobsson.

Ár 1907 hinn 1. júní átti byggingarnefndin fund með sér, og voru þessi mál tekin fyrir.

1. Ólafi Ólafssyni og Sigurði Ólafssyni í Garðbæ leyft að gjöra salerni bakatil á lóð hennara Brekkugötu 3xl 1/2 al. al. að stærð..

2. K.P.Djusverzlun leyft að reisa kolageymsluhús austan við bryggjuhúsið 23 3/4xl19 5/8 al. að stærð/ í staðinn fyrir skúr sem þar stendur nú 19 3/4xl19 5/8 al. sem verður rifinn niður.

3. Frú Ágústu Svendsen leyft að stækka glugga á sölubúð hennar nr. 12 Aðalstræti.

4. Sigurjóni Sigurðssyni trésmið leyft að setja dyr í stað glugga á suðurgafli húss hans nr. 12 B í Lækjargötu.

5. Uppdráttur af íbúðarhúsi er Magnús Blöndal trésmiður vill byggja á lóð sinni við Lækjargötu er hann hefir keypt af Guðmundi Gamalielssyni, var lagður fram og fer Magnús fram á að mega gjöra íbúðarhúsið 551 ferálin að flatarmáli þó að lóðin öll sé ekki stærri en 986 ferálnir, og að byggingarnefndin mæli með því að honum í þessu skyni verði veitt undanþága frá .4. gr. samþykktarinnar. Meiri hluti nefndarinnar (4) sjá sér ekki fært að veita þessi meðmæli og það því síður þar sem ráðgert er eftir uppdrættinum að reisa á lóðinni auk íbúðarhússins 2 skúra 185 ferálnir að flatarmáli. Tveir nefndarmanna vilja veita undanþágu þannig að 1/3 hluti lóðarinnar sé óbyggður. Nefndin gat því ekki samþykkt framlagðan uppdrátt.

6. Jóni Þórðarsyni kaupm. leyft að reisa íbúðarhús 11xl11 al. að stærð á lóð hans við Þinghltsstræti.

7. Magnúsi Stephensen frá Viðey leyft að breyta bakglugga á húsi hans við Grundarstíg í kvistglugga.

8. Helga Jósefssyni leyft að reisa geymsluhús á lóð hans nr. 24 B á Laugaveg 10x6 1/2 al. að stærð. Í öðru lagi kolaskúr 5xl 3/4 al. og inngönguskúr 2x2 og salerni 3 3/8xl 3/4 al. Beiðni sama manns um að breyta smíðahúsi á sömu ~~stærð~~ lóð í íbúðarhús var synjað að með því að suðurhlíð hússins, sem á að vera með gluggum er aðeins rúmar 3 álnir frá lóðarmörkum.

9. Jóni járnsmið Felixsyni leyft að gjöra íbúð í skúr norðan við nr. 19 við Frakkastíg og hlaða þar upp reykhálf.

10. Guðmundi Jakobssyni leyft að gjöra geymsluhús og hesthús á lóð hans nr. 39 við Laugaveg 16 1/2 x 6 áln. að stærð. Sami maður afsalar sér mælingu á geymsluhúsi og hesthúsi á lóð hans nr. 76 við Laugaveg sem honum var veitt á síðasta fundi nefndarinnar.

11. Ólafi Gunnlaugi Ólafssyni leyft að gjöra skúr 5x9 al. að stærð á lóð hans á Rauðarárstíg.

12. Ákvörðun þeirri er gjörð hefir verið um að setja tjaldbyrgi Rögnvaldar Ólafssonar og félaga hans 30 al. suður frá Thomsensbúð og 6-8 al. vestur frá brunninum á Lækjartorgi breytti nefndin þannig að setja skyldi byrgið sunnan og austan við Lækjargötu nokkru fyrir norðan stefnu í suðurhlið Íslandsbanka.

13. Fyrirspurn frá Bjarna Jónssyni Njálsgötu 37 um það hvort gjöra megi safngryfju og fjós 5 al. frá lóðarmörkum ef þessi mannvirki séu 10 al. frá íbúðarhúsinu, svaraði nefndin á þá leið, að eftir hennar álit ættu slíkar byggingar að vera að minnsta kosti 10 al. frá lóðarmörkum.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. K.Zimsen. Guðmundur Jakobsson.  
Kristján Þorgrímsson. Ásgeir Sigurðsson.

Ár 1907, hinn 15. júní átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Nicolai Bjarnason leyft að byggja opið vagnskýli að húsabaki á lóð hans nr. 5 við Suðurgötu.

2. Magnúsi Blöndal leyft að reisa íbúðarhús tvílyft á lóð hans nr. 6 við Lækjargötu 36  $1/8 \times 15 \frac{1}{4}$  að stærð með 3 skúrum vestan við húsið, 10  $5/8 \times 5$ , 10  $1/2 \times 4 \frac{1}{2}$ ,  $2 \times 2 \frac{1}{2}$  al. að stærð með þeim fyrirvara að beiðendunum veitist undanþága frá 14. gr. samþykktarinnar þannig að nægilegt sé að óbyggð lóð, sem húsinu fylgir verði eigi stærri en helmingur af flatarmáli íbúðarhússins og mælir nefndin með því að sú undanþága verði veitt. Útmæling frá 4. maí, tölulið 6, fellur burtu. - Eldri hús á lóðinni rifin niður.

3. Sigurjón Sigurðsson sækir um meðmæli nefndarinnar til þess að fá undanþágu frá ákvæði í 20. gr. samþykktarinnar um skipting á húseignum; hefir hann skipt húseign sinni nr. 12 B við Lækjargötu í tvær wignir og selt tveimur mönnum án þess að skiptingin fullnægi nefndu samþykktarákvæði með því að eigi eru meira en  $8 \frac{1}{2}$  al. á milli hinna skiptu eigna. Nefndin sér sér ekki fært að veita hin umbeðnu meðmæli en verður að krefjast þess að ákvæði samþykktarinnar sé fullnægt, að því er eignir þessar snertir, þannig að hlaðinn sé eldvarnargafli austan við vestara húsið og eldvarnargafli settur gegn um geymsluhús á baklóðinni, þar sem það skiptist á milli eignanna.

4. Eiríkur Briem prestaskólakennari fer fram á að mega byggja tvílyft steinhús í erfðafestulandi sínu Útnorðurvelli í króknum milli Lækjargötu og Bókhöðustígs og getur þess jafnframt að hann muni sækja til bæjarstjórnarinnar um að mega breyta nefndu erfðafestulandi í byggingarlóð. Um málefni þetta urðu skiptar skoðanir í nefndinni og voru 3 nefndarmenn á móti því að veita hið umbeðna byggingarleyfi og að samþykkja að landi þessu yrði breytt í byggingarlóð en 3 nefndarmenn voru með því að veita byggingarleyfið og breyta í byggingarlóð hæfilegu svæði úr landinu í því skyni.

5. Pétri Ingimundarsyni trésmið leyfð sú breyting á útmælingu 6. apríl þ.á. að settir verði tvö framskot á framhlið hússins.

6. Oddur Gíslason yfirréttarmálaflutningsmaður hefir byrjað að reisa girðingu að austanverðu og norðanverðu með lóð sinni við Laufásveg en formaður nefnd-

arinnar hefir lagt fyrir hann að káta hætta við verk þetta, með því það komi í bága við 15. gr. samþykktarinnar 1. málsl. Út af því hefir Oddur ritað bæjarstjórninni og krafizt 3000 kr. ~~á~~/ endurgjalds minnst ef honum verði bannað að setja þessa girðingu. Hefir bæjarstjórnin vísað því máli til álits nefndarinnar. Nefndin er þeirrar skoðunar að ekki megi leyfa þessum lóðar eiganda að girða með götunni fram með þeim kafla lóðarinnar, sem hann er byrjaður að girða á, en rétt sé að taka lóðarnámi þá ræmu austan af kaflanum er gengur fram fyrir húsalínuna, en ekki geti verið neitt því til fyrirstöðu að hann reisi hina fyrirhuguðu hærri girðingu austan frá húsinu fyrir sunnan þessa ræmu.

7. Erindi frá Jónasi Þorsteinssyni og Ólafi Jónssyni út af vanmældri lóð við Kárastíg er bæjarstjórnin seldi Jónasi samkvæmt útmælingu nefndarinnar 15. des. f.á., en Jónas hefur síðan selt Ólafi, hefir bæjarstjórnin vísað til nefndarinnar til álits. Byggingarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að rétt sé að samþykkja samkomulagstilboð nefndra manna um að láta í staðinn fyrir hina seldu lóð aðra lóð þar í grendinni við Frakkastíg fyrir 1 kr. 25 aura hverja feralin þannig að beiðendur kaupí alla þá lóð, sem er ca. 806 ferálnir en borgi aðeins af verði lóðarinnar það sem fram yfir er . 768 kr. - og jafnframt séu hin eldri lóðarkaup ónýtt eða sömu mönnum gefinn kostur á að kaupa hana fyrir 1 kr. 80 aura hverja feralin.

8. Útaf erindi frá Eiríki Filippussyni athugast það að lóð sú, er Birni Bjarnasyni var mæld á fundi nefndarinnar 17. febrúar 1903 við Njálsgötu og Eiríkur á nú er aðeins 24 1/2 al. meðfram þeirri götu (ekki 25 al.) og lóð sú er Þorvaldi Eyjólfssyni var mæld á sama fundi við hliðina á fyrnefndri lóð er aðeins 22 3/4 al. með sömu götu (ekki 29 al.).

9. Guðna Þorlákssyni leyft að reisa hús/á lóð við Grettisgötu 17 1/2x28 al. að stærð er hann hefur keypt úr erfðafestulandi Guðm. Egilssonar og leyft er að breyta í byggingarlóð. Húsið er 12 1/2 x 12 1/2 al. að stærð með skúr 3x4 al. og salerni 2x1 1/2 al. að stærð.

10. Guðna Guðmundssyni leyft að reisa hús á jafn stórra lóð, sem hann hefur keypt af sama erfðafestulandi og verður húsið 12 1/2 x 12 1/2 al. að stærð með skúr 3x4 al. og salerni 3 1/2 x 1 1/2 al.

11. Ingvari Guðmundssyni leyft að gjöra inngöngu-skúr 3x4 al. að stærð við hús hans nr. 11. við Vitastíg.

12. Olafi Th. Guðmundssyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans nr. 34 við Laugaveg að sunnanverðu 10 1/4 x 14 al. að stærð og skúr 3 1/4 x 6 al.

13. Slátursfélagi Suðurlands leyft að reisa sláturshús með kjötbúð, pilsugjörðar og mörbræðsluhúsi, söltunarahúsi, reykjinghamúsi o.fl. á lóð er félagið hefur keypt úr erfðafestulandinu "Frostastaðablettur" og með stærð 8444 ferálnir og verður flatarmál allra þessara húsa 2989 ferálnir. Leyfið veitt með þeim fyrirvara að húsagjörð þessi fullnægi fyrir mælum heilbrigðis- samþykkingarinnar að dómi heilbrigðisnefndar. Hús þau, sem nú standa á lóð þessari verða rífin niður um leið og hin nýju hús verða reist.

Allir á fundi. Guðmundur Jakobsson fór af fundi eftir að 4 málinu var lokið.

Halldór Daníelsson. Kristján Þorgrímsson. Ásgeir Sigurðsson. Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen.

Ár 1907, hinn 6. júlí átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Samþykkt að selja Einari Einarssyni skipasmið Frammesvegi 3 lóð ca. 300 ferálnir að stærð á norðanverðum krikanum á milli Agisgötu og Nýlendugötu fyrir 2 kr. hverja feralin.

2. Formanni Hjálpræðishersins Pedersen synjað um leyfi til að setja dyr á vesturgafli skósmíðaskúrs á lóð hans nr. 2 við Kirkjustræti á horninu milli Suðurgötu og Túngötu en ákveðið að hornið skyldi sneitt og girt samskonar girðingu sem sett hefir verið nyrzt við Suðurgötu.

3. Guðríði Hjaltsted húsfreyju Suðurgötu 7 leyft að stækka skúrhús við suðurgafli á húsi hennar um 5 ferálnir.

4. Thor Jensen kaupmanni leyft að stækka íshús hans ~~meðan~~ við Tjörnina um 20 1/2 x 11 1/2 al. til suðurs með því skilyrði að lýsisbræðsla og hreinsun verði ekki framvegis höfð í húsinu. Beiðni hans um að gjöra skúr sunnan og vestan, frestað.

5. Sæmundi Þórðarsyni steinsmið leyft að reisa hús 11x10 1/4 al. að stærð með skúr 2x2 al. og anddyri 3 3/4x2 1/2 al. á lóð norðan við Njálsgötu 450 ferálnir að stærð er hann hefir keypt úr erfðafestulandi Guðna Egilssonar.

6. Jóni Magnússyni frá Elliðavatni kaupm. leyft að að reisa íbúðarhús 11x15 al. að stærð með skúr 4x5 al. á lóð 1350 ferálnir að stærð er hann hefir keypt úr erfðafestulandi Vilhjálms Bjarnasonar á Rauðará. Norðan við íbúðarhúsið var honum leyft að reisa heyllöðu 12x13 al. og fjós 8x13 al. og ennfremur að gjöra áburðargryfju við fjósið 4 1/2 x 3 1/2 al.

7. Slátursfélagi Suðurlands leyfð breyting á útmælingu 15. f.m. á sláturshúsi o.fl. á Frostastaðalóð samkvæmt framlagðri teikningu, þannig, að grunnflötur hússins verði aðeins 2083 9/16 ferálnir. Lóð félagsins, sem talin var 8444 ferálnir hefið það fengið stækkaða um 351 feralin svo að hún verður öll 8795 ferálnir. Af húsum þeim sem nú standa á lóðinni verður efsta húsið 19 1/4 x 12 1/4 al. að stærð látið standa áfram, en vestra húsið verður rífið niður.

8. Jóni Jónassyni kaupmanni leyft að setja dyr á vesturhlíð á húsi hans nr. 3 við Laugaveg.

9. Lagður fram uppdráttur af Útsuðurvelli til athugunar útaf beiðni dr. J. Jónasens um breytingu á nokkrum hluta vallarins í byggingarlóð, sem hann ætlar að selja Thor Jensen kaupm. og er sú lóð á uppdrættinum afmörkuð með rauðum strykum, 3156 ferálnir að stærð. Nefndin telur ekkert til fyrirstöðu að þessi breyting verði leyfð, þó með þeim fyrirvara, að ekki haggist við haggist við heimild bæjarstjórnarinnar til að taka endurgjaldslaust ræmu fyrir austan lóð Péturs Ingimundarsonar til breikkunar Laufásvegar, og að lóðin vestan við lóð Péturs, sem afmörkuð er með bláum strykum á uppdrættinum breyttist jafnframt öll í byggingarlóð með venjulegum skilmálum en þeirri lóð hefur áður verið breytt, 2310 ferálnir en óbreytt er ræman í kringum hana að austan, vestan og sunnan, 2158 ferálnir cirka.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson. Guðm. Jakobsson fór af fundi eftir að 4. málinu var lokið.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Ásgeir Sigurðsson. K. Zimsen.



Ár 1907, hinn 3. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Jón Guðmundsson snikkari á Melstað biður um húsmælingu á Melstaðalóð fyrir norðan íbúðarhúsið en mælingu þessa gat nefndin ekki veitt, með því að fyrirhugað er að byggja veg yfir lóðina þar sem húsið ætti að standa og er lóð dú ca. 2000 ferálmir að stærð, þeirrar lóðar vill nefndin afsala beiðendanum með jöfnum skiptum jafnstórri lóð skammt fyrir sunnan Birtingarholt, austan við fyrirhugaðan veg milli Kaplaskjólsvogar og Frammesvegur; hefir beiðandinn tjáð sig þessu samþykkan við nefndarmann Knúd Zimsen. Á síðarnefndri lóð var honum útvísað hússtæði 9x9 al. að stærð með skúr 3x3 al.

2. Thor Jensen kaupmanni leyfð sú breyting á fundargjörð síðasta fundar um breytingu á íshúsi hans vestan við Tjörnina að stækkunin verði 16x21 al. og húsið allt verði tvílyft svo og að hann megi reisa skúr 30x7 álmir að stærð. Hækkun á eldra húsinu húsinu er beiðandi skyldur að láta gjöra á komandi vetri. Skilyrði um að hætt sé lýsisbræðslu og hreinsun í húsinu er óbreytt.

3. Sami maður fer fram á að fá leyfi til að fylla upp vík í Tjörninni fram undan lóð sem hann hefir eignazt í Útsuðurbletti fyrir sunnan Fríkirkjuna og að hin uppfyllta lóð verði eign hans. Byggingarnefndin samþykkti að hann mætti fylla upp og eignazt þann hluta af áminnstu viki í Tjörninni, sem er innan við þegar ákveðna húsalínu, gegn því, að hann greiði 1 kr. fyrir hverja ferálmir af lóðaraukanum. Að svo stöddu vill nefndin ekki afsala frá bænum lengra út í Tjörnina fyrir framan nefnda lóð þó að þar verði ræma eftir milli húsalínunnar og framhalds Fríkirkjuvegur.

4. Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni leyft að reisa salerni 2 1/2x2 1/2 al. að stærð í norðausturhorni lóðar hans við Laufásveg.

5. Jóni Sigurðssyni járnsmið, sem er orðinn eigandi að húseigninni nr. 54 við Laugaveg með lóð 625 ferálmir, leyft að reisa smiðju í suðaustur horni lóðarinnar 9x12 al. að stærð með eldvarnarveggi á tvo vegu.

6. Jóhannesi Lárussyni leyft að flytja hús hans nr. 12 við Hverfisgötu suður í húsalínuna við þá götu og fast að austurmörkum lóðarinnar með eldvarnargafli.

7. Sama manni leyft að flytja hús hans nr. 49 við Laugaveg morðar á lóðina svo það verði 5 al. frá lóðamörkum þeim megin.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson og Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Þorgrímsson.  
Ásgeir Sigurðsson. K. Zimsen.

nr. 49  
5 al. f.  
mundur

Ár 1907, hinn 17. ágúst átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Runólfi Þórðarsyni Vesturgötu 50 leyft að gjöra skúr norðan við íbúðarhús hans 11x4 al. að stærð í staðinn fyrir gamlan skúr, sem þar er nú 7x4 al. og verður rifinn niður.

2. Rannveigu Torfadóttur ekkju á Bakka leyft að setja sitt þak brotið á húsum hennar, þar sem nú er undir tveimur risum.

3. Erlendi Magnússyni gullsmið leyft að stækka skúr við hús hans nr. 5 í Þingholtsstræti, sem er 3x3 1/2 al. þannig, að hann verði 4x4 al.

4. Sveini Sveinssyni trésmið leyft að gjöra úti- hús á vesturmörkum lóðar hans nr. 14 við Bankastræti ætla hann húsið til geymslu, trésmiðavinnustofu og þvotta og í öðrum endanum fjós og hesthús og áburðargryfja þeim megin. Húsið á að vera 10x18 al. að stærð og er ekkert athugavert við fyrirhuguð afnot þess annað en það, að nefndin getur ekki leyft að hafa fjós í húsinu eða áburðargryfju við það, með því að húsið er á lóðartakmörkum.

5. Ólafi Teodórssyni trésmið leyft að reisa í- búðarhús tvílyft 16x12 al. að stærð með skúr 8 1/2x6 1/2 al. á lóð hans við Laugaveg, sem er 15x27 al.

6. Daníel Ostlund leyfðar þær breytingar á sam- komuhúsi hans í Ingólfsstræti 1) að flytja 2 hurðir af suðurgaflinum á austurhliðina 2) að bæta við 1 glugga á suðurgaflinn.

7. Teiti Erlendssyni leyft að gjöra heyskúr 7x12 al. að stærð á lóð hans við Óðinsgötu (Reynistað). Skúrinn skal hann taka burt þegar byggingarnefndin krefst þess.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Þorgrímsson.  
Ásgeir Sigurðsson. Guðmundur Jakobsson.

Árið 1907, hinn 7. september átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Edilon Grímssyni leyft að hækka skúr við bakhlíð á húsi hans nr. 48 Vesturgötu.

2. Sigurði Sigurðssyni járnsmið leyft til bráðabirgða í vetur, að gjöra heyskúr áfastan við hús hans nr. 3 í Mýrargötu að sunnanverðu 3x8 al. að stærð, þó þannig, að skúrinn sé minnst 5 al. frá lóðarmörkum og minnst 10 al. frá næsta húsi.

3. I.P.T. Brydes-verzlun leyft að gjöra 2 geymsluskúra á lóð verzlunarinnar á horninu á milli Hafnarstrætis og Veltusunds 23x10 al. að stærð hvorn. Ennfremur á sömu lóð, á milli Austurstrætis og Aðalstrætis, að gjöra hesthús 19x6 al. að stærð. Hús að flatarmáli 146 ferálnir, verður jafnframt rífið niður.

4. Sigurjóni Sigurðssyni trésmið leuft að hafa hús það við Lækjargötu er honum var mælt 4. maí þ.á. 5 álnum lengra en þá var ákveðið að 22 1/4 al., breidd hússins 16 1/4 al. óbreytt. Þó er leyfi þetta bundið því skilyrði, að hann sendi uppdrætt af húsinu einsog það verður við stækkunina.

5. Thor Jensen kaupmanni leyft að reisa tvílyft íbúðarhús á lóð hans á Útsuðurvelli 27 1/2 x 19 1/2 al. að stærð með skúr við austurhlíð 6x6 al. og útbyggingu við suðurgafli 5x14 al. og með framskoti úr vesturhlíð 4x10 al.

6. Leyft að gjöra skúr á austurmörkum hins almenna menntaskóla til mógeymslu og steinolíu 8 2/3 x 6 1/2 al. að stærð.

7. Birni Guðmundssyni kaupmanni leyft að reisa sölubúð 8x13 al. að stærð við norðurendann á húsi hans nr. 1 við Skólastræti, þannig að nýbygging þessi sé við Bankastræti í sömu stefnu og hús Helga Magnússonar nr. 6 í Þeirri götu.

8. Guðmundi Eyjólfssyni Bergstaðastræti 11 leyft að stækka skúr við hús hans þar 4x7 al.

9. Samúel Jónssyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús einlyft á lóð hans vestan við Kárastíg 22x11 al. að stærð með tveimur inngönguskúrum 2 1/2x2 1/2 al. sinn skúrinn við hvorn hús-gafli og þriðja skúrinn við norðurhlíð 4x2 al.

10. Sláturfélagi Suðurlands leyft að setja loft í fjárbirgi félagsins á Frostastaðalóð þannig, að grind sé

sett með veggjunum inni í birginu, sem loftið hvíli á með því að veggirnir eru aðeins 9 þuml. þykkir.

11. Hlutafélaginu Völundi leyft að gjöra tvo skúra á lóð þess við Klapparstíg, annan sunnan við verksmiðjuhúsið 27x13 al að stærð og hinn austan við þurrkúsið 7x14 al.

12. Erindi frá Gísla Þorbjarnarsyni og Sigurði Guðmundssyni um að ákveðinir verði vegir yfir erfðafestulandið Norðurmýrarblett nr. 2. Svaramaði nefndin svo að hún sæi sér eigi fært að ákveða þá vegi að svo stöddu meðan uppdráttur yfir bæinn sé ótilbúinn.

13. Sú breyting gjörð á húsmælingu Ólafs Teódórs á síðasta fundi, eftir beiðni hans, að stærð hússins sé 15x12 al. og skúr við það 4 1/4 x 3 1/4 al.

14. Katli Þorsteinssyni leyft að reisa tvílyft í-búðarhús á lóð hans á Helgastöðum 16x14 al. að stærð.

15. Ekkjufrú Onna Breiðfjörð hefir látið gjöra stela tröppur við suðurgöfl á hinu nýja húsi hennar í Mjóstr. og ná tröppurnar hérumbil 3 al suður fyrir húnu þá, sem ráðgjört er að verði norðurbrún Bröttugötu. Með því að breikkun götunnar verður ekki komið í verk fyrir en húsið nr. 8 í Aðalstræti verður rífið niður og lóðin þar fyrir ofan keypt til hinnar fyrirhuguðu breikkunar götunnar ákvað nefndin að svo búið mætti standa að svo stöddu, gegn því, að frú Breiðfjörð gefi út skuldbindingu, er þinglesin verði sem kvöð á eigninni - að taka burtu tröppurnar þegar gatan verður breikkuð.

16. Bæjarstjórnin hefur vísað til bygginganefndar til álits erindi frá Vilhjálmi Bjarnasyni Rauðará um að breytt verði í byggingarlóð 800 ferálna bletti úr erfðafestulandi hans norðan við Laugaveg á móti Mjölnis lóðinni. Nefndin álitur að eigi sé neitt til fyrirstöðu þessari breytingu á landinu ef hús sem á því verður byggt verður sett að minnsta kosti 26 al. frá Mjölnis-húsunum svo að Laugavegur verði breikkaður norður á við ef á þarf að halda en þvervegur frá norðri til suðurs hyggur nefndin að eigi muni verða lagður yfir þessa lóð.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danélfsson. Kristján Þorgrímsson. Ásgeir Sigurðsson. Guðmundur Jakobsson. K. Zimsen.

Árið 1907, hinn 21. september átti byggingarnefndin fund með sér, og voru tekin fyrir þessi mál.

1. Steingrími Sveinssyni leyft að gjöra fiskskúr 5x7 al. að stærð á grandanum vestan við Sveinsstaði í Kaplaskjóli. Lóðin er bæjarins eign og verður að taka skúrinn burt þegar byggingarnefndin krefst þess.

2. Jóni Hannessyni Austurholti í Kaplaskjóli leyft að gjöra fiskgeymsluskúr þar á lóð hans 5x5 al. að stærð, neitað að setja skúrinn utan lóðar hans á lóð bæjarins.

3. Guðrúnu Árnadóttur ekkju í Brautarholti leyft að reisa íbúðarhús á lóð hennar þar, 10x9 1/2 al. að stærð með skúr 3x4 al.

4. Jóni Guðmundssyni á Melstað á Bráðræðisholti leyft að gjöra geymsluhús 12x6 1/4 al. á lóð hans þar.

5. Gunnari Þorbjarnarsyni leyft að gjöra skúr 3x3 1/2 al. að stærð yfir kjallarahúsi á lóð hans við hið nýja hús hans í Veltusundi.

6. Stjórnarráði Íslands leyft að gjöra vagnskúr til bráðabirgða norðan við geymsluhús stjórnarráðsins á Arnarhólslóð.

7. Steingrími Guðmundssyni trésmið leyft að gjöra geymsluskúr á lóð hans við Amtmannsstíg sunnan við geymsluhúsið 12x5 al. að stærð.

8. Alfred Philipsen fyrir hönd hins danska steinolíuhlutafélags leyft að reisa steinolíuáftöppunarhús á Miðvallarlóð 15 1/2 x 12 1/2 al. að stærð. Lóðina hefur steinolíufélagið keypt af C. Frederiksen bakara ásamt hesthúsi er á henni stendur 12x9 al. að stærð og er lóðin öll 1077 ferálnir.

9. Magnúsi Blöndal trésmiðameistara leyft að setja miðstöðvarhitun, í hið nýja hús hans við Lækjargötu nr. 6.

10. Þorsteini Gíslasyni ritstjóra leyft að gjöra útihús norðan við hús hans í Þingholtsstræti 17, 5x10 al. að stærð; og annað útihús austur af því 6x10 al. og enn fremur salerni 4x2 al.

Fundinum frestað til mánudags 23. þ.m.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen. Guðmundur Jakobsson.

Árið 1907, h. 23. sept. hélt byggingarnefndin fund og voru tekin fyrir þessi málefni, sem frestað var á síðasta fundi:

1. Páli Guðmundssyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans við Njálsgötu 12x11 al. að stærð með skúr 4x4 al. Lóðin er 20x22 al. að stærð ~~þess/skúr/4x4/4x4~~ og hefur beiðandi keypt hana úr erfðafestulandi Guðm. Egilssonar.

2. Þorsteinssyni slátrara leyft að gjöra geymsluhús 10x4 al. á stærð í norðausturhorni lóðar hans nr. 38 B við Laugaveg.

3. Sveinn Jónsson trésmiðameistari fer fram á í bréfi til bæjarstjórnarinnar 19.þ.m. að mega breyta í byggingarlóð austurhlutanum af erfðafestulandi hans. Elsumýrarbletti milli Laugavegs og Hverfisgötu alls 13000 ferálnir. Nefndin lítur svo á að vegir munu eigi verða lagðir yfir þetta svæði og sé því eigi af þeirri ástæðu neitt til fyrirstöðu að beiðnin verði samþykkt.

4. Bergsteini Magnússyni leyft að gjöra geymsluhús 7x9 al. að stærð nr. 34 við Hverfisgötu.

5. Beiðni frá Ásbirni Guðmundssyni um undanþágu frá 25. gr. byggingarsamþykktarinnar að því er snertir nýbyggt hús hans nr. 20 við Hverfisgötu gat nefndin ekki veitt meðmæli sín.

6. Sigurði Hjaltested bakara leyft að flytja geymsluhús á lóð hans við Klapparstíg austur á lóðina og gjöra skúr austan við það á lóðarmörkum 5x14 al. á st.

7. Ólafur Hjaltested kaupmaður, sem tjáist eiga kost á að kaupa hús Kristins Jónssonar nr. 11 við Klapparstíg sendir uppdrátt af húsinu með breytingu er hann óskar að byggingarnefndin samþykki. Með því að fyrirkomulag það á húsinu er hann fer fram á er í öllu verulegu hið sama er Kristni Jónssyni áður hefur verið synjað um, neitaði nefndin að samþykkja uppdráttinn, og skoraði á formanninn að sjá um að húsinu yrði þegar breytt þannig að það væri í samræmi við byggingarsamþykktina.

8. Þorsteini Egilssyni skipstjóra leyft að flytja hús hans nr. 44 (44) við Laugaveg, sem er í horninu milli þeirrar götu og Frakkastígs á suðurtakmörkum lóðar innar. Húsið verður óbreytt að öðru en því að framskot á því 2x1 3/4 al. að stærð, sem nú veit að Lauga-vegi verður tekið burt og skúr sem nú er vestan við húsið stækkaður um 3x3 1/2 al. Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson.  
Guðmundur Jakobsson.



Ár 1907, hinn 5. október hélt byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Pétri Jónssyni Húsakeri leyft að gjöra fiskgeymsluskúr 6x4 al. að stærð á lóð hans þar.

2. Hirti Jónssyni í Reynimel við Bræðraborgarstíg leyft að reisa íbúðarhús á lóð sinni þar 10x12 al. að stærð með skúr 3 1/2 x 3 al.

3. Jafetínu Jónasardóttur ekkju leyft að reisa íbúðarhús á lóð hennar við væntanlegt framhald Nýlendingötu (Mýri) 9x8 al. að stærð með geymsluskúr 5 1/2 x 3 al. Salerni á að vera í skúrnum.

4. Samþykkt að stækka kjallara undir stýrimanna-skólanum 6x11 al.

5. K.P.Duus-verzlun leyfð sú breyting á byggingarleyfi 1. júní þ.á. á geymsluhúsi austan af bryggjuhúsinu að húsið hækki um 3 al. og að settur verður turn á það í miðju.

6. Stjórnarráðinu leyft að stækka/<sup>loft-</sup>glugga á stöfnum stjórnarráðshússins tvo hvorum megin.

7. Kristni Jónssyni enn leyfð breyting á húsi hans nr. 11 við Klapparstíg samkvæmt framlögðum uppdrætti.

8. Tryggva Árnasyni trésmið leyft að reisa tvílyft íbúðarhús á lóð við Hverfisgötu 892 ferálnir að stærð er hann hefir keypt af Helga Helgasyni og Einari Sveinsyni trésmiðum. Stærð hússins á að vera 13x14 al., anddyri 4x5 al. og inngönguskúr 4x4 al. Ennfremur var honum leyft að reisa smíðahús á sömu lóð 7x10 al.

9. Magnúsi B. Jónssyni skósmið leyft að gjöra skúr 3 1/2 x 3 1/6 al. við húsið nr. 54 við Hverfisgötu.

10. Sveini Jóni Einarssyni steinsmið leyft að reisa tvílyft íbúðarhús á lóð hans sunnan við Grettisgötu vestan Vitastígs 10x16 al. að stærð með álmu suður úr vesturenda 9x5 al. Lóð með þessu húsi er 25x25 al. að stærð.

11. Jens Eyjólfssyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans við Grettisgötu (áður Páls Vídalíns) Húsið verður 15 5/6 x 6 5/6 með útbyggingu 9x9 1/3 al. anddyri 2 1/2 x 2 1/2 al. og skúr 2,5x2,5 al. Nefndin mælti með undanþágu frá 13. gr. samþykktarinnar að því er snertir rishalla á þaki hússins þannig, að mænir hússins verði 16 þuml. hærrí en ef húsið væri krossreist.

12. Bjarna Magnússyni frá Engey leyft að breyta smíðahúsi á lóð hans nr. 18 við Laugaveg í íbúðarhús og setja við það skúr 3,5x3,5 al.. Jafnframt tekur hann burt af lóðinni útihús 4x7 al. Beiðandi skal senda nefndinni fullkominn uppdrátt af fyrirkomulagi ~~lóðar~~ <sup>lóðar</sup> hússins áður en byrjað er á byggingunni (breytingunni).

13. Samþykkt að selja Karítas Jónsdóttur ekkju Lindargötu 21 byggingarlóð við Frakkastíg 550 al. að stærð fyrir kr. 1.50 hverja feralin.

14. Erindi frá Þorl. O. Jhonson og V. Bernhöft um breytingu á 1716 feralna bletti í Melahúsatúni í byggingarlóð hefir bæjarstjórnin vísað til byggingarnefndarinnar til álita. Nefndin álitur að eigi verði körf á lóð þessari til vegarstæðis og sé því frá nefndarinnar hálfu ekkert til fyrirstöðu að þessi breyting á lóðinni verði samþykkt.

15. Samþykkt að selja Sveini Gestssyni ræmu vestan við lóð hans við Vitastíg 5x25 al. að stærð á 50 au hverja feralin.

16. Nefndin leggur til að nýjar götur yfir Hlíðarhúsabletti jafnhliða Vesturgötu verði nefndar: Ránargata næst Vesturgötu, þá Bárugata og syðst Oldugata. Stígur milli Oldugötu og Holtsgötu Unnarstígur og annar stígur suður úr Ránargötu og í framhald Oldugötu Hrannarstígur. Gata frá Óðinsgötu vestur í Laufásveg, sem væntanlega verður haldið áfram vestur að Tjörn og austur á Skólavörðustíg leggur nefndin til að nefnd sé Baldursgata.

Fundi slitið. Allir á fundi.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson. Ásgeir Sigurðsson. Guðmundur Jakobsson. K. Zimsen. Tr. Gunnarsson.

Ár 1907, hinn 19. október hélt byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Beiðni frá Magnúsi Magnússyni skósmið um að fá keypta 10 - 1400 ferálna lóð á Melunum suður undir Grímstaðaholti til húsbyggingar synjaði nefndin, með því að enginn vegur er ráðgerður á því svæði.

2. Jóni Hannessyni Austurkoti leyft að reisa fiskgeymsluhús á lóð hans þar, 6 1/2 x 5 al. að stærð.

3. Jóhönnu Jónsdóttur leyft að setja timburstofu við bæ hennar Mýri við Nýlendugötu.

4. Guðjóni S. Jónssyni leyft að reisa tvílyft í-búðarhús á lóð hans nr. 3 við Norðurstíg 11x12 al. að stærð með skúr 4x5 al. - Eldri byggingar á lóðinni verða jafnframt rifnar niður.

5. Talsímafélaginu leyft að gjöra uppgang upp úr þakinu á pósthúsinu með stiga að tilfæringum talsímans, sem komið er fyrir á þakinu.

6. Vegagjörð landssjóðs og og ladsímastjórninni leyft að reisa áhaldahús vestan við Klapparstíg nyrzt. Húsið á að verða með tveimur álmum að norðanverðu með sjónum og að austanverðu með Klapparstíg. Norðurálman 14,5x10 áln. og suðurálman 25x14 áln. að norðanverðu á húsið að standa í sömu stefnu einsog verksmiðjuhús Völundar og að austanverðu eftir aðalstefnu húsanna við Klapparstíg sunnan Lindargötu.

7. Kristilegu Unglingafélagi leyft að gjöra skúr vestan við aðalbyggingu félagsins sunnan við Amtmannsstíg 10 1/2 x 2 álnir.

8. Böðvari Jónssyni pípu-gjörðarmanni leyft að lengja vinnuskúr á lóð hans við Rauðarárstíg um 8 al. Breiddin er 14 al. Útaf ummælum beiðanda í bréfi hans dags. 11.7.m. um að hann sé nú orðinn eigandi að myllulóðinni austan við lóð hans lætur nefndin þess getið að sú lóð er nú aftur orðin eign bæjarins með því hún var útvísuð í upphafi 1. ág. 1903 með þvíbeinu skilyrði að hún félli aftur til bæjarins þegar hætt verður að nota hana sem myllulóð ~~því~~ til slíkra nota hefur hún ekki verið höfð síðustu misserin. Að svo vöxnu máli vill nefndin ekki útvísa beiðandanum lóðarræmu 5x45 al. milli lóðar hans og myllulóðarinnar, sem hann fer fram á í sama bréfi.

9. Guðmundi Magnússyni eiganda lóðarinnar 58 B við Grettisgötu leyft að gjöra nýtt bak með risi á smíðahúsi er ákveðið var á lóðinni 5. nóv. 1904 en synjað um að breyta husinu í íbúðarhús með því það fullnægir eigi kröfum byggingarsamþykktarinnar að styrkleika viðanna og öðrum frágangi.

10. Sveini Þórðarsyni leyft að reisa hús á lóð við Óðinsgötu er hann hefir keypt úr Efra-Holtabletti 440 ferálnir að stærð. Húsið á að vera 10x10 al. að stærð með skúr 2 1/2 x 3 1/2 al.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson og Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson.  
K. Zimsen. Ásgeir Sigurðsson.

Ár 1907, hinn 2. nóv. hélt byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Hjálpræðishernum leyft að gjöra dyr á hús hans við Kirkjustræti meim megin sem snýr að Tjarnargötu með einum tröppusteini fyrir framan, og stækka glugga á sömu hlið hússins.

2. De+ Danske Petroleums Aktieselskab leyfð sú breyting á mælingu 21. sept. næstl. á húsi á lóð þess við Amtmannsstíg (Miðvallarlóð), að stofuhæðin falli burtu, þannig að þakið verði sett ofan á kjallarann, þó stendur þetta leyfi ekki lengur en þangað til vegur sá, sem liggur að húsinu frá Amtmannsstíg verður gjörður að almenningsvegi.

3. Sveini Jónssyni trésmið leyft að reisa hús á lóð hans austan við Miðstræti (áður lóð Guðrúnar Jónsson) 16,5x13 al. að stærð með útskoti vesturúr 8x1 al. og öðru útskoti suðurúr 7 1/4 x 2 3/4 al. Húsið má setja ca. 8 al. fyrir innan götulínu. Lóðin er 25x35 al.

4. Sigurði Jónssyni steinsmið leyft að gjöra úti-hús á lóð hans nr. 34 við Grettisgötu 10x8 al. að stærð.

5. Andrési Þorleifssyni leyft að gjöra skúr 7x4 al. að stærð á lóð hans við Bjargarstíg (Syðstuborg)

6. Helga Guðmundssyni málara leyft að reisa íbúðarhús einlyft á lóð, 22x30 al. að stærð, er hann hefir keypt af Sveini Jónssyni trésmið úr Holtastadalóð við væntanlegt framhald Bergstaðastrætis. Húsið á að vera 10x12 al. að stærð með fordyraskúr 3,25x5,5 al. Mælingin er bundin því skilyrði að beiðandi gjöri veg, greiðfæran slökkvitólunum frá Laufásvegi upp að húsinu til afnota þangaðtil Bergstaðastræti verður lengt.

7. Byggingarfulltrúðinn lagði fram uppdrátt yfir vegalagningu yfir Elsumýrarblett frá norðri til suðurs, breikkun Barónsstígs, stefnu Laugavegar frá Barónsstíg og austur að Mjölni, svo og framhald Njálsgötu og Grettisgötu austur á Rauðarárstíg. Byggingarnefndin samþykkti uppdráttinn að því er þessar vegastefnur snertir. Ennfremur samþykkti nefndin að eigandi Elsumýrarblettis, Sveinn Jónsson, fái að jöfnum skiptum fyrir vegastæði lóðarrenninga austan og vestan Elsumýrarblettis sem merktir eru með rauðum lit á uppdrættinum.

8. Samþykkt að leyfa Thor Jensen að fylla upp vík í Tjörninni fyrir framan lóð hans á Útnorðurvelli fram að götunni og að hann eignist hina uppfylltu lóð. Þar á móti komi af hans hálfu að hann fylli upp vegarstæðið, 10 álna breitt, framan við lóðarkafnann og gjöri að honum vegarbrún úr grjóti sem veganefnd tekur gildan, bænum að kostnaðarlausu. Eigi má byggja á hinni uppfylltu lóð. Lóðin er 1710 ferálnir að stærð.

9. Leyfð sú breyting á húsmælingu (19 B) Sveinbjarnar Kristjánssonar 18. maí þ.á. að tveir skúrar komi í staðinn fyrir einn og séu þeir  $2\frac{1}{2} \times 2\frac{1}{2}$  al. og  $2 \times 3\frac{1}{2}$  al. svo var honum og leyft að reisa salerni við húsið  $1,5 \times 1,5$  al.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson.  
Guðmundur Jakobsson. K.Zimsen. Ásgeir Sigurðsson.

Ár 1907, hinn 16. nóvember hélt byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir:

1. Hans Hermannssyni pósti leyft að gjöra heyhús á lóð hans í Skólavörðuholti, 7x5 al. að stærð.

2. Helga Henrikssyni leyft að setja upp bráðabirgðaskúr á lóðinni 56 við Hverfisgötu, kræktan við geymsluhús á lóðinni en undirstöðulausan. Skúrin á að vera 4x2 1/2 al. að stærð og skal tekinn burtu að vori.

3. Árni Nikulásson rakari fer fram á að sér verði leyft að reisa íbúðarhús á lóð sinni við Kirkjutorg, með 17 al. vegg hæð, sem framhald og viðbót við hús hans sem þar er nú og er með greindri vegg hæð. Gamla húsið er 10x14 al. að stærð en nýja húsið 20x15 al., beiðist hann meðmæla nefndarinnar til að fá slíka undanþágu frá 13. gr. byggingarsamþykktarinnar. Nefndin sér sér ekki fært að veita þessi meðmæli.

4. Jóni Brynjólfssyni kaupmanni leyft að gjöra skúr norðan við hús hans nr. 3 við Austurstræti 3x9 al. að stærð.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson og Guðmundur Jakobsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Þorgrímsson. Ásgeir Sigurðsson. K. Zimsen.

Ár 1907, hinn 7. desember átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir.

1. Finnboga Finnbogasyni skipstjóra leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans við Ránargötu 11.5x11 al. að stærð, með tveimur skúrum 4x3 og 3,5x3 al. og salerni 7x2 al. (2 3/4x1 1/2) al. Lóðin er 435 ferálnir að stærð.

2. D. Thomsen konsúl (H.Th.A.Thomsen) leyft að gjöra reykháf á geymsluhús hans austan við sláturshúsið norðan Hafnarstrætis og setja tvo glugga á austurgafli hússins.

3. Jens Lange málara leyft að stækka glugga fram að götunni á húsi hans nr. 10 við Laugaveg.

4. Páli Magnússyni járnsmið leyft að gjöra salerni 2 2/3 x 1 1/2 al. að stærð á lóð hans nr. 5 við Skólavörðustíg, í stað salernis, sem þar er nú 1 al. 14" x 1 al. 14".

5. Ara Aronssyni leyft að gjöra geymsluhús á lóð hans nr. 9 við Lindargötu 8x10 al. að stærð og salerni 4x2 al.

6. Gísli Björnssyni verzlunarmanni leyft að reisa skúr á lóð bæjarins norðan við Grettisgötu 2x3 1/2 al. að stærð og skal hann taka skúrinn burtu fyrir 31. maí 1908.

7. Samúel Jónssyni trésmið leyft að reisa íbúðarhús tvílyft, á lóð hans í horninu milli Skólavörðustígs og Kárastígs, 12 1/2x12 al. að stærð með Skólavörðustíg og álma norður úr 12x11 al. með Kárastíg og skúr vestur úr 5x4 al. að stærð.

8. Runólfi Stefánssyni skipstjóra leyft að reisa íbúðarhús, einlyft, á lóð hans nr. 7 við Skólavörðustíg, 12 1/2 x 13 al. að stærð, með skúr 3 1/2 x 4 3/4 al. og salerni 2x4 al.

9. Þorsteini Egilssyni kaupmanni leyft að reisa tvílyft hús, til sölubúðar niðri og íbúðar uppi, á lóð hans nr. 44 við Laugaveg, 13 1/2 x 15 al. að stærð með skúr 4x4 3/4 al. og salerni 2 3/4 x 1 1/2 al. Leyft var að hafa miðstöðvarhitun í húsinu.

10. Markúsi Þorsteinssyni söðlasmið leyft að gjöra skúr 4x4 al. að stærð á lóð hans nr. 9 við Frakkastíg.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Kristján Þorgrímsson. Tryggvi Gunnarsson. Guðmundur Jakobsson. Ásgeir Sigurðsson. K.Zims.



Ár 1907, hinn 21. desember átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir.

1. Jóni Sveinssyni snikkara leyft að reisa tvö hús áföst með eldvarnargafl á milli, hvort um sig að stærð 10x12 al. á lóð hans nr. 61 við Laugaveg. Lóðin er 28 al á breidd og á að verða eldvarnargafl við báða enda hússins og skulu húsin sett svo að 3ja álana gangur, að minnsta kosti, verði öðru megin frá húsinu að lóðarmörkum. Öll útihús á lóð þessari hafa verið rifin niður.

2. Gísli Eyjólfssyni járnsmið leyft að gjöra skúr á lóð hans nr. 15 við Vitastíg, 4x5 al. að stærð.

3. Sigurði Jónssyni steinsmið Grettisgötu 54 leyft að gjöra íbúðarherbergi í austurenda húss hans, þar sem áður hefir verið heyhús og setja múrreykhaf í þann enda.

4. H.Th.A.Thomsen-verzlun leyft að gjöra skúr 16x5 að stærð á vesturtakmörkum lóðar hans við Hafnarstræti 17 og var það gjört að skilyrði að verzlunin láti jafnframt hlaða eldvarnargafl á lóðarmörkum við vörupall bæjarins hjá hafnarbryggjunni.

5. Gísli Finnssyni járnsmið leyft að lengja austurálmú húss hans við Norðurstíg suðurávið um 5 1/2 al. en breidd hússins er 13 al. Skúr við suðurenda álmunnar 5x4 1/2 al. að stærð verður um leið rifin niður.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson.  
Ásgeir Sigurðsson. K.Zimsen.

Ár 1908, hinn 4. janúar átti byggingarnefndin fund með sér og voru þeswi mál tekin fyrir.

1. Sigurði Símonarsyni húsmanni Barónsstíg 28 leyft að gjöra skúr við suðurgaflinn á húsi hans 9x5 al. að stærð. Stendur skúrinn á lóðarmörkum og er áskilið að þar komi eldvarnargafl.

2. J.P.T.Brydes-verzlun leyft að hlaða reykháf í húsið nr. 2 Hafnarstræti.

Allir á fundi nema Tr. Gunnarsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. K.Zimsen. Ásgeir Sigurðsson.  
Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson.  
Sig.Thoroddsen.

Ár 1908, hinn 15. janúar átti byggingarnefndin fund með sér og var þá tekið fyrir erindi frá stjórnarráðinu um lóðarútvísun undir kennaraskóla, sem ráðgert er að byggja fyrir landssjóð og bæjarstjórnin hefur lofað að leggja til lóð undir allt að 600 ferföðmum.

Farið er fram á að lóðin verði ákveðin austan við Laufásveg, milli hans og Bergstaðastrætis og að lóðin liggi að þvergötu milli þessara vega. Byggingarfulltrúinn lagði fram teikningu (ágeneralstabskort) yfir götur í Skólavörðuholti, samsíða Bergstaðastrætis á svæðinu frá Holtastaðalóð suður að Grænuborg sé álnir og að þvervegir austur frá Laufásvegi verði lagðir tveir á þessu svæði, annan norðan við Grænuborgartún og annan hérumbil 115 álnir fyrir austan Holtastaðalóð.

Byggingarnefndin telur rétt að útvísa skólalóðina norðanvið aðrahvora þessara þvergatna.

Allir á fundi nema Ásgeir Sigurðsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Kristján Þorgrímsson.  
K.Zimsen. Tryggvi Gunnarsson. Guðmundur Jakobsson.  
Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, 18. janúar átti byggingarnefndin fund með sér og voru tekin fyrir þessi mál.

1. Einarí Ámundasyni kaupmanni leyft að gjöra kvist á hús hans nr. 45 við Vesturgötu.

2. Jóni Eyjólfssyni kaupmanni leyft að gjöra geymsluskúr á lóð hans 19 Laugaveg 5 álnir frá austurmörkum, 5x6 álnir að stærð, í staðinn fyrir skúr, er áður stóð á vesturmörkum lóðarinnar 4x5 álnir að stærð.

3. Jóni Eyjólfssyni steinsmið leyft að stækka bakdyraskúr við hús hans nr. 46 við Bergstaðastræti um 4 ferálnir.

4. Sæmundi Þórðarsyni steinsmið leyft að gjöra skúr 5x10 álnir að stærð í norðvesturhorni á lóð hans nr. 17 við Njálsgötu.

5. St. Jósefssystrum leyft að gjöra bráðabirgðaskýli fyrir sjúkravagn.

6. H.Th.A.Thomsen verzlun leyft til bráðabirgða til vara skýli það, sem ræðir um á fundi nefndarinnar 21. des. 1907, án eldvarnargafls við vörupall bæjarins.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Ásgeir Sigurðsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Tryggvi Gunnarsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson. Guðmundur Jakobsson. Sig Thoroddsen.

Ár 1908, 8. febrúarátti byggingarnefndin fund með sér,

1. Var Hirti Jónssyni leyft að byggja skúr, 2x2 1/2 alin við norðurgöfl húss hans við Bræðraborgarstíg og salerni 1 3/4 x 1 3/4 al. bak við húsið.

2. Sveini Sveinssyni (Bergstaðastræti nr. 14) sendir skriflegt leyfi næsta lóðareiganda (nr. 3 í Ingólfsstræti) um að Sveinn hafi fjós í útihúsi því er hann byggði í sumar á lóð sinni. Byggingarnefndin getur þó ekki enn leyft að hafa fjós í útihúsinu, með því að það stendur til þess og nærrí lóðinni nr. 5 í Ingólfsstræti, en eigandi húss þess hefur ekki enn gefið leyfið fyrir sitt leyfi.

3. Guðmundi Ámundasyni Laugaveg 70 leyft að lengja til suðurs útihús á greindri lóð hans og er viðbótin 8x9 al. að stærð, og á mörkum í suðausturhorni lóðarinnar og skal gjöra eldvarnargöfl á tvo vegu.

4. Lárusi Lúðvíkssyni skósmið leyft að byggja tvílyft hús á lóð hans á horninu á Þinghóltsstræti og Bankastræti 170 1/2 feralin að flatarmáli, til verzlunar á neðra gólfi, en til skósmiðavinnustofu á efra gólfi. Við framlagða teikningu athugast að tröppur mega ekki ná lengra en 18" út á götuna.

5. Katli Þorsteinssyni leyft að gjöra salerni 2x2 1/2 al. við vesturgöfl á húsi hans við Vitatorg.

6. Thor Jensen kaupmanni leyft að reisa útihús 25 1/2 x 8 áln. að stærð í landnorðurhorni lóðar hans á Útsuðurbletti.

7. Steingrími Guðmundssyhi snikkara leyft að byggja smíðahús 14x7 1/2 al. á lóð hans sunnan við Amtmannsstíg.

8. Lúðvík Hafliðasyni verzlunarmsnri leyfðar þær breytingar á húseign hans í Vesturgötu 11, að stækka 2 glugga á framhlið hússins á vestanvert húsið, og að flytja dyr á framhlið um 1-2 álnir til vesturs.

Fleira var ekki fyrir tekið. Allir á fundi.

Fundi slirið.

Halldór Daníelsson. Sveinn Jónsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson. Sig. Thoroddsen. Jón Jensson.

Ár 1908. 15. febrúarmánaðar hélt byggingarnefndin fund með sér og fór þá þannig fram:

1. Landsstjórninni leyft að gera smiðjuhús  $6\frac{1}{2}$  x  $6\frac{1}{2}$  al. og salerni  $1\frac{1}{4}$  al. á hvern veg, á lóð landsjóðs nyrzt við Klapparstíg að vestanverðu.

2. Sigríði Sigurðardóttur veitingakonu veitt leyfi til að setja tvo kvistglugga á þakið yfir framhlið á á húsi hennar Kirkjustræti 8, sinn hvoru megin kvistsins og hvor um sig allt að 2 álnir á breidd utanmáls.

3. Lagður var fram uppdráttur af bænum (Generalstabskört), er á voru markaðar fyrirhugaðar götur um vesturtún bæjarins frá Garðastræti að Bræðraborgarstíg og frá Túngötu að fyrirhuguðu hringstræti, þar sem það gengur yfir Melana. Byggingarnefndin samþykkti hin áætluðu vegar/~~stígar~~gerðir á þessu svæði og var gerð áritun á uppdráttinn um það.

Eleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Jón Jensson. Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Sveinn Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Sig Thoroddsen. K.Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1908, Þriðjudaginn hinn 10. marz átti byggingar-  
nefndin með sér aukafund.

1. Kolbeini Þorsteinssyni trésmið leyft að gjöra  
viðbót vestanvið geymsluhús hans við Vonarstræti, að  
austanverðu, 8x5 al. á stærð og búa út íbúð í geymslu-  
húsinu, en eldvarnargafl skal hann gjöra norðanmeð  
húsum þessum.

2. Jóhannesi Lárússyni leyft að gjöra geymsluskúr  
6x9 álnir að stærð í suðausturhorni lóðar hans Hverf-  
isgötu 18 á lóðarmörkum.

3. Frú Margrét Árnason (kona Ólafs Árnasonar kaup-  
mann), sem er orðin eigandi að eigninni nr. 14 við Suð-  
urgötu, leyft að gjöra viðbyggingu vestur úr húsinu  
5x14 al á stærð og salerni 2 1/2 x 2 álnir.

4. Bjarna Jónssyni trésmið leyft (Njálsgötu 37)  
leyft að reisa íbúðarhús tvílyft, 10x11 álnir að stærð  
með skúr 3 1/2 x 4 áln. á lóð, sem hann hefir keypt af  
Guðna Egilssyni við Njálsgötu milli Klapparstígs og  
Frakkastígs 17x30 álnir að stærð.

5. Th. Krabbe verkfræðing leyft að reisa tvílyft  
íbúðarhús á lóð hans á Melkotstúni vestan við Tjarnar-  
götu, sem er c. 730 ferálnir á stærð. Húsið á að vera  
16 1/2 x 14 1/2 al. á stærð, með salerni 2x2 1/2 al.

6. Jóni Sveinssyni trésmið leyft að reisa bökunar-  
hús á austanverðri lóð hans nr. 61 við Laugaveg, 20x12  
álnir á stærð með skúr eða gangi milli þess húss og  
eldra hússins 5 1/2 x 8 álnir á stærð. Ennfremur er  
honum leyft að setja dyr á framhlið hússins austanverða  
og gjöra búðarglugga sinn hvoru megin við þær. Húsmæl-  
ingar þær er sami maður fékk 31. des. f.á. eru felldar  
úr gildi.

7. Ebenezer Helgasyni leyft að reisa hús á lóð  
hans nr. 2 við Lindargötu 10x10 álnir á stærð með skúr  
3x3 1/2 al.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. K. Zimsen. Jón Jensson. Krist-  
ján Þorgrímsson. Sveinn Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson.  
Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, Þriðjudaginn hinn 17. marzmánaðar átti byggingarnefndin með sér aukafund.

Lögð var fram teikning af húsi, sem Jónas Eyfjörð trésmiður vill byggja á lóð sinni á horninu milli Frakkastígs og Kárastígs, andspænis Njálsgötu, Nefndin gat ekki samþykkt húsbyggingu þessa eins og hún er sýnd á teikningunni, en fól byggingarfulltrúanum að gefa beiðanda bendingar um hvernig hún álitir rétt að koma fyrir húsi á lóðinni, svo best færi á.

Allir á fundi fundi slitið.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Rögnvaldur Ólafsson. Jón Jenson. Sveinn Jónsson. K.Zimsen.. Sig.Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson.



Ár 1908, laugardaginn hinn 21. marzmán. kom bygg-  
ingarnefndin saman á fund.

Kx

1. H.Th.A.Thomsens-verzlun leyft að stækka 3 glugga  
á geymsluhúsi hans nr. 21 Hafnarstræti.

2. Hjálpræðishernum leyft að gera nokkrar nánar  
tilteknar breytingar á gluggaskipun á húsi hersins  
Kirkjustræti 2.

3. Sæmundi Þórðarsyni leyft að reisa íbúðarhús ein-  
lyft á lóð hans við Njálsgötu, sem hann hefir keypt af  
Bjarna Jónssyni, lóðin er 17x30 álnir að stærð, húsið  
á að vera 11x12 álnir með skúr 2x4 áln. að stærð. Á sömu  
lóð verður honum leyft að reisa skúr þann, er honum var  
útmældur á fundi 18. janúar í ár á lóðinni Njálsgötu  
17, sem nú er eigi lengur eign hans, og fellur sú útmæl-  
ing niður.

4. Tryggva Magnússyni trésmið leyft að reisa íbúð-  
arhús, einlyft, 10x10 áln. með skúr 3x2 áln. á lóð hans  
við Skólavörðustíg, sem er 20x30 álnir að stærð.

5. Jul. Schow steinhöggvar leyft að gera eina loft-  
hæð ofan á geymsluhúsi við suðurenda húss hans norðan  
Vesturgötu, og gera að íbúð bæði geymsluhúsið og yfirbygg-  
inguna.

6. Sama manni leyft að breyta í íbúð austurendanum  
á loftinu í geymsluhúsi hans vestantil á sömu lóð, enn-  
fremur að setja salerni 1 1/2 x 1 1/2 al. við húsið.

7. Jóni Halldórssyni & Co. leyft að gera íbúð á 2.  
gólfi í steinhúsi þeirra Skólavörðustíg 4 B.

8. Vilhjálmi Bjarnasyni bóndi á Rauðará leyft að  
reisa tvílyft íbúðarhús 15x16 álnir að stærð á sama stað  
og nú stendur íbúðarhúsið eldra og verðu rífið niður.

9. Guðmundi Guðmundssyni fyrrum fátækrafulltrúa  
leyft að gera útbyggða, tvílofta forstofu, 5x3 1/2 al.  
að stærð við hús hans nr. 2 við Grettisgötu.

10. Lárusi G. Lúðvíkssyni skósmið leyft að gera  
kjallara undir hús þau, er honum var leyft að reisa  
á cund nefndarinnar 28. f.m. á horninu Bankastr. - Þing-  
holtsstr., svo og að gera kjallaradyr út að Bankastr.  
og hleypa niður búðargluggum á sama stað.

11. Guðmundi Ingimundarsyni leyft að reisa einlofta  
portb. íbúðarhús á lóð hans við Bergstaðastræti, þar sem

nú standa gamlir skúrar, en verða rifnir niður; húsið á að vera 12 3/4 x 14 áln. að stærð með skúr 4 1/2 x 4 al. og forstofu við norðurgöfl 1 al. 15" x 5 al. 15". Enn fremur vestast á lóðinni, 5 álnir frá mörkum, að húsaheiti er honum leyft að reisa hesthús með hlöðu, alls 12x15 álnir að stærð. Á lóðinni standa áfram eldri hús: stærð bær 10x12 áln. með skúr 7x3 1/2 al. og fjós 9x24 álnir.

12. Skúla Thoroddsen ritstjóra leyft að reisa tvílofta íbúðarhús og prentsmiðju með miðstöðvarhitun á lóð hans við Vonarstræti, sem er 1240 ferálnir að stærð. Húsið verður 18 1/2 x 21 al. að stærð með útskoti 2x5 al. á framhlíð og álmur norður úr 10x11 1/2 al. að stærð.

13. Steindóri Ólafssyni trésmið leyft að reisa einlofta portbyggt íbúðarhús á lóð hans Grettisgötu 36. Stærð hússins 11x12 áln. með skúr 4x3 1/2 al..

14. Bjarna Mathiesen hringjara leyft að reisa hús tvílofta portb. 11x10 al. að stærð með forstofu 4x3 al. og skúr 4x4 áln. Húsið á að standa á lóð hans við Garðastræti. Leyfið er veitt með því skilyrði, að beiðandi geri veg færar slökkvitólum frá Suðurg. heim að húsinu.

15. Gísli Eyjólfssyni járnsmið leyft að gera útið á lóð hans nr. 15 við Vitastíg, 12x5 áln. að stærð. Skilmæling sama manni til handa á fundi 21. des. f.á. fellur burt.

16. Bæjarstjórnin hefir beðizt umsagnar byggingarnefndar um beiðni frá Berfi Einarssyni sútara, að hann fái keypta lóð ca. 1000 ferálnir kringum Móakótslínd í Skuggahverfinu. Byggingarnefndin leggur til að lóð þessi verði eigi seld, með því að hún telur eigi ráðlegt að bærinn fargi þeim lóðum, sem hann á enn með sjó fram á þessu sveði.

17. Beiðni frá Ólafi Bjarnasyni og Árna Árnasyni um húsmælingu sunnan til á lóð þeirra nr. 26 við Lindargötu gat byggingarnefndin ekki samþykkt, með því að ráðgert er að kafla úr Lindargötu verði lagður yfir þá lóð.

Allir á fundi nema Jón Jónsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Kritján Þorgrímsson. Rögnvaldur Ólafsson. Sigurður Thoroddsen.

Ár 1908, laugardaginn 4. apríl, átti byggingarnefndin fund með sér og fór bá þannig fram.

1. Sigurjóni Grímssyni leyft að byggja 2 álna port (bekk) ofan á hús sitt nr. 42 við Njálsgötu, sömul. að stækka skúr (forstofu) um  $3\frac{1}{4}$  ferálnir að grunnfleti.

2. Emil Schow bankastjóra leyft að taka niður bak-ið (ásamt súlum undir því) yfir altaninu á suðurhlíð húss hans.

3. Samúel Jónssyni trésmið leyft að gera kvist sunnan á húsi sínu, sem hann er að byggja við Skólavörðustíg.

4. Vilhjálmi Bjarnasyni á Rauðará leyfð miðstöðvarhitun í hinu fyrirhugaða húsi hans, er honum var leyft að reisa á Rauðará á síðasta fundi (nr.8).

5. Balvin Einarssyni aktígjasmíð, sem orðinn er eigandi að lóðinni nr. 43 við Laugaveg, leyft að reisa viðbót austan við húsið, sem þar stendur nú,  $6 \times 14$  áln. að stærð, einlofta, með skúr  $4 \times 6$  og salerni  $1\frac{1}{2} \times 3\frac{3}{4}$ .

6. Sigurði Símonarsyni leyft að hækka skúr sunnan við hús sitt Barónsstíg 28 og setja á hann dyr og glugga út að götu (sbr. byggingarleyfi 4. jan. 1908).

7. Jóhanni Hafliðasyni leyft að reisa hús á lóð sinni við Njálsgötu, þeirri er hann hefir keypt af Guðna Egilssyni og er 450 ferálnir að stærð. Húsið er  $10 \times 10$  al. að stærð, forstofuskúr  $4 \times 2$  og bakdyraskúr  $3 \times 3$  álm.

8. Byggingarfulltrúinn skýrði frá, að Bjarni Magnússon, eigandi lóðarinnar nr. 18 við Laugaveg, hefði breytt tvílyftu smíðahúsi á lóðinni í íbúðarhús. Á fundi nefndarinnar 5. október f.á. leyfði hún þessa breytingu með því skilyrði (þeim skilyrðum) að útihús á lóðinni  $4 \times 7$  al. væri tekið burt, og að nefndinni væri sendur fullkominn uppdráttur að fyrirkomulagi hússins, áður en byrjað væri á breytingunni. Hvorugu þessu skilyrði hefur Bjarni fullnægt, með því að útihúsið stendur enn og nefndin hefir ekki meðtekið neinn uppdrátt, en breytingin á húsinu gerð í bága við byggingarsamþykktina meðal annars að því, að framstiga vantar í húsið. Nefndin ályktaði að leggja fyrir Bjarna, að rífa niður húsið útihúsið, þegar í stað og senda henni löglegan uppdrátt, af íbúðarhúsinu fyrir næsta fund. Loks. telur nefndin sjálfsagt, að Bjarni Magnússon verði látinn seta sektum fyrir brot á byggingarsamþykktinni..

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi. Fundi slitið. Halldór Danielsson. Jón Jónsson. K. Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson. Sveinn Jónsson. Kristján Þorgrímsson. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sig Thoroddsen.

Ár 1908, miðvikudaginn 8. apríl, kom byggingarnefndin saman á aukafund.

Eftir beiðni eiganda hússins Aðalstræti nr. 8, Þorvarðar Þorvarðarsonar prentsmiðjustjóra, samþykkti nefndin, að gerðar veru nýjar dyr á suðurgafi efra hluta hússins út að Bröttugötu, 2-2 al. 6" á breidd, og nýjan stiga frá dyrunum, innannáls 2 al. breiðan að minnsta kosti, með uppstigi ekki yfir 7" og framstigi ekki undir 10". Bæði útihurðir og hurðir fyrir ofan stigann skulu falla út, og verður pallur fyrir ofan stiga að vera 1 1/2-2 al. frá skör að hurðum í allra minnsta lagi.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. K.Zimsen. Jón Jensson.  
Kristján Þorgrímsson. Sveinn Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson. Sig. Thoróðsen.

Árið 1908, laugardaginn 18. apríl, átti byggingarnefndin fund með sér og gerðist þar það, sem hér segir:

1. Þorvarði prentsmiðjustjóra Þorvarðarsyni leyft að lengja skúr um 2,5x5 áln.; skúrin er vestan við hús hans í Bröttugötu (Aðalstræti) 8). Einnig er honum leyft að færa til dyr á skúrnum og setja glugga á húsið.

2. Helga úrsmið Hannessyni leyft að sleppa niður glugga á vinnustofu hans í Bankastræti.

3. Stjórnarráði Íslands leyft að reisa hringmyndaða útbyggingu við suðurhlíð Alþingishússins miðja, 104 ferálnir að flatarmáli og tvílyft, ásamt skúr 3 1/2 x 4 álnir.

4. Sigurjóni trésmið Ólafssyni leyft að reisa tvílofta íbúðarhús 17 1/2 x 10 áln. með skúrnum samföstum. 2x3 al. 9" og 3 1/2 x 5 1/4 áln., á lóð hans við Hverfisgötu austan við lóð Dan. Danielssonar.

5. Bjarni Magnússon (frá Engey) tilkynnir, að hann hafi rífið niður útihús á lóðinni Laugavegi 18, samkvæmt fyrirmælum nefndarinnar frá 4. p.m. (tölul. 8), en jafnframt fer hann þess á leit, að mega nota til bygginga meira en 2/3 hluta lóðarinnar með tilliti til þess, að lóðin sé hornlóð. Nefndin gat ekki leyft honum það með því, að það kemur í bága við 14. gr. byggingarsamþykktarinnar og nefndin sér eigi ástæðu til að mæla með undanþágu frá henni. Í annan stað fer beiðandinn fram á, að vera undanþegin því að hafa 2 stiga í minna húsinu á lóðinni, þó að tvílofta sé, og samþykkti nefndin að mæla með slíkri undanþágu frá 25. gr. samb., með því að aðeins eru 3 herbergi á efra gólfinu og stærð hússins ekki nema 9x9 1/2 al. Jafnframt athugar nefndin að eigi megi nota til íbúðar eitt herbergi á neðra gólfi, með því að það fullnægir eigi ákvæðum samþykktarinnar að stærðinni til.

6. Byggingarfulltrúinn skýrði frá, að bakstigi í húsi Sveins Jónssonar trésmiðameistara Miðstræti (7!) sem nú er nýbyggt, fullnægi ekki 25. gr. byggingarsamþykktarinnar, með því að samanlögð 2 uppstig og 1 framstig væri 25 1/2" og þannig 1/2" meira en samb. leyfir. Sveinn Jónsson fór fram á, að honum væri veitt undanþága frá nefndri grein samþykktarinnar, að því er þessi afbrygðir snertir, og samþykkti nefndin að mæla með undanþágunni, sakir þess, að hún telur afbrygðin smávægileg, en hinsvegar mundi valda miklu raski á húsinu og fjáreyðsla að rífa niður stigann og það sem í kring um hann er, en að það eigi stæði í neinu samilegu hlutfalli við

það, sem ynnist við breytinguna. Þó vill nefndin binda þessi meðmæli sín því skilyrði, að beiðandi verði látinn sæta sekt fyrir brot á byggingarsamþykktinni.

7. Lóðarræma vestan af Landakotstúni, þar sem ákveðinn er Unnarstígur og undir hann, telur byggingarnefndin hæfilegt að meta 20 aura hverja feralin, með því að ræma þessi verður eigi talin byggingarlóð og lítt eða ekki ræktuð.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Jón Jensson. Rögnvaldur Ólafsson. K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Sig. Thoroddsen, ósamþykktur 6. lið, að því meðmæli með undanþágunni snertir.

Anno 1908, laugardaginn 3. maí, kom byggingarnefndin saman á fund og fór þá þannig fram.

1. Jóni Jakobssyni bókaferðir leyft að gera útskot við suðurgötu húss hans við Þingholtsstr., 5x3 1/2 al. að stærð, einlyfta.

2. Séra Jóni Helgasyni mentaskólakennara leyft að reisa einlofta portbyggt íbúðarhús á lóð hans við Tjarnargötu, húsið er 15 álnir á lengd og 17 álnir á breidd, með bakhlíðarskúr 3,5x3,25 álnir að stærð. Leyft að hafa miðstöðvarhitun í húsinu.

3. Sveini Jóni Einarssyni steinsmið veitt leyfi til að reisa útihús á lóð hans í horninu sunnan Grettisgötu og austan Vitastígs. Stærð útihússins er 13 1/2 x 4 1/2 al.

4. Þórði Gíslasyni leyft að gera 2x2,5 al. skúr við vesturgötu húss hans Njálsgötu 34.

5. Gísla Jónssyni og Katli Bjarnasyni leyft að reisa útihús 16 álna langt og 4,5 alin breitt á vesturmörkum lóðar þeirra vstan við Bergstaðastræti.

6. Stjórnarráðinu leyft að láta reisa kvennaskólahús á lóð, er bæjarstjórnin hefir látið af hendi til þeirra afnota, austan við Laufásveg andspænis Félagsgarði, 5-400 ferálnir að stærð. Húsið á að vera 31x 15,5 áln. að stærð með skúr 4,5x3,75 álnir. Því skilyrði er byggingarleyfi þetta þó bundið, að veggkerfi verði eigi meiri en 14 álnir frá stétt. Mælt með undanþágu frá 19. gr. byggingarsamþykktarinnar að því er snertir gluggabreidd á framhlíð.

7. Carli Fredérikssen bakara leyft að gera bráðabirgðaskýli (fyrir vagna) við húsið nr. 12 á Vesturgötu (Merkjasteini).

8. Synjað að samþykkja húsupprátt frá Jóhannesi Kr. Jóhannessyni trésmið, af þeim ástæðum, að upprátturinn er eigi samkvæmt byggingarsamþykktinni að því er snertir gluggabreidd á neðsta gólfi, veggkerfi, bakstiga o.fl..

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson. K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Sig.Thoroddsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1908, laugardaginn 16. maí, hélt byggingarnefndin fund með sér og voru afgreidd mál þau er hér greinir:

1. Jens Lange málarar leyft að stækka 2 glugga á húsi hans Þingholtsstræti 3 (á neðra gólfi í norður....)

2. Hirti Fjeldsted kaupmanni leyft að reisa tvílofta hús með sölubúð niðri og íbúð uppi, á lóðinni nr. 64 við Laugaveg, sem hann hefur keypt af Ingvari Guðmundssyni. Húsið er að stærð 13x14 álnir og skúr við bakhlíð þess 4x3,5 álnir.

3. Guðmundi Egilssyni trésmið leyft að flytja húsið nr. 42 við Laugaveg efst upp í lóðina kornnið við Frakkastíg og gera skúr við það 6x3,25 álnir, en rífa niður eldri skúr við húsið, sem er 1 3/4 x 1 1/2 al.

4. Sami Guðmundur Egilsson býðst til að láta af hendi lóð við Frakkastíg til breikkunar götunni, rúml. 400 ferálnir að stærð, gegn því að fá í skiptum húslóð sunnar við Frakkastíg. Nefndin samþykkti að hafa lóðaskipti við Guðmund, ef hann vildi borga 50 aura fyrir hverja feralin, sem lóð sú er stærri, er hann fær.

5. Stefáni Eiríkssyni myndskera leyft að gera ný steinrið (og stærri en trérið þau, sem eru) við aðal-  
dyr á húsi hans í Grjótagötu 4.

6. Eyjólfur Eiríkssyni fóðrara leyft að setja búðarglugga á forhlið og horndyr (austur) á hús hans nr. 16 í Hafnarstræti ("Hótel Alexandra"), ennfremur skúr 1 1/2 x 2 1/4 við vesturgafli hússins.

7. Gísli búfræning Þorbergssyni leyft að gera viðbót við hús sitt Bergstaðastræti 36, að stærð 11x12,5 al., einlofta, portlaust.

8. Guðmundi Guðmundssyni (steinsmið?), Vatnsstíg 11, leyft að reisa einlofta íbúðarhús 10x10 álnir og anddyri 4x3 álnir, norðan við Laugaveg, austan við Rauðará, á lóð 32x25 álnir, er hann hefir keypt af Vilhjálm Bjarnasyni á Rauðará.

9. Byggingarnefndin samþykkti að mæla lóð Árna Árnasonar, Bakkastíg, sem tekin verður til vegarstæðis undir framhald Mýrargötu, á 75 aura hverja feralin.

Kleira ekki fyrir tekið. Allir á Fundi nema Knud Zimsen og Sveinn Jónsson. Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen. Rögnvaldur Ólafsson.



Ár 1908, laugardaginn 6. júní kom byggingarnefndin saman á fund og fór þá þetta fram.

1. Jónatan söðlasmið Þorsteinssyni leyft að setja ristak í stað flatbaks á hús hans Laugaveg 31.

2. Berent Sveinssyni leyft að stækka skúr um 2x3 álnir við bæ hans á Steinum á Bráðræðisholti.

3. Þórði Guðmundssyni (frá Glasgow) leyft að gera íbúðarhús 10x10 áln. með skúr 3x5 al. austast á lóð hans við Klapparstíg, við væntanlega götu sunnan við Völundarlóðina.

4. Geir Zöega kaupmanni leyft að múra upp í grind á næsturhúsi og austurhlíð á húsi hans Vesturgötu 7 og klæða það utan að nýju.

5. Jóni trésmið Sveinssyni leyft að setja kvist á bökunarhús hans Laugaveg 61, en synjað um leyfi til að gera ný rið við íbúðarhúsið út að Laugavegi með sömu gerð og eldri riðin, með því að þau ná of langt út frá húshlíðinni.

6. Finnboga skipstjóra Finnbogasyni leyfð stækun á skúr, er honum var mældur 7. des. f.á. við hús hans í Ránargötu, þannig að skúrin verði 7x2 al.

7. Hirti Fjeldsted kaupmanni leyft með öllum atkvæðum gegn 2 að gera hornturn á fyrirhuguðu húsi hans Laugaveg 64 (sbr. 16.5.08, nr. 2) og með öllum atkvæðum að gera ristak á húsið í stað flatbaks.

8. Jóni Björnssyni, A. Claesen og Guðmundi Þórðarsyni verzlunarmönnum leyft að setja upp keglubraut upp frá Vonarstræti að norðanverðu, upp að lóð frú D. Friðriksson, 5 álnum fyrir vestan lóð Goodtemplara, að fengnu leyfi lóðareiganda.

9. Nefndin synjaði samþykkis síns til að taka burt forstofustiga úr íbúðarhúsi starfsmanna geðveikrahælisins á Kleppi, er læknir hælising, Þórður Sveinsson hafði farið fram á.

10. Samþykkt að selja Þórði Gíslasyni Njálsgötu 34, viðbót sunnan við lóð hans, ræmu 125 ferálnir á stærð á 40 aura feralin.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Halldór Danielsson. Jón Jensson. K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Rögnvaldur Ólafsson. Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, miðvikudaginn 24. júní, átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál fyrir tekin.

1. Jóhannesi Kr. Jóhannessyni trésmið leyft að reisa hús á Laugaveg 17 að stærð 22x14 1/2 al. með skúrum á bakvið 4x3,5 ± 2x1 1/8 al. með eldvarnargafli í báða enda, þó með heim skilyrðum 1) að bakhliðarskúr verði ekki hærrí en útveggur aðalhússins, og 2) að settir verði þakstólar undir sperrur og 3.) að kominn verði uppdráttur af lóðinni áður en byrjað er á byggingunni.

2. Lagður fram uppdráttur af norðurhluta Efraholtsblettis (erfðafestulands Mattíasar kaupmanns Mattíassonar) og eru þar sýndir tveir blettir, sem eigandi fer fram á að breytt verði í byggingarlóðir, annar við Skólavörðustíg og hinn við Óðinsgötu. Byggingarnefndin álitur að leyfa megi þessar breytingar, með þeirri lögum lóðanna, sem nefndin ákvað á fundinum.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi, Jón Jenson þó að eins framan af.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. K.Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson. Sveinn Jónsson. Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, laugardaginn 4. júlí átti byggingarnefndin fund með sér og voru þessi mál tekin fyrir.

1. Jóhannes Kr. Jóhannesson hafði sent uppdrátt af lóðinni nr. 17 við Laugaveg og þar með fullnægt 3. skilyrði fyrir byggingarleyfi því, er honum var veitt á síðasta fundi.

2. Kristni Jónssyni trésmið leyft að reisa einlofta íbúðarhús 11,5x11,5 al. með bakhlíðaskúr 4x3,25 al. á lóð hans nr. 18 við Hverfisgötu.

3. Ingvari Sveinssyni steinmið leyft að reisa einlofta íbúðarhús 10x11 álnir að stærð með skúr 4x3 áln. á lóð hans við Grettisgötu, er hann hefir keypt af Guðmundi Egilssyni.

4. Eyjólfur Eiríkssyni fóðrara leyft að gjöra nýjan skúr við suðurhlíð hússins nr. 16 við Hafnarstræti, í stað þess skúrs er þar er nú. Skúrinn er 4x4,5 al. að stærð.

5. Sigríði Sigurðardóttur leyft að stækka glugga á framhlíð hússins nr. 8 við Kirkjustræti.

6. Nicolai Bjarnason, kaupm. leyft að stækka opið vagnskýli á lóð hans nr. 5 við Suðurgötu.

7. Jóni Magnússyni kaupmanni leyft að gjöra skúr 5x7 álnir að stærð, við norðaustur hornið á íbúðarhúsi hans við Laugaveg.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson, Jón Jenson og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson. Sveinn Jónsson. K.Zimsen. Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, þriðjudaginn 21. júlí kom byggingarnefndin saman á fund með borgarstjóra og fór þá þannig fram.

1. Páli Lárussyni trésmið leyft að reisa einlofta íbúðarhús 9x9,5 al. að stærð með skúr 2x3,25 áln. suðvestanvið Skólavörðustíg á 450 ferálna lóð, er hann hefur keypt af Mattíasi Mattíassyni kaupm.

2. Halldór Briem kennari sækir um að mega tvílyfta forstofu 3 álna langa og 4 álna breiða við suðurenda húss hans Laufásveg 6 og að fá undanbágu frá að gera eldvarnargafli samkv. 20. gr. byggingarsamb. við suðurgafli forstofunnar, með því að frá honum verða eftir aðeins 2 áln. að næstu lóð (barnaskólalóðinni), en skuldbindur sig hinvegar til að gera eldvarnargafli ef byggt yrði nærri. Nefndin mælti fyrir sitt leyti með því, að honum verði veitt undanbága þessi, með því skilyrði, að hann sé skyldur til að gera eldvarnargafli hvenær, sem bærinn krefst, og skal skuldbinding þessi þinglesin sem kvöð á húseigninni. Þetta var samþykkt gegn öllum atkvæðum gegn einu (S.J.).

3. Sigurði Jónssyni (frá Fjöllum) leyfir byggingarnefndin fyrir sitt leyfti að byggja útihús fyrir hesta og hey, 12x9 1/2 áln. einlyft, á lóð hans Laugav. 77.

4. Jóhannesi Lárussyni trésmið leyft að byggja smíðaskúr á lóðinni Lindargötu 14; skúrin 8 áln. með fram götu og 14 áln. inn, upp að húsgafli þar og eldvarnarveggur á milli. Þetta leyfi byggingarnefndarinnar nær ekki til mótorsins, er umsækjandinn ætlar að setja upp í skúrin, með því að það mál heyrir undir brunamálanefndina.

5. Tekið til umsagnar erindi Guðmundar Helgasonar, þræp hon, þar sem hann sækir um leyfi til að fá breytt í byggingarlóð þríhyrnu af erfðafestulandi við Laufásveg, sem hann ætlar að kaupa af prófessor Ríkisbórhalli Bjarnasyni. Byggingarnefndin mælir því aðeins með þessu, að sendur verði uppdráttur af erfðafestulandi þessu, og að beiðni um það komi frá þeim, er selja ætla landið.

6. Lögð fram teikning af fyrirhuguðu húsi Guðm. Helgasonar þræp. hon. (sjá 5. lið) við Laufásveg. Nefndin gat ekki að þessu sinni samþykkt teikninguna, af því að ekki var fengið leyfi til að breyta nokkrum hluta lóðarinnar í byggingarlóð.

7. Kolbeini trésmið Þorleifssyni leyft að taka af glugga á vesturgafli húss hans Vonarstræti 2 og setja dyraumbúning með hurð (3al. 7" x 1 al. 6") í staðinn.

8. Byggingarnefnd sent til umsagnar erindi frá ekkjufrú Sophíu Thorsteinsson um sölu svokallaðs Norðurgarðs við Laufásveg til handa Jóni skólastjóra Þórarinssyni og breytingu í byggingarlóð. Byggingarnefnd telur fyrir sitt leyfi ekkert því til fyrirstöðu, að þeim hluta erfðafestulandsins, sem liggur vestan húsalínunnar yfir blettinn - samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti - verði breytt í byggingarlóð.

9. Byggingarnefndin leggur til að hús og lóð Ólafs Bjarnasonar og Árna Árnasonar við Lindargötu og Frakkastíg verði keypt, ef hvortveggja fæst fyrir senn svarar 2000 kr. Gangi eigendurnir ekki að þessu, var byggingarnefndin því mótfallin, að húsið verði byggt upp á lóðinni.

10. Útaf erindi Eiríks Bjarnasonar járnsmiðs um útmælingu vegarins fram með Tjörninni fyrir erfðafestulandi hans Skothússbletti var byggingarfulltrúa falið að athuga og koma fram með tillögur á næsta fundi um framhald vegarins (Tjarnargötu), og máli þessu frestað þangað til.

11. Byggingarnefndin álitur, að verð á lóð þeirri er Guðrún Ólafsdóttir Lindargötu 12, hefir falast eftir með bréfi, dags. 29. júní 1908, sé hæfilega sett á kr. 1.75 hver ferálin, þó að hún hafi ekki gengið að því.

12. Byggingarnefndin kærir Guðjón úrsmið Sigurðsson fyrir það, að hann hefir sett kjallaraglugga á hús sitt út að Hafnarstræti án þess að hafa fengið leyfi til þess hjá nefndinni.

13. Byggingarnefndin kærir Jóhannes Kr. Jóhannesson trésmið fyrir það, að hann hefir byggt húsið nr. 17 við Laugaveg, að því sem af því er komið, Öðruvísi en uppdrátturinn sýndi, er samþykktur var, og krefst nefndin þess, að verkið verði stöðvað þar til búlið er að lagfæra það, samkvæmt uppdrættinum.

Fundi slitið.

Páll Einarsson.  
Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson. Sveinn Jónsson.  
K. Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson. Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, 1. ág. komu saman hjá borgarstjóra Kristján Þorgrímsson, slökkviliðsstjóri og Rögnv. Ólafss. byggingameistari, ennfremur byggingarfulltrúinn Sig. Thoroddsen; aðrir mættu ekki af byggingarnefndinni og varð því ekki af fundi.

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Rögnvaldur Ólafsson. Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, 3. ágúst var haldinn fundur í byggingar-  
nefndinni í stað fundar þess er fórst fyri að halda l.p.m.

1. Prófessor Þórhallur Bjarnason sækir um að 210  
ferálnir af erfðafestulandi hans við Laufásveg, er hann  
ætlar að selja séra Guðmundi Helgasyni á 1 kr. al.  
verði breytt í byggingarlóð. Nefndin mælir með því  
að þetta verði gjört gegn venjulegu gjaldi (sjá fund  
21/7/'08, 5. lið)/

2. Præp. hon. Guðm. Helgasyni leyft að byggja í-  
búðarhús 15,25x13,25 álnir með útbygging 7,5x3 álnir  
og verönd á lóð við Laufásveg, er hann hefir keypt af  
lektor Þórh. Bjarnasyni, 1183,75 ferálnir að stærð  
(sbr. fund 21.7.'08, 6. lið).

3. Framlagður uppdráttur af íbúðarhúsi, er Jón  
Þórarinsson skólastjóri hefur í hyggju að byggja á lóð  
sinni við Laufásveg. Byggingarnefndin gat ekki sam-  
þykkt uppdráttinn að sinni vegna smágalla á honum, enda  
hefur bæjarstjórnin enn eigi samþykkt breytinguna á lóð-  
inni í byggingarlóð né heldur afsalað forkaupsrétti  
að henni.

4. Sigurjóni Ólafssyni snikkara leyft að byggja  
geymsluhús 7x3,75 áln. aftast á lóð hans við Hverfis-  
götu, vestan við lóð D. Danielssonar..

5. Jóhannesi Lárussyni/<sup>trésm.</sup> leyft að byggja viðbótar-  
skúr við smíðaskúrinn, sem samþykkt var á síðasta fundi  
(4. lið). Hinn nýi skúr verður að stærð 9x5 álnir.  
Leyfi til að hafa smíðju í skúrnum þarf brunamálanefnd  
að veita.

6. Lagður fram uppdráttur af húsi, er Steingrímur  
Guðmundsson ~~smíðkari~~ ætlar að byggja við Fríkirkjuveg  
á lóð upp frá hennu. Byggingarnefndin gat ekki veitt  
byggingarleyfið að þessu sinni af því að uppdrátt vant-  
aði af lóðinni og ennfremur athugaði nefndin, að vegg-  
hæð hússins væri of há, og bakstigi sést ekki á uppdræt-  
tinum.

7. Beiðni frá Ólafi Jónssyni Lindargötu 19 um leyfi  
til að byggja hesthús og heyhús á lóð sinni þar, ekki  
sinnt að sinni, af því að uppdrátturinn var ofullnægj-  
andi.

8. Ámunda Árnasyni kaupmanni, Klapparstíg 10 leyft  
að byggja geymsluhús á lóð sinni 8,5x8,5 áln., áfast  
við áður byggt pakkhús.

9. Jónasi Jónassyni Lögregluþjófi í Steinskoti leyft að setja nýjan gafl í hus sitt við Framnesstíg 19.

Allir á fundi nema Sveinn Jónsson og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson.  
K.Zimsen. Sig.Thoroddsen.



Ár 1908, laugardaginn 15. ágúst, kom byggingarnendin saman á fund.

1. Beiðni frá Steindóri Guðmundssyni, Vaktarabæ, um leyfi til að byggja íbúðarhús úr timbri 7x9 í skúr 4x6 álnir á lóð hans, svon. Oddsbæjarlóð, synjað vegna þess að veg vantaði að húsinu. Auk þess eitt herbergi niðri of lítið til íbúðar.

2. Ólafi Jónssyni, tómthúsm. Lindargötu 18, leyft að gera hesthús og heyhús 9x6 áln. á nefndri lóð hans, í suðvesturhorni hennar.

3. Steingrími Guðmundssyni trésmið leyft að reis a skólahús úr timbri upp af Fríkirkjuvegi, en norður af Thor Jensen, að stærð 3x17 áln. tvílofta og skúr 5,25 x4 áln. tvílofta. Leyfið bundið því skilyrði, að vegg-hæð fari ekki fram úr því, að vegg-hæð fari ekki fram úr því, sem lög ákveða (ca. 14 áln).

4. Jóni Þórarínssyni kenslumálastjóra leyft að reisa einlofta bortb. íbúðarhús úr timbri við Laufásveg, að stærð 14x16 áln. með skúr 4x12 áln. og verönd 4x6 áln. Leyfið þó bundið því skilyrði, að sérstakt leyfi verði fengið til að setja hús nýju hitunarfæri í húsið, en til þess leyfis þarf ~~sérstakt~~/~~uppdrátt~~ nánari uppdrátt en hér liggur fyrir.

5. Lárusi G. Lúðvíkssyni skósm. leyft að gera nokkrar breytingar á húsi hans Þingholtsstræti 4.

6. Sveini Sveinssyni trésmið leyft að stækka glugga og setja dyr á austurhluta kjallaranns undir húsi hans Bankastræti 14 - út að Bankastræti.

7. Byggingarfulltrúi lætur þess getið, að Bjarni Magnússon frá Engey, Laugaveg 18, hafi enn ekki lokið þeim breytingum á húsum sínum á nefndri lóð, er bæjarfógeti samkvæmt ályktunum byggingarnefndar og bæjarstjórnar hafði skipað honum að gera (sjá fundarg. 18. apríl þ.á.).

8. Byggingarfulltrúi lagði fram uppdrátt og skýrslu um lóð Árna Árnasonar og Ólafs Björnssonar að Lindargötu og Frakkastíg. Byggingarnefndin, nema Kristj. Þorgrímss., heldur fast við fyrri tillögu sína um þessa lóð (sbr. fund 21.7.'08, nr. 9).

9. Guðmundi Egilssyni trésmið leyft að gera 5x6 álnir skúr við hús hans við Frakkastíg, það er áður var á Laugavegi 42.

10. Formanni falið að auglýsa aðvörun til bæjarbúa um að taka ekki ný hús til notkunar fyrr en feng-

10. Formanni falið að auglýsa aðvörun til bæjarbúa um að taka ekki ný hús til notkunar fyrr en fengið er vottorð byggingarnefndar um húsin.

11. H.P.Duus-verzlun hefir/ekki/fullnægt/skilyrði/leyft að setja 4 smáglugga/kvisti (n; kvistglugga) á bryggjuhús verzlunarinnar.

12. Formanni falið að vekja athygli bæjarbúa á því að H.Th.A.Thomsens-verzlun hafi ekki fullnægt skilyrði því um byggingu eldvarnargafls við skýli í Hafnarstræti er honum var sett á fundi byggingarnefndar 21. des. f.á. nr. 4, samb. 18. jan. '08, nr. 6.

13. Einari Jónssyni og Guðmundi Gíslasyni leyft að breyta skúrnum við hús þeirra Vesturgötu 30.

14. Bjarna Mattíassyni hringjar leyft að reisa geymsluhús 7,5x5,25 al. að stærð á lóð hans við Garðastr.

15. Guðm.Péturssyni og Guðm.Helgasyni leyft að rífa skúr við Vorhús við Brunnstíg og byggja annan nýjan tvílofta 3,5x3,75 álnir að flatarmáli.

16. Jóhanni Hafliðasyni trésmið leyft að nota sperrur 3"x4" að gildleika í stað 4"x4" í húsi því er hann er að byggja við Njálsgötu, með því skilyrði, að sperrurnar verði að því skapi fleiri og bétтари, sem á brestur við gildleikann.

17. Einari Guðmundssyni leyft að stækka skúr við hús hans Vesturgötu 53 B, og að gera salerni á lóðarmörkum, hó aðeins með eldvarnarvegg. (1,5x1,5 al.).

18. Eftir ósk byggingarfulltrúa tekur byggingarnefndin fram, að hún telur hvert það herbergi íbúðarherbergi, sem menn hafast við í á nóttu eða degi að staðaldri.

19. Nefndin frestaði að taka ákvörðun um beiðni Vilhjálms Bjarnasonar á Rauðará um að breyta erfðafestlandi í byggingarlóð, vegna þess að uppdrátt vantaði af erfðafestulandinu.

20. Til umsagnar Guðm. Egilssonar trésmiðs um að lengdan notkunarfrést (fram úr tveim árum) á lóð er hann hefur fengið hjá bænum. Byggingarnefndin fyrir sitt leyti með beiðninni.

Allir á fundi nema Jón Jónsson og Sveinn Jónsson. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. K.Zinsen. Rögnvaldur Ólafsson. Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, máudaginn 3. ágúst kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar þetta:

1. Gunnari Gunnarssyni kaupm. leyft að hækka eldvarnarvegg um ca. 3 álnir vestanvert við lóð hans í skurð milli tveggja húsa og að gera "vatnsbretti" (?) —bak ?) af eldvarnarvegg milli pakkhúsa.

2. Guðm. Sveinssyni leyft að reisa bráðabirgðaskúr á miðri lóð hans að húsabaki, Hverfisgötu 50.

3. Ingvari Sveinssyni leyft að gera skúr 4x8 áln. að stærð á lóðarmörkum. Eldvarnarveggur að vestan og sunnan.

4. Jóhannesi Kr. Jóhannessyni synjað um leyfi til að setja 2 glugga á portið (á 3. gólfi) á framhlið húss þess, er hann hefir í smíðum á Laugavegi 17. Sami maður sækir um leyfi til að setja miðstöðvarhitun í nefnt hús, en því er frestað þangað til umsækjandi hefir sent nefndinni nægar skýringar á fyrirkomulagi hitunarfæranna.

5. Byggingarnefndin mælir með því, að 150 ferálnir af erfðafestulandi Vilhjálms Bjarnasonar á Rauðará verði breytt í byggingarlóð samkv. beiðni hans (sbr. 15. þ.m. nr. 19), gegn venjulegu afgangi.

6. Byggingarnefndin mælir með því, að 400 ferálnir af erfðafestulandi Guðm. Egilssonar (baklóð upp af lóð Ingvars Sveinssonar) við Grettisgötu megi breyta í byggingarlóð, er hann ætlar að selja Sigurði Ásbjörnsyni trésmíð á 1 kr. alinina, gegn venjulegu afgangi.

7. Byggingarnefndin gékk því næst í hús Jóh. Kr. Jóhannessonar Laugaveg 17 og ályktaði, að teknar skyldu upp þiljur, er settar höfðu verið bak við reykháf, að undirstokkar og staflægjur í langskilrúmunum á 1. og 2. gólfi, sem enn eru óuppsett skuli kemd eða að minnsta kosti felld fast að bitum, að öðru leyti felur byggingarnefndin fulltrúa sínum, að hafa sérstakkt, glögg eftirlit með byggingu þessa húss.

8. Bæjarstjórn hefir vísað umsókn Thors Jensen kaupm. um makaskipti á lóðarræmu fram með Fríkirkjuvegi til umsagnar byggingarnefndar. Því máli er frestað að þessu sinni, en byggingarfulltrúa falið að gera uppdrátt af lóðum þeim, sem makaskipti er beiðst á, og jafnframt var formanni falið að útvega skýrslur um það, hvort betinn hefði ekki rétt til að taka undir götur lóðarræmur þær, er Thor Jensen býður fram til makaskipta.

9. Byggingarnefnd gekk þá á svonefnda Oddsbejar-  
lóð, athugaði staðhetti og vill nú fyrir sitt leyti  
leyfa Steindóri Guðmundssyni að byggja timburbæinn  
(sjá 15. b.m. nr. 1) á lóðinni, þó með því skilyrði  
að hann geri vagnferan veg frá Bræðraborgarstíg að hús-  
stæðinu, áður en hann byrjar á húsgrindinni, að öðrum  
kosti er leyfið ekki falt.

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi nema Sveinn Jónsson. og Knud Zimsen,  
sem gékk af fundi áður en lauk.

Fundi sliðið.

Páll Einarsson. Jón Jónsson. Kristján Þorgrímsson.  
Sig. Thoroddsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1908, laugardaginn 12. september, kom byggingarnefndin saman á fund og fór þá þannig fram.

1. Útaf erindi frá Bjarna Magnússyni, Laugavegi 18 er honum skipað á ný að rífa niður útihús 4x7 áln. á lóð hans (N það sem eftir stendur af því), en honum hinsvegar leyft að byggja vanhús, ekki stærri að grunnfletti en 3 1/2 alin. Að öðru leyti ítrekar nefndin kröfu sína um, að bæjarfógeti komi fram ábyrgð á hendur Bjarna Magnússyni fyrir vanrækslu á því að fullnægja fyrirmælum byggingarnefndar um lagfæringar á íbúðar- og útihúsum á Laugavegi 18, þó að því undanteknu, að samkv. athugun byggingarfulltrúans má telja íbúðarherb. það, er áður var talið of lítið í hinu minna íbúðarhúsi hans, íbúðarfært (sjá 4. og 18. apríl og 15. ágúst þ.á.).

2. Jónasi steinsmið Þorsteinssyni leyft að byggja sölubúð við austurgafllinn á íbúðarhúsi hans Laugavegi 33, þó þannig að 3 álna sund verði að húsabaki milli búðarinnar og geymsluhúss þess, sem þar er fyrir. Stærð búðarinnar er ráðgerð 6,5 áln. með götu og 15 álnir á hinn veginn.

3. Jóni Einarssyni synjað um leyfi til að byggja skúr vestan við hús hans Nýlendugötu 16, vegna þrengingar þeirrar á stígnum vestan hússins, sem sú bygging mundi hafa í för með sér; en leyft var honum að byggja skúr 4x6 álnir áfastan húsinu að norðan, gegn því að þeir tveir skúrar falli, sem nú eru þar.

4. Slátursfélagi Suðurlands leyft að stækka 2 glugga á suðurhlíð geymsluhúss félagsins á Frosta-staðalóð.

5. Jónasi H. Jónssyni, Kárastöðum, leyft að breyta suðurhluta geymsluhúss hans á Kárastöðum í íbúðarhús, svo framarlega sem það fullnægir öllum kröfum byggingarsamþykktarinnar um gerð íbúðarhúsa.

6. Byggingarnefndin mælir með því að Steingrími Guðmundssyni verði veitt undanþága frá 13. gr. samb. þannig að vegg hæð húss þess er um ræðir í fundargerð 15. ágúst 3. tölulíð, megi vera eftir uppdrætti (15 álnir). Hinvegar reri Steingrímur laglegan grasblett umhverfis húsið, svipaðan þeim, sem er umhverfis hús Thor Jensen.

7. Byggingarnefndin synjaði Ámunda kaupmanni Árnassyni um undanþágu frá ákvæðum samþykktarinnar um elvarnarvegg.

8. Var lögð fram beiðni Thor Jensen kaupmanns um makaskipti á lóðum austanvert við Tjörnina sunnan Fríkirkju og var lagður fram uppdráttur af þeim lóðarstykkum, sem um er að ræða. Byggingarnefndin álitur að bæjarstjórnin hafi rétt til, að fá ókeypis undir veg lóðar-spildur þær, sem Thor Jensen býður fram í skiptum frá sér og Steingrími Guðmundssyni og gæti því ekki verið hér um nein makaskipti að ræða, sbr. bæjarstjórnarfund 15. október 1905, nr. 19, 16. nóv. 1905, nr. 2 og 3. maí 1906 nr. 4.

9. Mælt með því að prófessor Þórhallur Bjarnason fái breytt 73 1/4 ferálmum erfðafestulands í byggingarlóð með venjulegum kjörum, til viðbótar við það, er um getur 3. f.m.

10. Jóni Þórarímssyni skólamálastjóra leyfð uppsetning lofthitunarfæra í hús hans á Laufásvegi (sbr. 15.8., nr. 4).

11. Fiskiveiðafélaginu "Ískandi" (Jes Zimsen) leyfð að byggja fiskverkunarhús á Kirkjusandi, 35x16 álnir að stærð.

12. Útaf erindi H.Th.A.Thomsen, dags. í dag, vísar nefndin til ályktunar sinnar á fundi 15. ágúst í sumar.

Fleira ekki tekið fyrir. Allir á fundi nema K. Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Sig. Thoroddsen.  
Rögnvaldur Ólafsson. Kristján Þorgrímsson.

Ár 1908, miðvikudaginn 30. september kom byggingarnefndin saman á fund og fór þá þannig fram:

1. Guðjóni Sigurðssyni úrsmið leyft að hafa kjallaraglugga á íbúðarhúsi sínu Ingólfshvoli.

2. Skúla Thoroddsen leyft að byggja salerni við hús sitt við Vonarstræti, 2x4 1/2 al.

3. Jóni járnsmið Felixsyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr á lóðinni við húsið Laugavegi 108, 5x6 al. að stærð. Skúrinn má aðeins standa til næsta vors.

4. Guðrúnu Jónsdóttur Selkoti leyft að stækka skúr við íbúðarhús sitt, svo að hann verði 4x10 1/2 al.

5. Gunnari Gunnarssyni trésmið leyft að byggja íbúðarhús 13 1/2 x 17 al. með skúr 2x2 áln. á lóð sinni við Óðinsgötu.

6. Ingimundi Péturssyni veitt leyfi til að byggja íbúðarhús með Sellandsvegi 10x10 al. og skúr 4 3/4 x 2 1/4 al. Leyfið bundið því skilyrði að vagnfær vegur verði gjörður að hússtæðinu.

7. Frestað að taka ákvörðun um beiðni Ólafs Vigfússonar um að mega byggja hús á baklóð á nr. 22 við Hverfisgötu, og verkfræðing falið að rannsaka stærð á útmæling lóðarinnar.

8. Jónasi H. Jónssyni, Kárastöðum, synjað um meðmæli með undanþágu frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar að því er snertir breytingar á geymsluhúsi hans í íbúðarhús (sbr. fund 12. sept. nr. 5).

9. Frestað að taka ákvörðun um beiðni Péturs úrsmiðs Hjaltested um að mega breyta húsi hans við Laugaveg, en verkfræðing falið að rannsaka hvort hin þegar gjörða íbúð í húsinu fullnægir ákvæðum byggingarsamþykktarinnar.

10. Málaleitun Kjörboe byggingarmeistara um undanþágu viðvíkjandi skólabyggingu í Landakoti frestað til næsta fundar.

11. Verkfræðing falið að rannsaka heimildir Samúels Ólafssonar fyrir lóð hans við Laugaveg 63 og stærð lóðarinnar.

12. Byggingarnefndin leggur til að bæjarstjórnin noti forkaupsrétt sinn að 500 ferálum af austurparti "Nýjabæjarblettis" er Karítas Tomasdóttir ætlar að selja Árna Árnasyni fyrir 75 aura feralin.

13. Nefndin kærir þann (Jóhannew Lárusson ?) er byggt hefur salerni í Óleyfi við Skólavörðustíg 4 B.

14. Gísli Björnssyni fyrirskipað að rífa tafarlaust niður skúr hans á Leikvelli við Grettisgötu. Gjörri hann það ekki sé hann kærður til sekta og skúrinn rífinn niður á hans kostnað, (sbr. byggingarnefndargjörð 7. des. 1907).

15. Nefndin kærir Helga Jósefsson Laugavegi 24 B fyrir það að hafa tekið til íbúðar hús, sem honum sem honum var 1. júní 1907 synjað um að hafa íbúð í og fyrir önnur brot á byggingarsamþykki inni er verkfræðingur skýrir bæjarfógeta nánar frá. Nefndin krefst þess að íbúðin leggist þegar niður í húsinu.

16. Nefndin kærir Guðmund Magnússon Grettisgötu 58 B, fyrir það að hann hefur tekið til íbúðar hús það, sem byggingarnefndin hefir synjað um leyfi til að nota til íbúðar, 19. okt. 1907. Nefndin krefst þess að íbúð í húsinu leggist þegar niður.

17. Lagt fram til umsagnar erindi Jóns Jónssonar og Halldórs Jónssonar, dags. 26. þ.m. þar sem þeir bjóða bæjarstjórninni forkaupsrétt að 12000 ferálmum í erfðafestulandi þeirra, Félagstúni. Nefndin óskar að uppdráttur verði gjörður af erfðafestulandinu og væntanlegar götur ákveðnar áður en ákvörðun verði tekin um hvort forkaupsrétturinn skuli notaður eða ekki.

Allir á fundi nema Knud Zimsen, og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jónsson. Kristján Þorgefímsson.  
Sveinn Jónsson. Sig. Thoroddsen.



Ár 1908, föstudaginn þ.9. okt. átti byggingarnefndin fund með sér og fór þá þannig fram:

1. Það hefur orðið að samkomulagi milli byggingarnefndarinnar annars vegar og Jóns Jenssonar og Halldórssonar hinsvegar, að lóð sú, er þeir selja konsúl Briblotin, sem fulltrúa franska spítalafélagsins í Dunkerque skuli ákveðin þanning: Vesturhlið hennar sé allstaðar 80 álnir frá vesturtakmörkum Félagstúns. Lóðin sé 93 álnir á breidd frá austri til vesturs, en 129 álnir frá norðri til suðurs, reiknað frá fyrirhugðum sjávarvegi, en efri brún þess vegar er áætluð 45 álnir frá stórstraumsflóðmáli í austurhorni lóðarinnar.

Svæðið milli hinnar seldu lóðar og sjávar fær bærinn ókeypis undir veg og skipaklöpp. En þangað til bærinn notar þenna rétt hefur kaupandi fullan rétt yfir þessu svæði og jafnframt rétt til að setja þar bátabryggju eins og bærinn líka á að fá frían og óhindraðan aðgang að sjónum einnig eftir að bærinn hefur tekið lóðarræmuna til notkunar. - Mannvirki þau, er gjörð kunna að hafa verið á lóðarræmunni meðfram sjónum og framundan henni, ber að nema í burtu bænum að kostnaðarlausu, þegar bærinn tekur lóðarræmuna til notkunar, ef þess verður krafizt.

2. Veitt leyfi til að byggja <sup>skóla</sup> skólakrúsu á Landakotstúni, Meulenberg presti samkvæmt framlögðum uppdrætti. Nefndin mælir með því að undanþága verði veitt bæði frá því, að tveir stigar verði í húsinu og því er þakhallan snertir. Húsið á að verða 28x16 álnir og útbygging 5x6 álnir.

Sveinn Jónsson greiddi atkvæði móti uppdrættinum og gegn því að undanþágurnar yrðu veittar.

3. Ófeigi Vigfússyni veitt leyfi til að byggja íbúðarhús 11x10 1/2 alin á baklóðinni við Hverfisgötu nr. 22, samkvæmt framlögðum uppdrætti.

4. Pétri Hjaltested úrsmið leyft að breyta, og búa til íbúðar 2 herbergi í íbúðarhúsi hans við Klapparstíg, samkvæmt framlögðum uppdrætti, og ennfremur að gjöra smábreytingar á gluggaskipun í kjallarsnum (sjá fund 30.9 nr. 9).

5. Nefndin endurtekur tillögu sína frá síðasta fundi (nr. 12) að bæjarsýjórinn noti forkaupsrétt sinn að þeim 500 feralnum af austurparti Nýjabæjarblettis, er Karítas Tómasdóttir ætlar að selja Árna Arnasyni fyrir 75 aura feralin..

6. Helga Jósefssyni synjað um meðmæli með að fá undanþágu frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar um fjarlægð íbúðarhúss hans við Laugaveg nr. 24 B, frá næstu

lóðarmörkum. Hinsvegar gefur byggingarnefndin það fyrir sitt leyfi eftir, að íbúð verði leyfð í húsinu til næsta vors (14. maí).

7. Nefndin veitir fyrir sitt leyti samþykki sitt til þess, að Guðmundur Magnússon megi láta íbúð vera í húsi sínu Grettisgötu 58 B, til 14. maí næstkomandi.

8. J.AallHansen vegna verkfr. Petersens leyft að byggja vanhús  $1\frac{3}{4} \times 1\frac{3}{4}$  á lóðinni Þingholtsstræti nr. 28, þar sem byggingarfulltrúinn ákveður.

9. Lgð fram beiðni Guðmundar Símonarsonar að fá leyfi til að byggja hús á lóðinni á Óðinsgötu og framhaldi Spítalastígs. Nefndin frestaði málinu vegna þess að þarur úr lóðinni er erfðafestuland, sem samþykkt þarf að fá til að breyta í byggingarlóð.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og Jón Jensson fóru af fundi þegar 1. málið var útkljáð.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Sig. Thoroddsen. Sveinn Jónsson. K.Zimsen.

Ár 1908, laugardaginn 31. október kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar þetta:

1. Bæjarstjórn hafði sent byggingarnefnd til umsagnar erindi frá Mattíasi Mattíassyni kaupm. um að mega breyta 322 ferálna (eftir framlögðum uppdrætti að dæma) spildu af erfðafestulandi sínu meðfram Óðinsgötu að norðanverðu í byggingarlóð, með venjulegum skilmálum. Byggingarnefndin mælir með þessu fyrir sitt leyfti.

2. Guðna gullsmið Símonarsyni leyft að byggja 12x 14 1/2 al. hús tvílyft á horninu á Óðinsgötu og Spítalastíg, með þeim fyrirvara, að bæjarstjórn samþykki breytingu á erfðafestulandi í byggingarlóð að því leyfi, er þörf er á (sjá næstu grein á undan). Ennfremur er áskilið að framhliðar hússins stefni eftir götum þeim, er þær liggja að.

3. Bjarna Jónssyni trésmið (Njálsg.37) leyft að reisa einlofta íbúðarhús 9x10 álnir með anddyri 4,5x 3,5 álnir á lóð hans við Frakkastíg (3. lóð frá Skólavörðustíg).

4. Bjarna Grímssyni í Grímsstaðaholti leyft að byggja einlofta íbúðarhús 7x9 áln. með anddyri 3x3 al. á svonefndri Grímstaðakotslóð.

5. Jóni Jónssyni á Setbergi á á Bráðræðisholti leyft að gera við báða gafla á íbúðarbæ sínum.

6. Eiríki Gíslasyni trésmið leyft að gera einlofta, portbyggt íbúðarhús 12,5x12,5 áln. að stærð við Stýri-  
mannastíg á miðlóðinni milli Ránargötu og Vesturgötu, austan við stíginn.

7. Samúel Ólafsson/<sup>söðlasm.</sup>byður kaup á 5 álna breiðri ræmu af lóð sinni undir Vitastíg. Lóðin útmæld honum 6. febrúar 1897, 25 álnir fram með Laugavegi og 40 áln. niður, en reynist nú 44 álnir niður, að óskertum nágrannalóðum. Bærinn á þannig 4x25 álnir - 100 ferálnir - neðan af lóð þessari, er hann telur sér. Byggingarnefndin leggur til að bærinn láti það, er hann á eftir er spildan er tekin (s. 100 - 20 = 80 ferálnir), gegn því er Samúel lætur af hendi (s. 40x5 áln. = 200 ferálnir) og gefi bærinn á milli eftir samkomulagi.

8. H.Th.A.Thomsen biður um leyfi til ýmsra smábreytinga á húsinu nr. 1 við Lækjartorg (gamla Melstedshús). Byggingarnefndin hyggur að Íslandsbanki sé hér réttur málsaðili, sem eigandi hússins, en ekki Thomsen (sbr. 20. gr., 3. lið í byggingarsamb.). Samkvæmt þessari gr. getur Íslandsbanki ekki selt húsið, nema kaupandi geri eldvarnarvegg á milli húsanna.

9. L. Dichmann synjað um að láta standa skúr á lóð hans Lindargötu 14, nema því aðeins að hann verði fluttur í 10 álna fjarlægð frá húsum nágretta og 5 álna frá lóðarmörkum, eftir nánari ákvæðum byggingarfulltrúa.

10. Iðnaðarmannafélaginu leyft að breyta útidrym norðan og vestan á Iðnaðarmannahúsinu, þannig að hurðir falli út og rið fyrir dryum breikki um ca. 12".

11. Sturla Jónsson kaupm. hefir breytt tveim herbergjum í kjallara hússins Lindargötu 32 í íbúðarherbergi með biljum innan. Byggingarnefndin er því fyrir sitt leyti samþykk.

12. Steingrími Guðmundssyni snikkará tilkynnir að hann ætli að byggja hús það, er um getur í fundargerð 15. ágúst 3. lið, úr steini eða steinsteypu, ef ekkert sé því til fyrirstöðu. Byggingarnefnd tekur þessari breytingu með gleði.

13. Byggingarnefndin kærir Jónas H. Jónsson Kára- stíg fyrir það, að hann hefur í óleyfi tekið til íbúðar hús, er honum hefur verið synjað um leyfi tkl að nota sem íbúðarhús, sbr. fund 30. sept. þ.a. nr. 8.

14. Nefndin kærir einnig Amunda Árnason við Klapparstíg, fyrir að hafa byggt of nærri lóðarmörkum, án eldvarnarveggs, sbr. fund 12. sept. þ.á. nr. 7.

15. Sigvalda Hákonarsyni, Laufásvegi 17 leyft að byggja salerni 1 al. 18"x 1 al. 12".

16. Erindi frá Eiríki Bjarnasyni um að mega breyta 100 ferálmum af Skothúsbletti í byggingarlóð ræður nefndin til að verði synjað, þar til útgjört verður um hvort skemmtigarður verði gjörður við Tjarnarendann.

Allir á fundi nema Sveinn Jónsson og Kristján Þorgrímsson. Rögnvaldur Ólafsson gekk af fundi eftir 12. málið.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Sig. Thoroddsen.  
K. Zimsen.

Ár 1908, laugardaginn 14. nóvember átti byggingar-  
nefndin fund með sér og fór þar þannig fram:

1. Páli Guðmundssyni leyft að reisa einlofta íbúð-  
arhús 10x10 álnir með skúr 2x3 1/2 al. á lóðinni Njálsgötu 14. (Sbr. næsta fund 2. des.).

2. Jóni Magnússyni frá Elliðavatni leyft að byggja  
hesthús og geymsluhús 9x17 og 5x12 álnir að stærð á  
lóð hans við Laugaveg (skammt fyrir innan Mjölni, ).

3. Sigurjóni Ólafssyni trésmið leyft að reisa  
smíðahús úr steini á lóð sinni við Lækjargötu 10 A og  
samþykkt að mæla með undanþágu um eldvarnarvegg á þann  
veg er veit að lóð "Völundar", og eru mörkin 2 áln.  
frá hlið hússins) unz byggt verður þar; Löggð fram yfir-  
lýsing frá "Völundi" um að hann væri þessa fús.

4. Samúel Ólafsson söðlasmiður býður bænum 120  
ferálna sneið til kaups (sjá síðasta fund 7. atriði)  
fyrir kr. 1.50 feralin. Byggingarnefndin er meðmælt  
því að bærinn sinni þessu boði.

5. Islandsbanka leyfðar ýmsar smábreytingar á  
húsinu Lækjargötg 1, sem er eign hans (SJA SÍÐASTA  
FUND 8- ATRIÐI).

6. Einari Zöega veitingamanni leyft að gera skúr  
5 1/2 x 3 álnir fram af fjósi hans á erfðafestlandi  
hans (Einarsstöðum).

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema  
Sveinn Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jon Jensson. Kristján Þorgrímsson.  
Rögnvaldur Ólafsson. K. Zimsen. Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, miðvikudaginn hinn 2. des. átti byggingarnefndin fund með sér og gjörðis þá þetta:

1. Þórði Bjarnasyni verzlunarstjóra leyft að breyta í íbúð og hækka skúr vestur úr íbúðarhúsi hans við Bergstaðastræti 2, og verður útbyggingin 9x6 3/4 alin, allt samkvæmt framlögðum uppdrætti.

2. Sveini Jónssyni frá Vatnsenda leyft að byggja íbúðarhús 11x11 áln. með skúr áföstum við það 3x2 1/2 al. og með geymsluskúr 8x6 álnir. og skúr við það 5x4 1/2 al.. og salerni 2x1 1/2 al., á lóð norðanfram með fyrirhugaðri götu austur úr Rauðarárstíg, en leyfið er bundið því skilyrði að gjörður verði af byggjanda akfær vegur að hússtæðinu áður en byrjað er á húsbyggingunni.

3. Upplýst að hús það, sem Þáli Guðmundssyni á síðasta fundi var leyft að byggja við Njálsgötu 14 er 10x11 álnir að stærð en ekki 10x10 álnir.

4. C. Zimsen leyfðar ýmsar breytingar á húsinu nr. 2 við Pósthússtræti, þó með því skilyrði að hin nýja skrifstofa fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar um íbúðarherbergi.

5. Guðmundi Jónssyni leyft að gjöra skúr við hús hans Kárastíg 6, 5x11 álnir.

6. Byggingarnefndin mælir með því að Guðmundi Guðmundssyni, Laugavegi innan Rauðará, verði seld 125 feralna lóð, sem viðbót við baklóð hjá húsinu nr. 34 við Grettisgötu fyrir 50 aura feralin.

7. Byggingarfulltrúa afhent til rannsóknar erindi Karls Einarssonar f.h. Ólafs Jónssonar um skipti og kaup á lóðum við Óðinsgötu og Kárastíg.

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi nema Knud Zimsen, Sveinn Jónsson og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Þáll Einarsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson.  
Sig. Thoroddsen.

Ár 1908, laugardsginn 12. desember, kom byggingarnefndin saman á fund og gerðisr þar þetta:

1. H.Th.A.Thomsen synjað um leyfi til að láta standa vagnaskýlið bak við Hafnarstræti 17, er marsinnis hefur verið til umræðu á þessu ári, nema því aðeins að gerður sé eldvarnarveggur út að bryggjuportinu.

2. Lagt fram erindi frá Karli Einarssyni fyrir hönd Ólafs Jónssonar útaf útmældri lóð við Kárastíg. Byggingarnefndin vísar til ákvörðunar sinnar 15. júlí 1907, gangi Ólafur ekki að því, leggur bréfið til að hlutaðeiganda verði endurgoldnar 64 kr., sem reynast ofborgaðar, eða að bæjarstjórnin reyni að útvega honum 64 ferálna lóð í viðbót við lóð hans og áfasta henni.

3. Amunda Árnasyni veittur frestur fram til aprílloka til að steypa eldvarnarvegg í skúr þann, er hann byggði síðastliðið sumar of nærri lóðarmörkum.

4. Tómasi Petersen leyft að gera skúr 4x6 áln. að stæð við austurgaflinn á húsi hans nr. 40 við Skólavörðustíg.

5. Sveini Jónssyni frá Vatnsenda leyft að hafa geymsluhús það, er um ræðir á síðasta fundi undir 2. lið, 7x8 að stærð í stað 6x8 áln. sem þá var tiltekið.

6. Byggingarnefndin kærir Ketil Þorsteinsson, Vitatorgi, fyrir að hann hefur ekki sett eldvarnarvegg við salerni, er honum var leyft að gera á fundi 8/2. þ.á., þar sem þau eru þó of nálægt lóðamörkum ella.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Jón Jensson og Knud Simsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Sveinn Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson. Sig. Thoroddsen.

Ár 1909, laugardaginn 2. janúar, kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það er hér segir:

1. Ingvari Pálssyni leyft að breyta nokkrum gluggum mót suðri á húsi hans við Hverfisgötu 13.

2. Birni kaupmanni Guðmundssyni leyft að reisa einlofta geymsluhús 13x30 álnir að stærð í stað syðsta geymsluhússins við Kalkofnsveg, en það verður rífið niður og hið nýja reist á sama staðnum.

3. Andrési Pálssyni leyft að gera salerni 3x1,5 álnir að stærð við hús hans Njálsgötu 40.

4. Tekið til umsagnar erindi frá Geir Zöega kaupmanni til bæjarstjórnarinnar, þar sem hann fer fram á að honum verði endurgreitt gjald það, að upphæð kr. 44.50, er hann hefir greitt í bæjarsjóð fyrir byggingarleyfi, veitt honum 2. febrúar 1907. Meiri hluti byggingarnefndarinnar álitur ekki lagaskyldu til endurgreiðslu gjalds þessa, þó að ekki hafi verið notað leyfið.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson. Sveinn Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson. Sig Thoroddsen.



Ár 1909, laugardaginn 16. janúar átti byggingarnefnd fund með sér og fór þá þannig fram:

1. Magnús Guðmundsson kaupmaður Þinhóltsstræti 8 A, beiðist leyfis til að mega gera þá breytingu á sölubúð sinni, Laugavegi 1, að setja dyr þar sem miðglugginn er á framhlið vesturenda hússins. Leyfið veitt.

2. Davíð Ostlund sækir um leyfi til breytinga á húsi sínu Austurstræti 17. Málinu frestað vegna ónógra upplýsinga.

3. Philipsen fyrir hönd danska steinolíuhlutafélagssins sækir um leyfi til að reisa hús til steinolíugeymslu á Melunum og um kaup á lóð 25x28 álnir í því skyni, en húsið á að vera 11,5x18 álnir. Byggingarnefndin hefur ekkert við húsið að athuga, en ræður frá sölu á lóð á Melunum, og leggur heldur til að lóðin verði leigð til ákveðins tíma, t.d. minnst 5 ára með 1 árs uppsagnarfresti.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum. Borgarstjóri var ekki viðstaddur, en hafði falið Jóni Jenssyni fundarstjórnina. Allir aðrir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Jón Jensson. K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson. Sig. Thoroddsen.

Ár 1909, mánudag 1. febrúar, átti byggingarnefndin fund með sér og fór bá þannig fram.

1. Jóni Þórarinnssyni fræðslumálastjóra fyrir hönd stjórnarráðsins leyft að gjöra salerni, 7 AL- 15"xl al 14" að stærð, við Kennaraskólann.

2. Jóni Guðmundssyni leyft að gjöra inngönguskúr 2 1/2 x 6 áln. að stærð við austurgöfl hússins nr. 24 við Laugaveg.

3. Bálmai frá Pálma Pálssyni kennara um fjósbyggingu á Meistaravelli, frestað þartil hann hefir fengið leyfi heilbrigðisnefndar.

4. Davíð Ostlund leyfðar ýmsar breytingar á húsinu nr. 17 við Austurstræti. Skal hann breyta stiga upp á loftið svo að hann fullnægi ákvæðum byggingasamþykktar og gjöra löglegan reykhláf frá eldavélinni. Loks skal hann gjöra allt það til styrktar húsinu, sem byggingarfulltrúinn telur nauðsynlegt.

5. Var lagt fram til athugunar nefndarálit skemmtigarðsnefndarinnar. Byggingarnefndin leggur til að bæjarstjórnin ákveði að svæði við suðurenda tjarnarinnar skuli haldast óbyggt innan þessara takmarka: Að sunnan fyrirhugaða hringbrautin, að austan fyrirhuguð framlenging Frakkastígs og gata hÖer um bil 70 álnir fyrir neðan Laufásveg, að vestan fyrirhuguð gata suður frá Skothúsvegi (götu) hér um bil 80 (80) álnir frá Tjörninni, að norðan Skothúsvegata og og fyrirhuguð gata frá Laufásvegi að Tjörninni fyrir sunnan hið nýbyggða hús Jón Þórarinnssonar.

6. Lagt til að bæjarstjórnin noti ekki forkaupsrétt að 1000 ferálmum úr erfðafestulandi Eiríks Bjarna-sonar, svonefndum Skothúsbletti og lagt til að synjað verði um að breyta þeirri lóð í byggingarlóð.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Rögnvaldur Ólafsson. K. Zimsen. Sig. Thoroddsen. Sveinn Jónsson.

Ár 1909, laugardaginn 27. febrúar, kom byggingar-  
nefndin saman á fund og gerðist þar það er hér segir:

1. Leyft að hafa í skóla þeim, er kaþólskir menn  
eru að reisa í Landakoti í gólfum á 9 álna hafi, bita  
5"x10" fóðraða á báðum hliðum með heilum  $5/4$  borðum  
í minnsta lagi jafnlöngum hafinu.

2. Ólafi trésmið Theódórssyni leyft að byggja í-  
búðarhús 11  $1/4$  x 8 álnir á stærð með skúr 8  $1/2$  x 4  $1/2$   
álnir á lóð hans við Grundarstíg. Húsið stendur að  
húsabaki. Leyfið bundið því skilyrði, að skúr 11x8  
álnir cerði rifinn niður.

3. Timbur- og kolaverzlunin Reykjavík (Frederik-  
sen & Co Mandal) leyft, 1. að færa dyrnar á suðvestur-  
stafni húss nefndrar verzlunar við Kalkofnveg um breidd  
sína til vesturs, þannig að þær verði nú rétt vestan  
miðju á gaflinum hafa verið rétt austanmiðju. 2. að  
hlaða reykþáf steinlímdan í suðurhorni hússins upp úr  
baki, enda sé tryggilega búið um undirstöðu hans í Kjall-  
ara og gætt hæfilegðar fjarlægðar frá viðum, samkv.  
byggingarsamþykktinni.

Fleira ekki fyrir tekið. Á fund vantaði Jón Jens-  
son, Knud Zimsen og Sveih Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Sig. Thor-  
oddsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1909, laugardaginn 13. marz, kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar fram svo sem hér segir:

1. Magnúsi Vigússyni verkstjóra leyft að byggja geymsluhús 6x8 álnir og mógeymsluskúr 5x6 álnir yfir áburðargryfju, í viðbót við það er hann hefir áður byggt á erfðafestulandi sínu.
2. Guðjóni Jónssyni Norðurstíg 3, leyft að gera þær breytingar frá uppdrætti fyrirhugaðs húss hans (samþ. 19.10.1907), þegar hann byggir húsið, að taka af bakdyr á gaffli, setja glugga í þeirra stað, fella burt stiga við þær dyr og setja hann ásamt bakdyrum á skúrinn við húsið, og stækka þá skúrinn um ca. 30" fram með húshliðinni.
3. Sigurður Jónsson fyrv. fangavörður sækir um eins árs framlengingu á byggingarleyfi sínu á Neðra-Holtshlíðinni við Skólavörðustíg. Byggingarleyfi þetta hefur Sigurður fengið 15. des. 1906, en afsalað sér sjálfur bréflæga útmælingu 4. júlí 1907 (sjá 15.12.06 nr. 9). Byggingarnefnd lítur því svo á, að leyfi þetta sé burtfallið, og verði Sigurður því að sækja um nýtt byggingarleyfi.
4. Jón Jónsson Hverfisgötu 18 B sækir leyfis til að byggja lofthæð ofan á hús sitt (Hverfisg. 18 B) þar verði aðeins 2 herbergi og vill hann þá og fá að láta einn stiga nægja. Byggingarnefnd virðist svo margt athugavert við húsaskipan á þessari lóð og þar umhverfis, að hún telur nauðsynlega rannsókn á því og synjar að svo komnu um samþykki sitt til þessarar byggingar.
5. Hlutafélaginu "Bakkabúinn" (Bakkabúð) synjað um byggingarleyfi þangað til greinilegur uppdráttur af lóð þeirra fylgir húsuppdrættinum.
6. Sveini Sveinssyni trésmið, Bankastræti, leyfðar breytingar á vesturenda húss hans til að gera þar íbúð, með þeim skilyrðum þi stigi verði löglegur, eldaveið nóg fjarrí tré og húsið að öðru leyti samkv. fyrirmælum byggingarsamþ. um íbúðarhús.
7. Jóhannes Lárussyni neitað um leyfi til að breyta verkstæðishúsi hans á Skólavörðustíg 4 C í íbúðarhús og byggingarfulltrúa falið að rannsaka byggingu og meðferð á þeirri lóð.
8. Þorvarði Þorvarðarsyni leyfðar ýmsar breytingar á dyrum, gluggum og gólfum í húsi hans Aðalstræti 8.

9. Jóni Þórarinssyni umsjónarmanni fræðslumála  
leyfir byggingarnefnd fyrir sitt leyti - ef brunamála-  
nefnd samþykkir - að gera timburskúr fyrir gasstöð,  
"troðnum spónum í grind" á lóð hans við Laufásveg, nánar  
5álnir frá húsinu og 5 álnir frá lóðarmörkum.

10. Helga Jósefssyni synjað um leyfi til að nota  
hús hans Laugaveg 24 B áfram til íbúðar.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Krist-  
ján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sveinn Jónsson. Tögnvaldur Ólafs-  
son. Sig. Thoroddsen. Jón Jensson. K.Zimsen.

Ár 1909, laugardaginn 27. marz, átti byggingarnefndin fund með sér og fór þá þetta fram:

1. Davíð Ostlund leyft að taka í burt gömul inn-  
göngurið við hús hans Austurstræti 17, setja nýjar dyr,  
eitt þrep inn í húsið, en eitt utan.
2. Pálma adjúkt Pálssyni leyft að gera fjós, hlöðu  
og for á Meistaravelli, undir umsjá heilbrigðisnefndar.  
Húsið, sem fjósið og hlaðan eru í, er 9x11 álnir að st.
3. Hlutafélaginu Bakkabúð leyft að reisa tvö áföst,  
einlofta timburhús til íbúðar, aðgreind með eldvarnar-  
gafli, samtals að stærð 20 1/4 x 10 áln. og tveir skúr-  
ar, hvor um sig 5x6 álnir.
4. Jónasi Guðmundssyni leyft að reisa einlofta í-  
búðarhús úr timbri á lóðinni Grettisgötu 22 B, á lóðar-  
mörkum með eldvarnarvegg í austurenda. Húsið er 10x10  
áln. með forstofu 2x3,5 álnir og skúr 2x3,5 áln. og er  
leyfið bundið því skilyrði, að í skúr þennan verði sett-  
ur eldvarnarveggur að austan, með því að þar er skúr-  
inn aðeins rúmar 3 álnir frá mörkum.
5. Kristni Guðmundssyni leyft að reisa skúr 4x9  
áln. á suðaustur horni lóðar hans Njálsgötu 26.
6. Gunnari Bjarnasyni Bergstaðastræti 6 leyft að  
gera íbúð í helming kjallarans undir húsi hans Frakka-  
stíg 19, að áskildu samþykki heilbrigðisnefndar.
7. Sveini trésmið Sveinssyni veittar af hálfu bygg-  
ingarnefndar undanþágur frá því að breyta bitum og setja  
milligölf í vesturenda húss hans, Bankastræti 14, sem  
hann er nú að breyta í íbúð.
8. Jóni Jónssyni synjað um <sup>leyfi til</sup> að byggja ofan á húsið  
Hverfisgötu 15 B (síðasti fundur 4. atriði).
9. Byggingarnefndin kærir Jóhannes Lárusson tré-  
smið fyrir ólöglega sundurskiptingu og byggingu á á  
lóðinni Hverfisgötu 18 til sekta og til lagfæringar.
10. Byggingarnefndin kærir þá Ólaf Magnússon tré-  
smið og Kristófer Sigurðsson járnsmið fyrir ólöglega  
skiptingu á lóð Skólavörðustíg 4 til sekta og lagfæringar.
11. Byggingarnefndin kærir Jóhannes Lárusson tré-  
smið fyrir að hafa ekki rifið niður ólöglega byggt sal-  
erni á Skólavörðustíg 4, og krefst þess, að hann verði  
með dómi skyldaður til að rífa salernið tafarlaust.

12. H.Th.A.Thomsen leyft að setja dyr í glugga stað austan á framhlið hússins Hafnarstræti 22.

13. Einari Jónssyni leyft að lengja hús sitt Laugaveg 71, 10 álna breytt um 3 álnir; í lengingarinnar stað fellur niður skúr, jafn stór um sig. Ennfremur leyfðar innngönguskúr 2x2,5 álnir.

14. Þorsteini járnsmið Tómassyni leyft að setja nýjar dyr í stað miðglugga í kjallarann undir húsi hans Lækjargötu 10, og niðurgang í kjallarann, með því móti að niðurgangan fari ekki yfir 10" fram frá húshlið.

15. Byggingarnefndin kærir Jónas Guðmundsson Hverfisgötu 18 fyrir salerni byggt í leyfisleysi og of nærrí mörkum, til sekta og niðurrífs.

16. Sigurði Jónssyni frá Fjöllum leyft að gera hesthússkúr 5,25x9,5 álnir við Laugaveg 77 B, að tilskildu leyfi heilbrigðisnefndar.

17. Erindi Páls járnsmiðs Magnússonar svaraði byggingarnefnd svo, að við neðri hluta Hverfisgötu vilji hún ógjarnan leyfa nema væn hús og séleg, og sýnar honum um leyfi til að gera þar bráðabirgðaskúr.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Sveinn Jónsson.  
Sig. Thoroddsen. Jón Jensson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1909, laugardaginn fyrir páska, hinn 10. apríl kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það er hér segir:

1. Helga Jósepssyni synjað um leyfi til að mega hafa áfram eldhús í útbyggingu við hús hans, Laugaveg 24 B, einnig synjað um að setja dyr gegn um gaflinn á húsinu.
2. Páli Magnússyni járnsmið leyft að reisa bráðabirgðaskúr á lóð hans ofanvert við húsið Skólavörðustíg nr. 5, skúrinn 12x12 áln. að stærð. Skúrinn skal standa í stefnu við hús Þórðar Bjarnasonar og skylt er að rífa skúrinn þegar krafizt verður.
3. Þorsteini Tómassyni járnsmið leyft að byrja niðurgöngu í kjallara sinn 18" fram frá húshlið (síðasti fundur 14. liður), með því að svipað stendur á annarsstaðar í götunni (M.Blöndal og Guðm. Gamalíelsson).
4. Jónasi Guðmundssyni Hverfisgötu 18 leyft að gera salerni á lóð hans með því skilyrði, að eldvarnarveggur sé þar, sem of skammt verður að morkum.
5. Byggingarnefndin kærir Jóhannes Lárusson til sekta fyrir að hafa byggt salerni eldvarnarveggjalaust á Hverfisgötu 18 B og skyldar nefndin núverandi eiganda til að rífa niður salernið innan mánaðar hér frá, nema því aðeins að hann hafi innan þess tíma gert löglegan eldvarnarvegg.
6. Sveini Sveinssyni trésmið leyfir byggingarnefnd fyrir sitt leyfi að flytja safngryfjuna í lóð sinni Skólavörðustíg 4 á þann stað er hann biður um, með því skilyrði að gryfjan nýja fullnægi fyrirmælum byggingarnefndar samþ. og heilbrigðissamþ.
7. Fundargerð 27. marz 3. liður, leiðréttist þannig, að "tveir skúrar hvor um sig 5x6 áln." verði "tveir skúrar hvor um sig 5x3 álnir".
8. Byggingarnefndin leggur til að girðingin fyrir lóð Jóns Þórarínssonar á Laufásvegi verði sett í fyrirhugaðan götujaðar. Ennfremur að leitað verði kaupa á sneið af lóð frúar Sophíu Thorsteinsson, sem þarf undir hina fyrirhuguðu breikkun Laufásvegar.

Fleiri mál ekki fyrir tekin. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jónsson. Sveinn Jónsson. K.Zim-  
sen. Sig. Thoroddsen. Kristján Þorgrímsson. Rögn-  
valdur Ólafsson.



Ár 1909, þ. 24. ápríl kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það er hér segir:

1. Hjörtur trésmiður Hjartarson mætti á fundinum fyrir hönd hlutafélagsins "Völundur" og fer þess á leit að fá að gera ýmsar tilteknar breytingar á húsinu Lauga-veg 17, sem Völundur er orðinn eigandi að og lýkur nú við. Voru breytingar þær leyfðar, þannig að hliðarveggur 3. gólfis sé uppi á þaki.

2. Brillouin konsúl leyft að reisa einlofta íbúðarhús úr timbri með mansard þaki. Húsið á að standa á Félagstúni og á að vera á lengd 16,2 m = 26 ál. br. 6 m. = 9 1/4 al. kafla um miðju 11,9 m. = 19 ál., en á 5,1 m. = 8 1/4 al. á lengd á hvorn enda 13,3 m. = 21 1/4 al. Við framhlið hússins er útbygi opið 6,5 m. = 10 1/2 al. á lengd og 1,9 m. = 3 áln. á breidd.

3. Meulenberg höfuðpresti í Landaköti leyft að hækka hliðveggi skólans, sem þar er verið að byggja, um 1 al. 20"; húsið að Öðru (svo sem mænihæð) óbreytt.

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi mema K.Zimsen.

Fundi slitið/

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Sveinn Jónsson. Sig. Thoroddsen. Jón Jensson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1909, laugardaginn 1. maí kom byggingarnefndin saman á fund og fór þannig fram:

1. Hannesi Hafstein f. ráðherra, leyft að reisa íbúðarhús á lóð, er hann kaupir austan Tjarnargötu sunnan lóðar þeirrar, er þeim megin (tilheyrir) götunnar fylgir ráðherrahúsinu. Lóðin er 35 álnir meðfram götunni og stendur húsið 5 álnir frá eyðri mörkum og 5.álnir frá götunni eins og hún er nú vegna fyrirhugaðrar breikkunar. Húsið er úr timbri, 16x19 ál. tvíl.

2. Edilon Grímsson býður bœnum til kaups 80 fer-álna ræmu við Vesturgötu 48, sunnan til af lóðinni. Byggingarnefndin ræður til, að ræman sé keypt því verði, sem upp er sett 80x0,40 kr. = kr. 32.00.

3. Einari Magnússyni á Holtastöðum við Bergstaðastræti leyft að gera smíðu 6x4 ál. innan Holtastaðalóð.

4. Magnúsi Steindórssyni Lindargötu 8 B leyft að breyta verkstæðishúsi við íbúðarhús hans Bergstaðastr. 9 í íbúðarhús, með þeim skilyrðum, að hann leggi fram skriflega yfirlýsingu nágrannanna, er hlut eiga að máli, að að þeir fyrir sitt leyti samþykki, að húsið megi vera eldvarnarveggjalaus, með því að það er of nærri mörkum. Skulu yfirlýsingar þessar þinglesnar á kostnað umsækjanda, sem kvaðir á nágrannalóðunum. Skúr leyfist honum og samkv. umsókn hans að gera á lóðinni með eldvarnarvegg.

5. Birni Ólafssyni augnlækni synjað um leyfi til að reisa grunnlaust bráðabirgðaskýli úr jární fyrir vegna syðzt á lóð hans í Tjarnargötu.

6. Birni Jónssyni skósmið Hverfisgötu 26 synjað um leyfi til að reisa 12x12 al. einlofta íbúðarhús á nefndri lóð hans, með því að of skammt verður milli húsanna samkv. 14. gr. byggingarsamþykktarinnar.

7. Ingveldi Kjartansdóttur leyft að gera glugga í dyrastað og gera 3 herbergi úr geymsluplássi í húsi hennar Laugavegi 22 a. En byggingarnefndin kærir til sekta smíð þann er fyrir breytingum þessum stendur, með því að hann hefur byrjað verkið áður en leyft var.

9. Jóhannes Lárusson sækir um undanþ. frá ákv. byggingarsamþ. um bil milli húsa og eldvarnarveggi, að því er kemur til húseignanna Hverfisgötu 18 A, B og C, sbr. fundarg. 27 marz síðastl. 9. atr. Húsið 18 C stendur 3 álnir frá mörkum og ber hann fyrir sig, að hann fái ekki með neinu móti kaup á lóðarræmu hjá eigendum, til viðbótar, húseignanna 18 B og 18 A. Áður en byggingarnefndin tekur ákvörðun um þetta mál,

Óskar hún skriflegrar yfirlýsingar hlutaðeigandi lóðar-  
eigenda um að þeim sé lóðin ekki útföl og að örðu leyti  
er byggingarfulltrúa falið að rannsaka mál þetta fyrir  
næsta fund.

10. Byggingarnefnd óskar vísbendingar bæjarstjórn-  
ar um það, hvort byggingarnefnd eða óvilhallir menn  
dómkvaddir skuli meta eftirleiðis loðir, sem teknar  
eru undir götur, ef samkomulag næst ekki við eigendur  
lóðanna.

Allir á fundi nema Kn. Zómsen. Rögnvaldur Ólafsson  
fór á undan 10. málinu.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Sveinn Jónsson.  
Kristján Þorgrímsson.

Ár 1909, laugardaginn 22. maí kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það, er hér segir:

1. Einarí Jónssyni Laugavegi 71 leyft að gera salerni  $2 \times 2 \frac{1}{4}$  al. að stærð áfastu húsi hans að húsabaki.
2. Jens B. Waage bankabókara leyft að gera salerni  $6 \times 2 \frac{1}{2}$  al. að stærð á lóð hans áfastu húsinu í Þingholtsstræti 24.
3. Birni Ólafssyni augnlækni leyft að gera vagnskýli úr bárujárni  $3 \frac{1}{2} \times 12$  áln. að stærð áfast og upp við vesturhlíð hesthúss hans milli Tjarnargötu og Suðurgötu.
4. Samúel Jónssyni á Kárastíg leyft að byggja skúr  $11 \times 6 \frac{1}{2}$  al. á stærð, bakhlið hans frá Kárastíg, á lóðarmörkum með eldvarnarvegg í annari hlíð.
5. Magnúsi Jónssyni, Njálsgötu 41, leyft að reisa tvílofta geymsluskúr,  $5 \times 5$  áln., áfastan húsi hans á öðrum enda og með eldvarnarvegg á hinum.
6. Jóhanni Jóhannessyni kaupmanni, Bergstaðastræti (11 ?), leyft að breyta glugga á húsi hans Laugav. 19.
7. Guðjóni Björnssyni leyft að gera viðbót við skúr við vesturhlíð húss hans Bræðraborgarstíg 26, þannig að skúrin verði jafnlangur húsinu og verður þá viðbótin  $1 \times 4$  áln., ennfremur salerni áfast skúrnum  $1 \frac{1}{2}$  al. á hvern veg.
8. Guðm. Hannesson héraðslæknir spyr, hvort byggingarnefndin muni vilja veita leyfi sitt til, að hann megi reisa hús á bletti séra Eiríks Briems milli barnaskólans og Bókhlöðustígs. Byggingarnefnd svarar því, að hún vilji ekki haggja við áður gerðum ákvæðum um, að halda svæði þessu óbyggðu.
9. Birni Jónssyni skósmið Hverfisgötu 26 leyft með 3 atkvæðum gegn 2 (Kr. Þorgr. og Sveins Jónss.) að byggja einlofta íbúðarhús  $12 \times 11 \frac{3}{4}$  al. að stærð á nefndri lóð hans 3 áln. austur frá eldra húsi hans og með eldvarnargafli í austurenda hússins á lóðarmörkum. En nefndin telur óheimilt að selja hús þessi hvort frá öðru.
10. Hlutafél. "Völundi" leyft með 4 atk. gegn 1 (Kr. Þorgr.) að setja 2 lága þrissetta glugga á portíð á framhlíð hússins Laugaveg 17, sinn á hvorn enda. Kr. Þorgrímsson er þessu andvígur og óskar, að teikning af þessu verði lögð fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

11. Þórhalli biskupi Bjarnasyni leyft að gera tvílofta viðbót við hús hans að austanverðu, jafnbreiða húsinu 13 1/2 al. og 8 álnir á lengd; við viðbótina er skúr með dyraloft yfir, 4x3 1/2 al. að stærð. Ennfremur sækir biskup um að fá breytt í byggingarlóð 5760 - 512 fer. - 5248 ferálnum og mælir byggingarnefnd með þeirri beiðni, gegn venjulegu 29% afgjaldi og verði verð hverrar ferálnar metið síðar, ef ekki næst samkomu lag.

12. Lögð fram beiðni frá Jóhannesi snikkara Lárusyni um að fá undanbágu frá því að byggja eldvarnarvegg á húsið Hverfisgötu 18 C er stendur aðeins 3 áln. frá lóðarmörkum. Byggingarnefndin neitar að veita þessa undanbágu og krefst þess, að annaðhvort verði byggður eldvarnarnarveggur í norðurhlíð hússins Hverfisgötu 18C eða að lóðarmörkin milli 18C annarsvegar og 18A og 18B hinsvegar verði færð svo, að ekkert þessara húsa eða úthúsa við þau standi nær lóðarmörkum en 5 álnir, nema eldvarnarveggur heimili.

Ef ekki verður innan næsta byggingarnefndarfundar komin fram skrifleg yfirlýsing um að þessu skuli vera fullnægt innan loka júnímánaðar næstkomandi, heldur byggingarnefndin fast við kröfu sína á fundi 27. marz síðastl. að Jóhannes snikkari Lárusson sæti sektum fyrir ólöglega sundurskiptingu lóðar og byggingu, og að hlutaðeigandi þá verði skyldaður til að rífa niður húsið Hverfisgötu 18 C, nema lagfært verði.

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi, nema K.Zimsen. Kr. Þorgrímsson fór rétt áður en fundi var lokið.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sig. Thoroddsen. Sveinn Jónsson. Jón Jensson. Rögnvaldur Ólafsson. Sig. Thoroddsen ósa þykkur 10. lið.

Ár 1909, föstudaginn 4. júlí, hélt byggingarnefndin aukafund um þau mál er hér greinir:

1. Samþykkt að mæla með því, að Ásgeir Sigurðsson og Tryggvi Gunnarsson megi breyta 1245 ferálmum af erfðafestulandi þeirra Melkotstúni, austan Tjarnargötu - í byggingarlóð, er þeir áforma að selja H.Hafstein á kr. 1.50 hverja ferálm, og lagt til að bæjarstjórn neyti ekki forkaupsréttar.

2. Magnúsi Blöndahl framkvæmdarstjóra leyft að breyta sölubúðinni á 1. gólfi í Kirkjustræti 8 BÍ í-búð, taka af útidyrað Kirkjustræti og setja 2 þrísætta glugga í stað búðarglugganna tveggja.

3. Ásgrímur Eybórsson sækir um leyfi til að mega byggja skúr 9x10 áln. að stærð á lóð hans bak við húsið Austurstræti 18. Beiðninni er synjað veða þess að ekki er nægilega breiður gangur fyrir slökkvitól að skúrnum.

4. Jóhanni S. Hjörleifssyni synjað um leyfi til að gera breytingar á húsi sínu Bræðraborgarstíg 17, sökum þess að húsið stendur að nokkru í fyrirhugaðri götu (Øldugötu).

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi nema K.Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímss.  
Sveinn Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson. Sig.Thoroddsen.

Ár 1909, laugardaginn 12. júní kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar þannig fram:

1. Margrét Magnúsdóttir f. Olesen leyft að setja glugga á suðurhlið húss síns *Hverfisgötu/18/* nr. 31 við Skólavörðustíg.

2. Magnúsi Guðmundssyni leyft að gera skúr við norðurhlið húss síns *Hverfisgötu 18 C*, falla þá burtu 4 gluggar á þeirri hlið hússins, en leyfist að bæta í þeirra stað gluggum á gaffla húss og skúrs. Skúrin er jafnlangur húsinu en 3 álnir á breidd fram frá hliðinni og nær þannig á mörk og kemur þar eldvarnarveggur upp fyrir þakbrún. Þegar þetta er komið í kring, fellur nið kera byggingarnefndar á hendur Jóhannesi Lárussyni, er gerð var á fundi byggingarnefndar 22. maí síðastliðinn.

3. Forberg símastjóra svarað upp á fyrirspurn, að honum muni leyft að setja hús það, er hann ætlar að byggja sér á horni Þingholtstrætis og Skálholtsstígs, ca. 5 álnum sunnan stígsins og ca. 18 álum vestan Þingholtsstrætis og snýr hliðin að því. En byggingarleyfi biður þess að upprættir að húsinu verði lagðir fram og samþykktir.

4. Samkvæmt upplýsingum bæjarverkfræðings telur byggingarnefnd, að breyting erfðafestulands Þórhalls biskups Bjarnasonar í byggingarlóð kæmi ekki í bága við fyrirhugaðar götur, ef lóðin verður ekki látin ná lengra vestur en 5 áln. niður fyrir fjós biskups.

5. Byggingarnefnd mælir með því, að bærinn kaupir nú þegar spildu af lóð frúar Soffíu Thorsteinsson til lagfæringar Laufásvegar, þannig að vesturjaðar götunnar fylgi austurhliðum húsa Jóns Þórarinssonar og Odds Gíslasonar, verð kr. 1.25 pr. feralin.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi Sveinn Jónsson, Knud Zimsen og Kristján Þorgrímsson fóru í fundarlok.

Fundi slitið.

Sig. Thoroddsen. Páll Einarsson. Jón Jensson.  
Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1909, laugardaginn 26. júnímánaðar átti byggingarnefndin fund með sér og var fjallað um þessi mál er hér greinir:

1. Hans pósti Hanssyni leyft að gera 2 skúra norðan við hús hans, annan áfastan húsinu, hinn áfastan öðrum skúr, báða á lóðamörkum, og á annar skúrinn að vera 5x10 áln. og hinn 5x11 álnir. Skúrarnir standa að lóðarmörkum við fyrirhugaða götu Barónsstíg og mega vera án eldvarnarveggja gegn því skilyrði, að þeir skuli niðurrifnir, þegar krafizt verður.

2. Halldóri Jónssyni tómt húsmanni leyft að reisa hús fyrir fjós og hey á lóð hans Litlabæ á Grímsstaðaholti. Húsið 9x6 áln. járnvarið.

3. Einari Sveinssyni og Helga Helgasyni trésmiðum leyft að reisa bráðabirgða járnsmiðju 6x6 áln. á baklóð þeirra Hverfisgötu 6.

4. Bjarni Jónsson kaupm. Laugavegi 30 A beiðist leyfis til að byggja íbúðarhús með tveim skúrum á svo nefndri Eyvindarkotslóð við Lindargötu; var því máli frestað sökum ónógra upplýsinga um lóðarmörk.

5. Birni Jónssyni skósmið leyft að gera einlofta, portbyggt íbúðarhús á háum kjallara á lóðinni Hverfisgötu 26, með eldvarnargafli í annan enda. Einnig er honum leyft að flytja glugga af austurgafli á suðurhlíð á gamla húsinu. - Stærð nýja hússins er 12 1/2 x 12 áln. og skúr 3 1/2 x 4 1/4 al.

6. Forberg símastjóra leyft að reisa íbúðarhús að stærð 14,00x10,25 m. með útskotum tveimur, annað er 6,25x1,5 m. og hitt 5,00x1,5 m. Húsið á að standa í króknum milli Þingholtsstr. og Skálholtsstígs (sjá síasta fund 3. atr.). Ennjremur lagt til að bættinn kaupi ræmu til breikkunar Skálholtsstígs að sunnanverðu, alls 241 feralin, er Forberg býður til kaups fyrir kr. 1.59 feralin.

7. Jóhann Hjörleifsson, er synjað hafði verið um leyfi til breytinga á húseign sinni við Bræðraborgarstíg 17, fer þess á leit að bæjarstjórn kaupi eða kosti húsið burt eftir sanngjörnu mati. Byggingarnefnd sér sér ekki fært að mæla með þessari beiðni að svo stöddu.

8. Beiðni frá Einari Teitssyni um lóð við Hafnarstræti að sjó undir fiskslægingar og til fiskslægingar, er vísað hefur verið til byggingarnefndar frá bæjarstjórn, er vísar byggingarnefndin til hafnarnefndar til meðferðar



í sambandi við hið fyrirhugaða vörubyrgi.

Fleiri mál ekki rædd.

Á fund vantaði Kristján Þorgrímsson og Svein Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Sig. Thoroddsen.  
Jón Jensson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1909, laugardaginn 10. júlí, hélt byggingarnefndin fund og voru þessi mál til meðferðar, er hér segir:

1. Bjarna Jónssyni snikkara leyft að reisa einlofta íbúðarhús 10x10 áln. og skúrar tveir 5x10 og 3 1/2 x 6 áln. við Lindargötu milli nr. 8 og 10 og stendur forstofan fast að stíg 5 álna breiðum upp að bakhúsi ; er byggingarleyfi bundið því skilyrði, að stígurinn haldið áfram sem hluti húslóðarinnar.

2. Ásgrími Eybórssyni synjað um leyfi til að byggja skúr eldfæralausan á lóð hans Austurstræti 18, vegna þess að ekki fæst breiðari gangur en 2 áln. 4" að lóðinni (sbr. 4/6 nr. 3).

3. Pálma Pálssyni adjúntk leyft að lengja skúr við íbúðarhúsið á Meistaravelli um 42 þuml.: skúrin er 3 áln. á breidd.

4. Byggingarnefnd kærir Matthías kaupm. Mattíasson fyrir ólöglega sundurgirðingu á lóðinni Skólavörðustíg 16 (sjá fund 21. júlí 1908 nr. 1).

5. Samkvæmt rannsókn í bókum bæjarstjórnar verður að álíta, að bærinn eigi ekki neitt tilkall til lóðaræmu þeirrar meðfram Skálhóltsstíg að sunnanverðu, er Forberg símastjóri býður bænum til kaups.

Fleira ekki á dagskrá. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson. Sveinn Jónsson. K. Zimsen. Sig. Thoroddsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1909, laugardaginn 31 júlí hélt byggingarnefndin fund og voru þau mál til meðferðar er hœr segir:

1. H.Th.A.Thomsen leyft að hafa opið skýli á lóð sinni við Hafnarstræti austanvert við vörupallinn hjá bæjarbryggjunni. Skal austurhlið skýlisins vera opin.
2. Leyft að byrja á greftri fyrir undirstöðum gasstöðvarinnar, en byggingarleyfi bíður að öðru leyfi næsta fundar, er fullkomnir uppdrættir liggja fyrir.
3. Hlutafélaginu "Völundur" leyft að byggja salerni 4 1/2 x 2 álnir að stærð á lóð félagsins nr. 17 við Laugaveg. Að svo miklu leyft sem bygging þessi verður nær lóðarmörkum en 5 álnir, skal gera eldvarnarvegg.
4. Guðm. Jakobssyni trésmið, leyft að breyta gluggum á framhlið hússins nr. 7 við Bankastræti.
5. Hannesi Hafstein, bankastjóra, synjað um meðmæli til að fá undanbágu frá ll. gr. byggingarsamþykktar.
6. Byggingarnefndin leggur töl, að lóðarræma norður af lóð Forbergs landssímastjóra verði tekin eignarhámi til breikkunar Skálholtsstígs.

Fleira ekki gjört. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sveinn Jónsson. Sig.Thoroddsen.  
Rögnvaldur Ólafsson. K.Zimsen.

Ár 1909, laugardaginn 14. ágústmánaðar Átti byggingarnefndin fund með sér og fór þar þannig fram:

1. Sláturfél. Suðurlands leyft að breyta tveim loftopum á vesturhlið sláturhússins í glugga og færa þá niður um 1 alin.
2. Borgarstjóra falið að svara bréfi stjórnarráðsins viðvíkjandi hesthússbyggingu franska vísi konsúlsins Brilloruns.
3. Katólska trúboðinu í Landakoti leyft að breikka gang um eina alin milli gamla og nýja skólans þar, og að gera salerni við ganginn og innangengt í það.
4. Beiðni Einars Teitssonar um fiskverkunarlóð o.s.frv., er vísað hafði verið til hafnarnefndar 26. júní síðastl. (nr.8), var aftur lögð fyrir byggingarnefnd og leyfisins synjað.
5. Beiðni Jóhannesar Nordals og Helga Hannessonar um leyfi til að gera ýmsar breytingar innanhúss í Bankastræti 12 A frestað.
6. Júl. Schau steinsmið leyft að stúka húsið "Exeter" niðri til íbúðar eftir framlögðum uppdrætti.
7. Höggna Finnssyni leyft að gera kvistglugga á bakhlið húss hans Grundarstíg nr. 7.

Fleira ekki um fjallað. Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson. Sig.Thoróðsen.

Ár 1909, miðvikudaginn 18. ágústmán. kom byggingarnefndin saman á aukafund.

Lagðir voru fram uppdrættir að húsum gasstöðvarinnar að undanteknu íbúðarhúsi, og eru þau þessi:

1. kolahús 21 al. 1" x 27 áln. 20"; 2. ofnahús 19 al. 14" x 28 al. 12"; 3. miðbyggingin til ýmisl. 12 al. 18" x 18 áln. 20"; 4. áhaldahús 12 al. 10" x 23 al. 5. regeneration hús 9 áln. 19" x 22 áln. 6". Ennfremur undirstöður undir gasgeyminn, sem er kringlóttur að grunnfleti.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Jón Jensson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson. Sveinn Jónsson. Sig.Thoróddsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1909, mánudaginn 30. ágúst kom byggingarnefndin saman á fund og voru þau mál á dagskrá, er hér greinir:

1. Sigurðinn Sigurðssyni járnsmið, er sækir um leyfi til að bega setja reykhláf í pakkhúsið Ficherssundi 3 og breyta kjallaranum í járnsmiðju, veitir byggingarnefnd fyrir sitt leyti samþykki sitt til þessara breytinga, en vísar umsókninni að öðru leyti til brunamálanefndar.

2. Tómasi Tómassyni stlátrarameistara leyft að breyta geymsluhúsi hans Berstaðastræti 11 A í íbúðarhús, samkv. uppdr. og umsókn.

3. Guðjóni S. Jónssyni synjað um leyfi til að mega hafa báða stiga í húsi hans á Norðurstíg upp að sama bilinu einföldu, og skal hann gera vegginn milli stíganna samkv. byggingarsamb.

4. Kaþrínu Jóhannsdóttur leyft að byggja geymsluskúr, 6x4 álnir að ummáli og að meðaltali 3 1/4 á hæð, bak við húsið Vesturgötu 15.

5. Gunnari Björnssyni leyft að taka einn glugga af fjórum úr götuhlið kjallarans undir húsi hans Bergstaðastræti 29 og setja þar dyr með hurð í staðinn. Inngöngurið þarf engin.

6. Bergi sútara Einarssyni leyft að reisa bráðabirgðaskýli, 12x12 al. og 8 1/2 al. á hæð, og skúr 5 1/2 x 12 áln., á bletti þeim er hann hefir fengið léðan hjá bæjarstjórninni til 15 ára. Bletturinn er í hverfinu milli sláturshúss Jóns Þórðarsonar að vestan og Miðhússlóðar að austan, en lóðar bóndans á Vatnsstí 16 B að sunnan.

7. Guðmundur Jakobsson trésmiðameistari býður byggingarnefnd og bæjarstjórn "lóðina, sem fylgir húsinu nr. 7 við Bankastræti til breikkunar á götunni og undir framlenging Ingólfsstrætis í skiptum fyrir jafnstóran blett af túninu fyrir norðan lóðina". Erindi þessu vísað til aðgerða bæjarstjórnar..

8. Erindi Jóns Einarssonar um að mega breyta skúr við vesturgötu húss hans Nýlendugötu 16 synjað um samþykki. (sjá 12/9.1908, 3. lið.).

Fleira ekki fyrir tekið. Á fund vantaði Jón Jónsson, Knud Zimsen og Kristján Þorgrímsson. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sveinn Jónsson. Sig.Thorodd-  
sen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1909, laugardaginn 11. sept. kom byggingarnefndin saman á fund og gjörðist þá það er hér segir:

1. Hjálmari Þorsteinssyni trésmið leyft að byggja íbúðarhús efst við Frakkastíg að austanverðu, 11x11 álnir með skúr 4x2 1/4 alin.

2. Magnúsi Steindórssyni leyft að hafa skúr þann, er ræðir um í byggingarnefndargjörð 1. maí þ.á. 4.11ð, 4 1/2 x 6 álnir, og honum leyft að byggja skúr áfastan við verkstæðishús það, er getur um í somu grein að stærð 3x4 álnir.

3. Steinolíu hlutafélagið danska fer fram á það í bréfi 8. þ.m. að bærinn selji því lóð á Melunum 25 x 28 álnir til að byggja á henni steinolíugeymsluhús samkvæmt framlögð um uppdrætti. Byggingarnefndin leggur til að félaginu verði seld umbeðin lóð í krikanum, þar sem mætast Landvíkurvegurinn og vegurinn að húsi Andersens fyrir 50 aura hverja feralin. Jafnframt var félaginu leyft að byggja á lóðinni ef kaupin ganga saman, steinolíugeymsluhús 18x11 álnir samkv. uppdr.

4. Helga Jósefssyni Laugavegi 24 B, leyft að gjöra viðbót við hús sitt, 12x3 3/4 al. og að gera vesturherbergin tvö, sem nú eru í húsinu, að einu íbúðarherbergi, en herbergið í norðausturhorni hússins má þá aðeins nota til geymsla.

5. Samkvæmt fyrirlagi bæjarstjórnar um, að byggingarnefndin meti endurgjald fyrir lóðarræmu þá sunnan með Skálholtsstíg, er tekin skal lóðarnámi af Forberg símastjóra, ákvað byggingarnefndin (meiri hluti hennar) verð lóðarinnar 1 kr. 25 aura hverja feralin.

Á fund vantaði Kristján Þorgrímsson og Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sig. Thoroddsen. Sveinn Jónsson.  
Jón Jensson.

Ár 1909, föstudaginn 17. september kom byggingarnefnd saman á aukafund til umræðu um húsbyggingu Einarar Benediktssonar við Austurstræti, Pósthússtræti og Vallarstræti (sbr. 18. maí 1907, 4. liður).

Mælt með að leyft verði að hafa undirstokka einfalda með þeim skilyrðum er hér segir:

1. að múrað verði vandlega ofan á ~~grúna~~múrinn undir alla bitaenda,
2. að annar undirstokkur verði settur undir/ yfir alla kjallaraglugga undir bitaenda innan við aurstokkinn,
3. að annarhvor biti verði bundinn með járnsþöngum í aurstokka og bitar lagðir saman með járnklóm inni í húsinu, þar sem þeir mætast á ásum og innveggjum,
4. að trébitarnir verði kembdir ofan á járnásana undir þeim.

Byggingarnefndin athugaði ennfremur, að kjallara-veggir hússins standa meira upp úr jörð eins og þeir eru nú heldur en gert er ráð fyrir á uppdrætti þeim af húsinu, er samþykkt var 18. maí 1907, og verður hús-eigandi að sjá fyrir því að veggghæð hússins verði ekki umfram ákvæði byggingarsamþykktarinnar og að inngöngu-rið verði ekki lakari eða brattari en sýnt er á ofangreindum uppdrætti.

Í annan stað gaf byggingarfulltrúi skýrslu um það, að í húsi Brillouins konsúls væru stigar ekki reyrlagðir eða kalkdregnir, eins og mælt er fyrir í byggingarsamþykktinni 25. gr.

Á fund vantað Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Jón Jensson. Sig. Thoroddsen. Sveinn Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson.



Ár 1909, laugardaginn 2. október, átti byggingarnefnd fund með sér og fór þar þannig fram:

1. Þórhalli biskupi Bjarnasyni í Laufási leyft að gera kvistglugga á suðurhlíð húss síns vestanverðu, 2 áln. 8 1/2" háan og 1 alin 12 1/2" breiðan að innanmáli.
2. Sigurbirni Þorkelssyni verzlunarmanni leyft að reisa einlofta íbúðarhús 10x10 áln. með skúr 2 1/2 x 3 1/2 al. að stærð á á lóð hans við Njálsgötu og Vita-stíg (ofanvert við Njálsgötu og vestanvert við Vitast.).
3. Bjarna snikkara og dbrm. Jónssyni leyft að reisa skúr 21x4 áln. að stærð að syðri lóðarmörkum hans Lindargötu 8 E.
4. Jóni Einarssyni leyft að lengja skúrinn við vesturgafli húss hans Nýlendugötu 16 um 1/2 alin til vesturs, um leið og hann byggir hann upp, og að gera skúrinn jafn breiðan húsinu.
5. Lárus H. Bjarnason lagaskólastjóri kvartar um reyk í íbúð sína úr reykþáf bakhússins (Tómasar Tómassonar) Bergstaðastr. Byggingarfulltrúa falin meðferð þess máls, samkv. 27. gr. byggingarsamb.
6. Byggingarstjórn gasstöðvarinnar leyft að reisa íbúðarhús að stærð 7x16 áln. tvílyft og 6x15 1/2 al þplúss 2 1/4 x 4 al. einlyft með porti; húsið á að vera úr steinsteypu og snýr framhlíð að Hverfisgötu.
7. Bréfi, er fram kom á fundinum frá Brillouine konsúl til stjórnarráðsins og það hafði sent nefndinni fól byggingarnefndin borgarstjóra að svara.
8. Byggingarnefnd tekur það fram, að hún krefst þess að hesthús það, er Brillouin hefur byggt í óleyfi á lóð sinni, verði rífið niður tafarlaust, og Brillouin látinn seta sektum samkv. 32.gr. bsmþ. Ennfremur krefst byggingarnefndin þess, að ekki verði leyfð íbúð í íbúðarhúsi því, er nefndur Brillouin konsúll hefur byggt í sumar, fyrr en fullnægt er þeim ákvæðum byggingarsambýkktarinnar, sem ennþá er ófullnægt í húsi þessu, en eru skilyrði þess, að húsið megi nota til íbúðar.

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi nema Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Sveinn Jónsson.  
K.Zimsen. Sig. Thoroddsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1909, laugardaginn 16. október, kom byggingar-  
nefndin saman á fund og fór þar svo fram, sem hér segir:

1. Gunnlaugi Péturssyni, Framnesvegi 1, leyft að slá upp bráðabirgðaskýli, 4x6 áln. að stærð, á lóð hans, með því skilyrði, að skýlið verði rífið tafarlaust er krafist verður.
2. Helga Hannessyni leyft að flytja glugga af vesturhlíð á suðurgafli á húsinu Ingólfsstr. 23 (Norðurby)
3. Mattíasi Mattíassyni kaupm. leyft að gera salerni í portinu við sölubúð hans Aðalstr. 17, þó aðeins eftir fyrirsögn byggingarfulltrúa.
4. Steingrími Guðmundssyni trésmið leyft að gera salernaskúr við Kvennaskólann nýja við Fríkirkjuveg, 7x1 3/4 al. að stærð.
5. Jóhannesi Hjörleifssyni leyft að gera steinsteypuhús, 11x12 áln.  $\frac{1}{2}$  skúr 4 3/4x3 1/2 al.  $\frac{1}{2}$  forstofu 7 3/4 x 3 3/4 al., allt tvílofta, á lóð hans Bræðraborgarstíg 17, suður á horni Oldugötu og Unnarstígs, þó 4 áln. inn frá húsalínu beggja gatna. Byggingarnefndin áskilur, að yfirborð útveggja sé eins á báðum hæðum hússins, að minnsta kosti niður gegnt neðri brún sólbekkjanna á neðri hæð hússins.
6. Sigurjóni Sigurðssyni trésmið leyft að breyta kjallara húss hans Lækjargötu 10 BÍ sölubúð og syðst glugga kjallarans í dyr, með því skilyrði að inngönguríð verði löglegt.
7. Þorleifi Þorleifssyni leyft að gera hús 10x10 áln. einlofta með þurrklofti, og skúr við austurgafli 2x3 1/2 al. á lóð hans Bræðraborgarstíg 32.

Fleir mál ekki til meðferðar.

Allir á fundi nema Kristján Þorgéimsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sveinn Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson. Jón Jenson. Sig.Thoroddsen.

Ár 1909, fimmtudaginn 4. nóvember, kom byggingar-  
nefndin saman á fund og fór þar svo fram, sem hér segir:

1. Einafi Guðmundssyni leyft að byggja á lóð sinni  
í Vesturgötu 53 íbúðarhús 11 1/2 x 10 1/2 alin.

2. Birni Jónssyni skósmið Hverfisgötu 26 leyft að  
flytja 2 salerni til og byggja önnur 2 í viðbót, að  
stærð 2 hin nýju 2x3 álnir.

3. Magnús Steindórsson, Bergstaðastræti nr. 9 sækir  
um undanþágu frá að gjöra eldvarnarvegg við geymslu-  
hús á lóðarmörkum gegnt lóðinni nr. 2 við Óðinsgötu.  
Nefndin mælir með undanþágunni með því skilyrði að um-  
sækjandi eða seinni eigendur hússins nr. 7 í Bergstað-  
stræti byggi eldvarnarvegginn, þegar þess verður kraf-  
ið af eiganda nefndrar nágrannalóðar, og að kvöðin  
verði þinglesin á húseigninni nr. 9 í Bergstaðastræti.

4. Leyft að breyta herbergjaskipun á landsímastöð-  
inni samkv. framlögðum uppdrætti, og sömuleiðis leyfð-  
ur gluggi á miðjum norðurgafli.

5. Leyft að byggja skúr við hús Lúðvíks Hafliða-  
sonar, Vesturgötu 11, að stærð 8x3 1/2 al.

6. Jón Þorsteinsson, Bjargarstíg; sækir um undan-  
þágu frá byggingarsamþykkt, að því leyti að hann hefur  
látið setja reykþáf ofan á bitalag á efsta lofti í húsi  
hans við nefndan stíg. Beiðninni synjað.

7. Formaður Hjálpræðishersins óskar upplýsinga um,  
hverjar breytingar nefndin vill láta gjöra á grunnin-  
um undir herkastalahúsinu, ef það, einsog í ráði sé,  
verður byggt upp af nýju. Byggingarfulltrúa falið að  
athuga og gjöra tillögur um málið til næsta fundar.

8. Lögð fram kæra frá Erasmusi Elíassyni og Sverri  
Sverrissyni trésmiðum, þar sem þeir kæra yfir því að  
hús Forbergs símastjóra við Þingholtsstræti, sem verið  
er að byggja, muni ekki vera byggt samkvæmt byggingar-  
samþykktinni. Samþykkt að leggja fyrir byggingarfull-  
trúann, að ganga eftir því að þetta verði lagfært taf-  
arlaust og stöðva allt smíði innanhúss, með aðstoð fó-  
geta ef þarf, þartil ákvæðum byggingarsamþykktarinnar  
er fullnægt.

9. Samþykkt að krefjast þess að járnstöðir verði  
settar undir járnþéttara á húsi Einars Benediktssonar  
við Austurstræti og að ekki verði neitt frekara unnið  
að smíði hússins meðan þetta er ógert.

10. Lagt fram bréf frá stjórnarráðinu, dags. 30. f.m., þar sem það eftir málaleitan frá Brillouin, franska konsúlnum, mælist til að fá svo fljótt sem hægt er tillögur byggingarnefndarinnar um, hvort veita beri eða veita eigi nauðsynlegar undanþágur frá byggingarsamþykktinni, "þær, er þarf til þess að hús konsúlsins í Félags-túni megi standa óhreyft með öllu einsog það er, eftir atvikum eða úr því sem komið er".

Þessu bréfi vill byggingarnefndin svara á þá leið, að fyrir henni hefur ekki legið né liggur nein beiðni frá konsúl J. Brillouin um undanþágur frá byggingarsamþykktinni. Ef slík beiðni kemi fram, er tilgreini hverra undanþágna sé óskað, og rök verða færð fyrir, að ástæða sé til að veita þær, þun byggingarnefndin taka beiðnina til meðferðar lögum samkvæmt.

En jafnframt leyfir byggingarnefndin sér að minna á, að borgarstjóri hefur, í bréfi til stjórnarráðsins 15. f.m., kært konsúl Brillouin bæði fyrir það, að hann þrátt fyrir aðvaranir byggingarnefndar og byggingarfulltrúa hefur fullgjört íbúðarhús sitt án þess að fá undanþágur þær, er nauðsynlegar voru, sem og fyrir önnur brot gegn byggingarsamþykktinni, og óskar nefndin að fá þau kærur mál afgjörð áður en væntanleg umsókn frá konsúl J. Brillouin verður tekin til meðferðar.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Jón Jensson.  
Sig. Thoroddsen. Sveinn Jónsson. K. Zimsen.

Ár 1909, t. 20. nóv. var fundur haldinn í byggingar-  
nefndinni og fór þá fram það er hér segir:

1. Th. Thorsteinsson leyft að byggja geymsluhúar  
og með eldhúsi áfast við íbúðarhús hans á Kirkjusandi  
6x9 3/4 álnir að stærð.
2. Bjarna Þorlákssyni leyft að byggja skúr og sal-  
erni, alls 4x10 álnir á lóð hans, Grettisgötu 35 A.
3. Eðnari Sveinssyni og Helga Helgasyni leyft að  
byggja smíðahús 11 1/2 x 8 áln. og skúr áfastan við  
það 4 1/2 x 8 álnir á lóð þeirra við Hverfisgötu 6.
4. Eigendum hlutafélagsins Íslands leyft að breyta  
og hólfa í sundur útihús það, er veit að Vallarstræti.  
Húsið er þó ekki ætlað til íbúðar. -
5. Frestað að taka ákvörðun um beiðni Guðjóns Jóns-  
sonar um að fá að byggja bráðabýrgðageymsluhús, vegna  
þess, að teikningar bóttu ófullnægjandi.
6. Frestað að taka ákvörðun um beiðni Magnúsar  
Blöndahls að mega láta byggja bráðabirgðahús á lóð hans  
við Kirkjustræti 8 B, og henni vísað til bæjarverkfræð-  
ingsins. Krafist að tekinn verði burt bráðabirgðarskúr  
sem byggður hefur verið upp við geymsluhús Kristjáns  
Þorgrímssonar á lóð þessari og lokar fyrir opnum að-  
gangi að lóðinni, sem hann hefur heimild að, og bygging-  
arfulltrúa falið að sjá um framkvæmd á þessu.
7. Samúel Jónssyni leyft að endurreisa hús hans,  
Skólavörðustíg 35, er brann á næstliðnu vori, að öllu  
leyti með sama fyrirkomulagi og sömu herbergjaskipun  
og stærð, eins og húsið sem brann. Fer hann þess jafn-  
framt á leit, að hann ekki þurfi að borga byggingarleyf-  
isgjaldið, kr. 33.85, á ný. Nefndin leggur til að  
byggingarleyfisgjaldið verði ekki innheimt á ný.
8. Fyrirspurn Hjálpræðishersins um, hve mikið verði  
tekið af lóð þeirri, sem herkastalinn nú stendur á und-  
ir götur, ef kastalinn verður rifinn niður og byggður  
upp aftur, vill nefndin svara á þá leið, að Túngata  
og Aðalstræti verði breikkuð þannig, að þær verða 20  
álna breiðar hvor um sig, talið frá hornhúsi Magnúsar  
Árnasonar, og að ennfremur verði tekið undir Kirkju-  
stræti sem ræður bein lína í framhaldi af hlið húss  
Gunnars Einarssonar, og undir Suðurgötu lóðarræma eins  
og ræður framhlið húss Nicolai Bjarnasonar.
9. Viðvíkjandi erindi Ólafs Jónssonar í Kaupmanna-  
höfn, um endurgjald fyrir lóð vestanvert við Kárastíg

vísar nefndin til fundarályktunar sinnar 12. des.f.á.  
er, en samþykkt var af bæjarstjórninni 17. des. f.á.

Fleira ekki tekið fyrir.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og Knud  
Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson.  
Sveinn Jónsson. Sig. Thoroddsen.

12. ág.  
7. des.  
on og 12  
ján 1909

Ár 1909, laugardaginn 27. nóv., kom bygginarnefndin saman á fund og gerðis það er hér greinir.

1. Magnús Blöndahl fyrir hönd Einars Benediktssonar leyft að láta austari reykháfinn (18x19 þuml. víður innan) í húsi Einars, því sem verið er að byggja við Austurstræti, Pósthússtræti og Vallarstræti, hallast allt að 24" til þess að hann sleppi upp með skotsperru undir suðurkvisti hússins; en því skilyrði er leyfið bundið, að svo sé um reykháfinn búið, að byggingarfulltrúa líki.

2. Sveinn Björnsson yfirréttarmálaferslumaður sækir fyrir hönd Brillouins konsúls um að fá breytt mörkum á byggingarlóð þeirri, er hann fyeie hönd frakkneska spítalafélagsins í Dunkerque síðastl. haust af Jóni Jenssyni og Halldóri Jónssyni í Félagstúni. Takmörk lóðar þessarar eru af byggingarnefndinni 9. f.á. ákveðin með samningi við seljanda lóðarinnar og samkvæmt umsókn þeirrar. Nú liggur ekki fyrir nein umsókn frá seljendum um breytingu á lóðarmörkum og getur nefndin því ekki að svo stöðdu og án þeirra samþykkis breytt mörkum þeim, er sett hafa verið fyrir byggingarlóðinni.

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi nema K.Zimsen og Sveinn Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Kristján Þorgrímsson. Sig.Thoroddsen. Rögnvaldur Ólafsson. Jón Jensson.

Ár 1909, 8. 11. desember átti byggingarnefndin fund með sér og gerðist þar það er hér segir:

1. Guðjóni Jónssyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr 2x2 álnir við hús hans Grettisgötu 24, með því skilyrði að hann verði rifinn niður þegar byggingarnefndin krefst þess.

2. Jóni Jóhannssyni leyft að byggja peningshús á lóð hans, Laugaveg 69, 10x6 álnir að stærð, með eldvarnarveggjum á tvær hliðar. Húsið einnig úr steini.

3. Ingimundi Ögmundssyni leyft að byggja salerni  $3\frac{1}{4} \times 1\frac{3}{4}$  álnir á baklóð hans á Túngötu 50.

4. Samúel Ólafssyni söðlasmið leyft að breyta gluggum á framhlið húss hans á Laugavegi 63.

5. Samþykkt að veita skólastjóra Páli Halldórssyni leyfi til að byggja haughús og fjós á erfðafestulandi hans í Kringlumýri. Fjósið á að vera 12x5 álnir og haughúsið 6x7 álnir.

6. Erindi Ólafs Jónssonar um endurgjald fyrir lóð við Kárastíg frestað til næsta fundar og falið Knud Zimsen, Jóni Jenssyni og bæjarverkfræðingnum til íhugunar.

7. Sigurði Eiríkssyni reglubóða leyft að byggja geymsluskúr 3x10 álnir á lóð hans við Grettisgötu.

Rögnvaldur Ólafsson ekki á fundi.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Kristján Þorgrímsson.  
Jón Jenson. Sveinn Jónsson. Sig.Thoroddsen.



Ár 1910, laugardaginn h. 15. janúar átti byggingarnefndin fund með sér og gjörðist þá það er nú skal greina:

1. Þorsteini Guðmundssyni Þingholtsstræti 12 leyft að setja glugga á skúr við íbúðarhús hans og flytja salerni út að mörkum, með því skilyrði að settur verði þar eldvarnarveggur.

2. Guðmundi Eyjólfssyni Bergstaðastræti 11 leyft að byggja hey og peningshús 8x11 1/2 al. á lóðarmörkum gegnt lóð Guðmundar Símonarsonar, með því skilyrði að samþykki Guðm., sem sýnt hefur verið byggingarnefnd, verði Þinglesið sem kvöð á húseign (Guðmundar).

3. Jóhanni Hjörleifssyni leyft að hafa hús það einlyft er honum var veitt leyfi til að byggja á fundi nefndarinnar (-byggingar-) 16. októ. f.á. að öðru leyti standa þá gjörð ákvæði byggingarnefndar óhöggð.

4. Carl Frederiksen bakara leyft að setja glerbak yfir garðpláss 4 1/2 x 8 áln. milli íbúðarhússins Vesturgötu 14 og pakkhússins þar fyrir neðan.

5. Hannesi Hafstein bankastjóra leyft að hafa skemmtiskýli 4 1/2 x 4 3/4 álnir við íbúðarhús hans við Tjarnargötu.

6. Jóhanni Jóhannssyni Laugav. 19 leyft að byggja tvílyft geymsluhús 12x9 áln. og salerni 2x2 áln. jafnframt því, að rífið verður niður geymsluhús á lóðinni 6x8 áln. með skúr 5x6 álnir.

7. Lagt fram til umsagnar erindi frá Ásgeiri Sigurðssyni, þar sem hann f.h. eigenda Melkotstúns býður bænum forkaupsrétt að 1200 ferálmum úr nefndu erfðafestulandi og biður um samþykki til þess að breyta þessum 1200 ferálmum í byggingarlóð, Ef bæjarstjórnin ekki notar forkaupsréttinn. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin noti ekki forkaupsréttinn en óskar uppdráttar af erfðafestulandinu áður en ákvörðun verður tekin um breytingu í byggingarlóð.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og Kristján Þorgrímsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Sveinn Jónsson.  
Sig.Thoroddsen.

Ár 1910, laugardaginn 12. febrúar kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það er hér greinir:

1. D.Ostlund fyrir hönd sjöundadags aðventista leyft að reisa samkvæmishús "Betel" 25 1/2 al. langt og 11 al. breitt, ein hæð 9 1/2 al., eldvarnarveggur á aðra hlið og gafl, að öðru leyti úr timbri. Húsið stendur á sama grunni og hið fyrra, sem brann 23. jan. Byggingarnefnd athugar að, allar dyr milli samkomusals og götu skulu vera að minnsta kosti 2 álna víðar og falli hurðir allar út.

2. Byggingarnefnd kærir D. Ostlund fyrir ólöglega sundurskiptingu lóðar, þegar hann seldi húseignina þingholtsstræti 23 þannig, að íbúðarhúsið og part af lóðinni seldi hann séra Lárusi Benediktssyni, en sjöundadags aðventistum samkomuhúsið með Betel og með því nokkurn hluta lóðarinnar og varð þá of skammt bil milli húsanna sem aðgreina eignirnar.

3. D. Ostlund leyft að gera þá breytingu á hinu svonefnda Pakkhúsi í Kolasundi, er fylgir eign hans Austurstræti 17,

1. að setja 3 glugga í stað eins á suðurhlið hússins miðja og eiga þar að verða prentvélar fyrir innan(8' undir loft).

2. að setja 3 glugga í stað eins á gafl hússins uppi út að Kolasundi.

3. að þilja þar inn frá gaflinum setjarastofu 8x10 álnir og 8' lofthæð.

4. að setja upp reykháf og einn ofn niðri en annan uppi.

4. Magnúsi kaupm. Þorsteinssyni, Laugav. 24 leyft að gera ýmsar breytingar á húsinu Bankastræti 12, sð-allega að sneiða horn hússins að Bankastræti og Ingólfsstræti og að hleypa neðra gólfi niður undir götu í norðvesturhorni hússins. En þeim skilyrðum er leyfið bundið, að gerður verði nýr grunnur undir götuhliðar hússins- jafnhár þeim grunni sem er - og fullnægi húsið að öðru leyti kröfum þeim, er byggingarfulltrúi setur. Einnfremur er honum leyft að gera skúr fyrir innngöngu og stiga 4x3 og 2x6 áln. að stærð, skúrin er á bakhlið hússins.

5. Áður en byggingarnefnd getur mælt með breytingu 1200 ferálna af Melkotstúni í byggingarlóð (handa Lárusi H. Bjarnasyni) verður hún að krefjast þess, að fram verði lagður skýr og réttur uppdráttur með mælikvarða, er sýnir skiptingu túnskakarinnar í lóðir, og að norður og austurtakmörk lóðar þeirrar er hér um ræðin, verði hornrétt við götujaðar Tjarnargötu og Skot-hússtígs.

6. Undirnefnd sú, er kosin var til þess að athuga erindi Ólafs Jónssonar um lóð þa er um getur í fundargerðum 15. júní 1907, 7. atriði, og 12. des. 1908, 2. atriði, leggur til, að annað hvort eigi Ólafur kost á að fá aukna lóðina um 64 ferálnir, svo að hún verði 480 ferálnir eins og hann galt fyrir, eða að hann fái greitt andvirði þessara 64 ferálna, er á lóðarstærðina (480 ferálnir) vantaði, með kr. 160 fyrir hverja ferálnin (ath. sama verð og Ólafur gaf Jónasi Þorsteinssyni fyrir hana).

Fleiri mál ekki til meðferðar. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Kristján Þorgrímsson.  
K.Zimsen. Sveinn Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson.  
Sig.Thoroddsen.

Ár 1900, þeiddjudaginn 1. marz kom byggingarnefnd saman á fund og tók þar þá sæti í fyrsta sinni Guðm. kaupm. Olsen sem slökkviliðsstjóri, en þeim starfa hafði Kr. Þorgrímsson sagt af sér.

Á fundinum voru tekin til meðferðar mál þau er hér greinir:

1. Jóni járnsmið Sigurðssyni 54 A leyft að gera inngönguskúr við hús sitt, með því skilyrði, að eldvarnarveggur komi á þá hlið hússins er að nággranna veit.

2. Verzluninni "Edinborg" leyft að flytja hús það, er stendur vestanvert við Iðunni, vestur að steinhúsinu, sem er aðal fiskgeymsluhús Sjávarborgar. Húsið, sem flytjast á er 14x8 áln. á stærð.

3. Helga Hannessyni úrsmið leyft að flytja vestari inngöngurið að húsinu Bankastræti 12, um ca. breidd sína til austurs.

4. Byggingarnefnd mælir með því að 1200 ferálnum af Melkotstúni, suðvesturhorni við Tjarnargötu og Skot-hússtig, verði breytt í byggingarlóð, samkv. afmörkun lóðarinnar á framlögðum uppdrætti, og mega samningsaðilar kjósa, hvar af hinum sýndu tvennu takmörkum þeir velja.

5. Landsbanka Íslands leyft að skilrúma sundur salinn á 2. hæð Landsbankahússins í austurenda, og gera þær meðal annars eldtraustan skáp; en með því skilyrði er leyfið veitt, að allir veggir standi á undirstöðu er byggingarfulltrúi tekur fullgilda, og sérstaklega standi steinveggir alla leið neðan frá grunni.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sveinn Jónsson. K.Zimsen.  
Jón Jensson. G.Olsen. Rögnvaldur Ólafsson.  
Sig.Thoroddeén.

Laugardaginn 12. marz árið 1910 kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það, er hér um getur:

1. Thomsen leyft að færa dyrnar á austurgaflinum á húsinu Kolasund 2 lítið eitt til hliðar, suður á við.

2. Landsbankanum leyft að láta breyta bakinu á blikksmiðjunni við Agisgötu og Nýlendugötu (áður eign Péturs sál. Jónss. blikksm.), þannig að mænir komi á mitt húsið (var áður skúrþak); byggingarnefndin setur það skilyrði að syllur verði bundnar í hverbitana með járnakkerum.

3. Byggingarnefnd leggur til að Helga steinsmið Jónssyni verði lóð undir íbúðarhús og peningshús við Laugaveg að norðanverðu. Lóðin byrjar 160 álnir austan frá við Spítalastígvegi og er 50 álnir meðfram Laugavegi; syðri jaðar lóðarinnar sé 10 álnir norður frá brún Laugavegar og lóðin 35 álna breið til norðurs. Um lóðarverðið voru skiptar skoðanir, og varð ofan á að leggja til 30 aura verð á feralin.

4. Helga steinsmið Jónssyni leyft að reisa íbúðarhús á ofangreindri lóð (3. líð) 12 1/2 al. á hvern veg, með tveim inngönguskúrum hvorn 4x4 áln.; stigi er of mjór á uppdrætti, á að vera 1 al. 9" í minnsta lagi. Byggingarnefndin gefur fyrir sitt leyti leyfi til, að Helgi megi gera peningshús og hlöðu (í einu húsi) 14x20 álnir, með því skilyrði að það standi að minnsta kosti 5 álnir norður frá fyrirhuguðum götujaðri og í lögakveðinni fjarlægð frá íbúðarhúsinu. Fram með Laugavegi komi frá austurhorni íbúðarhússins, þétt og há girðing austur á lóðarmörk. - Hús þessi verða úr steini.

5. Thomsen leyfðar ýmsar breytingar á austurhluta hússins Hafnarstræti 21 (Bazarömp).

6. Jóhannei Lárussyni leyft að breyta smíðahúsi Skólavörðustíg 4 C í íbúðarhús, með því skilyrði að breytingin fari fram undir sérstakri umsjón byggingarfulltrúans og fullnægi í öllum atriðum kröfum bsmþ. um íbúðarhús, ennfremur að afsalið fyrir lóðarræmu þeirri, er hann kaupir undir húsið, sé þinglesið.

7. Jóhannesi Lárussyni leyft að breyta geymsluhúsi hans Lækjargötu 12 A, samkv. uppdrætti, þannig að geymsluhúsið verði 6x15 áln. með salerni 4 1/2 x 2 1/2 al.; en jafnframt rífið niður geymsluhús 5x4 1/2 al. Hið nýja geymsluhús stendur á mörkum með eldvarnarveggi á þrjá vegu.

8. Biskupsfrú El. Sveinsson leyft að byggja eina

hæð ofan á suðurhelming húss hennar, Vesturgötu 19, gera inngöngudyr í vesturgötu hússins, stiga upp frá heim, og reykhálf í vesturenda hússins.

9. Lárusi H. Bjarnasyni skólastjóra leyft að reisa íbúðarhús 15x17 álnir á horninu Tjarnargata-Skothússtígur í Melkotstúni. Húsið standi 5 álnir frá nyrðri lóðarmörkum og 5-8 álnir frá jaðri Tjarnargötu.

Fleira ekki fyrir tekið. Á fund vantaði Svein Jónsson og Guðm. Ólsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Sig. Thoroddsen. K. Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1910, þann 2. apríl kom byggingarnefndin saman á fund og gerðu þar það er hér segir:

1. Magnúsi Þorsteinssyni leyft að setja 2 glugga í staðinn fyrir einn á húsi hans, Bankastræti 12, sem og að hafa fótstykkið undir glugganum heilt í staðinn fyrir í bútum að miðjum gluggum.

2. Steingrími Guðmundssyni, Brynjólfi Björnssyni og Lárusi G. Lúðvígssyni léyft að reisa hæsnahús á Holtastaðalóð (við Laufásveg) efst við Bergstaðastræti 22x5 álnir.

Sömu menn biðja um að fá að láni lóðarræmur, sem bærinn á milli lóðar Þeirrar, sem hæsnahúsið á að byggjast á, og túns Björns Símonarsonar, en þessi lóðarræma bæjarins er ætluð undir veg. Byggingarnefndin leggur til að þeim verði léð lóðarræma þessi til notkunar, með því skilyrði, að hún verði afhent aftur bæjarstjórninni fyrirvaralaust, hvenær sem þess verður krafizt, án nokkurs kostnaðar fyrir bæinn, eins og líka taka verður burt mannvirki þau er gjörð verða á lóðinni lóðareigendum að kostnaðarlausu. Lóðarræman er að stærð ca. 650 ferálnir. Nefndin leggur til að leigan eftir lóðina verði 10 kr. á ári.-

3. Var lögð fram kæra frá Helga Hannessyni dags. 22. f.m., en með bréfi þessu kærir hann byggingarnefnd og bæjarstjórn til stjórnarráðsins fyrir það, að með eiganda hans að húsinu nr. 12 við Bankastræti hefur verið leyfð breyting á sínum húshelming, án þess að byggingarnefndin krefðist eldvarnarveggs. Lögð var ennfrémur fram skrifleg umsögn bæjarverkfræðingsins um kærana, og vísar nefndin til hennar í einu sem öllu að því viðbættu, að þar sem hér er um eitt hús að ræða gat ekki komið til mála að krefjast þess, að eldvarnarveggur veri settur.

4. Helgi Jónsson steinsmiður sækir um að breidd lóðar Þeirrar, er hann kaupir við Laugaveg, verði ákveðin 25 álnir, í staðinn fyrir 35 álnir, en að lóðin verði lengd um 4 álnir. Nefndin leggur til að lóðin verði lengd um 5 álnir. Yrði þá stærð lóðarinnar 55x30 áln.

5. Tryggva Árnasyni trésmið synjað að svo komnu um að gjöra breytingar á húsi hans við Hverfisgötu.

6. Sigurði Jónssyni barnakennara leyft að byggja íbúðarhús 7x5 álnir við bakhlíð á húsi hans, Laufásveg 35, og breyta herbergjaskipun í húsinu samkvæmt uppdrætti.

7. Jónatan Þorsteinssyni kaupmanni leyft að byggja smíðahús 21 1/4x14 álnir á lóð hans við Vatnsstíg nr. 3. Er ætlað til að í það verði settar smíðavélar og gasmótor, en til þess þarf samþykki brunamálanefndar.

8. Guðmundur Hannesson héraðslæknir fer þess á leit, að afmarkað verði hússtöði á austurhorninu við Hverfisgötu og Ingólfsstræti. Nefndin fól bæjarverfræðingnum að afmarka austurjadarinn á fyrirhugaðri framlengingu Ingólfsstrætis, samkvæmt ákvæðum bæjarstjórnarinnar 21. febr. 1907.

9. Erindi Frederiksens bakara um að byggja hús við Vesturgötu vísað til bæjarverfræðingsins til nánari athugunar.

10. Hannesi Þorsteinssyni alþingismanni leyft að gjöra ýmsar breytingar á húsi sínu, austurenda hússins nr. 3 í Austurstræti.

Á fund vantaði Jón Jensson, Rögnvald Ólafsson og Guðm. Ólsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Sveinn Jónsson.  
Sig. Thoroddsen.



Ár 1910, þ. 16. apríl kom byggingarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra í fyrsta sinn eftir að bæjarstjórnin hafði á ný kosið í nefndina. Á fundinum var Rögnvaldur Ólafsson kosinn skrifari. Á fundinum gjörðist það er hér segir:

1. Tryggva Árnasyni trésmið leyft að gjöra breytingu á húsi hans við Hverfisgötu, samkv. uppdrætti.

2. Guðmundur Hannesson héraðslæknir sækir um að mega byggja íbúðarhús einlyft með porti 16x16 álnir á horni Hverfisgötu og framlengingar Hverfisgötu Ingólfstrætis en lóð undir húsið hefur hann keypt af landsstjórninni. Byggingarnefndin vísar til fundarsamþykktar sinnar 17. marz f.á., að hún ógjarnan vilji leyfa nema væn hús og séleg við Hverfisgötu neðanverða, og vill skjota því til bæjarstjórnarinnar hvort hún vill leyfa að byggja hús á þessum stað, þeirrar stærðar og gerðar, sem teikningar af húsinu sýna.

3. Alþingismaður Hannes Þorsteinsson sækir um leyfi til þess að mega láta tröppur út af fyrirhugaðri búð í austurenda hússins Austurst. 3 ná 30 þumlunga úr á gangstúttina. Nefndin getur ekki mælt með því, að undanþága þessi verði veitt.

4. Emil Jensen bakara leyft að byggja íbúðarhús 21 1/2 x 12 áln. t 6 1/4 x 12 áln. með skúr 3 3/4 x 3 3/4 al. og salerni 3 3/4 x 2 1/4 við Þingholtsstræti 23 á lóð húss þess er brann. Hann sækir um að verða undanþegin því að greiða byggingarleyfisgjald. Nefndin er því mótfallin að sú undanþága verði veitt.

5. Jóhannes Jóhannesson sækir um að fá þá undanþágu, að viðirnin í grindinni á geymsluhúsi, er hann byggir við Laugaveg 17, megi vera 3x4 og 3x3 í staðinn fyrir 4x5 og 4x4. - Byggingarnefndin vill ekki mæla með, að hann fái þessa undanþágu.

6. C. Frederiksen bakari sækir um leyfi til að byggja bakari og íbúðarhús við Vesturgötu norðanverða andspænis gamla Hótel Reykjavík 17 1/2 x 15 áln. með viðauka 29 3/4 ferhyrningsálnir. Byggingarnefndin vill því að eins leyfa byggingu hússins, að það verði sett svo norðarlega á lóðinni, að 20 álnir verði yfir að Hótel Reykjavík, enda ætlast nefndin til að Vesturgata verði 20 álnir á breidd. Ennfremur vill nefndin ekki mæla með því, að undanþága verði veitt að því er þakaalla snertir, og er byggingarleyfið einnig því skilyrði bundið, að þakhallinn verði í samræmi við 13. gr. byggingarsamþykktarinnar.

7. Jón Þórðarson kaupmaður sækir um leyfi til að

byggja hús við Bankastræti milli hússins Þingholtsstræti 1 og Bankastræti 10, að stærð 15 3/4 x 14 3/4 áln. Jafnfram verða rifnir niður 2 skúrar 9 1/4 x 9 1/4 og 4 1/2 x 2 álnir. Nefndin veitti hið umbeðna leyfi. Gangur, að minnsta kosti 3 álna breiður skal gjörður frá Ingólfsstræti inn á óbyggðu lóðina, eins og uppdrátturinn sýnir.

8. Hannes Thorarensen og Jón Jakobsson sækja um að mega breyta erfðafestulandi þeirra fyrir ofan Þingholtsstræti, Steinholtsbletti í byggingarlóð, samkvæmt uppdrætti er beiðninni fylgir. Nefndin leggur til að heimilað verði að breyta erfðafestulandinu í byggingarlóð með því skilyrði að bærinn fái ókeypis land það er þarf undir Grundarstíg og undir Þvergötu milli Laufásvegur og Bergstaðastrætis, og enn fremur að landeigendur greiði hið áskilda gjald 20% í bæjarsjóði.

9. Beiðni Ólafs gullsmíðs Sveinssonar að mega breyta húsi hans í Austurstræti nr. 5, vísað til byggingarfulltrúa til athugasemja um styrkleika viðanna o.fl. og honum falið að leita samkomulags við umsækjanda.

10. H.Th.A.Thomsen leyft að setja hurð á vesturgafli Mörugeymsluhúss þess, er liggur að pallinum við bæjarbryggjuna. Leyfið veitt með því skilyrði að hurðir verði látnar ganga inn í húsið.

11. Þorleifi Guðmundssyni veitt leyfi til að byggja upp hús þau er brunnu í Saudagerði fyrir nokkrum, íbúðarhús 12x12 álnir með skúr 2x2 áln. og áfastri hiðnu og fjösi 16x12 áln. Leyfið er bundið því skilyrði, að vagnfær vegur verði gjörður heim að hústæðinu áður en byrjað er að byggja.

12. Vilhjálmi Bjarnarsyni Rauðará leyft að byggja fjós og heyhlöðu á Rauðará, að stærð 12x22 álnir með skúr 6 1/2 x 5 álnir og yfirbyggt port 6x17 1/2 al. Samþykki heilbrigðisnefndar áskilið..

13. Guðríður Jónsdóttir sækir um leyfi til að byggja geymsluhús úr steinsteypu við Laugaveg 33, með eldvarnarvegg að lóðarmörkum. Þetta vill nefndin veita, en vill ekki mæla með því, að sú undantága verði veitt, að þakið megi ná út fyrir eldvarnarvegginn.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sig.Thoroddsen. G.Olsen.  
Fr.Gunnarsson. K.Zimsen.

Ár 1910, laugardaginn 7. maí kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar þannig fram:

1. Elías Elíasson Kleppi hafði beðið um að fá breytt allt að 1000 ferálmum af erfðafestulandinu Litlaholtsbletti við Skólavörðustíg og boðið bæjarstjórn forkaupsrétt, en fyrirhuguð kaup ganga til baka eftir því, sem hann hefir skýrt borgarstjórn frá, og því erindið afturkallað af hans hálfu.

2. Tilkynnt bréf stjórnarráðsins, dags. 28. apríl f.á. viðvíkjandi kæru Helga úrsmíðs Hannessonar útaf hækkun vesturhlúa hússins Bankastræti 12. Gerðir byggingarn. og bæjarst. samb. af stjórnarráðinu.

3. Beiðni Guðm. Hannessonar vísað til nefndar. S.Thoroddsen, K.Zimsen og Rögnvaldi Ólafsson, er láti uppi álit sitt á aukafundi næstkomandi þriðjudag.

4. Ólafi Sveinssyni gullsmíð leyft að byggja eina hæð ofan á búð sína og vinnustofu Austurstræti 5, þannig, að þar sem undirhúsið er 9x12 álm. verður yfirbyggingin 9x14 álmir og gengur 2 álmir útyfir bakhlíðina. Ennfremur leyfðir 3 kvistgl. á gamla húsinu og opnar veggvalir.

5. Guðm. Gamalielssyni leyft að gera gluggakvist ca. 2 álma br. á vesturbakhlíð huss hans Lækjarg.6 A.

6. Sigurjóni trésmíð leyft að byggja tvílofta viðbót við 10 C í Lækjargötu, 10x5 álmir að stærð, og þar að auki kvottakjallara steiptan, mestallan í jörðu, að stærð 5 1/2 x 6 álmir. En byggingarnefnd kærir Sigurjón til sekta fyrir að hafa byrjað og haldið áfram hússmíðinni áður en teikningar voru samþykktar og leyfi veitt til byggingar.

7. Jóni Jónssyni, Eyvík, Grímsstaðaholti, leyft að gera hús fyrir fjós og hlöðu, 6x10 álmir að stærð, í norðvesturhorni lóðar hans.

8. Sigurði Björnssyni kaupm. Grettisg.38, leyft að gera skúr, 7x12.álm. við austurgafll húss hans.

9. Davíð Ostlund leyft að gera breytingar á gluggum á húsi hans Austurstr. 17, en jafnframt kærir byggingarnefnd hann fyrir að hafa byrjað á verkinu án byggingarleyfis.

10. Páli Halldórssyni skólastjóra leyft að gera bráðabýrgðaskúr áfastan við fjós hans á erfðafestulandi hans í Kringlumýri; skúrinn 4 1/2 x 4 1/2 al. að flatarmáli.

11. Beiðni Gísla Hjálmarssonar kaupm. frestað til aukafundar á þriðjudag, vegna ónógra upplýsinga um lóðina.

12. Verzluninni "Edinborg" leyft að gera samgöng skúr milli verzlunarhúsa sinna tveggja: búðarinnar við Austurstræti og veinafarvörubúðarinnar við Hainarstræti. Skúrinn á að standa á stólpum, svo að gengi verði undir, 4 alm. breiður og 14 1/2 al. langur.

13. Lesið upp bréfi Jóns Þórðarsonar kaupm. til byggingarnefndar viðvíkjandi stæði húss þess, er hann hefir farið fram á að fá byggt við Bankastr., og verið ur bréfið lagt fyrir bæjarstjórn.

14. Erindi Jóhanns kaupm. Jóhannessonar um að fá undanbágu frá ákvæðum bsmb. um viðagildleik hafði bæjarstjórn vísað til byggingarn. til ítrekaðrar íhugunar. Byggingarnefndin heldur fast við að synja um undanbágu þessa og kærir jafnframt Jóhann fyrir að hafa brotið áðurgreind ákvæði byggingarsamþykktarinnar og krefst þess að bönnuð verði afnot hússins, nema lagfært sé.

Öðrum málum frestað til aukafundar, er áður var nefndur. Knud Zimsen og Tryggvi Gunnarsson gengu af fundi fyrir fundarlok.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. G. Olsen. Jón Jensson.  
Sig. Thoroddsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1910, þriðjudaginn 10. maí, kom byggingarnefnd saman á aukafund og voru þar rædd þau mál er hér greinir:

1. Jóni Þorsteinssyni söðlasmið leyft að gera tvílofta íbúðarhús úr steinsteypu, 14x14 áln. og inn-gönguskúr 10x4 áln. á lóðinni Laugav. 76, er hann hefir keypt af Sig. Guðm. frá Selalæk. Honum er leyft að setja húsið 1 1/2 al. fyrir vestan (4 álna breiðan) stigin upp að húsi Sigurðar Eiríkssonar (sbr. fundargerð 16. febr. 1907, 10. lið), með því skilyrði að stigur þessi haldist opin. Lóðin er 25 álnir tæpar fram með Laugavegi frá stignum, en dýptin ca. 30 áln.

2. Guðm. héraðslækni Hannessyni leyft að reisa hús það er um getur í fundargerð 16. apríl, 2. lið og 7. maí 3. lið, með þeim skilyrðum er hér greinir:

1. að landsstjórnin láti bænum í té ókeypis lóð undir Ingólfsstræti milli Bankastr. og Hverfisgötu,

2. að hæð og breidd gangstéttanna í Hverfisgötu og Ingólfsstræti verði ákveðin áður en hússtæðið verður mælt út,

3. að 1. gólf verði ekki meira en 4 álnir yfir gangstétt á horninu,

4. að sprengt verði svo réflega fyrir útveggjum hússins, að sprengja megi síðar fyrir gangstéttum húsinu að skaðlausu,

5. að syllur hvíli ekki á portveggjum, heldur á bakstólum innan við portveggina, - að bitaendar hvíli á nægilega stórum fleti í veggjunum, - að kjallaraveggir séu ekki þynnri en 12", - að karmar og grindur glugga glugganna tveggja í bogadregna horninu verði bogadregnir eftir bogalínu á horninu sjálfu,

6. að 3 álna inngangur sé fyrir slökkvitól frá Hverfisgötu, meðan Ingólfsstræti er ógert á þessu svæði.

3. Jóni kaupm. Þórðarsyni leyft að gera skúr 4x10 álnir að stærð á lóðinni Skólavörðustíg 17 bak við hús það, er þar er fyrir, er á mörkum til austurs. Leyfið er bundið því skilyrði, að eldvarnarveggur komi á þær hliðar, sem nær eru mörkum en 5 álnir.

4. Gísla kaupm. Hjálmarssyni leyft að reisa þrílofta íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni Laugaveg 8, þannig lagað, að fram með Laugavegi er húsið 22 1/2 al. x 9 áln. og aftur úr því 22x14 álnir. "Karnap" á framhlið miðri..

Fleira ekki fyrir tekið. K.Zimsen gekk af fundi og Guðm. Ólsen kom ekki á fundinn. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Tr. Gunnarsson.  
Sig. Thoroddsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Sama ár og dag og fyrr greinir var fundur settur á ný; höfðu undirritaðir byggingarnefndarmenn gengið á vettvang, þar sem C. Frederiksen bakari biður um útmælingu á ~~lökk/und/~~ hússtöði. Kom það í ljós að hús stóðu allskipulega norðan götunnar að sunnan götunnar vestanverða. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að framhald hins nýja húss Frederiksens megi ganga úr suðvesturhorni húss þess, sem nú er bakaríið hans, og stefni jafnhliða þeirri húsastefnu norðan götunnar og vestan húss Frederiksens, sem byggingarfulltrúi telur réttasta meðalstefnu eftir mælingu á ofangreindum hluta götunnar.

Ennfremur mælir byggingarnefnd með því að sú undanþága verði veitt, að þak hússins megi vera eins og uppdráttur sýnir (brotið) með því skilyrði að ekki sé íbúð á loftinu (3. gólf).

Páll Einarsson. Sig. Thoroddsen. Tr. Gunnarsson.  
Jón Jensson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1910, þ.14. máí, var hinn ákveðni fundardagur byggingarnefndarinnar, en á fundinum mættu aðeins borgarstjóri Páll Einarsson og Jón Jensson auk byggingarfulltrúans. Fór þá fram það er hér segir:

1. Guðmundur Jakobsson snikkari sækir um leyfi til að mega setja dyr í staðinn fyrir glugga austast á suðurhluta hússins nr. 7 í Bankastræti. Lagt er til að þetta verði samþykkt.

2. Sigurjón Sigurðsson snikkari sækir um að fá undanbágu frá því að bitar í viðbót þeirri, sem hann byggir við húsið nr. 10 C í Lækjargötu megi vera 3x7 1/2" með 1 al 5" millibili í stað 5x6" tré með 1 1/2 áln. millibili. Mælt er með því, að þessi undanbága verði veitt, með því skilyrði, að bönd verði sett milli allra bitanna.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Sigþ. Thoroddsen.

Ár 1910, laugardaginn 28. maí kom byggingarnefnd saman á fund, og gerðist þar það er hér greinir:

1. Jóhannesi Lárussyni leyft salerni 3x2 áln að stærð, á lóð hans Skólavörðustíg 4 C.
2. Helga Magnússyni & Co. leyft að gera ýmsar breytingar á húsinu Bankastræti 6. Breytingarnar teljast ekki veikja húsið að neinu leyti.
3. Gísli Hjálmarssyni kaupmanni leyft að breikka framhúsið, sem honum var leyft að reisa á byggingarnefndarfundi 10. f.m. 4. stafl., úr 9 í 9 1/4 al., þannig að það verði 22 1/2 x 9 1/4 al. Líkur taldar nú til að lóðin sé allt að 1100 ferálmum. Ennfremur leyfðar veggsvaðir eins og uppdráttur sýnir.
4. Sifúsi bóksala Eymundssyni leyft að gera þær breytingar á húsi sínu Lækjargötu 2, að setja nýjar inngöngudyr í stað glugga, setja glugga í efri hæð yfir þeim, breyta ljósmyndastofunni á 2. hæð í löglega íbúð og gera stiga þangað upp.
5. Guðríði Jónsdóttur leyft að reisa viðbót úr steinsteypu við íbúðarhús sitt Laugavwg 33, í stað þakkhúss þess sem henni var leyft að reisa á fundi 13. apríl s.l. 13. lið. Viðbótin er 7x15 1/2al. tvílofta með kvistum á báðum hliðum. Ennfremur er henni leyft að breyta gluggum á framhlið hússins sem nú er, en synjað um að lækka grunninn og þar með húsið um 1al 18" eins og hún fer fram á, þar sem ekki liggja fyrir fyrir neinar áreiðanlegar upplýsingar um tryggilegan frágang á þessu verki. Átlazt er til að geymsluhús 14x5 álnir, sem stendur á lóðinni, verði rífið niður. Sót er um endurgreiðslu á byggingarleyfisgjaldi, en þeirri beiðni leggur nefndin til að sé synjað.
6. Helga trésmið Thorarensen leyft að reisa tvílofta íbúðarhús úr timri við Þinghóltsstræti á lóðinni 21 a norðanverðri. Húsið er 12x16 álnir að stærð með skúr 4x3 1/2 al.
7. Haraldur Guðmundssyni (frá Háeyri) í umboði Ara Jónssonar alm. leyft að reisa íbúðarhús úr steinsteypu í Sauðagerði. Húsið er að stærð 12x22 áln. og 4 1/2 x 10 1/2 og skúr 6x3 1/4 al. og ein hæð nema skúrinn. Þeim skilyrðum er leyfið bundið, að þakið verði þeim mun brattara að risið hækki um eina alin að m.k. og skambitar að því skapi, til þess að íbúðarherbergi og uppi fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktarinnar, ennfremur að frágangur á þaki og pallgólfi verði tryggir.



legur. Byggingarleyfi Þorleifs kaupm. Guðmundssonar  
16. apríl 11. lið er hér með fallið úr gildi.

8. Eyvindi Árnasyni og Jóni Selberg leyft að  
reisa steinsteypphús 14x15 álnir við suðurendann á  
smíðahúsi þeirra félaga við Laufásveg. Eldvarnar-  
veggur er í báða enda hússins, húsið kjallari og ein  
hæð. Reykháfur verður að ná a.m.k. jafnhátt mæni á  
eldra húsinu.

9. Kjartani Gunnlaugssyni kaupm. leyft að reisa  
einlofta íbúðarhús 14x12  $\frac{3}{4}$  al. að stærð, á lóð við  
Þingholtsstræti er hann kaupir að Jóni landsbókaverði  
Jakobssyni o.fl.

Fleiri mál ekki fyrir hendi.

Á fund vantaði Jón Jensson, Knud Zimsen og Guð-  
mund Olsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr.Gunnarsson. Sig. Thoroddsen.  
Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1910, laugardaginn 11. júní kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar þannig fram:

1. Guðna Símonarsyni gullsmið leyft að reisa einlofta, portbyggt íbúðarhús úr timbri 10x11 álnir að stærð með inngönguskúr 2 1/2 x 5 áln. á lóð hans við Óðinsgötu og Spítalastíg, og skal byggingarfulltrúi sjá um að akfær vegur verði gerður að húsinu. Gamla húsið verður rífið niður og kemur þetta nýja hús á þess stað.

2. Jóhanni Ásmundssyni leyft að reisa einlofta, portbyggt íbúðarhús úr ~~timbri~~ (timbri) 11x11 álnir með inngönguskúr 5 1/2 x 3 1/2 al. á lóð hans á horninu milli Lindargötu og Klapparstígs. Bærinn nr. 18 Klapparstíg verður rifinn.

3. Lúðvig Hafliðasyni leyft að breyta gluggum á framhlöð hússins Vesturgötu 11.

4. Sameignarfélagi Norðurmýrarbletts nr. 2 leyft að reisa einlofta geymsluhús úr steinsteypu 12x12 áln. á nefndum bletti fyrir sunnan framlengingu Njálsgötu, samkv. uppdrætti af lóðinni, er lögð var fyrir fundinn.

5. Magnúsi kaupm. Þorsteinssyni leyft að sleppa bust af horni hússins Bankastræti 12, er honum var leyft að gera breytingar á á fundi 12. febrúar.

6. Erindi frá Hlutafél. Sjávarborg um að mega byggja skýli milli fiskhússins og fiskburrkunarhúss var eigi sinnt vegna vantandi uppdráttar og annara nauðsynlegra upplýsinga.

7. Erindi Jóns Laxdal um kaup eða leigu á lóð neðan við Nýlendugötu en rétt vestan við Agisgötu vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. K.Zimsen.  
Sig. Thoroddsen. G.Olsen.

Ár 1910, laugardaginn 2. júlí, kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það er hér greinir:

1. Mattíasi Kaupm. Mattíassyni leyft að gera vagnskýli austan við heyhús hans við Skólavörðustíg, 14 áln. og 18" langt meðfram götunni, en 7 áln. 12" Breytt frá götunni.

2. H.P. Duus verzlun leyft að gera fiskburrkunarhús vestast í porti sínu sunnan Fischerssunds og snúi húsið frá norðri til suðurs og er að lengd 29 1/2 al., breidd 10 álnir, tvær hæðir og hár kjallari undir. Leyfið er bundið því skilyrði, að húsið verði a.m.k. 10 áln. frá annara manna húsum, nema eldvarnarveggir komi á milli. Gamalt geymsluhús í sama portinu út við Fischersund, 23x10 áln. að stærð, verður rífið niður.

3. Jóni Laxdal gefinn kostur á að kaupa lóðaræmu vestan Egisgötu og norðan Nýlendugötu rúmar 300 ferálnir að stærð fyrir kr. 1.50 hverja feralin.

4. Jóni Björnssyni kaupm. leyft að gera tvílofta timburskúr norðan við hús hans vestanvert; skúrin er að stærð 7x10 áln. í 3x3 áln. og stendur úti á bólverki umsækjandans. Skúrin verður að nokkru nær lóð Geirs Zöega kaupm. en 5 áln., og leyfir Geir fyrir sitt leyti að skúrin sé byggð án eldvarnarveggjar, en setur það skilyrði, að Jón Björnsson geri eldvarnarvegg, ef að Geir eða síðari eigendur lóðar hans norðan Vesturgötu skyldu þurfa að byggja svo nærri húsi Jóns, að eldvarnarveggur sé áskilinn milli húsanna. Þessu skal þinglýst, sem kvöð á húsi Jóns Björnssonar.

5. Ingimundi Guðmundssyni í Oskjuhlíð leyft að gera skúr úr timbri við húsið þar norðaustanvert 13x8 áln. að stærð, og viðbót við heygeymsluhús hans 10x4 áln.

6. Beiðni Kjartans Höskuldssonar um leyfi til húsbýggingar á Elsumýrarbletti frestað, þar til fengnar eru upplýsingar um lóðarstærðina og prócentugjaldið greitt í bæjarsjóð.

7. Guðríði Jónsdóttur leyft að hækka viðbót þá við hús sitt Laugaveg 33, sem um ræðir á fundi 28. maí síðastl., 5. atriði, upp í 3 hæðir, og hækka og stækka skúr við bakhlíð hússins, sem var 3x4 áln. upp á hann verði 6x4 áln. og nái fast að viðbótinni en sé enganveginn veggærri en 14 álnir yfir jörðu. Í skúrviðbótina á að koma nýr stigi.

8. Árna Eiríkssyni verzlunarm. leyft að byggja skúr 2x6al. 17" austan við hús sitt Vesturgötu 18 og sé þar eldvarnarveggur að austanverðu.

herbergjum og stækka þau í húsinu sjálfu.

9. Eyjólfur Þorsteinsson úrsmið leyft að gera breytingar á húsi sínu Austurstræti 6, með því skilyrði að byggingarfulltrúi hafi sérstaki eftirlit með breytingu þessari og sjá um að húsið hafi nægan styrkleika eftir sem áður og verði í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktarinnar, einnig að því, að fulltraustar járnristar verði yfir birtugrófum.

10. H.f. "Baðhús Reykjavíkur" leyft með samþykki Kristjáns Þorgrímssonar að gera hlið út að Kirkjustræti við innganginn þaðan að baðhúsinu.

11. Jón Þorsteinsson söðlasmiður, sem hefur í smíðum steinhús á Laugavegi 76, sbr. fundargerð 10. maí l. lið, biður um undanþágu frá frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar um loftbita, sökum þess að aðstoðarmaður byggingarfulltrúa, Einar Erlendsson, hefur fundið að því, að bæði væru bitar of grannir og gisnir, sperrur skambitalausar 4"x4" á 15 al.6" breidd milli sperrufóta, - og kort yfir, en um leið lagt til að nýir bitar væru settir í loftið, einn á milli hverra tveggja sem fyrir eru, og skambitar settir í sperrur. Byggingarnefnd fellst að öllu til lögur Einars Erlendssonar og krefst þess, að þeim verði fullnægt.

12. Byggingarnefnd gengur suður á Mela og ákveður legu íbróttasvæðis handa sambandi íbróttafélags Reykjavíkur.

Allir á fundi nema K.Zimsen og Guðm. Ólsen.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jesson. Tr. Gunnarsson.  
Sig. Thoroddsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1910, laugardaginn 16. júlí átti byggingarnefndin fund með sér og gerðist þá það er nú greinir:

1. Kjartani Höskuldssyni leyft að byggja einloftað íbúðarhús 9x10 áln. með skúr 5 1/2 x 2 áln. á lóð hans við Laugaveg (í suðvesturhorni Elsumýrarblettis). Útmælingin er bundin því skilyrði að 20% gjaldið í bæjarsjóð fyrir breytingu landsins í byggingarlóð verði greitt áður en hún fer fram.

2. Guðrúnu Guðmundssdóttur, Laufásvegi 43, leyft að byggja skúr við norðausturhorn húss hennar, 4x6 áln. að stærð og veggsvaflir á norðurgafli hússins ásamt tröppum.

3. Ekkjufrú Lovísu Béring leyft að gjöra skúr suður úr húsi sínu, Laugavegi 6, 3x5 álnir að stærð. Annar skúr, sem fyrir er, 2x2 1/2 al. verður þá rifinn niður. Synjað um leyfi til að swtja 2 glugga á austurhlíð geymsluskúrs austan við húsið vegna nálægðar við nágrannalóðina.

4. Kristjáni Þorgrímssyni konsúl leyft að breyta herbergjaskipun niðri í húsi hans við Laugaveg 38, færa til útgöngudyr og setja glugga í stað þeirra og breyta öðrum gluggum á húsinu, allt samkvæmt framlögðum uppdrætti.

5. Bergsteini Magnússyni bakara, Hverfisgötu 34 leyft að breikka geymsluhús á lóð hans um 9x7 álnir.

6. Emil Jenssen bakara Þingholtsstræti 23 leyft að byggja inngönguskúr 3 1/2 x 3 1/2 al. á austurhlíð hins nýja húss síns þar. Honum somuleiðis leyft að hafa miðstöðvarhitun í nefndu húsi, Þingholtsstræti 23.

7. Jóni Þórðarsyni kaupmanni leyfð breyting á gluggum og dyrum samkvæmt uppdrætti á framhlíð og gafli húss þess við Bankastræti, sem hann er að láta byggja, sbr. fund 16. apríl b.á.

8. Th. Thorsteinsson kaupmanni leyft að byggja til fiskþvottar á Kirkjusandi (leigulandi hans) 30x18 áln. og sömuleiðis fiskþurrkunarhús 16x10 áln. áfast við fiskgeymsluhús hans á sama stað.

9. Jón Björnsson kaupmaður Vesturgötu 4 sækir um leyfi til að breyta efra lofti á austurhelmingi húss síns í íbúð. Með því að uppdrátturinn sýnir að inngangur í húsið með forstofutröppum er ráðgjörður á austurgafli hússins norðanverðum, en þar er bryggju-

pallur og bæjarrenna undir, sér byggingarnefndin sér ekki að svo stöddu fært að veita leyfið.

Allir á fundi nema borgarstjóri og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Í fjærveru borgarstjóra Jón Jensson. Tr. Gunnars-  
son. Thoroddsen.

Ár 1910, mánudaginn 1. ágúst kom byggingarnefndin saman á fund og hafði yfirdómari Halldór Daníelsson fundarstjórn í fjærveru borgarstjóra. Voru þar rædd þau mál er hér greinir:

1. Kröfu Sæmundar Sveinssonar Holtsgötu 8, um að fá borgaða lóðarræmu, 75 ferálnir að stærð, er tekin hafði verið af lóð hans við lagning vatnsæðar, hafði bæjarstjórn vísað til byggingarnefndar, og er tillaga byggingarnefndar sú, að Sæmundi séu greiddar 35 kr. fyrir áðurgreinda lóðarspildu.

2. Ekkjufrú Lovise Biering leyft að breyta gluggum á forhlið húss síns, Laugaveg 6, setja glugga á skúrinn við húsgaflinn, þ.e. þá hlið hans er út að götu veit, og kvistglugga á húsbakið bakatil.

3. Hafsteini L. Lárussyni leyft að gera salerni með eldvarnarvegg við austurmörk á lóð hans upp við húsið Grettisgötu 22 B. Stærð salernisins 3xl 1/2 al.

4. Bergur sútari Einarsson vill fá keyptan austurhlutann af Litlabæjarlóð (Gizurarlóð) ca. 600 ferálnir. Byggingarnefndin er ekki mótfallin því að lóðin verði seld og telur hæfilegt verð á henni kr. 1.25 á ferálin, en telur vandkvæði á því að þar verði sett upp sítunarhús, nema því aðeins að frárennsli frá því húsi verði löglega fyrirkomið alla leið niður í sjó. Þann fyrirvara vill nefndin hafa við lóðarsölu þessa, ef til kemur, að 1 til 2 álnir sunnan af lóðinni séu látnar óseldar til breikkunar sundinu frá Vatnsstíg.

Fleira ekki fyrir tekið. Fjærverandi auk formanns Jón Jensson, K.Zimsen og Guðm. Olsen.

Fundi slitið.

Í fjærveru borgarstjóra Halldór Daníelsson.  
Tr. Gunnarsson. Sig.Thoroddsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1910, laugardaginn 13. ágúst kom byggingarnefnd saman á fund og var þetta gjört:

1. Thor Jensen kaupmanni leyft að lengja útihús hans útihús á lóð hans við Frikkirkjuveg um 11 álnir. Breidd hússins er 8 1/2 alin.

2. Garðar Gíslason & Hay sækja um leyfi til að byggja geymsluhús, 50x31 alin að stærð, á Frostastaðalóð með gangi gegn um húsið endilangt. Byggingarnefndin vill veita leyfið með þeim skilyrðum

1. að húsið nái ekki norður fyrir syðri jaðar fyrirhugaðrar strandgötu, en hann er ákveðinn í stefnu við norðurvegg sláturhússins.

2. að samþykki bæjarstjórnarinnar verði fengið til að breyta lóðinni í byggingarlóð, en nú er hún erfðafestuland.

3. að ef húsið verður byggt hornrétt, þá verði austurhorn hússins að minnsta kosti 2 álnir fyrir sunnan hinn fyrirhugaða götujaðar.

3. Gunnar Gunnarsson kaupmaður fer þess á leit, að bæjarstjórn kaupri ræmu af lóð hans vestan Klapparstígs undir götu, sem þar er ákveðin. Borgarstjóra og byggingarfulltrúa falið að rannsaka þetta mál.

4. Frú Lovise Biering leyft að breyta gluggum á framhlíð hússins nr. 6 við Laugaveg.

5. Byggingarnefndin vill fyrir sitt leyfi leyfa David Ostlund að setja steinolíumótor í prentsmíðu hans við Kolasund og gjöra þar af leiðandi breytingar á húsinu. Nefndin áskilur að pípa fyrir útstreymi frá mótornum sé svo há, að engin óþægindi stafi af henni fyrir nágranna húsinu. Að öðru leyti þarf leyfi brunamálanefndar.

6. Jóni Einarssyni Nýlendugötu 16, leyft að byggja skúr 4 1/2 x 11 álnir, norðan við íbúðarhús hans þar. Leyfið er bundið því skilyrði, að íbúðarherbergi fullnægi ákvæðum byggingarsamþykktarinnar.

Allir á fundi nema Jón Jensen og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Tr. Gunnarsson. Páll Einarsson. G.Olsen.  
K.Zimsen. Sig.Thoroddsen.



Ár 1910, þ. 27. ágúst kom byggingarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Af nefndarmeðlimunum voru þeir bæjarfulltrúi Jón Jensson og slökkviliðsstjóri Guðm. Olsen ekki mættir. Á fundinum var bæjarverkfræðingurinn heldur ekki mættur og hafði heldur ekki lagt (sent) skjöl fram, en leggjast áttú fyrir nefndina á þessum fundi.

Kom hinum mættu nefndarmönnum saman um að fresta, af þessari ástæðu, fundinum til næsta mánudags kl. 7, e.h.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tryggvi Gunnarsson. K.Zimsen.  
Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1910, mánudaginn 29. ágúst, var haldinn fundur í byggingarnefndinni, og var þá gjört það er hér segir:

1. Hlutafélaginu "Völundur" leyfð breyting samkvæmt uppdrætti á herbergjaskipun í íbúðarhúsi félagsins Klapparstíg 4.

2. Sláturfélagi Suðurlands leyft að setja loftop (ventil) húsmýndað, 2 álna hátt, 3 álna breitt og 6 álna langt á bak sláturhússins (vestari arm byggingarinnar) við Lindargötu.

3. Steingrími Guðmundssyni snikkara snikkara leyfðar breytingar á neðsta gólfi í húsinu nr. 4 við Kirkjustræti, að því er snertir gluggastærð á framhlíð hússins, herbergjaskipun og gólfi; á gaflri bætist og við gluggi og ef svo sýnist, dyr í stað þeirra er nú vita út að Kirkjustræti. Breytingarnar verði gjörðar eftir því sem byggingarfulltrúi nánar samþykkir.

4. Guðrúnu Guðmundsdóttur, Laufásvegi 43 leyfð sú breyting á endurbótum þeim á húsi hennar, er samþykktar voru 16. júlí síðastl., að svalir þær, er þær ræðir um verði settar á norðurgافل skúrsins, er þær er nefndur, og skulu þær gjörðar eftir nánari fyrirsögn byggingarfulltrúans.

5. Jóni kaupmanni Þórðarsyni leyft að byggja skúr 2x4 1/2 al. (hæð 8 áln.) sunnan við hið nýja hús hand við Bankastræti 10. Það er skilyrði fyrir leyfinu, að óbyggð lóð við húseignina reynist nægileg við mælingu við mælingu byggingarfulltrúans á henni.

6. Eftir að borgarstjóri hefur rannsakað og gefið nefndinni skýrslu útaf lóðarsöluþilboði Gunnars Gunnarssonar (sbr. byggingarnefndarfund 13. s.m.), en eftir þeirri skýrslu er lóð sú, er kaupa þyrfti um 1300 ferálnir og verð fyrir hverja alin sett kr. 1.50, - þó vildi byggingarnefndin ekki leggja til, að lóðin verði keypt að sinni en álitur hættulaust, þar sem búast má við að langt líði áður til lóðarræmuna þurfi að taka undir veg, þótt lóðareigandinn setji girðingu um hana.

Borgarstjóri getur þess að lokum, að bæjarverkfræðingurinn hafi síðast liðinn laugardag, kl. 3 e.h. tjáð sér, að hann frá þeim tíma gengdi eigi byggingarfulltrúastarfinu, og hefur hann samkv. því hvorki mætt í nefndinni í dag né á laugardag.

Á fundi eru eigi þeir Rögnvaldur Ólafsson og Kn. Zimsen. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. © Þorgríður Gunnarsson

G. Olsen.

Reykjavík

Ár 1910, laugardaginn 10. sept. var haldinn fundur í byggingarnefndinni, gjörðist þá það er hér segir:

1. Magnúsi bæjarfulltrúa Blöndahl leyft að setja 3 kvistglugga á austurhlið baksins á húsi hans Lækjar-götu 6 B og 1-2 á vesturhlið baksins. Gluggarnir séu 2x3 álnir á stærð.
2. Bergi Einarssyni sútara leyft að byggja sútunar-hús 15x12 áln. með skúr við 8x5 áln. á lóð sinni (Litlu-bæjarlóð), er hann kaupir af bœnum. Undanþágu að því eldvarnarvegg snertir, vill nefndin ekki mæla með, né heldur að því gildleika eða traustleik við áhrærir, en beiðandi getur samkvæmt samþykktinni notað 5x6" tré, ef þau eru sett nógu þétt.
3. Steingrími Guðmundssyni snikkara leyft að breyta herbergjaskipun á 2. lofti í húsi hans nr. 4 í Kirkju-stræti samkvæmt uppdrætti, gjöra tvöfalt gólf og stækka bakskúrinn við húsið um 1 1/2 al. til suðursts og hækka hann um 3 al 6" og setja í hann stiga að húsinu. Skúrinn verður þá 3 1/2 al. frá austri til vesturs og 4 1/4 al frá norðri til suðurs.
4. Ólafi Sveinssyni gullsmið leyft að setja 3. kvistinn framan á hús sitt í Austurstræti 5 milli hinna 2 kvistanna er fyrir eru.
5. Guðmundi héraðslækni Hannessyni leyft að byggja skúr úr T steinum við suðurhlið húss hans við Hverfis-götu, tilraunahús fyrir gaseldun, sömuleiðis steingirð-ingu suður af vesturgafli hússins með Ingólfsstræti. Samþykkt að mæla með undanþágu frá stopp milliloft í 3 herbergjum í húsinu, gegn því að linoleum og næg pappalög verði ofan á gólfinu.
6. Samþykkt að mæla með því að Árna Eiríkssyni verzlunarm. verði veitt undanþága frá að byggja eld-varnarvegg við austurgafli anddyris skúrs þess er honum var leyft að byggja 2. júlí þ.á. (sbr. fundargjörð þann dag nr. 8). Eigandi lóðarinnar að vestan hefur lýst sig samþykkan undanþágunni, enda er þar þegar ákveðinn eldvarnarveggur.
7. Breytinar á gluggum, samkvæmt uppdrætti leyfðar á efra lofti í húsi ekkjufrúar Kristínar Ólafs-dóttur nr. 1 í Austurstræti.
8. Kristjáni kónsúl Þorgrímssyni leyft að stækka glugga á pakkhúsi hans við nr. 10 í Kirkjustræti og setja þar reykháf.

Allir á fundi nema Knud Zimsen og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Tr. Gunnarsson.  
Sig. Thoroddsen. G. Olsen.

Ár 1910, laugardaginn 1. október kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar þannig fram:

1. Emil Rakstad í Laugarnesi veitt leyfi til að reisa hús, b.e. fjós og hlöðu - á lóð þeirri er hann hefur keypt af bænum og liggur þar við Laugarnesveginn. Húsið að stærð 11x12 áln., 3 áln. vegg hæð og hátt ris, allt úr timbri.

2. Vilhjálmur bóndi Bjarnarsyni á Rauðará leyft að láta standa steinsteypuskúr 4 1/4 x 5 1/2 al., er hann hefur bætt við byggingu sína í sumar, en gleymt að beiðast leyfis. Byggingarnefndin skýtur því til borgarstjóra, hvort ás. æða sé til að kæra til sekta fyrir það, að ekki var sótt um leyfi í tæka tíð.

3. Árna Árnasyni leyft að reisa steinsteypuhús einlofta með kjallara, 9x9 áln. með inngönguskúr 2 1/4 x 3 áln., í Kaplaskjóli með því skilyrði að hann fái að breyta því af erfðafestulandi sínu, er með þarf til hússins í byggingarlóð.

4. Jóhannesi Lárussyni og Kfistófer Sigurðssyni leyft að skipta húseignum þeirra, Skólavörðustíg 4 B í tvennt með eldvarnaveggjum þvert og gera ýmsar smábreytingar á því innan, svo sem setja nýja stiga og breyta herbergjaskipun, og svo að gera skúr, óregluglegan concav áttthyrning að grunnfleti, 35 ferálmir að flatarmáli á lóðarmörkum, með eldvarnarvegg á 3 hliðar.

5. Þorsteini Þorgilssyni leyft að gera geymsluskúr bak við hús hans Kárastíg 14, 3 1/2 x 3 1/2 al. að stærð.

6. Guðm. Magnússyni skáldi leyft að gera íbúarhús úr steinsteypu við Grundarstíg. Húsið sé 12x15 áln. einlofta portbyggt með kvisti á forhlið og skúr á bakhlið, 4x3 1/2 al.; ennfremur er salerni 3 1/2 x 1 1/2 al.

7. Ellingsen skipstjóra leyft að reisa hjall 5x10 áln. vestast á lóð sinni í mörkum að lóðum Th. Thorsteinsson og Sv. Hallgrímssonar, með því skilyrði, að Þinglesin verði sú kvöð á eigninni, að ef byggt verður hús á nágrannalóðinni nær hjallinum en 10 álm. sé hann skyldur að gera eldvarnarvegg við hjallinn á sinn kostnað.

8. Helga Thordarsen leyft að rífa salerni á lóð sinni Þingholtsstræti 21 og byggja annað nýtt í stað-

inn, að stærð ...

9. Verkfræðing K.Zimsen leyft að gera ýmsar breytingar á húseign hans, Suðurgötu 8 B, þar á meðal að setja miðstöðvarhitun í húsið.

10. Gísli Þorbjarnarsyni leyfð gluggabreyting á húsinu Laugaveg 12.

Fleira ekki til meðferðar. Allir á fundi nema G. Olsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Jón Jensson.  
Tr. Gunnarsson. Rögnvaldur Ólafsson. Sig.Thoróddsen

Ár 1910, laugardaginn 15, okt. kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar fram sem hér segir:

1. Guðriði Jónsdóttur leyft að byggja geymsluhús 8x15 álnir á lóð sinni, Laugavegi 33, nyrzt, með eldvarnarveggjum á 2 vegu.

2. Gísla Gíslasyni, Frammesvegi 27 leyft að byggja geymsluhús 6x7 álnir á lóð sinni, en eldvarnarvegg skal byggja við skúrinn ef hann kemur nær nágranna - lóðinni en 5 álnir.

3. Sigurjóni Sigurðssyni o.fl. leyft að færa bakhúsið (geymsluhús) nr. 14 í Grjótagötu á norðurhluta þeirrar lóðar og gjöra úr því íbúðarhús, með því skilyrði, að það fullnægi að byggingu til kröfum byggingarsamþykktar á íbúðarhúsum. Við vesturgöfl skal þó setja eldvarnarvegg, en byggingarnefnd mælir með þeirri undanþágu fyrir húsið, að lofthæð megi vera 3 21/24 al. í stað 4 álna og að ekki þurfi að vera listar undir járn.

4. Bergur Einarsson sútari sækir um leyfi til að nota efri hæð húss þess, er honum nýlega hefir verið leyft að byggja til sútunarvinnuhúss, til íbúðar, og ef þetta verður leyft, þá óskar hann leyfis að byggja hjall eða pakkhús bak við sútunarhúsið. Byggingarnefnd vísar beiðni þessari, að því íbúðarleyfið snertir, til heilbrigðisnefndar, sbr. 27. gr. heilbrigðis-samþykktarinnar, en hinu atriðinu verður ekki svarað meðan úrskurður heilbrigðisnefndar er ófenginn.

Allir á fundi nema K.Zimsen, Rögnvaldur Ólafsson og G. Olsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. Sig. Thoroddsen.  
Jón Jensson.

Ár 1910, 29. október, átti byggingarnefndin fund með sér og gjörðist þá þáð er hér segir:

1. Frú Helgu Andersen Björnsson leyft að setja upp núrpiðu í húsi sínu, Aðalstræti 14.

2. J. Bjarna Péturssyni blikksmið leyft að byggja smíðahús með sölubúð í öðrum endanum 10x22 áln. á lóð sinni á horninu á Ægisgötu og Nýlendugötu. Eldvarnarvegur skal vera við vesturhlið hússins.

3. Jóni Laxdal kaupmanni leyft að byggja skúr með flötu þaki, 25x10 álnir á lóð sinni við Nýlendugötu. Eldvarnarvegur skal vera að vestanverðu, en að norðanverðu gegnt Slipplóðinni, má því aðeins vera eldvarnarveggslaust, að þinlýst verði sem kvöð á eigninni að eigandi hennar sé skyldur til að byggja þar eldvarnarvegg, þegar eigendur Slippslóðarinnar krefjast þess.

4. Leyfðar breytingar þær á dyrum og gluggum og herbergjaskipun í Hótel Ísland, sem farið er fram á í bréfi hóteltjóra 24. þ.m.

5. H.Th.A.Thomsen leyft að setja dyr á hús sitt við Kolasund (Nýhöfn) þó svo að tröppur frá dyrunum nái ekki lengra út frá húshliðinni en 10".

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og Knud Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Sig.Thoroddsen.  
Tr.Gunnarsson. G.Olsen.



Ár 1910, 12. nóv. átti byggingarnefndin fund með sér og gjörðist þar það er hér segir:

1. Lögð fram beiðni frá búfræðing Eggert Briem frá Viðey um leyfi til að byggja fjós og heyllöðu með nokkurri íbúð á lóð er hann ætlar að kaupa í Félagsgarði, 37 1/2 al. suður frá Laufásvegi við traðirnar vestan með Félagsgarði. Byggingarnefndin vill fyrir sitt leyti samþykkja að hann byggi fjós og hlöðu með bró og haughúsi, allt húsið 38x24 áln. t 18x21alín, en íbúðin verður ekki leyfð.

2. Var tekin fyrir beiðni Bergs Einarssonar sútara um leyfi til að nota til íbúðar efri hæð húss þess er honum hefur verið leyft að byggja (sbr. fund 10. sept. og 15. okt. síðastl.), og hafði heilbrigðisnefnd tjáð sig samþykka leyfinu, ef fráræsla væri komin í lág fullt lag áður sútun byrjar og aðeins væri fengizt við álúnsútun í húsinu, ella skyldi íbúðarleyfið falla burtu. Með því að eigi er fyrirsjáanlegt að hin heimtæða fráræsla komist í kring fyrst um sinn og hitt skilyrðið virðist eigi fallið til að byggja á því byggingarleyfi eða íbúðarleyfi í hinu nýja húsi, vildi byggingarnefndin eigi veita hið umbeðna leyfi.

3. Byggingarfulltrúanum falið að athuga breytingar þær er gjörðar hafa verið án vitundar og samþykkis byggingarnefndar á skúr Hjálpræðishersins við Suðurgötu, og gjöra tillögur til nefndarinnar því máli viðvíkjandi.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og Knud Zimsen.

Fundi slitið.

Tr. Gunnarsson. Sig. Thoroddsen. G. Olsen.  
Páll Einarsson. Jón Jensson.

Ár 1910, 26. nóv. var haldinn fundur í byggingarnefndinni og gjörðist þá það er hér segir:

1. Verkfræðing Knud Zimsen leyft að flytja salerni við hús sitt Suðurgötu 8. Stærðin óbreytt.

2. Sigurjón Ólafsson snikkari sækir um leyfi til að breyta í íbúðarhús smíðahúsinu nr. 58 B við Grettisgötu, en þannig að undanþága verði veitt jafnframt að því er snertir gildleika við á gólfum hússins. Byggingarnefndin vildi veita leyfið en á þann hátt að stöfum í göflunum, sem nú eru 3"x3 1/2" verði fjölgað svo að styrkleikinn verði sami og byggingarsamþykktin ákveður.

3. Erindi Sveins M. Hjartarsonar um að breyta húsinu á horninu á Bræðraborgarstíg og Vesturgötu frestað sökum ónógs undirbúni.

4. Lagður fram uppdráttur af herbergjaskipun á efri hæð sítunarhúss Bergs Einarssonar (sbr. síðasta byggingarnefndarfund nr. 2) en bæjarstjórnarfundur í gær hefur leyft íbúð í húsi þessu. Byggingarnefndin samþykkti uppdrátt þenna og gaf jafnframt leyfi til að byggja þurrkunarhús á lóðinni, fraskilið frá sítunarhúsinu sjálfu, 10x8 áln. að stærð.

5. Jóni Teitssyni, Spítalastíg 8, er að fengnu (samþykki) nágrannans, leyft að byggja opinn skúr út að lóðarmörkum austan undir húsi sínu.

Allir á fundi nema Tryggvi Gunnarsson og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sig. Thoroddsen. K. Zimsen.  
G. Olsen. Jón Jensson.

Ár 1910, 10. desember, var haldinn fundur í byggingarnefndinni og gjörðist þá það er hér segir:

1. Br. H. Bjarnason kaupmaður sækir um leyfi til að mega setja 3 álna djúpan kjallara undir pakkhús sitt við Vallarstræti, bæta 3 1/2 al. hárrí lofthæð ofan á það og flytja pakkhúsið um 1-1 1/2 alin til norðurs, út í götulinuna. Nefndin leyfir að gjörður væri kjallari undir húsið og það hækkað um 3 1/2 al. eins og beðið er um, en vill ekki leyfa fluttning hússins fram að götunni, með því að gatan er svo mjó, og húsið mundi þá standa frammar í götunni en næsta hús.

2. Guðríði J. Jónsdóttur leyft í stað geymsluhúss þess 8x15 álnir, er henni var leyft að byggja á lóð sinni Laugavegi 33 nyrzt, hinn 15. okt. b.á., að byggja þar á sama stað tvíloftað geymsluhús 8 1/2 x 17 áln. og salerni upp frá því 6x2 áln. Eldvarnarveggir eiga að vera á 2 vegu.

3. H.P.Duus leyft að gjöra þá breytingu á skrifstofunni, í húsinu við Aðalstræti og Vesturgötu, að dyr verði úr skrifstofunni út til Vesturgötu og að færður verði til gluggi. Ennfremur að eitt herbergi verði þar gjört úr tveimur.

4. H.P.Duus biður um leyfi til að byggja gang yfir Fischerssund milli fiskgeymsluhúss verzlunarinnar beggja megin við sundið. Leyfisins synjað.

5. Út af erindi biskups Þórhalls Bjarnasonar viðvíkjandi afstöðu lóðar Eggerts Briem við Traðirn- ar milli Félagsgarðs og erfðafestulands biskups, var borgarstjóra og byggingarfulltrúa falið að leita samkomulags við hlutadeigendur um breytingu á fjósstæði því, sem leyft hefur verið á lóð Eggerts.

Allir á fundi nema Knud Zimsen, Rögnvaldur Ólafsson og G. Olsen.

Fundi slitið.

Þáll Einarsson. Jón Jónsson. Tryggvi Gunnarsson. Sig. Thoroddsen.

Ár 1911, triðjudaginn 3. janúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og komu þá fyrir þessi mál-efni:

1. Th. Thorsteinsson kaupmanni leyft að byggja viðbót við fiskgeymsluhús sitt á Kirkjusandi 10x25 á ln. að stærð.

2. Lárusi uppgjafapresti Benediktssyni leyft að breyta sölubúð við hús hans Laugavegi 57 í íbúð, með því skilyrði að breytingin verði gjörð þannig, að ákvæðum byggingarsamþykktarinnar verði fullnægt. Við húsið verður byggður skúr 3x2 1/2 al. og salerni 1 3/4 x 1 1/2 al.

3. Guðríði J. Jónsdóttur leyft að setja kvist á suðurhlíð geymsluhúss þess, Laugavegi 33, er leyft var á síðasta fundi (10. f.m.).

4. Viðvíkjandi flutningi á geymsluhúsi B.H.Bjarnarsonar kaupmanns út að Vallarstræti (sbr. síðasta fund nefndarinnar) hafði nefndin athugað breidd götunnar og reyndist hún 10 álnir frá húsi Björns Símonarsonar. Ákvað nefndin að láta það hús ráða götubreiddinni að sunnan og endurtekur þá tillögum sínar um að B.H.Bjarnarsyni verði synjað um hinn umrædda flutning á geymsluhúsinu fram í götuna.

Allir á fundi nema Knud Zimsen og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi sliðið.

Páll Einarsson. Jón Jónsson. Tr. Gunnarsson.  
G. Olsen. Sig. Thoroddsen.

Ár 1911, 6.14. janúar, var fundur haldinn í bygg-  
ingarnefndinni og gjörðist þá það er hér segir:

1. Sigurjóni Sigurðssyni o.fl. leyft að byggja  
skúr við nr. 14 í Grjótagötu 4x3 álnir tvílyftum.  
Ennfremur að flytja salerni hússins austar á lóðina.

2. Sveini M. Hjartarsyni leyft að breyta herbergja  
skipun í húsi hans á horninu á Vesturgötu og Bræðra-  
borgarstíg bannig, að sölubúðin verði minnkuð en  
bætt við einum bakarofni og vinnustofu. Þetta leyft  
með því skilyrði, að svo verði frá bakarofninum geng-  
ið, að slökkviliðsstjóri álíti fullnægjandi. Enn-  
fremur leyft að byggja inngönguskúr að austanverðu  
við húsið 2x2 áln.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. Sig. Thorodd-  
sen. G. Olsen. Jón Jésson.

Ár 1911, h. 28. janúar, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá fyrir tekið:

1. Lagt fram bréf frá Jóni Jónssyni á Sölvhól, þar sem hann fer fram á að mega byggja timburhús í stað bæjarins, sem þar er nú. Byggingarnefndin vill fyrir sitt leyfti leyfa þetta með því skilyrði, að húsið sé hátið framhlið að þeirri götu, sem ákveðin er frá norðri til suðurs yfir Sölvhólslóð.

2. Samúel Jónssyni trésmið leyft að byggja hús 10x11 álnir að stærð með skúr 2x2 álnir á lóð hans fyrir vestan lóðirnar nr. 6 og 8 við Kárastíg. Akfær vegur að húsinu sé gjörður frá Kárastíg fyrir sunnan húsið nr. 8, áður en byrjað er á hússmiðinni. Jafnframt verður rifinn skúr á lóðinni 11x6 1/2 al. að stærð (sbr. fund 22. maí 1909, 4. mál). Húsinu á að fylgja um 1200 ferálna lóð.

3. Lagt fram afsökunarbréf frá forstöðumanni Hjalpræðishersins og að því meðteknu þykir byggingarnefndinni ekki ástæða til að krefjast málshöfðunar og sekta fyrir það, að ekki var sótt um leyfi til að gjöra við skúrinn á horninu á Suðurgötu og Túngötu. Jafnframt getur nefndin þess, að bygging hússins hefur 7. sept. 1895 verið leyfð skilyrðislaust.

4. Útaf bréfi brunamálastjórans um hús númer, lætur byggingarnefnd þess getið, að númer voru í fyrra sett á öll hús við götur að tilhlutan vegarnefndar, en felur byggingarfulltrúa að gjöra rillögur um, hvornig auðkenna skuli hús, sem ekki standa við neina götu. Ennfremur vill byggingarnefndin, að sett verði götunafnasþjöld á öllum gatnamótum.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Tr. Gunnarsson.  
Sig. Thoroddsen.

Ár 1911, 11. febrúarmánaðar var haldinn fundur í byggingarnefndinni og gjörðist þá það er nú skal greint:

1. Sigurði Jónssyni steinsmið (Grettisgötu 54) leyft að byggja íbúðarhús einlyft úr steinsteypu 12x13 áln. að stærð, með anddyri 3 1/2 x 2 1/2 al. á lóð, sem hann kaupir af Jóni Jakobssyni landsbókaverði, austanvert við Þingholtsstræti. Leyfi þetta er þó bundið því skilyrði, að lóðinni verði áður breytt í byggingarlóð og gjaldið, 20 %, borgað í bæjarsjóð. Húsið á að standa 3 áln. frá götujaðrinum og telzt nr. 33 við Þingholtsstræti.

2. Jóhanni Jóhannessyni kaupmanni (Laugav.19) leyft að flytja íbúðarhúsið nr. 21 við Grettisgötu á baklóðina við nr. 22 í sömu götu, þannig að húsinu verði eigi breytt að öðru en því að skúrinn við það, sem nú er 2x2 áln., verði 3 1/2 x 2 1/2 al. og að kjallari verði gjörður undir húsið. Flutningur á húsinu yfir götuna verður að gjörast undir umsjón manns, er borgarstjóri tekur gildan. Eftir fluttningin verður nr. hússins 22 C.

3. Viðvíkjandi húsbyggingu Jóns Jónssonar á Sölvhól (sbr. síðasta fund nr. 1) endurtekur nefndin tillögu sína frá nefndum fundi, og er þess getið um leið, að slökkviliðsstjóri sér ekkert því til fyrirstöðu, þótt ekki liggi vagnfær vegur heim að húsinu, þar sem hægt er að koma við vatnsslöngum bæði frá Lindargötu og Hverfisgötu fyrir því þó vegur komi ekki.

4. Luþher Lárussyni leyft að byggja 2 íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans við Skólavörðustíg og Óðinsgötu. Stærð húsanna verður 8x14 og 8x14 álnir, og salerni 4x2 álnir. Húsið við Óðinsgötu verður nr. 1 en hitt við Skólavörðustíg nr. 16 A. Jafnframt leggur nefndin til að bærinn kaupir hornið af lóðinni svo að 8 álna sneiðingur fái st milli gatnanna (ca. 25 feráln.)

5. Th. Thorsteinsson kaupmanni leyft að stækka skúr þann við verkafólksíbúðarhúsið á Kirkjusandi, er notaður er fyrir eldhús, um 6x15 álnir.

6. Útaf fyrirspurn prestaskólakennara Haralds Nielssonar í bréfi 11. b.m.lætur nefndin í ljósi, að hún sjái ekkert til fyrirstöðu því að hann geti fengið leyfi til að byggja hús við fyrirhugaða Ránargötu norðanverða, í húsi biskupsfrúar E. Sveinssonar, í horninu milli hótels Reykjavíkur og íshúss G. Zöega svo framarlega þeim hluta hússins// túnsins væri breytt í byggingarlóð og gjörður væri 4 álna breiður akvegur að húsinu.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Tr.Gunnarsson.  
K. Zimsen. G. Olsen. Sig. Thoroddsen.



Ár 1911, mánudaginn hinn 25. febrúarm. var fundur haldinn í byggingarnefndinni og komu þá fyrir þessi mál:

1. Brydes verzlun leyft að breyta í 2 saumastofur loftinu í pakkhúsinu á horninu á Hafnarstræti og Aðalstræti, og gjöra dyr og uppgang þangað frá Hafnarstræti, næst vefnaðarvörubúðinni. Þá á að vera miðstöðvarupphitun.

2. Guðmundi Guðmundssyni leyft að byggja íbúðarhús 10x10 1/2 al. á lóð hans við Bræðraborgarstíg nr. 5. Sömuleiðis skúr við sama hús 3x3 3/4 al. Húsið verður nr. 3 við Bræðraborgarstíg.

3. Lagt fram til umsagnar erindi frá Ífróttasambandi Reykjavíkur um stækkun á ífróttasvæði því á Melunum, er félaginu var heimilað í sumar er leið, um 5 metra á hvorn veg. Byggingarnefndin getur ekki gert tillögur um mál þetta fyrr en hún hefur mælt út svæðið og athugað það á auðri jörð.

Allir á fundi nema Kn.Zimsen, Rögnvaldur Ólafsson og Tryggvi Gunnarsson.

~~Tryggvi~~  
Fundir slitið.

Páll Einarsson. Sig. Thoroddsen. G. Olsen.  
Jón Jensson.

Ár 1911, þ. 14. marz var fundur haldinn í byggingarnefndinni í stað fundar þess er fórst fyrir síðasta laugardag. Komu þá fyrir þessi mál:

1. Páll Halldórsson skólastjóri sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandi hans í Kringlumýri 10x8 álnir með inngönguskúr 4x4 álnir, og að honum verði leyft að breyta grunninum undir húsinu í byggingarlóð. Nefndin mælir með því að honum verði leyft að breyta í byggingarlóð 24x18 álnum undir og umhverfis húsið með því skilyrði, að hann greiði í bæjarsjóðinn, sem andvirði fyrir lóðina 50 aura fyrir feralin hverja að frádregnum 12 aurum (30 a pr. fer-meter) eða 38 aura. Með þessum skilmálum sé honum heimilað byggingin samkvæmt teikningunum, sem ekkert finnst athugasemjefni við. Vagnvegur sé gjörður heim að hússtöðinu áður en byrjað er á byggingunni.

2. Jóni Björnssyni leyft að gjöra breytingu á gluggum og inngöngudyrum á húsinu nr. 4 við Vesturgötu.

Á fundinn komu ekki Jón Jensson, Kn. Zimsen og Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr.Gunnarsson. G.Olsen.  
Sig. Thoroddsen.

Ár 1911, laugardaginn hinn 1. aprílm. var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Komu þá fyrir þessi mál:

1. Lárusi Lúðvíkssyni skósmið leyft að byggja geymsluskúr vestur úr bakhlíð húss síns Þinghóltsstræti 2 með eldvarnarveggjum á norður og vesturhlíð, stærð  $7\frac{1}{4} \times 6\frac{1}{4}$  al. plúss  $4\frac{1}{2}$  al.

2. Frú Jakobína Þorgrímsson leyft að stækka og breyta skúr vestan við íbúðarhús hennar Laugavegi 14 um  $11 \times 3$  áln. plúss  $3 \times 4$  áln. og setja nýjan glugga á bakhlíð íbúðarhússins.

3. Samúel Jónssyni trésmið leyfð sú breyting á byggingarleyfi því, er honum var veitt 28. janúar þ.á., að hið nýja hús verði byggt vestar á lóð hans, við bakstíg, sem hann áætlað að leggja þar, og skál eins og þar er sagt, akfær vegur gjörður að húsinu áður en byrjað verður á byggingu þessari.

4. Sama manni leyft að byggja inngönguskúr og geymsluskúr við við íbúðarhúsið nr. 33 við Skólavörðustíg,  $3\frac{1}{4} \times 3\frac{1}{4}$  al. og  $14 \times 5$  al. respectíve.

5. Sama leyft að setja eina hæð ofan á þann húss síns, Skólavörðustíg 35, sem liggur meðfram Kárástíg.

6. Þorleifi Guðmundssyni leyft að flytja, er stendur úti á lóð hans, Laugavegi 27 (27) upp að bakhlíð íbúðarhússins.

7. Beiðni Steingríms snikkara Guðmundssonar um að fá breytt smíðahúsi sínu á lóð hans við Amtmannsstíg í íbúðarhús, vísað til bæjarverkfræðingsins vegna vantandi uppdráttar yfir lóðina.

8. Erindi Chr. Nielsen um breyting á húsinu nr. 10 við Austurstræti frestað vegna vantandi uppdráttar.

9. Leyfi til Jóns Laxdal á fundi 29. okt. f.á. um byggingu á skúr með flötu þaki,  $25 \times 10$  áln. á lóð hans við Nýlendugötu, endurnýjast, og leggur byggingarnefndin með því, að honum verði veitt undanþága frá byggingu eldvarnarveggs við skúrinn á mörkum gegnt Slipplóðinni, þar sem eigendur hennar hafa tjáð sig samþykka slíknri undanþágu með þeim skilyrðum, sem greind eru í nefndr fundargerð, af byggingarnefnd.

10. Byggingarnefndin telur rétt, eftir atvikum, að færa nú inn lóðirnar 8 A og B og 12 vestan með Sudurgötu, að þær nái jafnt fram að götunni og lóðirnar fyrir norðan, og leggur til að eigendunum verði

endurgoldinn lóðarmissárin með 1 kr. fyrir hverja feralin.

Á fundinn kom eigi Rögnvaldur Ólafsson og Gu m Olsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sig.Thoroddsen. K. Zimsen.  
Jón Jensson.

Ár 1911, laugardaginn 15. apríl var haldinn fundur í byggingarnefndinni og komu þá fyrir þessi mál:

1. Chr. Fr. Nielsen umboðssala leyft að setja dyr í stað austari gluggans vestanvert við forstofudyr hússins nr. 10 við Austurstræti, og stækka hinn gluggann niður á við. Útgöngurið frá hinum nýju dyrum mega eigi ná lengra út frá húsinu en 18".

2. Páli Árnasyni Skólavörðustíg 8, leyft að breyta húsi sínu þannig, að 2 stofurnar verði stækkaðar fyrir það að forstofa og skápur sé lagt til þeirra beggja, og nýjar dyr settar á austurgafli hússins og forstofa þar innar af.

3. Bergi Einarssyni sútara leyft að setja vanhús 2x3 álnir að stærð í norðvesturhorninu á lóð sinni við Veghúsasund. Eldvarnarvegg á að setja á 2 vegu hússins.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og G. Olsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. K. Zimsen.  
Tryggvi Gunnarsson. B. Jónasson.

Ár 1911, þriðjudaginn 18. apríl. var haldinn fundur í byggingarnefndinni og gekk þá nefndin suður á Mela til að ákveða legu íbróttasvæðisins.

Nefndin var ásátt um, að bezt færi á því, að norðurtakmarkalína svæðisins sé samhliða hinn fyrirhuguðu hringbraut og 20 metra fyrir sunnan suðurjaðar hennar. Suðurtakmörkin voru ákveðin 120 metrar fyrir sunnan hringbrautina og austurtakmarkalínan hornrétt þar á þannig, að suðausturhorn svæðisins verður við vesturbrún Sandvíkurvegjarins.

Nefndin leggur til að svæðið verði 100 metra langt frá norri til suðurs og 190 metra langt frá austri til vesturs samkvæmt því, sem íbróttasambandið hefur farið fram á í bréfi 14. febrúar þ/á. Þó vill nefndin áskilja, að sneitt verði lítið eitt af suðausturhorni svæðisins, svo að 5 metra bil verði að túngarðinum þar fyrir sunnan.

Allir á fundi nema Jón Jensson, Rögnvaldur Ólafsson og Guðm. Olsen. Fyrir hönd íbróttasambandsins var Jón Þorláksson ingeniör mættur á fundinum.

Fundi slitið.

Páll Einarsson K.Zimsen. Tr. Gunnarsson.  
B. Jónasson. Jón Þorláksson.

Ár 1911, laugardag 29. d. aprílm. var haldinn fundur í byggingarnefndinni og þá tekið fyrir þessi mál:

1. Ágúst Eiríkssyni leyft að byggja skúr 6x5 áh að stærð við bakhlöð hússins nr. 34 við Bergstaðastræti.

2. Steingrími Guðmundssyni leyft að breyta í íbúðarhús smíðahúsi hans á lóðinni nr. 6 við Amtmannsstíg, samkv. uppdrætti. Ennfremur leyft að gjöra inn-gönguskúr 2x3 álnir við suðurgöfl hússins.

3. Páli Halldórssyni leyft að byggja hlöðu og hesthús 12x10 álnir að stærð, áfast við fjósið á erfða-festulandi í Kringlumýri.

4. Guðm. Egilssyni trésmíð leyft að gjöra brílyft hús úr steinsteypu á lóðinni nr. 42 við Laugaveg. Húsið er 26x17 álnir með álmu 7 1/2 x 4 1/2 al. og skúr 7x5 5/8 al. að stærð. Í húsinu verður miðstöðv-arhitun og vatnssaleri.

5. Hirti Hjartarsyni leyft að gjöra bak með rissi yfir þann hluta hússins nr. 10 við Bókhöðustíg, sem nú er með skúrþaki.

6. Útaf beiðni Guðríðar J. Jónsdóttur um breytingar á geymsluhúsi við Laugaveg 33 og um byggingu skúrs, fól nefndin byggingarfulltrúanum að rannsaka hversu byggingunni nú er komið og gefa skýrslu um það. Komi það í ljós, að brotið hafi verið gegn ákvæð-um byggingarsamþykktarinnar, vill nefndin láta stöðva verkið og kera brotið.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og Jón Jónsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Tr. Gunnarsson.  
G. Olsen. B. Jónasson.

Ár 1911, 5.13. maí var haldinn fundur í bygginar-  
nefndinni og þá tekin fyrir þessi mál:

1. Jóhanni Jóhannessyni leyft að færa dyr af  
gafli á húsi sínu við Laugaveg 19 á horn hússins,  
sem þá verður sneitt til þess.
2. Vilhjálmí Ingvarssyni leyft að láta standa  
áfram járngirðingu niður undan húsi hans við Kirkju-  
gárástíg, með því skilyrði að hliðin meðfram götunni  
færst inn í hina fyrirhuguðu götulínu og að girðing-  
in verði máluð utan og innan svo hún verði lagleg  
útlits.
3. Jónatan Jónssyni leyft að stækka forstofuskúr  
við hús sitt Njálsgötu 54 um 1x1 1/4 al. samkv. upp-  
drætti.
4. Júl. Schau steinhöggvara leyft að setja 3  
glugga á vesturendann á norðurhlið húss síns við  
Norðurstíg.
5. Guðmundi Guðmundssyni leyft að byggja ein-  
lyft íbúðarhús, 10x11 al. að stærð með skúr 3x4 1/2al.  
á lóð sinni Njálsgötu 12.
6. Guðríði J. Jónsdóttir synjað leyfis til að  
nota til íbúðar geymsluhús það, er hún hefur látið  
byggja á lóð sinni nr. 33 við Laugaveg, með því að  
hús þetta fullnægir eigi þeim skilyrðum til þess, er  
byggingarsamþykktin ákveður. Sama kærast til sekta  
fyrir að byggja nefnt geymsluhús öðruvísi en leyfi  
stóð til, meðal annars er eldvarnarveggurinn ófull-  
nægjandi, reykháfur og kvistur með glugga bætt á  
húsið í óleyfi, m.m.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og Kn.  
Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. Tr. Gunnarsson.  
B. Jónasson. G. Olsen.



Ár 1911, hinn 27. dag maímánuðar var haldinn fundur í byggingarnefndinni og voru þá tekin fyrir þessi mál:

1. Jóhanni Magnússyni Bræðraborgarstíg 15, leyft að gjöra inngönguskúr 1x3 álnir að stærð með norðurgafli húss hans þar.

2. Einari Sveinssyni og Helga Helgasyni leyft að byggja málbræðsluhús úr steinsteypu á lóð þeirra nr. 6 við Hverfisgötu. Húsið er 8x12 álnir að stærð og á að standa við vesturtakmörk lóðarinnar sunnantil.

3. Guðm. Síminarsyni leyft að gjöra steinsteipuskúr við norðurgafli hússins nr. 8 við Óðinsgötu. Skúrin er 10x7 álnir að stærð.

4. R.P. Leví leyft að færa til reykháf í húsinu nr. 4 við Austurstræti. Verkið skal framkvæma eftir nánari fyrirskipun og undir sérstakri umsjá byggingarfulltrúans.

5. Guðríði J. Jónsdóttur leyft að breyta geymsluhúsi á lóðinni nr. 33 við Laugaveg í íbúðarhús með því skilyrði að dregari verði settur undir gólfbita og aðrar breytingar og umbætur gjörðar á húsinu eftir því, sem byggingarfulltrúi segir fyrir. Á efsta lofti má þó ekki vera íbúð nema í kvistherberginu á suðurhlíð.

6. Sömu konu leyft að gjöra geymsluhús 6x6 álnir að stærð á sömu lóð.

7. Tryggva Gunnarssyni leyft að gjöra reykingarhús 8x5 álnir á Arnarhólslóð, að tilskyldu leyfi stjórnarráðs síns og með því skilyrði að það verði tekið burtu þegar bæjarstjórn krefst þess.

Allir á fundi nema Jón Jónsson, Rögnvaldur Ólafson og Gum. Olsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tryggvi Gunnarsson. K.Zimsen.  
Bl Jónasson.

Ár 1911, hinn 10. dag júnímánuðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá fyrir tekið:

1. Guðm. B. Kristjánssyni og Þorst. Tómassyni leyft að gjöra salerni við húsið nr. 3 við Bræðraborgarstíg. Stærð salernisins er  $2 \frac{1}{2} \times 1 \frac{3}{4}$  alin.

2. Bæjarstjórnin hefur samþykkt að taka eignarnámi lóð undir framlengingu Fischerssunds frá Mjóstræti að Garðastræti og á byggingarnefndin að meta lóðina til peningaverðs.

Nefndin mat hverja feralin af lóðarræmu þessari á kr. 1.25 hverja feralin.

Á fund komu ekki Jón Jensson, Rögnvaldur Ólafsson og Guðm. Ólsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. B. Jónasson.  
K. Zimsen.

Ár 1911, hinn 15. dag júlímánaðar, var haldinn fundur í byggingarnefndinni og var þá fyrir tekið:

1. Steingrímur Sveinsson á Sveinsstöðum í Kapla-skjóli ætlar að fíga bæinn þar, og var honum leyft að byggja í stað hans íbúðarhús 10x10 álnir að stærð með skúr 4 1/2 x 3 1/2 al. Sömuleiðis var honum leyft að gjöra hlöðu og fjös 8x6 áln. að stærð. Skilyrði fyrir byggingarleyfi sett, að vegur, fær fyrir slökkvitólin, sé gjörður að húsinu.

2. Jes Zimsen leyft að gjöra til bráðabirgða skúr á Laugarnesbletti 20x8 álnir að stærð, til að geyma í grút undan meðalalýsi. Nefndin vill veita þetta leyfi til bráðabirgða, með því skilyrði, að skúrinn sé tekinn burtu er bæjarstjórnin krefst þess.

3. Páli Arngrímssyni járnsmið, leyft að gjöra íbúðarhús ~~án~~ steinsteypu 14x15 álnir að stærð með skúr 3 1/2 x 4 1/2 al. á lóð hans nr. 4 við Bergstaðastræti. Eldvarnarveggur skal vera á skúrnum, nema þvíáðeins að lóðin verði aukin svo, að 5 álnir verði að lóðarmörkum. Ennfremur var honum leyft að gjöra smiðju 14x9 3/4 al. að stærð og salerni 4x3 álnir. Skúrinn, sem nú er á lóðinni verður rifinn niður.

4. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að keyptar verði 150 (fer)álna lóð úr erfðafestulandinu Nýjabæjarlóð fyrir 55 auru hverja feralin, til að útvega gang að húsi Páls Hafliðasonar.

5. Lagt fram erindi frá Ólafi Jónssyni um lóð á Kárastíg nr. 12. Frestað að taka ákvörðun.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. G. Olsen. Jón Jensson.  
K. Zimsen. B. Jónasson.

Ár 1911, hinn 29. dag júlímánuðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá fyrir tekið:

1. Klemens Jónssyni landritara leyft að setja kvistglugga á hús hans nr. 22 við Tjarnargötu, þeim megin er að Tjarnarbakkanum snýr.

2. Siggeir Torfasyni leyft að gjöra á lóð sinni nr. 4 við Smiðjustíg:

a. Hesthús 8 al.9" x 5 al.6" að stærð

b. Heyhús 11 al.3" x 8 al.9" - -

c. Vagnhús 7<sup>1</sup>/<sub>2</sub> al.x 7 al. - -

3. Guðm. Egilssyni leyft að gjöra brauðgerðarhús að sunnanverðu á lóð hans nr. 42 við Laugaveg. Það er áskilið að heilbrigðisnefnd og brunamálanefnd veiti leyfi til að taka húsið til notkunar áður en byrjað verður að baka í því. Húsið er 18x12 álnir að stærð.

4. Tryggva Gunnarssyni falið að leita samkomulags við Ólaf Jónsson um endurkaup á lóð hans nr. 12 við Kárastíg.

5. Bæjarstjórnin hefur vísað til nefndarinnar erindi frá Stefáni Egilssyni, þar sem hann býður bænum forkaupsrétt að 234 ferálmum, sem eftir eru af erfðafestulandi hans við Grettisgötu (Norðurholtsbletti). Nefndin leggur til að forkaupsréttinum sé hafnað, en Stefáni heimilað að breyta landinu í byggingarlóð gegn 20 auru gjaldi í bæjarsjóð fyrir hverja feralin (20% af 1 krónu).

Jón Jensson og Rögnvaldur Ólafsson ekki á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. G. Olsen.  
B.Jónasson. K.Zimsen.

Ár 1911, hinn 8. ágústmánuðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Var lögð fram beiðni frá Gasstöð Reykjavíkur um leyfi til að byggja kolageymsluhús með steinsteypuveggjum á gasstöðvarlóðinni, 34,6 metra á lengd og 16 metra á breidd=26 álnir, með útbyggingu 6 1/2 c 6 álnir. Nefndin veitti leyfið.

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi nema Rögnvaldur Ólafsson og G. Olsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. B. Jónasson.  
K.Zimsen. Jón Jensson.

r

Ár 1911, þ. 12. ágúst var fundur haldinn í byggingarnefndinni. Fó þá fram það er hér segir:

1. Magnúsi Guðmundssyni keyrslumanni leyft að byggja viðbót við íbúðarhús hans Skólavörðustíg 16. Viðbótin er 9x5 álnir. Ennfremur á sömu lóð vagnskýli 10x4 3/4 al.

2. Jóhanni Jóhannessyni leyft að byggja inngönguskúr 6x3 álnir við húsið nr. 3 við Laufásveg. Ennfremur leyft að breyta gluggum og herbergjaskipun undir eftirliti byggingarfulltrúans og með samþykki hans.

3. Þorvarði Þorvarðarsyni prentara leyft að breyta gluggum á húsinu nr. 8 við Aðalstræti, þeim er vita út að Bröttugötu.

4. Sigurgeir Kristjánssyni leyft að láta bráðabirgðahúar standa til 14. maí 1912 á lóðinni nr. 23 við Laugaveg.

5. Byggingarfulltrúinn hefur athugað að tröppurnar fyrir framan suðausturhornið á sölubúð Jóns Björnssonar við Vesturgötu nái lengra fram í götuna en byggingarsamþykktin heimilar. Nefndin ákveður að tröppurnar skuli lagfæra og kæra hlutaðeiganda til sekta fyrir þetta brot gegn samþykktinni.

6. Samþykkt að breyting á 2 gluggum út að Aðalstræti, á Hótel Ísland og að setja megi dyr úr forstofunni inn í herbergi. Verk þetta er búið að vinna án samþykkis, og kærir nefndin það brot.

7. Leyfðar breytingar á gluggaskipun á húsi Benedikts S. Þórarínssonar nr. 7 við Laugaveg.

8. Þorsteini Jónssyni járnsmið leyft að stækka geymsluskúr við húsið nr. 33 við Vesturgötu um 12x4 álnir.

9. Samþykkt að krefjast þess að eldvarnarveggur verði endurbyggður að vestanverðu við inngönguskúrinn vestanvert við Hafnarstræti 16. -

10. Byggingarnefndinni þykir ekkert vera því til fyrirstöðu, að Magnúsi Egilssyni steinsmið verði leyft að byggja íbúðarbæ í erfðafestulandi hans í Kirkjuvörðunni með skilyrðum þeim sem fasteignanefndin hefir sett á fundi l.b.m. En vill hinsvegar leggja það til, að honum verði gefinn kostur á að kaupa lóð undir húsið við veginn n.ð.ú. að Laugarnesi, milli vegar-

ims og erfðafestulands hans.

11. Björn kaupmaður Guðmundsson biður um að færa út bólverk sitt við Bolasund austanvert um 10 álnir fram í fjöruna og breikka bátahús sitt jafnmikið. Nefndin er því mótfallin að fjöru-spildan verði að svo komnu seld eða látin af hendi.

Fleira gjörðist ekki.

Á fundinum voru ekki mættir Rögnvaldur Ólafsson, K.Zimsen og G. Olsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. B. Jónasson.  
Tr. Gunnarsson.

Ár 1911, hinn 2. dag septembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá fyrir tekið:

1. Finni Jónssyni leyft að gjöra skúr 3x5 álnir við austurhlíð bæjarins nr. 5 við Bræðraborgarstíg.
2. Guðjóni Jónssyni málara leyft að gjöra geymsluskúr 6x2 1/4 alin að stærð á vesturmörkum lóðarinnar nr. 2 við Kárastíg.
3. H.J. Hansen bakara leyft að gjöra kolageymsluskúr 4 1/2 x 2 1/2 alin að stærð við norðurgöfl bakarfis hans við Laugaveg nr. 61. Skúrinn skal gjörður úr steini eða steinsteypu.
4. Birni Guðmundssyni kaupmanni leyft að gjöra smábreytingar á kolahúsi hans við Kolasund 1 og að byggja yfir portið fyrir norðan kolahúsið. Portið er 146 ferálnir að stærð.
5. Sigríður Einarsdóttir, Grettisgötu 58, fer fram á að mega byggja íbúðarhús á Norðurmýrarbletti nr. 2, fyrir sunnan væntanlegt framhald Grettisgötu. Frestað að taka ákvörðun, þar sem nefndinni er ekki kunnugt um, að landinu hafi verið breytt í byggingarlóð.
6. Ámunda Árnasyni leyft að gjöra geymsluskúr x álnir að stærð á austurmörkum lóðar hans nr. 3 A við Hverfisgötu.
7. Páli Halldórssyni skólastjóra, leyft að gjöra salerni 6x2 1/2 alin að stærð á lóð Stýrimannaskólans, þar sem byggingarfulltrúinn nánar ákveður í samráði við umsækjanda og með samþykki borgarstjóra.
8. Siggeir Torfasyni kaupmanni leyft að gjöra hesthús 10x7 3/4 alin að stærð, á lóð hans nr. 4 við Smiðjustíg.
9. Kristjáni Þorgrímssyni, konsúl, leyft að breyta 2 gluggum á framhlíð hússins nr. 38 við Laugaveg.
10. Kjartani Gunnlaugssyni kaupmanni leyft að setja miðstöðvarhitun í húsið nr. 7 við Grjótagötu.
11. Gísli Þorbjarnarson, kaupm. sem nú tjáist vera eigandi allrar húsnæðisinnar nr. 12 við Laugaveg, fer fram á að endurbyggja húsið, sem brann s.l. vetur. Nýja húsið verður af sömu stærð og það sem brann, með flötu þaki.



12. Jón Björnsson kaupmaður fer fram á að tröppur þær er hann hefur gjört við suðurhorn hussins nr. 4 við Vesturgötu og sem byggingarnefndin kærði hann fyrir á síðasta fundi, megi standa bótta þær nái ca. 36 þuml. út frá húshliðinni. Vill hann skuldbinda binda sig til að taka tröppurnar burt, hvenær sem krafist verður.

Byggingarnefndin vill mæla með því, að tröppunum verði leyft að standa fyrst um sinn, með því skilyrði að þinglesin verði sú kvöð á eigninni, að þær skuli teknar burtu, hvenær sem bæjarstjórn krefst þess, bænum að kostnaðarlausu.

13. Guðm. Þorleifsson fer fram á að fá keypta lóðina nr. 22 við Frakkastíg fyrir 50 auru hverja feralin. Lóð þessi er 779 feralnir að stærð, en byggingarnefndin álitur ekki rétt að selja hana fyrir minna en 1 krónu hverja feralin.

14. Tryggvi Gunnarsson skýrði frá því, (sbr. fund 29. júlí 1911 4. atr.) að hann hefði ekki getað fengið neitt samkomulag við Ólaf Jónsson um lóðina nr. 12 við Kárástíg. Nefndin leggur til, að standi við samþykki bæjarstjórnarinnar 17. feb. 1910 (sbr. byggingarnefndargjörðir 12. febr. 1910).

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. G. Olsen.  
B. Jónasson. K. Zimsen. Jón Jensson.

Ár 1911, hinn 16. dag septembermánaðar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og var þá fyrir tekið:

1. Útaf erindi Magnúsar Einarssonar, Vesturgötu 64 um lóðarspildur fyrir sunnan hús hans, fól nefndin borgarstjóra að rannsaka eignarheimil Magnúsar fyrir þessari spildu.

2. Guðfinnu Jónsdóttur leyft að setja kvistglugga á hús hennar nr. 20 við Frakkastíg.

3. Sveini Jónssyni leyft að breyta 2 gluggum á húsi sínu nr. 10 við Brekkugötu.

4. Emil Rokstad fer fram á að fá keypta lóð við Laugarnesveginn fyrir norðan Laugalækinn. Nefndin leggur til að honum verði seldar 975 ferálnar stór lóð (25 álnir með veginum) fyrir 50 auru hverja ferálin. Í þessu tilefni ályktar nefndin skuli vera 30 álna breiður og ráði fiskgeymsluhúsin á Kirkjusandi stefnuni að vestan.

5. Sama manni leyft að reisa hús á framangreindri lóð, ef hann kaupir hana. Húsið er 13x12 álnir að stærð með skúr 3 1/2 x 4 1/2 alin.

6. Guðmi Þorleifsson fer enn fram á að fá keypta lóðina nr. 22 við Frakkastíg og vill nú borga 1 krónu fyrir ferálin (sbr. fund 2. sept. 13. lið). Nefndin leggur til að honum sé seld lóðin, en þar sem hann fer fram á sérstaka borgunarskilmála, vísar nefndin málinu að Öðru leyti til fjárhagsnefndar.

7. Sturla Jónssyni leyft að gjöra íbúð í kjallaranum á húsinu nr. 36 við Hverfisgötu, en þar er nú trésmíðastofa. Leyfið er því skilyrði bundið, að fullnægt sé 24. gr. byggingarsamþykktar, og að heilbrigðisnefnd veiti leyfi sitt.

8. Ámundi Árnason, kaupmaður, hefur boðið bæjarstjórninni ~~til breiðkunnar~~ lóðarræmu til breiðkunnar Hverfisgötu meðfram lóð hans nr. 3 og hefur bæjarstjórnin vísað erindi hans til byggingarnefndar. Nefndin hefur athugað að þetta er eina lóðin að norðanverðu við Hverfisgötu, sem nær út fyrir götujaðar og leggur eindregið til, að hún verði keypt nú áður en Ámundi girðir lóðina að nýju. Verðið telur nefndin hæfilega sett á kr. 1.75 fyrir hverja ferálin, en ræman er öll 258 1/2 ferálin, samkv. mælingu bæjarverkfræðings.

9. Leyft að hækka innsiglingarvitann við Vita-torg um 6 álnir.

10. Lagður fram uppdráttur af hinnu fyrirhuguðu brunastöð og samþykktur af nefndinni. Aðalhúsið er tvílyft 25 álnir að lengd og 13 álnir að breidd og einlyft útbygging 16 1/2 x 14 1/2 al. að stærð. Trygg Gunnarsson lætur þess getið, að hann er ósamþykkur útliti hússins og fyrirkomulag.

Á fund vantaði Pál Einarsson, Jón Jensson og Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

B. Jónasson. K. Zimsen. Tr. Gunnarsson.  
G. Olsen.

Ár 1911, hinn 30. sept. var fundur haldinn í byggingarnefndinni, og var þá gjört það er nú segir:

1. Þórði Jónssyni úrsmið leyft að byggja skúr, 12x7 álnir norður úr íbúðarhúsi er hann á við Lauga-veg 55, en nefndin gat ekki leyft dyr á eldvarnarvegg þeim er hann verður að byggja við skúrann, gagnvart nágrannalóðinni nr. 57, þar sem bilið að næsta húsi er minna en 10 álnir.

2. Steingrími Guðmundssyni snikkara leyft að byggja hústvílyft úr steinsteypu, samkv. framlögðum uppdrætti á lóð bæjarfógeta Jóns Magnússonar við Hgerfisgötu norðanvert. Húsið verður 25x17 álnir með útbyggingu 7 1/2 x 3 1/2 áln. og á að standa 11 álnir norður frá götujaðri. Lóðin er ca. 1296 ferálnir.

3. Lögð fram beiðni frá h/f P.J.Thorsteinsson & Co. samkv. uppdrætti af fyrirhuguðum íbúðarhúsi við Fríkirkjuveg, en með því að bæjarverkfræðin þarzt þetta erindi svo skömmu fyrir fundinn að honum gafzt ekki til að kynna sér afstöðu hússins á lóðinni var málinu frestað, enda vantar og ýms skilríki er beiðninni þyrfti að fylgja.

4. Þorsteini Ásbjörnssyni Njálsgötu 33 A leyft að byggja eina hæð ofan á íbúðarhús sitt þar og stækka uppgönguskúrinn, svo að hann verði 4 1/2 x 4 álnir, en hann er nú 3 1/2 x 2 1/2 áln. Leyfið er þó því skilyrði bundið að viðiríðin í húsinu séu samkvæmt kröfum byggingarsamþykktarinnar.

5. Sigríði Einarasdóttur leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu 12x12 álnir að stærð á lóð í Norðurnmýrarbletti nr. 2 á horninu á á framlenging Grettisgötu og fyrirhugaðrar Hringbrautar en þá lóð hefir bæjarstjórn samþykkt að breyta megi í byggingarlóð.

6. Bjarnhéðni Jónssyni járnsmið leyft að breyta glugga í íbúðarhúsi hans Aðalstræti 6 B.

7. Útaf erindi Tryggva Gunnarssonar og Ásgeirs Sigurðssonar um breytingu í byggingarlóð á hluta úr Melkotstúni, en erindi þeirra hefur verið vísað að nokkru leyti til byggingarnefndarinnar, lét nefndin það álit í ljós að hún telji veginn yfir landið fyrir ofan íshúsið, óþarfa, sem bæjarveg og megi því fyrir því breyta honum í byggingarlóð, ef svo sýmsist, ásamt hinum hluta landsins. ~~Rk~~

Fleira ekki fyrir tekið.

Allir á fundi nema Páll Einarsson og Rögnvaldur Ólafsson.

fundu slitið.

Tr. Gunnarsson. K. Zimsen. G.Olsen. Jón Jensson. B. Jónasson.

Ár 1911, 14. október var haldinn fundur í byggingar-  
nefndinni og komu þá fyrir þessi mál:

1. Ludvig Hafliðasyni leyft að byggja geymsluskúr á lóð sinni Vesturgötu 11 austurhlíð lóðarinnar 8x3 1/2 al. að stærð. Eldvarnarveggur verður á austurhlíð skúrsins.

2. Jóhanni Jóhannessyni kaupmanni leyft að lengja hús sitt við Laugaveg 19 til vesturs um 8 álnir með sömu breidd og gamla húsið (12 álnir), sömuleiðis að breyta gluggum og herbergjaskipun í gamla húsinu.

3. Hermanni Guðmundssyni leyft að setja reykhlíf í íbúðarhús hans nr. 9 við Smiðjustíg, en hann ætlar að hafa þar þvottaklefa.

4. Sigurjóni Oddssyni leyft að byggja geymsluskúr 10x4 1/2 al. og við hann annan skúr 2x2 1/2 al. á lóð hans nr. 16 við Lindargötu. Hlíð skúrsins á að liggja að Vatnsstíg, og þaki að halla frá götunni.

5. J.G.Halberg leyft að loka með gleri efri veggsvölunum á húsi sínu við Laufásveg nr. 9.

6. Amtmannsekkju C. Jónsson leyft að byggja íbúðarhús úr timbri, 14 1/2 x 13 áln. með forstofu fram úr norðurgafli 8x3 1/2 al. við Þingholtsstræti austanvert, á lóð sinni nýkeyptri þar. Um léðarstærðina og afstöðu hennar við fyrirhugaða götulagningu að austanverðu er nokkur óvissa, sem byggingarfulltrúa er falið að leyta sér upp lýsinga um hið fyrsta. Hús þetta verður nr. 37 við Þingholtsstræti. X.

7. Jóns H. Jónsson sækir um að fá að breyta geymsluhúsi tvílofta suður úr húseign hans, Bárubúð, í íbúðarhús. Nefndin gat ekki leyft breytinguna sökum þess að eftir hinum framlagða uppdrætti, fullnægir húsið ekki ákvæðum byggingarsamþykktarinnar, þegar að því leyti að eigi á að vera nema einn stigi í húsinu.

8. P.J.Thorsteinsson & Co. leyft að byggja íbúðarhús úr timbri tvílofta 26x18 áln. að stærð með 3 útbyggingum 8x4 1/4 áln., 3x8 áln og 6 1/2 x 7 1/2 áln. Húsið á að standa á lóð hlutafélagsins fyrir sunnan Frikirkjuna 14 áln. upp frá fyrirhuguðum götujaðri og verður nr. 7 við Frikirkjuveg. Slökkviliðsstjóri, byggingarfulltrúi og Rögvaldur Ólafsson eru á mót í byggingarleyfinu vegna gerðar hússins og hið síðara vegna þess að það verði eigi byggt úr steini.

9. Vilhjálmur Ingvarsson Suðurgötu 20, sækir um að fá til afnota 5-10 álna breiða skák úr túni Þorl. kaupm. Johnon, er fyrirhugað er að Garðastræti liggir eftir, fyrir ofan (vestan) ló hans, en hann ætlar að byggja þar íbúðarhús upp við Garðastræti, en kemst ekki að hússtöðinu eftir annari leið en Garðastræti. Byggingarnefnd fann ekki ástæðu til að gjöra neina ályktun um töku umræddrar skákar úr túninu, undir hið fyrirhugaða stræti fyrr en að því kæmi að útvisunar undir hús á þeim stað yrði beiðst.

10. Útaf bréfi stjórnarráðsins dags. 26. sept. 1911, um götur yfir Arnarhólstún, fól nefndin bæjarverkfræðingi og Rögnvaldi Ólafssyni að gjöra breytingartillögur við uppdrætti þá, er bæjarstjórnin hafði fyrir sér 21. febr. 1907.

Allir á fundi nema Páll Einarsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Jensson. Tr. Gunnarsson Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1911, mánudaginn 30. okt. kom byggingarnefndin saman á fund og voru tekin til meðferðar mál þau er hér greinir:

1. Nic. Bjarnason kaupm. leyft að breyta húsi á bakhlíð á húsi hans Suðurgötu 5, stækka hann um 1 al. 9" x 3áln.

2. Erindi frá Ingimundi Guðmundssyni um breytingar á húsi við Túngötu 50 vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

3. Sigurgeir Sigurðssyni leyft að reisa skúr 4x6 áln. á lóð hans Nýlendugötu 12 austanvert við hús hans en upp að húsi Bjarna og Kristins Péturssona og með samþykkt þeirra.

4. Lúdvig Kaaber leyft að setja venjulegt þak í stað glerþaks þess, sem nú er Hverfisgötu 4 A.

5. Bjarna Guðmundssyni leyft að reisa skúr við norðanvert hús hans Framnesveg 30. Skúrinn er jafn br. húsinu 10áln, 3 áln. á lengd.

6. Jónas H. Jónsson endurnýjar beiðni sína, um að mega breyta geymsluhúsinu suður úr Bárubúð í íbúðarhús, sem um var synjað á síðasta fundi (7. atr.). Byggingarnefndin vill fyrir sitt leyti veita undanþágu frá 25. gr. byggingarsamþykktarinnar um tvo stiga, en með því skilyrði að umsækjandi leggi fyrir nýjan uppdrátt, er borgarstjóri og byggingarfulltrúi samþykki.

7. Leyft að reisa salerni 1 1/2 x 1 1/2 alin við húseignina Sólheima Brekkugötu 9 (bæjarsjóður).

8. Brillouine fyrrv. konsúll hefir árið 1909 reist hesthús á lóð Spítalafélagsins frakkneska, á í óleyfi byggingarnefndar og bæjarstjórnar. Á fundi 2. októb. s.á. krefst byggingarnefnd niðurrifs tafarlaust á hesthúsi þessu og sekta á hendur Brillouine, og er krafan ítrekuð af bæjarstjórn á fundi 7. júlí 1910. Nú óskar Brillouin að fá breytt hsi þessu og byggja við það juraskála ("vinterhave"). Að svo stöddu getur byggingarnefndin ekki veitt hið umbeðna leyfi sem mundi fela í sér heimild til notkunar á lóð, sem umsækjandi á ekki, að vitund byggingarnefndar, en leggur til að ítrekuð sé áður nefnd krafa byggingarnefndar og bæjarstjórnar um niðurrif og sektir.

9. Oddur Gíslason yfirréttarmálafærslumaður hefir byggt lystihús 4x4 álnir í garðinum við hús hans



Laufásvegi 26, án þess að beiðast leyfis bygging-  
arnefndar. Nefndin vill leyfa honum að láta húsið  
standa, en kærir eiganda þess og smið, Pétur tré-  
smið Ingimundarson til sekta fyrir að hafa byggt í  
óleyfi.

Allir á fundi nema Páll Einarsson og Tryggvi  
Gunnarsson.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Jón Jensson. B. Jónasson.  
Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1911, laugardaginn 11. nóvember átti byggingarnefndin fund með sér og ræddi eftirfarandi mál:

1. Verkfræðing landsins leyft að stækka áhaldahús landssjóðsum 22x10 álnir og gera 31x7 áln. og að breyta nokkrum skilrúmunum.

2. Brillouin fyrrv. konsúll ítrekar beiðni sína er um getur á síðasta fundi, og segist muni ~~ráfa~~ hesthúsið og reisa allt af nýju, og veitir byggingarnefndin honum því hið umbeðna leyfi, með því og að umboðsmaður frakkneska spítalafélagsins, Matthías Einarsson læknir, telur þessu ekkert til fyrirstöðu að því er til lóðarinnar kemur. Stærðin er alls: 11x7 álnir, hesthús 15x9 1/4 al., ofnhús 2x2 1/4 al. og inngönguskúr 1 1/2 x 1 1/2 al. Byggingarnefndin felur að öðru leyti ekki frá kröfu um málshöfðun á hendur Brillouin konsúl fyrir brot á byggingarsamþykktinni.

3. P.T.Thorsteinsson & Co. leyft að setja reykhálf í timburgeymsluhús þeirra við Barónsstíg.

4. Ingimundi Ögmundssyni veitt leyfi til að setja kvistglugga á íbúðarhús hans Túngötu 50.

5. Einari Einarssyni í Háholti leyft að flytja hjall til á lóð hans.

6. Erindi Hans Hannessonar um lóðar kaup, fengið byggingarfulltrúa til athugunar.

7. Lagt fram erindi stjórnarráðsins dags. 9. f.m., þar sem það beiðist umsagnar bæjarstjórnar um erindi Odds gíslasonar yfirréttarmálaflutningsmanns, þar ber hann sig upp undan því, að bæjarstjórnin hafi ~~hannað~~ að rífið yrði torfbakið af lystihúsi hans, (sem um getur á síðasta fundi 9. atr.), ef húsið skyldi fá að standa; ennfremur fer ~~þann~~ áfram á, að stjórnarráðið felli þetta skilyrði bæjarstjórnar úr gildi.

Byggingarnefndin fær ekki séð annað en að hús þetta, sem alls ekki er torfhús, uppfylli að öllu leyti kröfum byggingarsamþykktarinnar, að því er þakið snertir, þar sem á því er bæði súð og bárujárn, þó að ofan á sé lögð mold og torf til skjóls og prýði. Byggingarnefndin heldur fast við það leyfi, sem hún setti á síðasta fundi til að láta húsið standa óbreytt.

8. Lagður fram uppdráttur að gatnaskipan á Arnhólslóð og samþykktir af byggingarnefndinni.

Fleiri mál ekki fyrir hendi. Fundi slitið.

Allir á fundi mema Páll Einarsson og Tryggvi

Gunnarsson.

K.Zimsen. Jón Jónsson. B.Jónasson. Rögnv. Ólafss.

Ár 1911, laugardaginn 2. desember kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar fram svo sem hér segir:

1. Frestað að gera tillögur um að selja h/f Alliance lóðarhorn vestan við lóð þeirra Ánanaustablett. Einnig frestað að leyfa sama félagi bygging tveggja fiskhúsa á blettinum.
2. Björn Jónsson og Kristinn Jónsson á Ánanaust-um biðja um leyfi til að mega flytja hjall þeirra frá sjó heim að húsi þeirra. Það var leyft.
3. Sigríði Jónsdóttur Laugaveg 58B, Grími Kristni Árnasyni Austurbakka, Jónasi Helgasyni Brautarholti, Berent Sveinssyni á Steinum á Bráðræðisholti, Jafetinu Jónatansdóttir Núpi við Nýlendugötu, Sigríði Erlendsdóttur Litla-Steinsholti við Frammesveg, Einari Einarssyni í Háholti, Oddi Gíslasyni yfirréttarmálaflutningsmanni (við hús Laugaveg 58), Þorsteini Einarssyni Akurgerði, Magnúsi Einarssyni Vesturgötu 64 og Landsbankanum eiganda blikksmiðjunnar við Egisgötu og bæjarins Holtsgötu 12 leyft að gera salerni við hús-eignir sínar, þær sem að ofan eru nefndar við nöfn þeirra. Borgarstjóri hefir þegar áður veitt leyfi þessi upp á væntanlegt samþykki byggingarnefndar, en byggingarfulltrúi segir fyrir um stöðu og gerð salernanna.
4. Hans Hannesson póstur vill fá til kaups lóðarræmu norðan við lóð sína í Skólavörðuholti 7x50 = 350 ferálnir og leggur byggingarnefndin með sölunni, en þó ekki undir 50 auru verði á ferálin.
5. Magnús Einarsson Vesturgötu 64 vill fá lóðarspildu 128 ferálnir að stærð norðan við hús sitt og láta í staðinn jafnstóra spildu, sem hann á sunnan við húsið og segist ekki geta notað vegna ágangs og ekki girt vegna þess að aðgangur að húsinu sunnan framhalds Vesturgötu tækist þá af. Spilda þessi sunnan hússins mun og fánleg fyrir 60 auru ferálin og er byggingarnefnd meðmælt þeim kaupum.
6. Einari Árnasyni kaupm. leyft að gera á lóðum hans Vesturgötu 14 og 16 opið skýli fyrir vagna milli húsa (Gröndals húss og bakaríspakkhússins nr. 14), tækið bárujárni opið suðurúr og með eldvarnargafli að norðan ~~2//þess//~~ 2. hesthús fyrir 2 hesta 5x5 áln. að stærð norðan við Gröndals-hús og austan við skúrinn á því, með eldvarnarvegg á norðurhlíð að lóð J. Schou. Leyfi heilbrigðisnefndar áskilið til hesthúsbyggingarinnar.

7. Jóhanni S. Hjörleifssyni leyft að gera smíðahús úr steinsteypu 8 1/2 x 14 álna á lóð hans Bræðraborgarstíg 17.

8. Tilkynt af borgarstjóra bréf til hans frá Stjórnarráði Íslands um núverandi skipan byggingarnefndar.

Fleiri mál ekki til meðferðar.

Á fund vantaði Knud Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jónsson. Tr. Gunnarsson.  
B. Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1911, 3. desember kom byggingarnefndin saman og gekk á eftirgreindu staði:

1. á blett þann er h/f Alliance hefur falað til kaups af bænum og liggur vestan við Ánanaustablett (sbr. fundargerð 2. desember í ár l. atriði). Kom það í ljós að blettur þessi eða lóðarhorn er notað sem uppsátur og virðist ekki mega skerða það neitt. Er nefndin því mótfallin sölu á greindum lóðarbletti.

2. lóðarblett þann, er Magnús Einarsson Vesturg. 64 vill selja bænum (sbr. síðustu fundargerð 5. atr.) og heldur nefndin við ályktun sína á síðasta fundi.

Allir á fundi nema Knud Zimse.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. B. Jónasson.  
Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1911, laugardaginn 16. desember kom byggingar-  
nefndin saman á fund og voru þau mál rædd er hér grein-  
ir.

1. Magnúsi Egilsyni steinsmið á Fúlutjörn leyft  
að reisa sér íbúðarhús úr steini í erfðafestulandi  
hans í Kirkjumýri, enda hefur bæjarstjórn þegar leyft  
honum þar húsbyggingu. Húsið er einlofta 10x8 áln.  
með skúr 6x6 álnir.

2. Guðmundi Magnússyni leyft að setja port og  
ris á hús sitt Frakkastíg 17 og breyta gluggum á for-  
hlíð hússins.

3. Byggingarbeiðni h/f Alliance er frestað vegna  
væntanlegrar járnbrautar út á Grandann.

Fleiri mál ekki fyrir teekin.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. B.Jónasson.  
K.Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1911, 20. desember kom byggingarnefndin saman á aukafund til að ræða byggingarbeiðni frá h/f Alliance er frestað var á síðasta fundi.

H/f er leyft að reisa tvö hús, fiskhús og fisk-  
svottahús 50x20 áln. og 30x25 áln. á Ánanaustabletti  
svo nefndum, þó þannig að eldvarnarveggir séu á þeim  
hliðum húsanna, sem kunna að koma nær lóðarmörkum en  
5 álnir svo sem lög mæla fyrir. Fiskhúsið (50x20 áln)  
standi á syðri jaðri Mýrargötu en lega hins hússins  
verður ekki afmörkuð fyrr en ákveðin er gata fram með  
sjónum á þessu svæði, og er byggingarfulltrúa falið  
að semja uppdrátt af því og gera tillögur um götu-  
skipan.

Frekara ekki gert.

Allir á fundi. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Jón Jensson. K.Zimsen.  
Tr.Gunnarsson. B.Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1911, laugardaginn 30. des. hélt byggingarnefndin fund með sér og fór þar fram sem hér segir:

1. Jóni Jóhannssyni leyft að byggja heyhús úr grásteini á lóð hans Laugavegi 69. Húsið er 9x8 1/2 aln og stendur á nyrðri lóðarmörkum með eldvarnar-gafli.
2. Þorsteini Tómassyni járnsmið leyft að gera íbúðarhús úr steinsteypu 29x15 áln. einlofta með porti og skúr 4 1/2 x 6 áln. á lóð hans við Kirkjutorg (þ.e. á horninu milli Pósthússtrætis og stígnum upp að Mennta- skólanum andspænis húsi Eggerts Claessen. Miðstöð- varhiti verður í húsinu.
3. Einar kaupm. Árnason beiðist undan því ákvæði byggingarnefndar á fundi 2. þ.m. að hann skyldi setja eldvarnarvegg á lóðarmörkum noran við vagnskýlið fyrirhugaða og bakaríisins Vesturgötu 14. Byggingar- nefnd heldur fast við fyrri ályktun sína og vill ekki mæla með undanþágu.

Fleira ekki fyrir tekið. Á fund vantaði Jón Jónsson og K.Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. B. Jónasson.  
Rögnvaldur Ólafsson.

r



Ár 1912, hinn 13. janúar hélt byggingarnefndin fund með sér og var þá fyrir tekið:

1. Lárusi G. Lúðvígssyni leyft að lengja hús sitt nr. 4 við Þinghóltsstræti til suðurs að eldvarnarveggnum á prentsmiðjunni Gutenberg. Viðbótin er 3,15x6,30 metrar. Skilyrði fyrir leyfinu er, að innkeyrsluhlið sé að minnsta kosti 1.90 m. á breidd.

2. Sigurði Jónssyni steinsmið leyft að byggja íbúðarhús úr steini 5.65x6.30 m. með skúr 3.15x4.20 m. og salerni 1.25x0.95 m. á lóðinni nr. 32 við Grettisgötu. Á efra gólfi húss þessa má ekki gera íbúðarherbergi nema settur sé stigi er fullnægi kröfum byggingarsamþykktarinnar.

3. Jósef S. Húnfjörð leyft að gjöra salerni 0.95x0.95 m. að stærð á lóð hans nr. 121 við Laugaveg.

4. Eftir tillögum byggingarfulltrúa ákvað nefndin, að fiskburrkunarhús h/f Alliance sem getur um á fundi nefndarinnar 20. des 1911, skuli standa í línu við Bakkahúsin þar fyrir austan.

5. Samþykkt ráðstöfun borgarstjóra að byggja salerni við Blöndalsbæ við Óðinsgötu, Sel við Vesturgötu, Einhólt og Ánanaust (Sigr. Stefánsdóttir). Salernin eru öll 0,95x0,95 m. að stærð.

6. Ennfremur samþykkt bygging salerna (0,95x0,95 m.) hjá Ólafi Björnssyni Bakka og Þorleyfi Þorleifssyni Bræðraborgarstíg 32a.

7. Helga Magnússyni járnsmið leyft að gjöra 3 glugga og 1 dyr á kjallara húss hans nr. 7 við Bankastræti og steypa gólf í kjallaranum.

8. Hótel Ísland leyft að setja glugga á kjallara hússins þeim megin er veit að Vallarstræti. Birtugróf með nægilega sterkri rist skal vera fyrir framan gluggann.

Fundinn sóttu allir nema Jón Jensson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. K.Zimsen  
B. Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1912, mánudaginn 29. janúar kom byggingarnefndin sama á fund og fór þar þannig fram:

1. Margrét Jónsdóttir leyft að gera íbúðarhús úr steinsteypu nr. 5 við Bakkastíg, húsið er að stærð 9.40x7.55 m. með 2 skúrum 2.85x2.50 m. og 1.90x1.90 m. Húsið er ein hæð með porti.

2. Tryggva Árnasyni leyft að reisa hús úr timbri við Njálsgötu einlofta á háum kjallara, 6.95x6.30 m. að stærð með skúr 1.80x1.25 m.

3. Oddi Árnasyni í Höfn á Arnarhóli leyft að gera salerni við hús hans, að stærð 0.95x0.95 m.

4. Birni kaupm. Guðmundssyni leyft að gera dyr á suðurhlíð hússins Kolasundi 1, út að Hafnarstræti.

5. Lesið upp bréf frá Einari Erlendssyni til byggingarnefndarinnar um ýmsa agnúa á framkvæmd byggingarsamþykktarinnar. Bréfið afhent byggingarfulltrúa til umsagnar.

Á fund vantaði Jón Jensson. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. K.Zimsen.  
B.Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Fundurinn 29. janúar settur aftur og tekið til athugunar beiðmi Guðm. Freidöfjörð blikksmiðs um leyfi til að reisa steinsteypuhús í Bergstaðastræti og var það veitt. Húsið verður 7.00x7.00 m. að stærð með skúr 2.80x1.60 m., kjallari og ein hæð. Húsið skal þannig sett að það komi ekki í bága við fyrirhugaða götu frá Skólavörðustíg.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Tr. Gunnarsson. K.Zimsen.  
Rögnvaldur Ólafsson. B.Jónasson.

Ár 1912, laugardaginn 10. febrúar hélt byggingar-  
nefndin fund með sér og voru þar rædd þau mál er hér  
verða nefnd:

1. Valdemar Poulsen málmbræðslumanni leyft að  
gera skúr úr bárujárni á lóð hans, sem er baklóð við  
Hverfisgötu 6; skúrin á að vera 3.15x3.70 m. að stærð,  
með eldvarnarvegg á vestari lóðarmörkum.

2. Dubois lækni leyft að reisa skúr til lýsis-  
bræðslu, er heilbrigðisnefnd hefir leyft honum, samkv.  
framlögðu bréfi frá bæjarfógeta, á lóð hans Lindargötu  
21. Skúrin að stærð 6.30x2.50m.

3. Jóni háskólakennara Kristjánssyni leyft að  
gera íbúðarhús úr steinsteypu sunnan við slökkvistöðina  
og upp að henni. Húsið á að vera tvílofta 10.45 m. langt  
9.75 m. á breidd, með skúr á bakhlíð 2.00x2.50 m.  
Húsið á að standa 65 cm. fyrir innan húsalínuna og  
verður nr. 14 í Tjarnargötu. Byggingarnefnd lætur  
getið þess að bærinn á bríhyrnu af lóð þessari upp við  
Suðurgötu, og ákvað, að láta nú þegar færa girðinguna  
á hin réttu lóðarmörk. Hesthús, sem er á lóðinni,  
verður rífið.

4. Arinbirni Sveinbjarnarsyni bókbindara leyf,  
að hækka bakskúr við hús hans Laugaveg 41.

5. Svar byggingarfulltrúa með fylgiskjölum gegn  
bréfi Einars Erlendssonar, er fram kom á síðasta fundi  
lesið upp og falið til athugunar þeim K. Zimsen og  
Rögnvaldi Ólafssyni.

Fleiri mál ekki rædd. Tryggvi Gunnarsson kom  
ekki á fund og Jón Jensson fór skömmu fyrir fundar-  
lok.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónasson. K.Zimsen. Rögn-  
valdur Ólafsson.

Ár 1912, laugardaginn 1. marz kom hin nýja byggingarnefnd saman fyrsta sinni og er samkv. kosningu bæjarstjórnar skipuð þessum mönnum: borgarstjóra, slökkviliðsstjóra, K.Zimsen, Þorvarði Þorvaraðarsyni, Sigvalda Bjarnasyni og Rögnvaldi Ólafssyni. Hinn síðastnefndi var kosinn skrifari.

Á fundinum voru rædd þessi mál er hér greinir:

1. Lúðvík Lárussyni leyft að reisa íbúðarhús úr steinsteypu einlofta með porti, 9.00x7.20 m. að stærð við Þinghóltsstræti austanvert og verður nr. 31.

2. Árna Árnasyni Melbæ í Kaplaskjóli leyft að byggja á byggingarnefndarfundi 1. okt. 1910 að reisa.

3. Ámunda Árnasyni leyft að gera steyptan garð fram með lóð sinni við Hverfisgötu, frá suðausturhorni húss hans að skúr á austurmörkum lóðar. Garðurinn á að vera 1.26 m. á hæð.

4. Onnu Auðunsdóttur Hjaltastað leyft að hækka skúr hennar, sem stendur á lóðarmörkum Lindargötu 8E, með því skilyrði að gluggar verði uppi og niðri á á norðurhlið skúrsins. Um leið skal athygli eiganda skúrsins vakin á því, að gluggar á suðurhlið skúrsins verða teknir af, þegar þurfa þykir.

5. Ásgrímur Eyþórsson beiðist leyfise setja niðurgöngu frá götu í kjallara hússins Austurstr. 18. Frestaði nefndin að taka ákvörðun um þetta mál vegna ónógra uppdráttu.

6. Magnús Vigfússon, Miðseli, sækir um að fá kálgarð í austurhorni Miðselstúns meðfram Framnesvegi mældar sér út, sem byggingarlóð. Byggingarnefnd mælir fyrir sitt leyti með því, að honum verði seldir 16x25 metrar = 400 fermetrar á kr. 3.75 m<sup>2</sup>.

7. H.J.Hansen bakara leyft að breyta inngönguríðum að húsi hans Laugaveg 61, með þeim skilyrðum að riðin taki ekki lengra en 50 cm. fram frá húsi og að veganefnd ákveði hæð gangstétta fram með húsinu.

8. Dubois lækni leyft að stækka skúr þann, er honum var leyfður á síðasta fundi (2. atr.), þannig að skúrin verði 3.15x8.80 m.

9. Páli Járnsmið Magnússyni leyft að girða lóð sína með steyptum garði fram með Bergstaðastræti og Skólavörðustíg, á jaðri beggja gatna.

10. Samþykktur uppdráttur að slökkvitólahúsi,

sem á að standa á horni Ránargötu, Brekkugötu og Framnesvegur og telzt Brekkugata 2. Stærðin er, mesta lengd 10.65 m breidd 7.50 - húsið er fimmhyrnt - 67.15 m<sup>2</sup>.

11. R. Chorsillou kolakaupm. leyft að setja dyr á suðurhlíð húss hans Hafnarstr. 17, þar sem nú er austastá glugginn, og setja einn glugga á austurgafli hússins niðri.

12. Salerisbyggingar leyfðar Sturla Jónssyni við Hverfisgötu 36 og Sigríði Jafetsdóttur við Litla-Sel A. Stærðin að utanmáli ákveðin 1.25x1.50 m.

13. Björn Jónsson fyrrv. ráðherra sækir um leyfi til að mega reisa sér íbúðarhús sunnanvert á erfðafestutúni hans við Tjörnina, næst fyrir norðan Laufástún, og að húsið standi neðarlega í túninu, en 13 m. fyrir ofan framlengingu Fríkirkjuvegur, og þá fyrst að fá breytt hússtæðinu í byggingarlóð.

Byggingarnefndin getur ekki veitt byggingarleyfið án þess að það komi í bága við samþykkt bæjarstjórnarinnar 4. febr. 1909. Leggur nefndin því til, að bæjarstjórnin samþykki að leita samninga um kaup á neðri hluta hússins eða á túninu ö.

14. Eyjólfur ~~Jónsson~~ S. Jónsson býður bænum makaskipti á lóðarfræmum við Bergstaðastræti 46. Nefndin leggur til að makaskipti fari fram, þannig að þeirinn fái 56.30 m<sup>2</sup> undir götu, en láti í staðinn 72.70 m<sup>2</sup>. Það skilyrði er sett, að inngönguriðin að húsinu Bergstaðastræti 46 verði tekin burtu.

15. Samþykkt að kæra Helga Hannesson úrsmið fyrir að hafa breytt húsi sínu Bankastræti 12 í leyfisleysi.

16. Stjórn Ífróttasambandsins var og samþykkt að kæra fyrir skúrabyggingar á Ífróttavellinum, sem gerðir hafa verið í leyfisleysi.

17. Nefndin ákveður, að í stað 18 þuml. framskóts á inngönguriðum og 18 þuml. breiddar stöplar milli dyra og glugga í veggjum komi hér eftir 0.50 m. (netrar).

Fleiri mál ekki fyrir tekin. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Sigv. Björnsson. B. ~~Jónsson~~. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1912, laugardaginn 16. marz átti byggingarnefnd fund með sér og fór þar þannig fram:

1. Þór. málari Þorláksson og Jón dósent Jónsson óska kaups á lóðarræmu bak við lóð þeirra Laufásveg 45, stærðin 124.20 m<sup>2</sup>. Nefndin leggur til að lóðin verði seld þeim á 2 kr. fermeterinn.

2. Verzluninni "Viking" (Carl Lárussyni) leyfð breyting á húsinu Laugaveg 5 með því skilyrði að uppdráttur verði lagður fram, er sýni breytinguna, og lýsing á henni þar með, og að yfirleitt verði fullnægt kröfum byggingarsamþykktarinnar. K.Zimsen lætur þess getið að hann sé leyfinu mótfallinn, sökum þess að uppdrátt vantar, og það enda þótt borgarstjóri hafi áður veitt leyfið upp á væntanlegt samþykki nefndarinnar.

3. Halldór M. Ólafsson beiðist leyfis til að breyta vinnustofuhúsi á lóð sinni Nýlendugötu 19 í íbúðarhús. Frestað ákvörðun vegna ónógra upplýsinga. Hinsvegar er sama manni leyft að byggja skúr fyrir hey og hesthús í lóðarhorni, með eldvarnarveggjum á tvo vegu, að áskildu samþykki heilbrigðisnefndar. Stærð skúrsins 5.40x5.00 m<sup>2</sup>.

4. Samþykkt inngöngurið, 50 cm. fram frá vegg, fyrir dyrum á norðurhlið hússins Hafnarstræti 17 (E. Chruillon).

5. Eyjólfur S. Jónssyni leyft að lengja hús sitt Baldursgötu 3 um 3.15 m., breiddin er 6.45 m. og aftur úr því skúr 2.95x3.35 m. að stærð. Húsið nær á lóðarmörk, en þarf ekki eldvarnarvegg, með því að nágrannalóðin er eign sama manns. En skipting á lóðinni getur þá ekki síðar fram farið.

6. Álitsskjal þeirra K.Zimsen og Rögnvaldar Ólafssonar um bréf Einars Erlendssonar m.m., sem þeim var falið til athugunar á fundi 10. f.m., lagt fram og ákveðið að það skyldi ganga milli nefndarmanna.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema Sigvaldi Bjarnason. Fundi slitið.

~~Handskráð.~~

Þéll Einarsson. B. Jónasson. K.Zimsen.  
Bögnvaldur Ólafsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1912, laugardaginn 30. marz, kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist þar það er hér greinir:

1. Helga Hannessyni úrsmið leyft að láta standa breytingar þær, sem hann hefir gert á húsi sínu Bankastræti 12, þó án leyfis væri, og hann hafi fengið sekt fyrir, - þar sem byggingarfulltrúi telur ekkert athugavert við þær.

2. Garðari Gíslasyni leyft að gera kvist á forhlið og kvistglugga á bakhlið húss hans, Hverfisgötu 12.

3. Sveini Björnssyni yfirréttarmálafærslumanni leyft að gera skúr 2.50x3.15 m. við suðurhlið húss hans Hafnarstræti 22, með því skilyrði að eldvarnarveggur verði í í vesturenda hans, þar sem hann á að standa í stefnu við vesturgötu hússins og ekki er meira en ca. 2.20 m. að mörkum og ca. 3.5 m. að næsta húsi.

4. Böðvari ~~Eðmasyni~~ <sup>Jónssyni</sup> pípugerðarmanni leyft að gera skúr austan við pípusmiðju hans við Rauðarárstíg. Skúrin á að vera 3.15x3.00 m. að ummáli 2.80 m. á hæð.

5. Framlögð teikning af húsinu Laugaveg 5, en ekki samþykki; byggingarnefnd krefzt nýs uppdráttar, þar sem á sé mörkuð fyrirhuguð götustétt, og húsinu hagað þar eftir (sjá síðasta fund 2. atriði).

6. Halldóri M. Ólafssyni synjað um leyfi til að breyta vinnuhúsi sínu Nýlendugötu 19 - sjá síðasta fund 3. atr. - í íbúðarhús eins og það nú stendur, af þeirri ástæðu, AD HUSIÐ ER OF NÆRRI LÖÐARMörkum.

7. Lúðvíg Hafliðasyni leyft að gera kvist á framhlið húss hans Vesturgötu 11, 3.15 m. breiðan.

8. Eyjólfur S. Jónssyni leyft að byggja viðbót austan við hús hans, þá er hann fór fram á á síðasta fundi en skúrin þá lengdur til norðurs um 1.25 m., svo að viðbótin öll er 3.45 m. x 6.45 m. plúss 3.75x4.35 m., og eldvarnarveggur á austurenda öllum.

9. Gísla Þorbjarnarsyni búfræðing leyft að gera anddyri 1.25x1.60 m. að stærð, vestan við skúr, sem honum var nýlega leyft að gera á Laugaveg 12, með því skilyrði, að dyr verði settar inn í húsagarðinn, að minnsta kosti 1.90 m. breiðar frá Bergstaðastræti, og þar haldið greiðum inngangi fyrir slökkvitól.

10. Arna Gíslasyni pást leyft að reisa einlofta <sup>þá</sup> við hús þá, sem hann á fyrir við <sup>5B</sup> Bundarstíft, 5B. viðbótin er að stærð 5.10x3.50 m. og 4.10x3.10 m.,

og er leyfið bundið því skilyrði, að grjótgardur sá sem á lóðinni er, verði rifinn og gerður gangur, 1.9 m. á breidd, verði inn á lóðina.

11. Sigurjóni Sigurðssyni/<sup>trésm.</sup>leyft að gera tvílofta íbúðarhús úrsteinsteypu á lóðinni Templarasundi 5 neð því skilyrði, að húsið verði sett fast upp að eldvarnarveggnum sunnan við hús Jóns Sveinssonar, Templarasund 3. Stærð hússins á uppdrættinum er 14.60x10.25 m., inngönguskúr tvílofta 3.75x6.15 m. og bakskúr 3.20x3.95 m.

12. Jóhanni kaupm. Jóhannssyni leyf, að taka dyr og inngöngurið af húsi hans Mjóstræti 8 og gera í stað þess forstofu með dyrum og inngönguriðum við norðurgöfl hússins. Vilji eigandi hússins eiga þess kost að gjöra næstu lóð að norðan, sem hann einnig á, verður hann nú þegar að gera eldvarnarg. norðan á forstofunni.

13. Jóhanni kaupm. Jóhannssyni leyft að reisa íbúðarhús úr timbri, 7.70x6.30 m. að stærð með tveim skúrum 1.95x1.95 m. og 2.30x1.60 m. að stærð. Húsið á að standa við Baldurg. og á að verða nr. 1.

14. Gísli kaupm. Hjálmarssyni tilkynnt sem svar upp á fyrirspurn hans, að ekkert virðist til fyrirstöðubví að hann á lóðinni nr. 8 Laugavegi fái að byggja hús svipað því, sem grunnuppdráttur hans sýnir allt að 550 ferálmir að grunnfleti, svo framarlega sem hæð hússins fer ekki fram úr götubreiddinni.

15. Frá Þórarni málara Þorlákssyni var lagður fram uppdráttur að húsi, hálfgerður, virðist ekkert þeirri byggingu til fyrirstöðu, en samþykkt getur byggingarnefnd ekki á hana lagt, nema nægir uppdrætti komi fram og hann kaupi lóðina undir það, sem hann felaði á síðasta fundi.

16. Byggingarnefnd leggur til að gatan frá Lauga 18 upp á framlengingu Grettisgötu heiti framvegis (sem hingað til). Vegamótastígur og að hús við hann verði tölusett eftir því.

17. Út af beiðni H.P. Duus um að fá sér útmælda spildu meðfram hinni fyrirhuguðu Hringbr. til viðbót ar við Melstaðablett og Bráðræðisblett svo að þeir liggi fram með brautinni, var bæjarverkfæðingur falið að gera uppdr. af þessu svæði, sem hér um ræðir.

18. Ákveðið að mætast í Húsi Björns Jónssonar á miðvikudag 3. apríl kl. 5 síðdegis.

Fleiri mál ekki rædd. Allir á fundi. Fundi slti Páll Einarsson. Sigv. Björnsson. K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson. © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Ár 1912, laugardaginn 6. apríl hélt byggingar-  
nefndin aukafund og voru þá rædd mál þau er nú skal  
greina:

1. Ásgrími Eyþórssyni leyft að gera inngöngurið  
niður í kjallara hússins Austurstræti 18 frá götunni  
gegn um austasta gluggaopid, með því skilyrði að riðin  
taki ekki/ hvergi lengra en 25 cm. út yfir götujúðar  
og hvergi lengra upp undir af riði en 1.90 m.  
Sama manni leyft að hleypa kjallaragólfi niður um  
30 cm. só að eins undir sérstakri umsjón byggingarfull-  
trúa.

2. Þórarni málara Þorlákssyni leyft að reisa í-  
búðarhús úr steinsteypu á baklóðinni við Laufásveg 45;  
stærðin 7.50x7.00 m., ein hæð flatþaka.

3. Steingrími Guðmundssyni leyfðar ýmsar breyt-  
ingar á útliti húss þess, er hann byggir á lóð Jóns  
Magnússonar bæjarfógeta við Hverfisgötu norðanverða.

4. Gísli Þorbjarnarsyni leyft að breyta búðar-  
glugga í mjólkurbúð Laugaveg 12.

5. Eyjólfur Eiríkssyni fóðrara leyft að gera opið  
skýli yfir 10.05x3.75 m. af baklóðinni við Hafnarstr 16.

6. Sigfúsi Sveinbjarnarsyni leyft að reisa íbúð-  
arhús í Nýjabæ í Grímsstaðaholti, á rústum húss þess  
er brann. Stærðin er 6.90x5.00m., með skúr 2.50x1.90  
m., ein hæð á háum kjallara og á að byggjast úr steinsteypu

7. Erindi frá Bjarnhéðni Jónssyni um leyfi til  
breytinga á húsi hans vísað til byggingarfulltrúa til  
athugunar, með því að erindinu var ekki skilað fyrr en  
fundur var hafinn.

8. Lagður fram uppdráttur að gatnaskipan á túni  
Björns Jónssonar milli Frikirkjuveg og Laufásveg.  
Framlenging Skothússveg ákveðin 12.50m. á breidd, en  
hinar tvær göturnar suður frá Skothússvegi hvor um  
sig 9 m. breidd, og sé húsalínan 6.30 metrar fyrir ofan  
efri jaðar neðri götunnar, en fyrir neðan hana tekur  
við skemmtigarðurinn fyrirhugaði. Eftir eru beggja  
megin efri götunnar ákveðin forgarðar 2.5 metrar br. í  
minnsta lagi. Byggingarnefnd ákveður, að fram með  
þessum tveim götum skuli vera opin bygging ("Villa"  
bygging).

9. Birni Jónssyni leyft að reysa íbúðarhús 13.20  
x9.40 m. með anddyri 5.00x2.20 m., gert úr steinsteypu  
einlofta, með Mansard þaki. Húsið á að standa á nyrztu

9. Birni Jónssyni Leyft að reisa íbúðarhús 13.20 x 9.40 m. með anddyri 5.00x2.20 m., gert úr steinsteypu, einlofta með Mansardþaki. Húsið á að standa á nyrztu lóðinni milli gatnanna suður yfir túnið. Veg skal eigandi gera að húsinu áður en byrjað er á byggingu, og rottró skal gera við húsið, með því að húsið er ekki í sambandi við holræsi.

Fleiri mál voru ekki til umræðu, á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. K.Zimsen.  
B. Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1912, laugardaginn 13. apríl var haldinn fundur í byggingarnefndinni og tekin til meðferðar mál þau er hér greinir.

1. Mælt með undanþágu handa Jónasi H. Jónssyni frá ákv. 25.gr. bsmf. um tvo stiga og að honum leyfist íbúð á efra lofti í húsi hans, sem er útbygging suður úr Bárubúð.

2. Skúla Thoroddsen leyft að gera kvistglugga á suður bakhlíð húss hans Vonarstræti 12, vestan við aðalkvistinn.

3. Ólafi Th. Guðmundssyni leyft að hækka bakhlíð á húsi hans Laugaveg 34 b um 4 álnir = 2.50 m. og verður þá húsið tvílofta í bá hliðina.

4. Jóni E. Jónssyni prentara leyft að gera skúr 3.75x1.90 m. að stærð á vesturmörkum á lóð hans Bergstaðastr. 24. Ennfremur er honum leyft að breyta nokkrum gluggum á húsinu og gangstéttinni við það.

5. Halldóri M. Ólafssyni synjað um leyfi til að breyta smíðahúsinu á baklóð hans í íbúðarhús vegna þess, að húsið verður of nærri lóðarmörkum og einnig of nærri íbúðarhúsinu, sem á lóðinni er.

6. Nic. Bjarnason leyft að gera glugga á vesturhlíð skúrsins við norðurenda húss hans, Suðurgötu 5, og að gera eitt herbergi í skúrnum.

Fjarstaddur Sigvaldi Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson.  
son. B. Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1912, laugardaginn 27. apríl kom byggingarnefndin saman á fund og voru þar rædd þau mál er hér greinir:

1. Sveini yfirdómslögm. Björnssyni leyft að gera dyr úr skúrnum, sem hann er að reisa við hús sitt Hafnarstræti 22 inn í húsið (fyrir nýjan stiga), að setja þrísettan glugga í stað tvísetts á austurgafli hússins á efsta lofti og að setja bárujárnsgirðingu í stað trégirðingar á vesturmörk lóðarinnar.

2. Bjarnhéðni járnsmið Jónssyni leyft að lengja hús sitt Aðalstræti 6B út á lóðarmörk að svonefndu Breiðfjörðshúsi, með sömu hæð og það er, og hækka þakbrúnina á vesturhlíð hússins upp jafnt þakbrún austurhlíðar. Lengingin nemur 1.75 m., en breiddin er söm og á húsinu, 7.55 m.

3. Jóni Halldórssyni & Co. leyft að setja miðstöðvarhitun til timburburkkunar í kjallara, skúr og smíðastofu í húsi þeirra á Skólavörðustíg 6 B.

4. T. Fredriksen leyfðar ýmsar smábreytingar inni í húsi hans Laufásveg 16.

5. Péttri Gunnarssyni hóteltjóra leyft að breyta gluggum og dyrum á þeirri hlíð núverandi knattborðssals á Hótel Ísland, sem snýr út að Aðalstr.

6. Jóhanni kaupm. Jóhannssyni leyft að reisa íbúðarhús úr timbri einlofta með forstofuskúr á suðurgafli við Grundarstíg og verður nr. 5. Stærð hússins 7.15x7.20 m. og skúrinn 4.00x2.00 m. Leyfið er þó því skilyrði bundið að húsið standi 6.30 m. frá nágrennahúsinu og 3.15 m. frá lóðarmörkum, nema eldvarnarveggir komi á milli.

7. Halldóri M. Ólafssyni leyft að breyta smíðahúsi sínu Nýlendugötu 19 í íbúðarhús (sjá fundargerð 16/3 síðastl. 3. atr. 13/4, 5. atr. ), með því að lóð hans hefur reynzt (3 álnum) 1.9 m. dýpri en áður var talið; skal húsið flutt svo til, að það standi 3.15 m. frá suðurmörkum, á lóðarmörkum að vestanverðu verði eldvarnarveggur og að norðanverðu 3.75 m. frá inn- gönguskúr smíðahússins að íbúðarhúsinu, sem fyrir er á lóðinni.

8. Jóh. Jóhannessyni/kaupm. leyft að breyta út og inn- göngudyrum öllum á kvikmyndaleikhúsinu í afturhluta hússins Aðalstræti 8, með því skilyrði að hurðir í öllum dyrum séu á hjörum og falli út.

9. H/f Völundi leyft að setja tvo glugga og gera stiga í norðurenda hússins Njálsgötu 27 B, og gera þarfbúðarherbergi.

10. Jónatan Þorsteinsson & Co. leyft að reisa þráðabirgðaskúr/ timburgeymsluhús á lóð þeirra við Lindargötu, svon. Bakkabúðarlóð. Stærð hússins er 23.25 m.x10.65 m m., einlofta úr timbri með jární á langböndum.

11. P.J.Thorsteinsson & Co. leyft að reisa þráðabirgðaskúr til fiskbotta á leigulóð þeirra á Eidsgranda; stærð skúrsins 21.90x7.50 m.

12. Péttri Gunnarssyni leyft að breyta veitingasalnum austan í Hótel Ísland í kvikmyndaleikhús; brennar verði dyr og falli hurðir út.

13. Lögð fram skýrsla byggingarfulltrúa um hús, sem Jónatan Þorsteinsson hefir byggt í óleyfi á erfðafestulandi sínu .....mýri. Ákveðið að kæra hann fyrir að hafa byggt í leyfisleysi.

14. Guðmundi Guðmundssyni ~~lögð~~ Grettisgötu 2 leyft að lengja hlöðu sína, sem nú er 6.30 m. löng, um 3.15 m., og snúa risinu við, svo að það verði langsetis eftir húsinu öllu með við bótinni; breiddin er 6.30 m.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum.

Fjarstaddir voru K.Zimsen og Þorvarður Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigvaldi Bjarnason. B.Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1912, laugardaginn 11.mái var fundur haldinn í byggingarnefndinni og fór þá þannig fram:

1. Verzluninni "Dagsbrún" (Þorleifi Guðmundssyni) leyft að hækka steinbæ sinn, sem stendur að baki verzluna arhúsinu "Dagsbrún" Hverfisgötu 4, um 1.50 m., þó þannig að hækkan veggjanna verði gert úr steini eða steypu.

2. Björn Bogason bókbindari sækir um að mega gera íbúð í kjallara húss síns Lindargötu 20 B. Frestað til athugunar.

3. Verzluninni "Viking" (Carl Lárússon) leyft að byggja geymsluskúr 4.50 m.x2.70 m. við norðurhlið húss verzlunarinnar, Laugaveg 5.

4. Teikningin af húsinu Laugaveg 5 eins og það er nú samþykkt með þeim fyrirvara, að bæjarsjóður beri hvorki ábyrgð né kostnað af því, að breytingar kunna að verða nauðsynlegar á húsinu vegna hækunnar, sem gerð kann að verða á gangstéttinni.

5. Þórhalli biskupi Bjarnasyni leyft að reisa skúr 15.05 m.x2.50 m. að stærð, vestan undir matjutagarösvegg sínum, þannig að skúrin snýr frá norðri til suðurs og garðsveggurinn er eystri hliðveggur hans.

6. Böðvari Gíslasyni leyft að gera kvist og fl. smábreytingar á húsi sínu, Laugaveg 32 B.

7. Jónasi H. Jónssyni leyft að girða svæði suður af báruhúsinu sem skemmtigarð, samkv. framlögðum uppdrætti. Ennfremur leggur nefndin til að bæjarstjórnin gangi að boði Jónasar um að endurbæta skemmdir þær sem þegar eru orðnar á hleðslunni fram með Tjörninni og halda við lóðinni austan og sunnan við húsið og garðinn, gegn því að svæði það verði hér eftir notað til umferðar fyrir almenningu og sé þetta áinglesið sem kvöð á eigninni.

8. Guðmundi J. Breiðfjörð leyft að gera tvö salerni á lóð sinni Bergstaðastræti (Holtastöðvar), á þeim stað, sem byggingarfulltrúi ákveður.

9. Byggingarnefndin metar lóðarsneið þá, sem taka þarf af lóð Páls Magnússonar járnsmiðs við Skólavörðustíg og Bergstaðastræti, kr. 3.25 ferm. og leggur til að sneiðin verði tekin til götubreikkunar.

Fleiri mál ekki til meðferðar.

Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigvaldi Bjarnason. K.Zimsen.  
Þorvarður Þorvarðsson. B. Jónasson. Rögnvaldur  
Ólafsson.

Ár 1912, laugardaginn 1. júní átti byggingarnefndin fund með sér og gerðist þar það er hér greinir:

1. Jónatan Þorsteinssyni leyft samkv. beiðni hans að láta standa óhaggað hús það, er hann hefir byggt í Leynimýri og verið kærður til sekta fyrir að hafa gert í leyfisleysi.

2. Beiðni kom frá Th. Thorsteinsson um leyfi til að byggja vélaskúr við Þurrkvélahús hans á Kirkjusandi. Með því að bæði vantaði uppdrætti og aðrar upplýsingar um þetta mál, var því frestað.

3. Ara Antonssyni leyft að hækka steinhús sitt Lindargötu ~~9~~ 9, þannig að það verði tvílofta, en að minnsta kost 2.50 m. lofthæð verði bæði uppi og niðri. Byggingarnefndin mælir með að honum verði veitt undanþága frá því að hafa tvo stiga í svo litlu húsi, þar sem þess virðist engin þörf. Stærð hússins er 7.25m. x 5.65 m. og skúr tvílofta 3.45m. x 4.40m.

4. Kristjáni Teitssyni fyrir hönd Sólmundar Kristjánssonar leyft að byggja eina hæð úr steini eða steinsteypu ofan á steinbæinn, sem áfastur er húsi hans Litlu Grund við Bjargarstíg, og þá um leið að hækka skúr þann, sem stendur upp við bæinn. Ennfremur er honum leyft að gera timburskúr með eldvarnarvegg við syðri mörk á sömu lóð; skúrin að stærð 2.50m. x 2.50.

5. Beiðni Elíasar Stefánssonar um leyfi til að mega byggja viðbót við húsið Laugaveg 44 ekki afgreidd; frestað vegna ónógra upplýsinga um vatnsrás frá þaki.

6. Gísli kaupm. Hjálmarssyni leyft að reisa þrílofta íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans Laugaveg 8. Lengd framhliðar með Laugavegi 15.05 m., mesta dýpt frá götu 21.95 m., grunnflötur hússins óreglulegur og allt að flatarmáli 243.60 m<sup>2</sup>.

7. Birni bókbindara Bogasyni leyft að gera íbúðarherbergi í kjallara húss síns Lindarg. 20 B, að áskildu samþykki heilbrigðisnefndar um íbúðina fullgerða. Byggingarfulltrúa falið að leiða athygli húseiganda að ákvæðum 24. gr. bmsb. um óbyggt svæði eða götu fram undan sluggum slíkra íbúðarherbergja.

8. Geir Zöega kaupm. leyft að bæta einni hæð ofan á hús hans 10 B við Vesturgötu. Húsið má ekki nota til íbúðar nema í það verði settur annar stigi.

9. Sigurbjörgu Þorláksdóttur leyft að slá upp lausum timburskúr, til skýlis handa börnum, á erfðafestu-



landi því er henni hefur verið mælt út undir barnagarð og liggur sunnan við Leynimýri.

10. Var á ný tekið til athugunar bréf Jónasar H. Jónssonar, er fram kom á síðasta fundi (7.atr.), hafði bæjarstjórn vísað bréfinu aftur til byggingarnefndar, með því að J.H.J. kvæðst ekki hafa ætlað sér að bjóða þau kjör, er byggingarn. hafði talið beiðni vera. Nefndin leggur nú til að bærinn láti gera við hleðsluna, þar sem hún er biluð, og gízkað er á að kosta muni um 50 kr., og haldið vi gangstígnum austan og sunnan Bárúhússins, meðan almenningur nýtur hans til umferðar.

11. Tekið var til athugunar erindi Johnson's & Kaaber og P.J.Thorsteinsson um kvöð á geymsluhúsi þeirra, Hafnarstræti 13, er bæjarstjórn hafði beiðzt álita byggingarnefndar um. Nefndin vísar til byggingarnefndar fundargerðar 17. febrúar 1898, og hefir nefndin ekki fundið frekara um það mál í bókum sínum frá þeim tímum.

12. Tillögur til breytinga á nokkrum atriðum bsmð. Reykjavíkur athugaðar.

Fleiri mál ekki rædd. Fjarverandi voru K.Zimsen og Sigvaldi Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Þorvarður Þorvarðarson.  
B. Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1912, hinn 15. dag júnimánuðar var reglulegur fundur haldinn í byggingarnefndinni:

1. Guðm. Guðmundssyni leyft að lengja húsið nr. 3. við Grettisgötu um 1.25 mera. Breiddin er 7.85 m.
2. Guðjóni Sigurðssyni úrsmið leyft að byggja skúr 4.10x1.20 m. að stærð, við suðurhlíð hússins nr.14 við Hafnarstræti.
3. Elíasi Stefánssyni leyft að lengja húsið nr. 44 við Laugaveg um 6.30 m. Breiddin er 9.40 m. Ennfremur leyft að setja bak með risi og kvistgluggum á húsið. Loks leyft að byggja skúr við suðausturhorn hússins, að stærð 3.45x2.0 m. og salerni 3.90x0.95 m. Jafnframt verður rifinn niður skúr á lóðinni 6.30x5.30m. og salerni 1.80x0.90 m.
4. Th. Thorsteinsson leyft að gjöra skúr 5.65x3.75 m. austan við fiskvurrkunarhús hans á Kirkjusandi. Þar sem skúr þessi stendur rétt við lóðarmörk skal gjöra við hann eldvarnarvegg ef eigendur nágrannalóðarinnar krefjast þess.
5. Sig. Sigurðssyni synjað um leyfi til að hækka skúr við húsið nr. 3 við Fischerssund, þar sem skúrin stendur út fyrir götujaðar Mjóstrætis.
6. Siggeir Torfasyni kaupmanni leyft að gjöra skúr 3.75x3.15 m. að stærð, á baklóð nr. 4 við Smiðju-  
stíg.
7. Thor Jensen kaupmanni leyft að byggja skemmti-  
hús á lóð sinni við Fríkirkjuveg. Húsið er 3.30x3.30 m. að stærð og á að standa norðan við götuna, sem liggur heim að húsinu (íbúðarhúsinu) frá Fríkirkjuvegi.
8. Steingrímur Guðmundsson trésmiður fer fram á, að tröppur við samkomuhúsið Bethel megi standa óbreyttar, en eigandi hússins hefur verið kærður til sekta og niðurrifs á tröppum þessum, er ná of langt út í Ingólfsstræti. Nefndin vill ekki veita hið umbeðna leyfi, en ítrekar kröfu sína um, að tröppurnar verði teknar burtu.
9. Samþykkt að selja Slippfélaginu lóðarræmu meðfram Slipplóðinni að sunnan, (3 1/2 alin) 2.20 m. á breidd, en á lengd 22 m. fyrir kr. 3.20 hvern fermetra.
10. Samþykkt að selja K.Zimsen lóðarbríhyrnu, sem bærinn á við Holtsgötu umhverfis Lýðslind fyrir kr. 1.50 hvern fermetra. Bríhyrnan er 206 fermetrar að

stærð.

11. Jón Kristjánson prófessor fer fram á að fá endurgjald úr bæjarsjóði fyrir 9 fermetra lóðarspildu, úr/bæjarsjóði sem tekin hefur verið af lóð h ns nr. 14 við Tjarnargötu til lögunar á götujaðrinum og krefst þess að fá kr. 91.00 fyrir skikan. Byggingarnefndin telur vafasamt að krafa um nokkurt endurgjald fyrir þessa lóð sé á rökum byggð og frstar því að gjöra tillögur þar að lútandi, en vísar málinu til bæjarverkfæðings til athugunar.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónasson. Sigv. Bjarnason.  
K.Zimsen.

Ár 1912, t. 29. júní byggingarnefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra og gjörðist þá á fundinum það er hér segir:

1. Magnús Th. Blöndal snikkari sækir um að fá að setja 5 kvisti á íbúðarhús sitt Lækjargötu 6 B, og breyta herbergjaskipun og stigum í því. Nefndin samþykkti að leyfa breytingarnar.

2. Steingrímur Guðmundsson sækir um leyfi til að mega byggja tröppur við samkomuhúsið "Bethel", eftir að búið er að taka burtu tröppur þær, er hann hefur byggt í óleyfi. Nefndin ~~sækir~~ samþykkti að leyfa honum að byggja tröppurnar, en að sjálfsögðu verður að byggjast í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktarinnar.

3. Láru Þ.P. Þorsteinsdóttur leyft að reisa íbúðarhús á lóð hennar við Bjargarstíg (Stórugrund) - húsnúmer verður ákveðið seinna. Húsið er 6.75x7.20 m. og skúr 2.50x2.20 m. Það athugast að lóðinni verður ekki skipt sundur eftir að byggt hefur verið.

4. Leyft að breyta 2 gluggum á austurhlið Hótel Íslands.

5. Leyft að setja dyr og forstofu á kjallarann á nr. 36 við Lindargötu.

6. Sigurði Sigurðssyni leyft að setja dyr og glugga á skúrinn við húsið nr. 3 við Fischersund.

7. Leyft að stækka skúr um 95 cm. við bæinn Brekkukot við Bræðraborgarstíg.

Á fundinn vantaði K.Zimsen og Rögnvald Ólafsson.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. Þorvarður Þorvarðsson. B.Jónasson.

Ár 1912, laugardaginn 13. júlí hélt hélt byggingarnefndin fund með sér og ræddi neðangreind mál:

1. Ólafi Jónssshni á Laugalandi leyft að byggja hesthús vestan við fjós hans þar, 3.80x3.80 m. á stærð.

2. Einari Ágúst Einarssyni í Lágholti leyft að byggja fjós úr steinsteypu, 5.00x3.60 m. á stærð, á lóð hans þar. Leyfi heilbrigðisnefndar er áskilið..

3. L. Diechmann vélameistara leyft að byggja vélavinnuhús og smiðju úr steinsteypu á horninu Lindargötu 14 A og Vatnsstíg. Húsið fram með Lindargötu er 11.30 m. og breiddin um 8 m., aftur úr því álma til suðurs 4.20x6.35 m.; smiðaskúrar, sem nú eru, verða rifnir og eru þeir að grunnfleti 67,06 m<sup>2</sup>, en hið nýja hús verður 115.83 m<sup>2</sup> alls að grunnfleti.

4. Gunnþórunni Halldórsdóttur leyft að bæta einni hæð ofan á hús hennar Amtmannsstíg 5, byggja inngönguskúr við austurgafli hússins og er hann 3.15x2.50 m., og stækkar skúrinn sem nú er að norðanverðu um 0.65 m. til norðurs, breidd hans er 2.50 m. En því skilyrði er byggingarleyfi þetta bundið, að eigandi nágrannalóðar að vestanverðu gefi skriflegt leyfi sitt til þess að eigi þurfi nú þegar að byggja eldvarnarvegg þeim megin við húsið, þar sem ekki eru meira en 1.40 m. frá lóðarmörkum, og sé það og þinglesin kvöð á eigninni, að húseigandi sé skyldur að gera eldvarnarvegg þann er áður um getur, þegar eigandi umræddrar nágrannalóðar krefst þess.

5. Sigurjóni Sigurðssyni trésmið leyft að gera húsið, sem hann er að byggja í Templarasundi, þrjár hæðir. Veggur hússins yfir götu verður þannig um 12.55 m. Byggingarnefnd lætur þess hér getið, að hún gerir ráð fyrir að ~~vestarhlið~~ Templarasunds verði á sínum tíma látin verða í beinu framhaldi af austurgafli Alþingishússins og austurvegg Þinghúsgarðsins.

Fleira ekki til umræðj.

Fjarstaddir borgarstjóri og þorvarður þorvarðsson.

Fundi slitið.

Sigvaldi Bjarnason. K.Zimsen. Bl Jónasson.  
Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1912, þ. 27. júlí kom byggingarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra og gjörðist á fundinum það, er hér greinir:

1. Árna Jónssyni, Holtsgötu 2, leyft að breikka skúr skúr við hús hans um 1.25 m., en skúrin er á lengd 7.20 m. Leyfið er bundið því skilyrði, að hann lýsi því skriflega yfir, að hann byggji eldvarnarvegg við skúrinn þeim megin sem veit að lóðinni Bræðraborgarstíg 26 hvenær sem eigandi þeirrar lóðar krefst þess, og sé sú yfirlýsing þinglesin á kostnað umsækjanda, sem kvöð á Holtsgötu 2.

2. Þorsteini Tómassyni leyft að breyta inngönguskúr við húsið nr. 15. við Laufásveg, þannig að hann lengist um 1.25 m. og breiðkar um 0.35 m.

3. Ara Antonssyni leyft að stækka skúr við Lindargötu 9 um 0.95x0.65 m.

4. Hjálmtý Sigurðssyni leyft að byggja hús á horni Grettisgötu og Vitastígs 7.55x7.55 m. með skúr 2.80x2.80 m. Húsið verður nr. 44 A við Grettisgötu.

5. Kristján Teitsson sækir fyrir hönd Goodtemplarafélagsins um leyfi til þess að byggja skúr 5x2 m. á norðanverðri lóð hússins upp að Alþingishússgarðinum. Skúr þessi hefir þegar verið byggður í leyfisleysi og kærir nefndin umsækjanda til sekta fyrir þetta, og vill ekki að svo komnu veita leyfið, enda vantar teikningu af lóðinni og skúrnum.

6. Var tekið til athugunar stækkun Lækjartorgs upp að stjórnarráðshúsinu og bæjarverkfræðingnum falið að gjöra tillögur og teikningar af torginu í slíkri fyrirhugaðri mynd og áætlun yfir hve mikið muni kosta að fá torginu breytt og það stækkað.

7. Byggingarnefndinni hefur borizt kæra dags. 16. þ.m. frá Sigurði Benediktssyni Klapparstíg 6, yfir því að hann verði fyrir óþægindum af reyk úr málmbræðsluskúr Paulsens við Hverfisgötu 6. Nefndin felur bæjarverkfræðingnum kærana til athugunar og gefur hann síðan nefndinni skýrslu um málið.

Fleira gjörðist ekki. Á fundinn vantaði Kn.Zimsen, Þorv. Þorvarðsson og Rögnvald Ólafsson. Fundi slitið.

Páll Einarsson. B. Jónasson. Sigvaldi Bjarnason.

Ár 1912, þ. 10. ágúst, kom byggingarnefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra, og gjörðist það er hér segir:

1. Ekkjufrú Sigríði P. Sigfússon leyft að byggja íbúðarhús á lóð nr. 11 við Hverfisgötu. Húsið er að stærð 10x8.75 m., útbyggingar 3.9x2.5 m. og 3.5x2.5 m. Húsið byggist úr steinsteypu.

2. Steingrími Guðmundssyni snikkara leyft að byggja skúrbyggingu við suðurhlíð hússins nr. 4 við Kirkjustræti 3.80x1.90 m. að stærð og stækka um það eitt íbúðarherbergi hússins og gjöra nokkrar aðrar smábreytingar á húsinu að innan.

3. Ólafi Ólafssyni fríkirkjupresti veitt leyfi til að byggja hesthús á baklóð hans við nr. 8 A í Miðstræti 1.90x2.50 að stærð. Samþykki heilbrigðisnefndar áskilið.

4. Timbur og Kolaverzluninni Reykjavík veitt leyfi til að byggja kvist á vesturhlíð hússins nr. 16 við Laufásveg.

5. Bjarnhéðni Jónssyni leyft að byggja steinsteypuskúr við hús nr. 6 B við Aðalstræti, að stærð 3.30x2.65 fyrir gasmótor, með því skilyrði að eldvarnarveggur verði á þeirri hlið, er veit að nr. 8 við Aðalstræti, og að skúrinn verði að öðru leyfi gjörður eftir því er brunamálanefnd kann að leggja fyrir, og að samþykki brunamálanefndar komi til áður en mótorinn er tekinn til notkunar.

6. Samþykkt að bráðabirgðaskúr, er Kristján Teitson hefir byggt við Goodtemplarahúsið megi standa. Skúrinn er að stærð 5x2 m.

7. Lögð var fram skýrsla bæjarverkfræðingsins og tillögur út af kæru Sigurðar Benediktssonar yfir óþægindum af reyk frá málmbræðsluskúr Valdemars Paulsens við Hverfisgötu. Nefndin sér ekki ástæðu til að gjöra annað út af þessu en það, sem bæjarverkfræðingurinn hefir gjört, en vísar erindinu að öðru leyti til brunamálanefndar til athugunar.

Fleira gjörðist ekki.

Á fundinn vantaði Kn. Zimsen, Þorv. Þorvarðsson og Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigvaldi Bjarnason. B. Jónasson.

Ár 1912, hinn 31. ágúst, átti byggingarnefndin fund með sér, og var þá fyrir tekið:

1. Þorl. H. Bjarnason fer fram á að mega flytja geymsluhús af lóðinni nr. 16 við Tjarnargötu yfir á lóðina nr. 26 við Sömu götu. Nefndin vill ekki veita þetta leyfi og getur þess jafnframt að húsið er byggt sem hesthús og hefur verið notað sem slíkt.

2. Verzluninni Björn Kristjánsson leyft að byggja nýjan reykháf í húsið nr. 4 við Vesturgötu og að setja mibstöðvarhitunartæki í húsið.

3. Stjórnarráði Íslands veitt leyfi til að lengja geymsluhúsið austan við stjórnarráðshúsið um 3.45 m. til austurs. Breidd hússins er metrar.

4. Júlíus Schou leyft að gjöra skúr 2.20x2.80 m. og salerni 0.95x1.25 m. að stærð, vestanvert við hús hans fyrir norðan Vesturgötu.

5. Sveini M. Hjartarsyni leyft að lengja geymslu-skúr á lóð hans nr. 1 við Bræðraborgarstíg um 9.40 metra. Breidd skúrsins er 4.40 m. Eldvarnarveggur skal vera að sunnan og austan.

6. Kristjáni Kristjánssyni/<sup>steinsm.</sup> leyft að gjöra steinsteypuhús 7.55x7.55 m. að stærð með skúr 2.50x2.20 m. á lóð hans nr. 52 við Hverfisgötu. Húsið á að standa í hinn nýju húsalínu sunnan götunnar, en húsið, sem nú er á lóðinni skal jafnframt flytja suður í sömu stefnu og verður það þá fyrir austan hið nýja hús með eldvarnarvegg á austurmörkum lóðarinnar.

7. Sturla Jónssyni leyft að gjöra bráðabirgðaskúr sunnanvert á lóð hans nr. 48, við Njálsgötu. Stærð skúrsins er 5.00x2.50 metra og þar sem ekki er eldvarnarveggur á lóðarmörkum skal taka skúrinn burtu þegar krafist verður.

8. Jónatan Þorsteinssyni leyft að byggja eina hæð ofan á smíðahús hans við Vatnsstíg nr. 3 og að gjöra inngönguskúr 4.00x1.20 m. við suðurgötu hússins.

9. Hjálmtýr Sigurðsson fer fram á ýmsar breytingar á 3 húsum, en þar sem engin uppdráttur fylgdi þessu erindi gat byggingarnefndin ekki sinnt því.

10. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram uppdrátt af fyrirhugaðri stækkun Lækjartorgs og í sambandi þar við af breiðkun Lækjargötu upp í 20 álnir. Nefndin vill fyrir sitt leyti samþykkja uppdráttinn og eftir samtali



bæjarverkfræðingsins við eigendur lóða þeirra, sem  
skerða þarf, er líklegt að eigi þurfi að greiða lóðar-  
námið með öðru en girðingum meðfram götunni.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson og Þorvarð  
Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. B. Jónasson.  
K.Zimsen.

Ár 1912, mánudaginn 16. september átti byggingar-  
nefndin fund með sér og fjallaði um þau mál er hér  
greinir:

1. Sigurður Jónsson í Görðunum biður um leyfi  
til að breyta glugga- og hurðaskipan í húsi sínu Klapp-  
arstíg 1, og er það leyft.

2. H.J.Hansen leyft að áskildu samþykki heilbrigð-  
isnefndar að gera hey- og hesthús á norður og austur-  
mörkum lóðar hans Laugaveg 61. Húsið er úr timbri með  
eldvarnarveggjum á tvo vegu. Stærð þess 9.40x3.15 m.

3. Sveini J. Einarssyni leyft að gera íbúðarhús úr  
á Bráðræðislóð við Frammesveg nr., stærð hússins er  
6.25x6.25 m., einlofta með kjallara, og skúr 2.50x1.90  
m. Jafnframt breytast í byggingarlóð 197 m<sup>2</sup> (500 fer-  
álnir).

4. Eyþóri Oddssyni slátrara leyft að reisa bráða-  
birgðaskúr á lóð hans Bergstaðastíg 28, með því skil-  
yrði að hann taki skúrinn burt þegar krafizt verður.  
Skúrinn er að stærð 3.75x2.50 m. og 3.15 á hæð.

5. Frestað að taka ákvörðun um beiðni h/f P.J.  
Thorsteinsson & Co. um byggingu tveggja skúra fyrir  
fisk og salt á baklóð þeirra við Pósthússtræti.

6. Gísla Gíslasyni Lindargötu 36 leyft að gera  
íbúð í framhlið kjallarans undir húsi hans, þar til er  
áskilið samþykki heilbrigðisnefndar.

7. Jóni Magnússyni verzlunarmanni leyft að gera  
hesthús og geymsluhúur - í einu lagi - á lóð sinni  
við Holtsgötu 16. Skúrinn er 6.30x5.00 m. að stærð.  
Samþykki heilbrigðisnefndat er áskilið.

8. Helga Jónssyni í Tungu leyft að gera þak yfir  
sund milli fjóss hans og steinveggjarins fram með veg-  
inum. Stærðin verður 2.80x12.10 m.

9. Bræðrunum Eggert Briem skrifstofustjóra og  
Sigurði Briem póstmestara leyft að reisa hesthús með  
heyhúsi úr timbri og bárujárni á erfðafestulandi þeirra  
vestan við suðurenda Tjarnarinnar. Húsið er 10.00x  
4.10 m. með skúr 2.00x7.50 m. að stærð.

10. Frestað að taka ákvörðun um beiðni Kristins  
Steins Jónssonar Kárástíg 4, um að mega gjöra hesthús-  
skúr á bæjarlóð bak við Bergstaðastíg 44.

11. Byggingarnefndin leggur til að Guðmundi Guðmundssyni frá Vegamótum verði leyft að breyta í byggingarlóð 252 fermetrum af erfðafestulandi hans við Njálsgötu sunnanverða, og selja fermetran á 2 kr. öðrum mönnum. Leyfið er bundið venjulegum skilyrðum um framlag fimmtungs andvirðis í bæjarsjóð.

Fleiri mál ekki til meðferðar.

Á fund vantaði K.Zimsen og Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónasson. Sigv. Gjarnason.  
Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1912, laugardaginn 28. september kom byggingar-  
nefndin saman á fund og voru þar tekin fyrir til með-  
ferðar mál þau er hér græðinir:

1. Alfred Blanche frakkakonsúl leyft að gera  
kjallarainngang með skúr yfir við suðurgafli húss hans  
við Skálholtsgötu nr. .. Skúrin að stærð 1.90x1.30m.

2. Magnúsi Guðmundssyni leyft að setja lausan  
rimlaskúr bak við hús hans Laugaveg 1.

3. Th. Thorsteinsson kaupm. leyft að breikka fisk-  
pottahús sitt á Kirkjusandi um um 5.65 m. á 22 m.  
lengd.

4. Péttri Jónssyni í Kaplaskjóli leyft að reisa  
íbúðarhús úr timbri 6.30x6.30 m. að stærð einlofta,  
með skúr 2.20x1.55 m. Húsið á að standa á Hrísakots-  
bletti í Kaplaskjóli.

5. Frestað að taka ákvörðun um byggingarleyfis-  
beiðni Brynjólfs tannlæknis Björnssonar við Hverfis-  
götu.

6. Birni Jónssyni synjað um leyfi, að svo stöddu,  
til úthússbyggingar á lóð han.

7. Dichmann vélasmíð leyft að hækka hús sitt á  
horninu Lindargötu 14 - Vatnsstíg um eina hæð, en þó  
með því skilyrði, að bakstíginn verði innanhúss.

8. Frestað til næsta fundar að gjöra tillögur  
um erindi Sigurðar barnakennara Jónssonar um makaskipti  
á lóðum við Laufásveg og Bergstaðastræti.

9. Kristni Jónssyni synjað um leyfi til stór-  
byggingar á lóð þeirri annari, sem um getur í 8. lið.

10. Hjálmtý Sigurðssyni leyft að hækka bakskúr  
og gera aðrar smábreytingar á efsta lofti húss hans  
Grettisgötu 20 B.

11. Sama manni leyft að gera eitt íbúðarherbergi  
og eldhús í kjallara húss síns Grettisgötu 44 A.

12. Útaf erindi G.Zöega kaupmanns tekur nefndin  
fram, að hún telur ekki mega ástæðu til að láta breyta  
umbúnaði þeim um reykháf, sem þegar hefur gerður verið  
í húsinu Vesturgötu 10 B, og haga samkvæmt byggingar-  
venju hingað til. Hinsvegar ákveður nefndin, að fram-  
vegis skuli ákvæðum byggingarsamþykktarinnar 27. gr.  
um fjárlög viðá frá reykháfum, frammfylgt bókstaflega.

rúnu

13. Guð~~mundur~~ Jónason~~ur~~ kaupm. leyft að setja "automat" við vegg pósthúss-útihússins í Austurstræti. Leyfið bundið samþykki réttra ~~á~~ahlutaðeiganda.

Fleiri mál ekki rædd. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. ~~Ráðgjafi~~ K.Zimsen.  
Þorvarður Þorvarsson. Sigv. Bjarnason. B. Jónasson.  
Rögvaldur Ólafsson.

Ár 1912, laugardaginn 12. okt. átti byggingarnefndin fund með sér og fór þá þannig fram:

1. Birni Jónssyni fv.ráðh. leyft að gera útihús úr timbri 5.70m.x3.80m. að stærð á lóð hans austan við Tjörnina. Húsið á að standa í landsuðri frá íbúðarhúsinu á lóðinni og eigi skemmra en 6.30 m. frá götu eða íbúðarhúsi, ef það á að notast sem peningshús, og þarf þá og til þess leyfi heilbrigðisnefndar.

2. Jóh. kaupm. Jóhannessyni leyft að gera einlofta íbúðarhús úr timbri, Grundarstíg 3, að stærð 7.55 m.x 6.90 m. og skúr. 3.75m.x1.90m.

3. Brynjólfi Björnssyni tannlækni leyft að reisa íbúðarhús einlofta úr steinsteypu við Hverfisgötu næst austan við hús Guðmundar Hannessonar próf. Húsið er að stærð 12.10m.x9.55m., forstofa útbyggð 3.15m.x2.55m. Reykháfar mega ekki hallast meira en 15° frá lóðlínu og ekki skemmra frá innri brún keirra að viðum en 23 cm.

4. Leyft að breyta gluggum og bæta einum dyrum á norðurhlið Hotel Íslands á neðstu hæð vestan aðaldyra.

5. Fiskiveiðahlutafélaginu "Íslandi" leyft að reisa fiskgeymsluhús úr timbri á leigulandi félagsins á Kirkjusandi. Húsið er einlofta með porti 25.10m.x 12.55m. að stærð.

6. Marteini kaupm. Einarssyni, Laugaveg 44, leyft að reisa einlofta íbúðarhús úr timbri á lóð hans Njálsgötu 6. Stærð hússins er 7.50m.x7.00m. og skúra tveggja 2.60m.x1.90m. og 2.50m.x2.25m.

7. Gunnþórunn Halldórsdóttir fékk leyfi til að stækka hús sitt Amtmannsstíg 5, á fundi 13. júlí í sumar. Nú er henni leyft að breikka efri hæð vesturhluta hússins um 1.60 m. á 5 m. lengd, og láta útbygginguna hvíla á súlum.

8. Lagt var fram erindi frá Tryggva Gunnarssyni, þar sem hann beiðist leyfis fyrir hönd Íshúsfélagsins til að byggja ísgeymsluhús á hálfri Brennuhúsalóð við Fjarnargötu. Byggingarnefndin er því móttfallin að íshús sé byggt á þessum stað.

9. Byggingarnefndin gékk á lóð Björns kaupm. Símonarsonar Vallarstr. 4, og skoðaði kolageymslu hans þar. Þeir hann sett þak yfir kolabyrgið án þess að fá til þess leyfi byggingarnefndar, og telur hún það brot á byggingarsamþykktinni.

10. Byggingarnefndin kaus úr sínum flokki þessa menn til að koma fram með endurskoðaða byggingarsam-  
þykkt: Benedikt Jónasson, Rögnvald Ólafsson og Knud  
Zimsen.

11. Gata sú, sem liggur frá Frammesvegi nið-  
ur með Bráðræði á enda Eidsgranda, var skirð Granda-  
vegur.

Fundarefni lokið. Á fund vantaði Knud Zimsen.

Fundi slitið.

Sigv. Bjarnason. Páll Einarsson. Þorvarður  
Þorvarðsson. B. Jónasson. Rögnvaldur Ólfsson.

Ár 1912, laugardaginn 2. nóvember kom byggingarnefndin saman á fund og voru þau mál rædd er hér á eftir eru talin:

1. Sigurjóni trésmið Sigurðssyni leyft að gera steinsteyptan garð utan að lóð sinni á horni Templararunds og Vonarstrætis, fram með þeim götum að hinu nýja húsi hans. Garðurinn sé hornsneyddur eða bogadreginn á götuhorninu, svo sem fyrir er mælt í 9. gr. bsmf.

2. Þorsteini ~~járnsmið~~ <sup>járnsmið</sup> Tómassyni leyft að færa skúr á lóð hans Lækjargötu 10 út að suðurmörkum lóðarinnar, með því skilyrði að eldvarnarveggur verði gerður á tvo vegu við skúrinn.

3. Byggingarnefnd mælir fyrir sitt leyti með því, að Gunnþórunni Halldórsdóttur verði veitt undanbága frá því að gera samkv. ákvæðum 20. gr. bsmf. eldvarnargafl við hús það er hún er að byggja ofan á við Amtmannsstíg 5; en undanbágan bundin því skilyrði að eldvarnarveggurinn verði gerður þegar er hús verður reist á nágrannalóðinni nær en 10 álnir (6.30 m.) og sé kvöð þessi á eigninni þinglesin.

4. Thor Jensen beiðist leyfis til að mega breyta smíðahúsi Haralds Möller Tjarnargötu 3 í íbúðarhús. Málinu frestað vegna ónógra upplýsinga.

5. Sæmundi Sveinssyni Holtsgötu 8 leyft að lengja hús sitt um 3.15 m.; breiddin er 6.30m. Viðbótinni á að fylgja skúr 2.80xl.90 m. en annar verður rifinn 3.15x 1.90m. að stærð. Húsið og viðbótin er úr timri.

6. Ólafur Kristjánsson biður um leyfi til að mega byggja íbúðarhús úr timbri á lóð hans ofanvert (sunnan) við Ránargötu 29. Því máli er frestað vegna þess að enginn trygging er enn fengin fyrir vegi að húsinu á neinn veg.

7. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að gera salerni við hús hans Laugaveg 40. Stærðin sé 1.50xl.50 m.

8. Ólafai Jónssyni á Laugalandi leyft að gera íbúðarhús úr steinsteypu þar á landi sínu. Húsið er einlofta portbyggt, 8.50x6.90m. að stærð með skúr 2.89xl.90m.

9. Jes Zimsen o.fl. leyft að setja glugga á þak og vesturvegg og gera reykháf í útihúsið Norðurst. 4.



10. Helgi Magnússon járnsmiður sækir um leyfi til að reisa brúlofta íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni Bankastræti 7. Byggingarnefnd synjar leyfisins þar sem húsið á að standa á ákveðinni framlengingu Ingólfsstrætis.

11. Árna Einarssyni heilbrigðisfulltrúa leyft að hækka skúr á lóðinni 28 A.

12. Kristínu Björnsdóttur leyft að gera múrpiðu í stað járnpiþna frá þvottapotti í útihúsi á lóð hennar.

13. Kristínu Björnsdóttur heimilað að hafa þak yfir bakbyrgi sínu, það er um getur á síðasta fundi 9.atr., til næsta vors.

14. Borgarstjóri vakt máls á því að eldvarnargafli sunnan við húsið Aðalstr. 6 B (Bjarnhéðins Jónssonar járnsm.) næði að vísu nógu hátt upp fyrir það hús, samkv. lögum, en hefði hvorki næga hæð né breidd fyrir nágrannahúsið, Aðalstræti 8. Byggingarnefndin leit svo á, að við svo búið yrði að standa í þetta sinn

15. Beiðni kom frá Vald. Paulsen um að mega xk stækka málnbræðsluhús hans, en var frestað vegna ónógra upplýsinga.

16. Erindi Guðríðar J. Jónsdóttur um að mega setja upp brauðgerðarofn í kjallara húss hennar Laugaveg 33 vísað til byggingarfulltrúa.

17. Að gefnu tilefni lýsir byggingarnefnd yfir því, að hún telur byggingarfulltrúa óskyld að sinna uppdráttum, sem ekki eru gerðir eftir metramáli.

Fleiri mál ekki fyrir tekin. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Ár 1912, laugardaginn 16. nóvember hélt byggingarnefndin fund með sér og ræddi þau mál er hér greinir:

1. Ólafi Kristjánssyni leyft að reisa timburhúshæð, er um getur á síðasta fundi, 6. atr. sunnan Ránargötu 29, með því að þegar hefur verið gerður frambúðarvegur að hússtöðinu því tilheyrandi. Húsið verður því Ránargata 31. Húsið er að stærð 8.15m. x 7.55m. með skúr 3.50m. x 1.60m.

2. Tómasi Petersen leyft að stækka skúr við austurgafhlúss hans Skólavörðustíg 40. Stækkunin nemur 8.43m<sup>2</sup> að flatarmáli og verður skúrin 3.15 m. frá austurmörkum.

3. Árni Gíslason tilkynnir að byggingarleyfi hæð, er honum var veitt 11. apr. s. á., Grundarstíg 5 A, hafi ekki verið og verði ekki hagnýtt, og biður hann því um eftirgjöf á gjaldi því, er leyfinu fylgdi. - Nefndin mælir með eftirgjöfinni.

4. Thor Jensen synjað um leyfi til að mega breyta smíðahúsi (Har. Möllers) í Tjarnargötu 3 í íbúðarhús, þar sem húsinu bæði fylgir of lítil lóð, og það er of nærri öðrum húsum og annara manna lóð.

5. Guðmundi J. Breiðfjörð leyft að gera sér einlofta flatbakið smíðahús úr steinsteypu á lóðinni vestan húss hans Laufásveg 4, með 1 metra gangi á milli á 3 metra lengd, enda taki hús þetta hvergi herra en upp undir glugga íbúðarhússins á 1. hæð. Smíðahúsið er í norðvesturhorni lóðarinnar og hefir eldvarnarveggi bæði á norður og vesturhlíð. Stærð hússins er 6.90m. x 6.30m.

6. Jón prófessor Kristjánsson endurnýjar kröfu þá, er um getur á fundi 15. júní síðastl. 11. atr., um endurgjald fyrir lóðarspildu er tekin hafi verið af lóð hans Tjarnargötu 14. Var þetta þá falið byggingarfulltrúa til athugunar og eftir henni og framlögðum uppdráttum álitur byggingarnefndin bæinn eiganda þessarar lóðarsneiðar, og að endurgjaldskrafa kæmi því ekki til greina.

7. Stjórnarráðið beiðist umsagnar byggingarnefndar um erindi Erlends trésm. Árnasonar, dags. 11. s. m., þar sem hann mótmælir að Gunnþórunni Halldórsdóttur verði veitt undanþága frá því að byggja eldvarnarvegg við vesturgafhlúss hennar Amtmannsstíg 5.

Meiri hluti nefndarinnar álitur það vera lögum samkv. að undanþáguna megi veita og lætur óbreytt standa ummæli sín á síðasta fundi.

Minni hlutinn, Rögnvaldur Ólafsson Borgarskálasam Reykjavíkur því að veita slíka undanþágu inni í þéttbýli gegn

gegn mótmælum nágranna.

8. Bæjarstjórnin hefir á síðasta fundi frestað að samþykkja byggingarleyfi til handa Ólafi Jónssyni í Laugalandi vegna þess að hún vildi fá upplýst hvernig lóðarréttindum hans væri værið. Getur nefndin þess, að í erfðafestubrèfinu fyrir Laugalandsblettinum er eiganda hans heimiluð húsbygging, þar sem á að byggja hús þetta.

Fleira ekki til umræðu. Á fund vantaði Sigvalda Björnsson.

Páll Einarsson. Þorvarður Þorvarðsson. B.Jónsson. K.Zimsen. Rögnvaldur Olafsson.

Ár 1912, laugardaginn 30. nóvember var haldinn fundur í byggingarnefndinni og rædd þau mál er hér á eftir greinir:

1. Martha Strand sækir um leyfi til að byggja hæsnahús, 62.80m.x4.10m. að stærð, á erfðafestulandi því á Kirkjumýri, er hún hefir keypt af Emil Rokstad. Byggingarnefndin vísar því til úrslita bæjarstjórnar, hvort umsækjandinn þurfi að kaupa lóðina undir húsið.

2. Guðríði J. Jónsdóttur leyft að setja upp brauðgerðarofn í kjallara húss hennar Laugaveg 33, að áskildu samþykki brunamálanefndar og heilbrigðisnefndar.

3. Sveini Árnasyni leyft að reisa einlofta íbúðarhús úr timbri á lóð þeirri, er hann hefir keypt af Þorláki Vilhjálmssyni á Rauðará og liggur norðan að Lauga-vegi, andspænis Mjólni og þó lítið austar, að stærð 15.70 m. fram með veginum og 17.55 m. inn. Húsið er að stærð 8.85m.x6.35m. með forstofu 1.50m.x2.15m.

4. Erindi Sigurðar Kristjánssonar um inngönguskúr við austurgafn. hússins Njálsgötu 40B vísað til byggingarfulltrúa.

5. Guðm.J.Breiðfjörð blikksmiður óskar meðmæla byggingarnefndar með undanþágu frá ákvæðum 20.gr. bsmþ. um glugga á eldvarnarvegg að því er kemur til smíðarhúss þess, er honum var á síðasta fundi (5.átr.)leyft að gera. Eigandi nágrannalóðarinnar, prófessor Eiríkur Briem, hefir leyft Guðmundi að setja tvo glugga á eldvarnarvegginn út að lóð hans, með því skilyrði, að að hlaðið verði upp í gluggana þegar hann eða löglegur eigandi nefndrar nágrannalóðar krefst þess. Byggingarnefndin mælir með undanþágunni.

6. Matthías Matthíason í Holti sækir um að fá breytt í byggingarlóð 500 ferálmum (= 20 álnir meðfram götu og 25 álnir inn = 197 m<sup>2</sup>, 12.55m. með götu og 15.70 m. inn) úr erfðafestulandi hans Efra-Holtshletti við Skólavörðustíg. Lóð þessa ætlar hann að selja Jóhanni Þórðarsyni fyrir kr. 125 feralin og er byggingarnefndin samþykk þessu, með því að fimmtungur lóðarverðs-  
ins renni í bæjarsjóð. Byggingarnefnd er beiðinni meðmælt.

7. Jóhanni Þórðarsyni leyft að reisa á lóð þeirri er er um getur í 6. atr. hér á undan íbúðarhús úr timbri einlofta, 6.30m.x6.30m. að stærð, með skúr 2.50m.x2.05m. að stærð. Húsið verður nr.20 við Skólavörðustíg.

8. Matthías Matthíasson í Holti sækir um að fá breytt í byggingarlóð 500 ferálnum = 197 fermetra spildu (12.55 m. að götu og 15.70m. inn) úr Efra-Holtsbletti, næst neðan við lóðina sem um getur í 6.atr., gegn venju legu fimmtungsgjaldi í bæjarsjóð. Byggingarnefnd mælir með beiðninni.

9. Mattías Matthíasson í Holti sækir um að fá breytt í byggingarlóð 890 ferálnum = 350.75m<sup>2</sup> úr erfðafestulandi hans Efra-Holtsbletti. Lóðin liggur við Óðinsgötu og á að vera 44 1/2 alin = 27.95 m. fram með götunni og 20 al. eða 12.55 m. inn. - Byggingarnefnd synjar meðmæla með þessari breytingu, með því að hún mundi koma í bága við ákveðna gatnaskipun. Hins vegar getur nefndin mælt með breytingu í byggingarlóð á álíka stórru spildu austar og ofar í túninu, þar sem breytingin gæti fram farið öllum að meinalausu.

10. Jóhanni Þorsteinssyni leyft að taka burtu inngöngurið við gafl hússins Laugaveg 84, og þar sem kú húsið er aðeins 5.65m.x6.30m. að stærð ó íbúð eingöngu á tveim gólfum, mælir byggingarnefnd fyrir sitt leyti með undanþágu frá ákvæðum 25.gr. bsmb. um tvo stiga, gegn því að stiginn í húsinu verði 2.m.k. 86 cm. breiður.

11. Byggingarnefnd krefst þess að nú þegar verði gerður greiður gangur 1.90m. breiður, fyrir slökkvitól að húsi Gunnþórunnar Halldórsdóttur Amtmannsstíg 5.

12. Byggingarnefndin felur byggingarfulltrúa að rannsaka hvort gerð hafi verið ólögleg íbúðarherbergi í húsi Jóns próf. Kristjánssonar Tjarnargötu 14, og ef svo reynist, þá að kæra til sekta og niðurrifs.

Fleira ekki fyrir tekið. Á fund vantaði Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. Sigv. Bjarnason.  
B.Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1912, laugardaginn 14. des. var haldinn fundur í byggingarnefndinni og rædd þau mál er hér á eftir greinir:

1. Þorsteinn Gunnarsson sækir um það fyrir hönd Láru Þ.P. Þorsteinsdóttur að mega skipta lóðinni við Bjargarstíg milli hins nýbyggða hússins og eldra hússins þar (sbr. fundargj. 29. júní 3.) og byggja eldvarnarvegg við eldra húsið. Byggingarnefndin veitir leyfi þetta.

2. Eyvindi Árnasyni trésmið leyft að breyta geymsluhúsi á baklóðinni við nr. 56 við Hverfisgötu í íbúðarhús samkvæmt meðfylgjandi teikningu og byggja skúr við austurgafli hússins, að stærð 5.65x2.50 m. - Leyfið er þó bundið því skilyrði að sú kvöð verði lögð á húseignina nr. 56, að minnst 1.90 metra breiður gangstigur verði yfir lóðina frá Hverfisgötu upp að hinu nýja húsi, sem verður nr. 56 B. við Hverfisgötu.

3. Sigurðr Kristjánssyni leyft að byggja inngönguskúr við dyrnar á húsi hans nr. 40 B. við Njálsgötu. Skúrinn er 2.50x1.90m.

4. Geir Pálsson biður um leyfi til að breyta 280 ferálnum úr erfðafestulandi sínu, á Grímsstaðaholti, er hann nýlega hefur keypt af Jóni Jónssyni í Eyvík. Byggingarnefndin mælir með að honum verði leyft að breyta 400 ferálnum = 160 fermetrum í byggingarlóð gegn venjulefu gjaldi í bæjarsjóð.

5. Geir Pálssyni leyft að byggja íbúðarhús á Grímsstaðaholti, að stærð 6.30x4.40 m., að fengnu leyfi til að breyta grunninum og umhverfis húsið, 160 fermetrum, í byggingarlóð úr erfðafestulandi hans sbr. 4.atr. í þessari fundargjörð.

6. Péttri Ingimundarsyni fyrir hönd Jóns Laxdal veitt leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 35 við Tjarnargötu. Húsið er að stærð 10.95x10.20m. með inngönguskúr 4.55x2.50m.

Á fundinn vantaði Þorvarð Þorvarðsson, Rögnvald Ólafsson og Knud Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónasson. Sigbaldi Bjarnason.

Laugardaginn 28. desember árið 1912, kom byggingarnefndin saman á fund og fór þar þannig fram:

1. Jón próf. Kristjánsson sækir um leyfi til að gera tvo gluggakvisti á bakhlíð húss síns Tjarnarg-14 og hækka uppgönguskúr og stiga í honum upp gegnt þaki. Eru þessar breytingar ráðnar til bóta hushæðis-skorti og herbergjasmæð, sem reynzt hefur lögum framar.

Á fundi bnefnd. 30. f.m. fól nefndin bfltrúa að athuga hús þetta og herbergi þess og hefir hann fundið of wma herbergi á efsta lofti, notuð til naturvistar sbr. bréf bfltrúa um þetta dags. 14. b.m.

Nefndin vill leyfa breytingar til bóta, en ekki þær sem um er sótt, með því að herbergin yrðu ólögleg eftir þeim, en felur byggingarfulltrúa að leiðbeina umsækjanda, hvernig húsinu verði haganlegast breytt í þessu augnamiði; óskar nefndin síðar uppdráttar af breytingunum.

2. Sturla kaupm. Jónsson sækir um leyfi til að mega byggja hús til íbúðar í stað þess er brann í haust við Hverfisgötu; sé húsið að öllu eins og það er brann og á sama grunni.

Byggingarnefnd getur ekki veitt þetta leyfi nema því að eins að uppdrættir liggi fyrir og þá um leið með því skilyrði, að eldvarnarveggur sé á allri austurhlíð hússins, með því að það stendur of nærri nágranna-lóð þeim megin.

3. Kristján Guðmundsson Vesturg. 48 biur bæjarstjórn um útmæling og sölu 240 fermetra lóðar til húsbyggingar í austurhorni Miðselstúns (við kálgarðinn) ef verð fer ekki upp úr kr. 2.50 m<sup>2</sup>. Erindi þessu vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.

Fleira ekki til umræðu. Fjærverandi KþZimsen og Þorvarður Þorðvarðsson.

Fundi slíkið.

Páll Einarsson. B. Jónasson. Sigv. Bjarnason.  
Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913, laugardaginn 11. janúar hélt byggingar-  
nefnd fund og voru þar rædd þau mál er hér verða talin:

1. Elíasi Stefánssyni Kárastíg 4, leyft að reisa  
einlofta íbúðarhús úr timbri á háum kjallara á lóð  
hans við Skólavörðustíg. Lóðin liggur á milli 27 og  
29 og verður nr. 27 B. Húsið er að stærð 7.20x6.90 m.  
með tveim skúrum að stærð 2.30xl.90m. og 2.20xl.55 m.  
Leyfið er bundið því skilyrði, að loftstigi verði að  
m.k. 0.85 m. að breidd.

2. Guðjóni Guðmundssyni Grettisgötu 12, leyft að  
byggja tvílofta steinsteypuhús á lóðinni Njálsgötu 19,  
með eldvarnarvegg á austurmörkum. Húsið er að stærð  
9.40x7.55 m. með skúr 3.15x2.50 m. að stærð.

3. Guðmundur steinsm. Þorleifsson sækir um leyfi  
til að byggja einlofta, flatbakið steinsteypuhús með  
kjallara að húsaþaki á lóð sinni Laugaveg 24, að stærð  
12x9 1/2 alin = 7.55x5.95 m. eftir uppdr. hans að dæma.  
Byggingin er leyfið en þó ekki frekara en lóðin leyfir,  
og verða eldvarnarveggir á þrjú vegu og húsið horn-  
skakkt, kengri hliðin verður 7.60 m. styttri hliðin  
7.10 m.

4. Tryggvi Gunnarsson sækir um leyfi til að byggja  
íshús fyrir hönd "Ísfélags Faxaflóa" á hálfri brennu-  
húsalóð, er félagið hefir keypt t. Máli þessu frest-  
að vegna ónógra upplýsinga, þar á meðal vantar lóðar-  
uppdrátt.

5. Eggert Claessen yfirréttarmálafærslum., sem  
ráðandi hússins Austurstræti 14 leyft að setja rúðu  
jafnháa öðrum rúðum í stað austustu dyra á norðurhlið  
hússins, og að gera inngang í hornið að Austurstr. og  
Pósthússtr. með einu steinþrepi fyrir að utan. Að gefnu  
tílefni er byggingarfulltrúa falið að gæta þess, að  
ekki séu gerðar frekari breytingar á húsinu án leyfis.

6. Beiðni kom frá Mörthu Strand um að mega byggja  
íbúðarhús 15x15 álna á erfðafestulandi hennar í Kirkju-  
mýri. Beiðninni fylgdi hvorki teikning af lóð né  
húsi og varð málið því ekki afgreitt.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum. Fjarverandi  
K.Zimsen og Þorvarður Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. B.Jónasson.  
Rögnvaldur Ólafsson.



Ár 1913, laugardaginn 1. febrúar var fundur haldinn í byggingarnefndinni og rædd þau mál, er hér verða talin:

1. Útaf erindi Kristjáns Guðmundssonar Vesturgötu 48, sem falið var byggingarfulltrúa til athugunar á fundi 28. desemb. f.á. 3. atriði, lýsir byggingarnefnd yfir því, að hún er mótfallin sölu smálóða við Frammesveg - Selstúnsveginn.

2. Ásmundur Einarsson í Stóra-Seli sækir um lóðarblett, um 500 ferálnir (= 200 fermetrae) stóran, til kaups við vægu verði, við Frammesveg í horninu við garðinn, sem skiptir tünnum Stóra-Sels og Mið-Sels. Byggingarnefndin er þeirri sölu mótfallinn á þeim stað á sama hátt og um getur undir 1.atriði.

3. Sláturfélagi Suðurlands leyft að reisa steinsteypuhús (mun eiga að vera frystihús) á lóð sinni við Lindargötu sunnan sláturhússins, þar sem bæjarverkfræðingurinn ákveður hússtæðið. Stærð hússins er 25.10m.x 15.40 m. Húsið er einlofta með eldvarnarg. í austurenda.

4. Jul. Schou steinhöggvara leyft: 1. að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á vesturmörkum lóðar hans norðan Vesturgötu, að meðaltali um 4.m. breiðan og vesturhlið alls um 19 m. löng, grunnflötur alls um 65.03 m<sup>2</sup>, allur einlofta flatkakinn, 2. að breyta vesturenda hússins Exeter, er hann á, í íbúðarhús niðri.

5. P.J.Thorsteinsson & Co. leyft að setja dyr á suðurhlið geymsluhússins sunnan við vinnupallinn; en leyfið er bundið því skilyrði, að svoframarlega sem langöngurið koma út fyrir húsið, néi þau hvergi meira en 0.26 m. út frá húsgrunninum sunnanverðum og alls ekkert vestur fyrir húshornið.

6. H/f. Alliance beiðist leyfis til að mega stækka fiskvottahús witt á Ánanaustabletti, sem leyft var að byggja 20. des. f.á. Byggingarnefndin synjar leyfisins vegna þess, að uppdrættir að húsinu og gerð þess eru ónógir.

Það hefir komið í ljós, að fiskvottahús það er um var getið, er að dómi byggingarnefndar óþýggilega byggt, og krefzt nefndin þess að það verði lagfært eftir fyrirmælum byggingarfulltrúa, og fiskgeymsluhúsið sömuleiðis, ef þess virðis þörf að dómi hans.

7. Martin Haldorsen leyft að byggja viðauka úr tilbri á steinkjallara sunnan við hús hans Bergstadastræti 38, einlofta, einlofta, að stærð 3.20x3.60m., og timburskúr í suðausturhorni lóðar hans, að grunnmáli

utan 3.80x6.80m., einlofta, ennfremur að setja bak yfir bilið milli hússins og skúrsins að nokkru leyti. Eldvarnarveggur verður á suðurmörkum allrar lóðarinnar, og eins á vesturmörkum og honum er leyft að girða alla lóðina að öðru leyti, eins og hun er sýnd á uppdrættinum, með steinsteypugirðingu.

8. Bjarna Þorlákssyni trésmið leyft að stækka tvílofta skúrbyggingu við hús hans Grettisgötu 35 A. Stækkun grunnflatar nemur 4.70x0.65 m. = 2.85 m<sup>2</sup>.

9. Að gefnu tilefni gefur byggingarnefndin samþykki sitt til þess, að lóðinni Grettisgötu 55, sem er 31.40 m. á dýpt norður frá götu og 15.70 metra á lengd fram með götu, megi skipta um þvert í tvo hluta jafnstóra, 15.70 m. á hvorn veg, með því móti að á öðrum hvorum jaðri, austari eða vestari, lóðar þeirrar sem nær verður götunni verði haldið opnum gangi, að minnsta kosti 1.90 m. breiðum, norður á baklóðina og að þeirri kvöð á baklóðinni verði þinglýst.

Nú sækir Sigurður Ásbjörnsson trésmiður um leyfi til að mega byggja tvö hús samföst, aðgreind með eldvarnarvegg, á baklóðinni og leggst þá einni sú kvöð á baklóðina, að frá hinum áður nefnda gangi verði haldið frjálsum og opnum gangi, a.m.k. 1.90 m. breiðum, bæði að forhlið og bakhlið beggja húsanna.

Með ofangreindum skilyrðum er leyð bygging húsa tveggja á baklóðinni; þau eru bæði einlofta, steinsteypuhús á steinkjallara, aðgreind sem áður segir með eldvarnargafli, og eldvarnargafllar á báðum hinum endum þeirra, a) eystra húsið 6.30 m. langt, 6.90 m. breitt, með skúr á bakhlið 2.80xl.30m. á stærð. b.) vestara húsið 5.95 m. að lengd, 6.60 m. að breidd, með skúr 2.20m.xl.30m. að stærð.

10. Birni Jónssyni leyft að byggja geymsluskúr einlofta, 5.50x2.50m. að stærð, á lóð hans Frakkastíg 10; skúrin kemur við vesturmörk með eldvarnarveggjum á tvo vegu.

11. Guðmundi Guðmundssyni, Laugavegi 67, leyft að flytja húsið Skólavörðustíg 41 A nyrzt í þá lóð steypa undir það 2.50 m. háan íbúðarkjallara og eldvarnarvegg við norðurhlið skúrsins, ennfremur að járnklæða húsið utan.

12. Ingólfur Lárusson skipstjóri sækir um leyfi til að mega eina hæð með lágu risi á há sitt Grettisgötu 45, í stað ports og háreists þaks, sem nú er á því, en herbergjaskipun söm og var, og ennfremur beiðist hann leyfis til að mega hafa sem áður, einn stiga.

Nefndin leyfir hækkunina og mælir með því að undantága verði veitt, með því að eldhætta eykst ekki við breytinguna að því er séð verður.

13. Jul. Schou steinhöggvará leyft að gera kvist á vesturhlið húss hans andspenis turninum á austurhlið með eldvarnarvegg að sunnan.

14. Nefndin mælir með að Matth. Matthíassyni verði leyft að breyta í byggingarlóð 500 ferálmum # 200 fermetrum - spildu úr erfðafestulandi hans við Skólavörðustíg; ætlar hann að selja þeim Páli Ó Lárussyni og Sólmundi Kristjónssyni lóðina; fimmtungur kaupverðs rennur í bæjarsjóð.

15. Páli Ó. Lárussyni og Sólmundur Kristjónsson beiðast leyfis til að byggja á lóð þeirri er um getur hér næst á undan fram við Skólavörðustíg einlofta 1-búðarhús úr timbri á steypum kjallara, klofið í miðju með eldvarnarvegg um þvert og með sínum inngönguskúr inn í hvorn enda og á þeim eldvarnarnargaflar. Húsið er að stærð 8.50x7.50 m., skúrarnir hvor um sig 1.90xl.55m., lóðin að lengd fram með götu verður því að vera í minnsta lagi 7.50 + 2sl.55 + 2xl.90 = 14.40 m., til þess að 1.90 m. gangur að minnsta kosti veði opin í hvorn enda lóðarinnar. Byggingin er leyfð með þeim skilyrðum, að lóðinni verði breytt í byggingarlóð, og að hvor íbúðin fái sinn reykháf með eldvarnarveggjum óskertum á milli þeirra.

16. Jóhanni kaupm. Jóhannessyni leyft að gera ýmsar breytingar, samkv. uppdrætti á húsinu Aðalstræti 8.

17. Jóni Sigmundssyni gullsmið leyft að breyta þaki á húsi hans Laugaveg 8, þannig að glerþak komi á norðurhlið hússins framan og ofan (.....stofubak).

18. Jóhanni kaupm. Jóhannessyni leyft að stækka hús það, sem honum var leyft að byggja 12. okt. f.á., en hann er ekki farinn að byggja, þannig: að 95 cm. hátt port komi á húsið, nýr skúr við bakhlið hússins 2.50xl.90m. að stærð, en annar skúr minnkar um 1.90xl.25 m., og kvistgluggi komi bæði á framhlið og Bakhlið hússins, og eldvarnarveggur komi á suðurhlið bakskúrsins.

19. Sigurjóni Sigurðssyni trésmið leyft að gera á lóð hans Templarasundi 5, tvílofta smíða- og geymsluhús úr timbri, að stærð 11.30x3.75m. Húsið stendur við nyrðri lóðarmörk og verður þar á því eldvarnarveggur og sömul. á vesturgafli.

Fleiri mál voru ekki til meðferðar.

Fjarverandi voru K.Zimsen og Þorvarður Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. B.Jónas-  
son. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913, miðvikudaginn 5. febrúar hélt byggingar-  
nefndin aukafund til að ræða beiðni Tryggva Gunnarsson-  
ar fyrir hönd Ísfélagsins við Faxaflóa um leyfi til að  
byggja íshús við Tjarnargötu á syðri helning Brunahúsa-  
lóðar, er Tryggvi eða félagið hefir keypt.

Uppdrátturinn að húsinu út af fyrir sig samþykkt-  
ur með þeirri athugasemd, að annaðhvort verða sperrur  
með járnbinding að vera ekki strjálí en ein á hverjum  
1.25 m., eða á milli sperra þeirra, sem járnbindingar  
eru í, verða að koma heffilega sterk langbönd undir  
súðina.

Ennfremur álitur nefndin, að þinglesa beri þá kvöð,  
á eigninni, að þeir sem hana nota, megi ekki leggja ís  
á götuna né hefta umferð um hana, og séu eigendur skyld-  
ir að bæta þær skemmdir á götunni, sem þeir kunna að  
valda með ísflutningi.

Húsið standi við norðurhlið slökkvistöðvarinnar  
og austurgöfl þess ekki nær götujaðri en 2 m. og ákveði  
byggingarfulltrúi stefnu hússins við götuna. Ræma sú  
austan af lóðinni, um 3 1/4 m. breið, sem liggur austan  
við götujaðar, fellur undir götuna.

Fleiri mál ekki til umræðu.

Fjarstaðir K. Zimsen og Sigvaldi Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Þorvarður Þorvarðarson.  
B. Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913, laugardaginn 15. febrúar hélt byggingarnefnd fund og afgreiddi eftirgreind mál:

1. Tryggvi Gunnarsson beiðist þess fyrir hönd Ísfélags Faxaflóa, að íshús það, sem nefndu félagi var á aukafundi 5.þ.m. leyft að reisa í Tjarnargötu 10 megi vera jafnt slökkvistöðinni bæði á lengd og vegg-hæð, sem sé  $26^{\circ} = 16.30$  m. á lengd og  $13 \frac{1}{2}^{\circ} = 8.50$  m. að vegg-hæð, ennfremur að húsið megi standa við götuna jafnaustarlega og slökkvistöðin, með því að ís eigi ekki að flytja um austurdyr þess. Byggingarnefndin er þessum breytingum samþykkt.

2. P.O.Christensen lyfsala leyft að gera viðbót við vesturhlið lyfjabúðarinnar norðanverða, Thorvaldsensstræti 6, að stærð  $3.30 \times 3.15$  m. einlofta, jafnhátt lyfjabúðinni, eins að útliti og allt út timbri ofan kjallara.

3. Guðm. steinm. Egilssyni leyft að reisa steinhús á lóð hans við Stýrimannastíg og Ránargötu, og telst húsið Ránargata 27. Húsið er kjallari og ein hæð, portbyggt,  $7.55 \times 8.10$  m. að stærð.

4. Jóni prófessor Kristjánssyni leyft að gera brotið tak með steiptum göffum og kvistgluggum á hliðum á hús sitt Tjarnargötu 14, ennfremur að setja fjóra smáglugga á framhlið kjallarans.

5. Sturlu kaupm. Jónssyni leyft að reisa íbúðarhús á lóð hans Hverfisgötu 3 B. Húsið er kjallari og tveir hæðir með turni og tindagöflum, veggir, gólf og stigar úr járnskotinni steinsteypu, lengdin er 16.30 m. og breiddin 10.30 m.

6. Sturlu kaupm. Jónssyni leyft að breyta húsi sínu (áður eign Andrésar sál. Björnssonar söðlasmiðs) Laugaveg 11, sem sé gera sölubúð í því niðri og stækka gluggana, en byggja vestur úr húsinu einlofta skúr flat-takinn, sem einnig verður sölubúð; skúrin er úr timbri, 7.55 m. að lengd fram með Laugavegi og breiddin 5.35 m.

7. Að gefnu tilefni lýsir byggingarnefnd yfir því, að hún sér hvorki ástæðu né heimild til að haggja að neinu leyti við leyfi því, sem Sigurjóni trésmíð Sigurðssyni var veitt á byggingarnefndarfundum 1.þ.m. til að reisa tvílofta smíða- og geymsluhús úr timbri með tveim eldvarnarveggjum á lóð hans, Templarasundi 5.

8. Borgarstjóri tilkynnti nefndinni fundarsam-  
þykkt bæjarstjórnarinnar frá síðasta fundi viðvíkjandi  
endurskoðun byggingarsamþykktarinnar.

Fjarverandi K.Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Þorvarður Þorvarðarson. Sigv.  
Bjarnason. B. Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913, laugardag 1. marz hélt byggingarnefndin fund og var þá þetta gjört:

1. Anna A. Hjaltested afsalar sér byggingarleyfi sem henni var veitt 1. marz 1912 (4. lið). Í þess stað var henni leyft að reisa tvílofta skúr með eldvarnarveggi á austurmörkum lóðar hennar nr. 8 E við Lindargötu 5.45x3.75 m. að stærð.
2. Halldóru Ólafsdóttur leyfðar ýmsar smábreytingar á húsinu nr. ~~xxx~~ 12 við Bankastræti.
3. Gísli Halldórsson trésmiður sækir um leyfi til að byggja smiðahús við austurgafll húss hans nr. 32 við Hverfisgötu. Byggingarnefndin vill ekki veita þetta leyfi, þar sem skúrinn nær rúma 4 metra norður fyrir ákveðinn jaðar Hverfisgötu.
4. Ebeneser Helgasyni leyft að reisa einlyft íbúðarhús með porti 6.90x6.90m. með skúr 3.75x2.50m. á lóð hans nr. 2 við Lindargötu. Leyfið er veitt með því skilyrði, að húsið standi í réttri stefnu við Lindargötu og Smiðjustíg og að sneitt verði að horni hússins.
5. Beiðni Jóns Jóhannssonar um leyfi til að byggja safngryfju á lóð hans nr. 69 við Laugaveg. Vísað til álita heilbrigðisnefndar.
6. Timbur og Kolaverzluninni "Reykjavík" leyft að breyta gluggum á húsi við Kalkofnsveg.
7. H/f Alliance leyft að byggja viðbót við fiskvottahúsið á Ananaustabletti samkv. framl. uppdrætti. Dregari á að vera eftir endilöngu húsinu bött ekki sé hann sýndur á uppdrættinum. Stærð viðbótarinnar er 19.15x9.50m.
8. Ólafi Magnússyni leyft að flytja skúr til á lóðinni nr. 24 B við Laugaveg. Verður skúrinn á hinum nýja stað nær lóðarmörkunum en 3.15 m. skal gera við hann eldvarnarvegg.
9. Jóhanni Jóhannessyni leyft að gjöra opið skýli á norðvesturmörkum lóðar hans nr. 19 við Laugaveg og að setja inngöngudyr á framhlíð hússins við Laugaveg. Inngöngurið skulu fullnægja ákvæðum byggingarsamþykkingar.
10. Erindi Jónasar Jónasson og Ásma Einarssonar um husbyggingu á Litla-Steinsholtsbletti. Vísað til byggingarfulltrúa til athugunar.



Á fund vantaði Rögnval Ólafsson og Þorvarð Þorvarðarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigvaldi Bjarnason. B.Jónasson. K. Zimsen.

Ár 1913, laugardaginn 15. marz kom byggingarnefndin saman á fund og fór þá þannig fram.:

1. Jónas Jónasson lögregluþjónn sækir um að fá breytt ca. 160 fermetrum úr Steinsholtsbletti í byggingarlóð gegn venjulegu fimmtungsgjaldi í bæjarsjóð; setlar hann að selja blettinn, að bæjarstjórn frágenginni, Ásmundi Einarssyni á Stóraseli fyrir kr. 2.50 fermetran. Byggingarnefnd er meðmælt þessari beiðni og felur byggingarfulltrúa að ákveða legu lóðarinnar.

2. Ásmundi Einarssyni leyft að reisa steinsteypuhús, einlofta með kjallara, að stærð 6.30x6.30 m. með skúr 2.60x1.90 metra. Húsið á að standa á lóð þeirri úr Steinsholtsbletti, sem um ræðir í 1. staflíð hér að framan, og verður nr. 11 við Frammnesveg, á horninu á milli hans og frammhalds Holtsgötu. Húsið standi á lóðarmörkum að austanverðu (að lóð Jónasar lögregluþjóns Jónssonar).

2. Jakob Möller bankaritari, sem væntanlegum kaupanda húseignarinnar Tjarnargötu 3 B, leyft að breikka það hús um 2 álnir-1.25 m. til suðurs og byggja ofan á það eina hæð ekki lægri innanmáls 2.50 m. og skúr við austurgافل þess, 1.90x3.15 m. Húsið verður þá 7.20 x 8.45 metrar á 1.90x3.15 m. að stærð. Eldvarnargافل sé við vesturenda þess og í austurgافل skúrsins, en auk þess er leyfi þetta, og skipting eignarinnar, bundin því skilyrði, að eldvarnarveggur komi í suðurgافل smíðahússins norður að gangstignum, sem liggur frá Tjarnargötu að húsi Indriða skrifstofustjóra Einarssonar, ennfremur að opinn verði að minnsta kosti 1.90 m. breiður gangur fyrir slökkvitól á lóðinni austan skúrsins, og stigarnir fullnægi kröfum byggingarsamb. um tvílofta hús.

3. Jóni kaupm. Jónssyni (frá Vaðnesi) leyft að reisa skúr úr steinsteypu áfastan að norðan við hús hans Klapparstíg 2, og stendur skúrin fram með norðurhlíð hússins og er á lengd að norðan 9.25 m., en að sunnan inn við húsið 8.80 m., breiddin er 3.75 m. (flatarmál 34.58 m<sup>2</sup>). Vesturgافل skúrsins standi í götujaðri.

5. Gísli Péturssyni Hverfisgötu 24 B leyft að gera forstofu með glugga við gaflinn á húsi hans Lindargötu 10, sömuleiðis að setja manntak á skúr á sönu lóð og glugga og dyr á gafl skúrsins.

6. Gísli trésmíð Halldórssyni leyft að flytja hús sitt Hverfisgötu 32 þaðan, sem það er nú og upp í lóðina sunnarlega, en eldvarnarveggur skal gerður við skúr-

inn á bakhlíð hússins, ef hann kemur nær lóðarmörkum en 3.15 metra. Húsið verður þá Hverfisgata 32 A.

Ennfremur er honum leyft, að byggja austan við húsið á hinum nýja stað smíðahús, úr tibri eins og sjálft húsið, að stærð 6.30x3.15 metra, einlofta.

7. Beiðni Samúels Jónssonar um ~~leyfi~~ til að mega byggja ofan á hús Þorsteins Þorsteinssonar Kára- stíg 14 frestað vegna ónógra uppdráttar.

8. Elízabetur Sveinsdóttur leyft að setja tvo bakglugga austan á hús sitt "Staðarstað" við Friðkirkju- veg.

9. Guðjóni Gíslasyni leyft að breikka skúrinn við hús sitt Hverfisgötu 23 um 65 cm. til norðurs, setja portbyggingu og ris á sjálft húsið og hækka skúrinn að því skapi.

10. H/f.P.J.Thorsteinsson & Co. leyft að breikka bráðabirgðaskúr þeirra á Eilðsgarða um 6.30 m. til sjávar. Flatarmálsaukningin verður 131.43 m<sup>2</sup>.

11. Beiðni Sturu Jónssonar um hækkun skúrbyggingar við Laugaveg frestað vegna ónógra uppdráttar.

12. Erindi Gísla Þorbjarnarsonar um ýmsar breytingar á Laugaveg 12 frestað fyrir þá sök að engir uppdrættir fylgja.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum. Fjærstaddir K.Zimsen og Þorvarður Þorvarðarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. B.Jónasson.  
Rögvaldur Ólafsson.

Ár 1913, laugardaginn 29. marz kom byggingarnefnd saman og hélt fund með sér. Voru þar rædd þau mál er hér á eftir greinir:

1. Samúel Jónssyni leyft að breyta húsi Þorsteins Þorgilssonar Kárástíg 14, sem sé setja eina hæð og ris ofan á það. Byggingarnefnd mælir með undanþágu frá ákvæðum 25.gr. bsmb. um tvo stiga og er leyfið til breytingarinnar háð því að undanþágan verði veitt.

2. Jónasi logregluþjóni Jónassyni leyft að færa og stækka, eftir samráði við byggingarfulltrúa, lóðarblett þann er um getur í fundargjörð 15. b.m. 1.atr. og hann vill fá breytt í byggingarlóð og selja Ásmundi Einarssyni að þegarstjórn frágenginni.

3. N.C.Monberg leyft að reisa til bráðabirgða smiðju 18.00x9.00 m. einlofta úr timbri og járn; smiðjan á að standa við Hafnarfjarðarveg nærri Hlíð á þeim stað, sem byggingarfulltrúi ákveður. Smiðjan skal rifin að hafnargerðinni lokinni.

4. Verzlun Jóns Þórðarsonar leyft að breyta gluggum á austurgafli hússins Bankastræti 10.

5. Beiðni Jóns Magnússonar frá Elliðavatni (nú Laugaveg 76) um húsbyggingu á lóðinni Laufásveg 18 synjað sökum þess að húsið er stærra en lóðin leyfir.

6. Gísli Gíslasyni leyft að byggja skúr 2.65x 2.05 m. að stærð við suðurhlíð húss hans Vesturg. Vesturgötu 21, einnig að færa forstofudyr hússins af norðurhlíð á austurgafli. Aftur verður rifinn skúr 2.20 x 1.70 m. að stærð.

7. C.Zimsen sækir um leyfi til að byggja skúr við húseign "sína" Lækjartorg 1 ("Melsteðshús"). Nefndin at-  
hugar, að Íslandsbanki má ekki selja þessa eign öðrum, ~~ne~~ eldvarnarveggur verði byggður á milli, þar sem minna bíl er en 6.30 metrar. Öðrum en Íslandsbanka verður þess vegna ekki leyft að byggja við hús þetta.

8. Beiðni Sturlu Jónssonar um hækkun á skúrbygg-  
ingu við Laugaveg (skv. síðustu fundargerð 11. atr.) frestað vegna ónógra uppdráttar. Þess þer og að geta, að uppdráttur, sem fram var lagður, hafði verið breytt án heimildar eftir að hann var samþykktur og áteikn-  
aður á byggingarnefndarfundi 15.2. b.á., en uppdráttur þessi sýndi þá einlofta skúrbyggingu þá á Laugaveg 11, sem umsæjanda var leyftur á þeim fundi (6.atr.).

9. Gísla Þorbjarnarsyni leyfð sù breyting á byggingarleyfi frá 30. marz 1912, að hann megi byggja yfir sundið milli aðalhússins og skúrsins Laugaveg 12.

10. Beiðni Jóns Jóhannssonar um leyfi til að gera safngryfju á lóð hans Laugavegi 69, sem á fundi l.f.m., 5. atr., var vísað til heilbrigðisnefndar, er aftur komið þaðan án nokkurs úrskurðar. Byggingarnefnd synjar leyfisins af þeirri ástæðu, að gryfjam er of nærri íbúðarhúsi.

Fleira ekki fyrir tekið. Á fundi voru allir aðrir en Þorvarður Þorvarðarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. B.Jónasson.  
K.Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913, Þriðjudaginn 8. apríl hélt byggingarnefnd aukafund.

1. Byggingarnefnd leyfir Eggert Claessen yfirréttarmálafærslumanni fyrir hönd eiganda hússins Austurstræti 14, að gera að gera tvö steinþrep, alls 50 cm. breið, fyrir dyrum þeim, sem leyft er að gera á horni húss þessa á fundi 11. janúar s.l.

2. Nefndin sér ekkert því til fyrirstöðu, að ísfélagið við Faxaflóa megi byggja íshús sitt upp að norðurvegg Slökkvistöðvarinnar án þess að steypa þar nýjan vegg, en þá komi upp með veggnum í minnsta lagi 13 cm. (5") stöðir í heilu lagi frá gólfi undir syllur með 25 mm. (1") plægðu þili þeim megin, sem inn veit í íshúsið. Stöðirnar séu ekki strjálí en hér um bil ein á hverjum metra í lengd veggjarins. Þakrenna sé gerð eftir nánari fyrirmælum byggingarfulltrúa. Með þessum skilyrðum vill borgarstjóri upp á væntanlegt samþykki bæjarstjórnar veita leyfi þetta gegn því endurgjaldi, að bærinn fái án frekari borgunar, sneið um 50 fermetra stóra, austan af lóðinni til breikkunar Tjarnargötu.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum.

Fjarstaddir K. Zimsen, Þorvarður Þorvarðsson, og Sigvaldi Bjarnason.

Fundi sl tíð.

Páll Einarsson. B. Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

r

Ár 1913, laugardaginn 12. apríl kom byggingarnefndin saman á fund og ræddi þau mál er hér greinir:

1. O. Johnsen sækir fyrir hönd eigenda hússins Laugaveg 4 um leyfi til að mega setja dyr á norðurgöfl þess húss austanverðan út að lóð húseiganda. Það var leyft.

2. Sturla Jónsson sækir enn um leyfi til að mega bæta einni hæð ofan á útbygginguna vestur úr húdi hans Laugaveg 11, er honum var leyft á fundi 15. feb., og sendir nú uppdrátt m.ð. Leyfið var veitt.

3. Sturlu Jónssyni leyft að færa turn, sem áætluur var á landsuðurhorni hins fyrirhugaða húss hans við Hverfisgötu, á útsuðurhorn hússins, en veggsvallir, sem voru ætlaðar vestan turnsins áður, verða nú austan hans. Flatarmál á stækkun stafar af þessari breytingu, sem sé,  $6.00 \times 1.50 = 9.00 \text{m}^2$ .

4. N.C.Monberg leyft að að gera bráðabirgðaskúr til áhaldageymslu vestan við Hafnarfjarðarveginn, þar sem byggingarfulltrúi tiltekur. Skúrin verður úr timbri  $12.00 \times 5,00$  m.

5. Lárusi G. Lúðvíkssyni leyft að setja kvist á bakhlíð húss hans Skólavörðustíg 16.

6/ Páli Arnasyni lögregluþjóni leyft að taka úr húsi sínu Skólavörðustíg 8 gamlan stiga, og bæta ofan á bakskúr við húsið og setja þar í nýjan stiga., og loks að gera kvistglugga á bakhlíð hjá skúrnum.

7. Lárusi G. Lúðvíkssyni leyft að gera skúr vestan við hús hans Laugaveg 5 og áfastan því. Skúrin er eins og húsið úr timbri,  $3.50 \text{m}$  fram með Laugavegi og  $7.50$  m. til norðurs frá götu.

8. Kjartani Guðlaugssyni leyft að reysa tvílofta skúr úr timbri, með eldvarnarvegg að vestanverðu, áf astan húsi hans Grjótagötu 7. Skúrin er að stærð  $5.25 \times 5.00$  m. en rifinn verður skúr, að flatarmáli  $2/60 \times 2.10$  m.

9. Helga trésmið Helgasyni leyft að byggja smiðju á baklóð Hverfisgötu 6, og sé annar hliðveggurhennar sameiginl. vélavinnustofu, sem fyrir er, en hinn eldvarnarveggurinn í lóðarmörkum. Smiðjan verður að nokkru úr timbri og nokkru úr steini, og að stærð ( $4.40 \pm 3.75$ )  $2$  m.  $\times$   $6.30$  m. Ennfremur er honum leyft að bæta einni hæð ofan á trésmiðavinnustofu sína á sömu lóð, og hækka að sama skapi eldvarnarveggi þá báða, sem á henni eru.

10. Helgu Ketilsdóttur leyft að byggja inngöngu-skúr úr timbri að íbúðarhúsi hennar, Hverfisgötu 17. Skúrinn er að stærð 1.90x2150 m. Einnig er henni leyft að taka byrtu eitt skilrúm inni í húsinu.

11. H/f Íslandsbanka leyft að byggja tiburskúr með eldvarnarvegg norðan við svokallað Melstedshús. Skúrinn er hornskakkur og að flatarmáli 48.25 m<sup>2</sup>.

12. Eyjólfí Gíslasyni leyft að færa hús sitt á lóðinni Vesturgötu 23 út í landsuðurhorn lóðarinnar, með því skilyrði að eldvarnarveggir komi á þær hliðar hússins, sem standa á lóðarmörkum.

Ennfremur er sama manni leyft að reisa einlofta íbúðarhús úr steinsteypu á sömu lóð fram við götuna, með því skilyrði að það standi 3.15 m. frá vesturmörkum lóðarinnar. Húsið er að stærð 11.50x8.80 m., forstofa 3.50x1.80 m. og skúr 2,60x2.40 m.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum.

Fjarstaddir voru Þorvarður Þorvarðsson og Sigv. Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. B.Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.



Ár 1913, laugardaginn 26. apríl hélt byggingar-  
nefndin fund og fór þá þannig fram:

1. Helga Jónssyni frá Tungu fyrir hönd eigenda  
hússins Hverfisgötu 71 leyft að setja dyr í stað glugga  
á kjallara þess húss og að setja eitt þverskilrúm í  
kjallara.

2. Stefaníu Á. Sveinbjarnardóttur leyft að reisa  
íbúðarhús úr steinsteypu, 7.50x6.90 m. að stærð með  
skúr 2.55x1.90 m., húsið er einlofta á háum kjallara  
og verður nr. 2B við Spítalastíg.

3. Eyjólfur Gíslason biður um þá breytingu á  
byggingarleyfi því, er honum var veitt á síðasta fundi  
12. atr., að hann megi reisa hið fyrirhugaða steinsteypu-  
hús (fram við Vesturgötu) úti á horninu fast við Dökt-  
orsstíg. Erindi þessu hefur bæjarstjórn vísað til  
úrslita byggingarnefndar, og veitir hún leyfið með því  
skilyrði, að hann eða seinni eigendur hússins kaupi á  
sínum tíma lóðina undan stígnum jafnlangt upp og Vest-  
urgata 23 nú nemur, fyrir kr. 3.80 hvern fermetra,  
samkv. eigin boði beiðanda. Skal þetta þinglesið sem  
kvöð á eigninni.

4. J.B. Péturssyni og Kristni Péturssyni leyft að  
reisa tvílofta íbúðarhús úr timbri á lóð þeirra Vesturg.  
Stærð hússins er 8.35x8.25 m., forstofa 4.20x2.20 m.  
skúr 2.60x2.00 m.

5. Boga Þórðarsyni frá Lágafelli leyft að byggja  
íbúðarhús úr timbri á lóðinni Laugaveg 32A í stað stein-  
bájar þess, sem þar er nú og rifinn verður, þó með þeim  
skilyrðum, að stigi verði löglegur og slæppt verði yfir-  
byggingu yfir inngöngurinu, með því að hún verður að  
nyrðri lóðarmörkum að austan. Húsið er að stærð 9.40x  
7.55 m. Skúr við vesturgötu þess 7.55x3.45 m., hann  
stendur í lóðarmörkum að vestan með eldvarnargafli, og  
loks er skúr á bakhlið hússins 2.50x2.20 m.

6. Ólafi Magnússyni leyft að stækka skúr þann,  
sem honum á fundi 1. marz, 8. atr., var leyft að flytja,  
um 3.80x3.15 metra, eldvarnarneggir verða á tvo vegu,  
vestan og sunnan.

7. Jóhannesi Kr. Jóhannessyni leyft að reisa í-  
búðarhús úr steinsteypu, einlofta á háum kjallara, á  
lóðinni Njálsgötu 20. Stærðin 8.15x6.95 m. Húsið  
stendur á vesturmörkum, en er einnig nálð austurmörkum  
og hefir eldvarnarvegg í báða enda.

8. Th.Thorsteinsson leyft að stækka fiskgeymslu-  
hús sitt á Kirkjusandi um 6.30x37.65 m.

Fleiri mál ekki rædd. Fjærstaddur K.Zimsen.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónasson. Sigvaldi Bjarnason.  
Þorvarður Þorvarðsson. Rögnvaldur Ólafsson.

9. Að gefnu tilefni krefst byggingarnefndin þess,  
að húsið Austurstræti 14 verði málað all utan ekki  
síðar en í lok júlímánaðar næstkomandi.

D . u . s .

Páll Einarsson. Sigvaldi Bjarnason. Þorvarður  
Þorvarðarson. B.Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913, laugardaginn 10. maí kom byggingarnefndin saman á fund og gerðist það er hér greinir:

1. Bergþór Jósefssyni leyft að gera þær breytingar á húsi sínu Laufásveg 5, að færa inngöngudyr ásamt riðum af vesthlið hússins á suðurgafli þess. Ennfremur að taka bakdyraskúr og gera annan nýjan með stífa upp. Skúrinn er að stærð 2.70x2.80 m. Slökkvitólainngangur 1.90 m. breiður er norðan að húsinu.

2. Ingvari kaupm. Pálssyni leyft að byggja skúr, 5.65x2.20 m. að stærð, á lóð hans Hverfisgötu 13. Skúrinn stendur í Mörkum við traðir er þar liggja upp með, og sé eldvarnarveggur í þeirri hlið.

3. B.H.Bjarnason kaupm. tilkynnir að hann ætli í sumar að járnklæða norðurhlið og vesturgafli huss síns Aðalstr. 7 og hafa ekki papá undir járn, með því að húsið er allt múrað í grind. Byggingarnefnd hefur ekkert út á það að setja.

4. Beiðni Jóns Magnússonar um leyfi til húsbyggingar við fyrirhugað Garðastræti frestað vegna þess, að allar upplýsingar vantar um fyrirkomulag fráræslu.

5. P.Petersen sækir fyrir hönd Reykjavíkur Biógrafteaters um leyfi til að setja auglýsingaskilti yfir þvera Bröttugötu milli húsanna Aðalalstræti 8 og 10 og kveðst hafa fengið til þess samþykki húseigenda, er hér eiga hlut að máli. Byggingarnefndin vill leyfa þetta með þeim skilyrðum, að skiltið sé sterkt úr óeldfimum efnunum, og svo hátt að ekki hirdri umferð og hvað útlit snertir og alla gerð undir s erstakri umsjón byggingarfulltrúa.

6. Þórður Sigurðsson biður um leyfi til að mega reisa baðskýli handa sjúkum dreng sínum við Þvottalaugarnar. Nefndin synjar beiðninni af þeim ástæðum, að læknisumsögn og allar aðrar upplýsingar brestur, um sótthættu og annað.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum.

Fjarstaddir voru K.Zimsen, Þorvarður Þorvarðsson og Benedikt Jónasson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigvaldi Bjarnason. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913, laugardaginn 31. maí hélt byggingarnefnd fund með sér og fór þá þannig fram:

1. Vilhjálmi Ingvarssyni f.h. Jóns Magnússonar leyft að reisa íbúðarhús úr steinsteypu, einlofta, að stærð 9.75x8.20 m. með 2 skúrum, 3.50x2.20 m. og 4.10 x1.90 m. að stærð. Húsið á að standa við fyrirhugað Garðastræti á lóðinni næst fyrir norðan Bjarna Mattiesen hringjara. Umsækjandi skuldbindi sig til að annast veg að húsinu og gripahelda girðingu fram með honum bæjarstjóði að kostnaðarlausu, að öðru en því að leggja til lóð undir veginn. Sjálfur annast hann um vatns- og skolp-leiðslur hússins og samband við næstu leiðslur.

Byggingarnefnd leggur til að bæjarstjórn taki undir umræddan veg Garðastræti, fyrst um sinn 5 m. breidda spildu af erfðafestulandi því, er ofangreind lóð liggur að.

2. Eyjólfí Gíslasyni leyft að gera þær breytingar á hinu fyrirhugaðahúsi hans, Vesturgötu 23, (fundarg. 26. fm., 3. atr.) að lengja það um 1.25 m. og setja forstofu í miðju hússins að norðanverðu, þar í stiga upp, og verða þannig 2 stigar í húsinu.

3. Haraldí Guðmundssyni f.h. Bjarna Jónssonar á Hverfisg. 18 C leyft að reisa geymsluhús á baklóðinni Bergstaðastræti 33. Húsi verður að stærð 7.55x5.00 m.

4. Beiðni Péturs S. Guðnlaugssonar um byggingarleyfi við Frammesveg (nr 1) frestað.

5. Rannveigu Vilhjálmsdóttur leyft að reisa íbúðarhús úr steinsteypu, einlofta, að stærð 7.55x6.90 m. með skúr 2.5.0x1.90 m. Húsið á að standa á lóðinni Grettisgötu 22 D.

6. Guðríði J. Jónsdóttur leyft að gera þær breytingar á húseigninni Laugaveg 33 að taka af 1 glugga og setja tvennar dyr í stað einna á forhlið hússins.

7. Gjisla J. Ólafsson leyft að reisa einlofta íbúðarhús úr steinsteypu við Skothúsveg austan við Lárus H. Bjarnason og í stefnu við hús hans. Húsið verður nr. 7 við Skothúsveg. Húsið er á lengd 9.60m., á breidd á miðju 9.35 m., til endanna 10.50 m. með útskoti á horni og útbyggðu anddyri, alls að flatar-máli 120.35 m<sup>2</sup>.

8. H.f. Timbur og Kolaverzlun in Reykjavík leyfð aðgerð og hækkun á skúr við geymsluhús verzlunarinnr að norðanverðu.

9. Guðmundur Guðmundsson Grettisg. 3, kærir það að Ólafur Magnússon Laugavegi 24 B hafi byggt skúr upp að lóð hans, en ekki sett fennur, svo að vatn renni þaðan inn á lóð hans. Biður hann byggingarnefnd að hlutast til um lagfæringu á þessu. Nefndin felur byggingarfulltrúa að sjá um að bót verði hér á ráðin.

10. H.Th.A.Thomsen leyft að taka sneið af land-norðurhorn húss hans Hafnarstr. 20 og setja þar dyr út að Hafnarstræti, með því skilyrði þó, að inngönguríði tiki ekki meira en 0.50 m. fram frá húsinu.

11. Bæjarstjórnin hefur falið byggingarnefnd að meta lóð Gísla Halldórssonar þá er taka á norðan af lóðinni Hverfisg. 32 til breikkunar götunni. Nefndin metur lóðarspilduna, sem er að stærð 77.3 m<sup>2</sup> á kr. 5.00 hvern m<sup>2</sup>.

12. Bæjarstjórn hefur falið byggingarnefnd að meta lóð Helga Magnússonar við Bankastræti, sem samþykkt hefur verið að taka undir framlengingu Ingólfsstrætis og þar með það, sem ætlað er til breikkunar Bankastrætis. Spilduna undir Bankastræti metur nefndin ákr.5.00 hver fermetra. Lóðina undir Ingólfsstræti metur nefndin á kr. 20.00 hvern fermetra.

13. Athygli nefndarinnar vakin á ótrygglegum frágangi á útbyggingunni við húsið Laugaveg 11. Nefndin felur byggingarfulltrúa að gera þar ráðstafanir er hann telur þurfa til þess að bygging þessi verði forsvaranlega gerð, og ef á þarf að halda, þá að stöðva verkið og rífa niður það, sem óstæðilegt virðist.

Fleiri mál ekki til umræðu. Allir á fundi.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Þorvarður Þorvarðsson. B.Jónas-son. Sigvaldi Bjarnason. K.Zimsen. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913, laugardaginn 14. júní hétt byggingarnefnd fund með sér og gerðist það, sem hér greinir:

1. Ólafi Bjornssyni ritst. leyft að setja máttbak í stað flatbaks á skúrinn austan við aðalhúsið Aðalstræti 8.
2. Jóni trésmið Sveinssyni leyft að reisa skúra 2 samfasta 6.30x3.80 m. og 2.50x1.90 m. að stærð á lóð hans Templarasundi 3 með því skilyrði, að byggingarfulltrúi seti niður skúrana svo framarlega, sem lóðin reynist næg.
3. Sigurjóni Sigurðssyni leyft að steypa gluggaveggi á báðar veggsvallirnar (þ.e.: á 2. og 3. hæð) yfir forstofudyrum á húsi hans Templarasundi 5, með því að styrkleikur sé tryggður nægilega og byggingarnefnd áskilinn réttur til að krefjast þess, að súla verði sett af inngönguridinu upp undir neðri svala bitann eftir þörf þykir.
4. Jóni Teitssyni leyft að bæta við og breyta húsinu Spítalastíg 8, og er viðbótin (3.15 t 2.50):2x7.55 m. að stærð (21.22 m<sup>2</sup>) 2 hæðir og kjallari. Því skilyrði er leyfið bundið, að séð verði fyrir inngangi á lóðina austan við húsið, a.m.k. 1.90 m. breiðan og 2.50 m. háan.
5. Guðmundi Þorsteinssyni leyft að gera skúr við austurenda húss hans Nýlendugötu 15 A. Skúrstærðin er 6.30x3.15 m.
6. Sláturfélagi Suðurlands leyft að gera 1.25 m. hátt port á kælihus það, sem félagið hefur í smíðum á lóð Sláturfélagsins norðan við Lindargötu, ennfremur að setja 2 glugga og dyr á lofti uppi á vesturgafli hússins.
7. Lagt fram erindi frá Benedikt Jónassyni og Rögnvaldi Ólafssyni, þar sem þeir leggja til að Þinghóltsstræti verði haldið áfram norður í Hverfisgötu, en Ingólfsstræti ekki hreyft. Erindinu fylgdu 2 uppdrættir annar yfir Arnarhólslóð, hinn yfir suðurenda Ingólfsstrætis. Verður erindi þetta, ásamt uppdráttum lagt fyrir bæjarstjórn.
8. Sigríði Einarsdóttir biður um undanþágu frá ákvæðum 22.gr. um plægða súð, þar sem hún vill fá að nota óplægð borð, sem hún á á þekjuna á húsi því, sem hún á í smíðum við framlenginu Grettisgötu. Byggingar-

nefndin vill mæla með undanþágu með því skilyrði, að bikpappi komi utan á súðina undir járnö og innan á bekjuna reyrborð með reyrvef og steinlímshúð, eins og umsækjandi kveðst ætla að gera.

Fleiri mál ekki fyrir tekin.

K.Zimsen og Sigvaldi Bjarnason komu þegar síðasta mál var til meðferðar. Þorvarður Þorvarðsson kom ekki á fundinn.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigvaldi Bjarnason. K.Zimsen.  
B.Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Laugardaginn 28. júní 1913 hélt byggingarnefndin fund með sér, og gerðis þar það, er hér er talið:

1. Príóressu Maríu Victoríu f.h. St. Jósefsspítala leyft að taka þrjú salerni úr garði spítalans og reisa þar skýli til viðbótar hæsnahúsi, eftir nánari fyrir- sögn byggingarfulltrúa.

2. H.f. "Völundi" leyft að reisa lausaskúr, að stærð 7.55x3.75 metra, á lóð þeirra er Völundur hefir keygt af bænum og liggur norðanvert við lóð Völundar við Klapp- arstíg. Skylt er "Völundi" að flytja skúr þenna vurt af lóðinni, hvenær sem byggingarnefnd krefst.

3. Jónasi Guðbrandssyni leyft að stækka skúr við hús hans Bergstaðastræti 13 (Brennu) úr 1.90x1.90 m. upp í 2.50x2.50 metra.

4. Sveini skósmið Pálssyni leyft að gera á hús- inu Bergstaðastr. 17 þær breytingar, að hækka kjallara um 0.65 m. og lengja húsið um 2.35 m. Breiddin er 7.55 m.; burt fellur skúr 2.50x2.20 m. Stækkunin er því 7.55x2.35 m. + 2.50x2.20 m. Ennfremur mælur nefnd- in með því undanþágu frá því að hafa 2 stiga í húsinu.

5. Br. Björnssyni tannlækni leyft að láta reyk- háf ofan skambita í húsi hans, sem í smíðum er við Hverfisgötu, hallast um 27° frá lóðbeinni línu til að ná honum upp úr mæni, gegn því að svo tryggilega sé um reykháfinn búið, sem byggingarfulltrúi telur þörf á.

6. Byggingarnefndin leyfir fyrir sitt leyfti Sigeiri Torfasyni að byggja sláturshús við húseign hans Laugaveg 13. Húsið á að vera úr steinsteypu og að stærð (10.80 ± 10.50):2 x 2.50 m.

7. Þórarni B. Þorlákssyni leyft að gera lágan geymsluskúr á austurmörkum lóðar hans Laufásveg 45 B. Skúrinn er með eldvarnarvegg á tvo vegu í lóðarmörkum, austan og norðan, og að stærð 1.90x7.55 metra.

8. Carli Lárussyni f.h. verzlunarinnar "víkings" leyft að reisa einlofta íbúðarhús úr steinsteypu á lóð verzlunarinnar (?) Njálsgötu 20. Húsið á að vera að stærð, 6.50x7.50 m. með skúr 2.50x1.80 m.

9. Gunnlaugi Péturssyni leyft að reisa einlofta portbyggt íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans Frammes- vegi 1. Húsið verður að stærð 7.55x7.55 m. og 2 skúr- ar v á það, 2.55x1.55 m og 2.80x2.80 m.



10. Borgþór Jósefssyni leyft að gera kvist á vesturhlíð húss hans Laufásveg 5.

11. Jakob Möller tilkynnir að hann muni ekki nota leyfi það, er honum var veitt á fundi 15.mars(3.atr) til að breyta húseigninni Tjarnargötu 3 B og mælist undan leyfisgjaldinu. Byggingarleyfi þetta er þá úr gildi fellt, og mælir nefndin með því, að hálf gjald-ið sé gefið eftir.

Fleiri mál ekki fyrir tekin. Allir viðstaddir nema Þorvarður Þorvarðarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónasson. K.Zimsen. Sigv. Bjarnason. Rögnvaldur Ólafsson.

Laugardaginn 12. júlí ár 1913 kom byggingarnefnd saman á fund og fór þar þannig fram:

1. Beiðni Guðm. Magnússonar skósm. um að mega breyta smíðahúsi sínu Bergstaðastræti 21 í íbúðarhús var frestað vegna þess að uppdrætti og aðrar upplýsingar vantaði.

2. Samúel Jónssyni trésmíð leyft að reisa Sigurði Jóhannessyni tvílofta íbúðarhús úr timbri á lóðinni Skólavörðustíg 33 A. Stærð hússins er 7.55x6.90 m. og forstofuskúr 4.10x2.35 m. Þó er byggingarleyfi þetta bundið þeim skilyrðum er hér greinir: 1. að vegir þeir, sem húsið á að standa við sé haldið opnum upp á Skólavörðustíg og tryggja það með þinglestri. 2. að veggur millibeggja stiganna sé gerður eftir kröfum byggingarsamþykktar, sem burðarveggur og 3. að gluggar á förhlið séu færðir svo saman 2 og 2 að gott rúm fái st í veggunum fyrir skorður.

3. Samúel Jónssyni trésmíð leyft að breyta húsi Jóhannesar Guðmundssonar Skólavörðustíg 36 B á þann veg að hækka kjallara þess um 0.95 m., til að gera í honum íbúð, og að gera við húsið inngönguskúr við vesturgöfl þess 1.40x1.55 m og geymsluskúr við austurgöfl, 1.40x2.05 m. að stærð. Enn því aðeins má íbúð vera í kjallaranum, að haldið sé opnu 12.55m auðu svæði fram undan gluggum hans, og skal þinglesa þess, kvöð á eigninni.

4. Guðbjarti Guðbjartarsyni vélst. leyft að gera 0.95m. port og ris ofan á hús hans Bræraborgarstíg 33, sem nú er ein hæð flatbakið. Einnig er honum leyft að stækka inngönguskúr um 1.15x1.90m. og gera í hann stiga. Þó skal stigin ekki mjórri vera en 0.85m. Girðingar þær, sem um er beðið eru leyfðar að öðru en því, að egin girðing má taka út yfir götujaðar.

5. Guðna steinsm. Egilssyni leyft að bæta við hús það, sem hann er að reisa á lóð sinni Ránarg. 26, litlum skúr yfir kjallararið og að steypa port - með bakli yfir fyrir norðan húsið fram með Stýrimannastíg. Við byggða lóð bætist þannig skúrstærðin, sem er 1.35x3.15m.

6. Matthíassøn Matthíasson í Hóliti (Holti) fer fram á að fá breytt í byggingarlóð ca. 200 fermetra bletti úr erfðafestulandi sínu Efsta-Holti, er hann ætlar að selja Páli Ó. Lárussyni á kr. 3.15 fermetrann. Byggingarnefndin mælir með þessari beiðni gegn venju- legu fimmtungsgjaldi í bæjarsjóð. Ennfremur var lagður fram uppdráttur yfir fyrirhugaðar götur og lóðarskiptingu á nefndu erfðafestulandi og samþykkti byggingarnefndin uppdráttinn með því skilyrði, að á Eystrilóð verði byggt meira en nemur hálfri lóðarstærðinni.

7. Páli Ó. Lárussyni leyft að reisa einlofta í-  
búðarhús úr timbri á lóðinni Skólavörðustíg 26. Húsið  
er að stærð 7.55x8.80 m., og við það 2 skúrar, hvor  
2.00xl.55 m.

8. Bogi Þórðarson sækir um leyfi til að mega  
gera forstofu við austurgöfl húss þess er hann er að  
reisa á Laugaveg 32. Byggingarnefndin verður enn á  
ný að synja honum um leyfi til þannig lagaðrar útbygg-  
ingar.

9. Jes Zimsen leyft að setja eina hæð og hátt  
ris ofan á geymsluhús hans Hafnarstræti 23, er veit  
út að Kalkofnsvegi.

10. Eyjólfur Gíslasyni leyft að flytja hús sitt  
á lóðinni Grettisgötu 18 þaðan, sem þó nú er (við  
götuna) efst upp lóðina. Þar er honum leyft að byggja  
undir það nýjan kjallara og gera ýmsar breytingar á  
skipun herbergja og glugga.

11. Byggingarnefndin krefst þess, samkv. 12.gr.  
byggingarsamþykktarinnar, að vatnsheldar bak- og vegg-  
rennur verði settar á öll hús í Aðalstræti og Lækjar-  
götu og sömuleiðis við Bankastræti, og rennunum veitt  
út í göturæsi.

12. Byggingarnefnd ákveður að framvegis skuli  
ekki sinnt uppdráttum öðrum en þeim, sem gerðir eru  
eftir metramáli og skuli þetta byrt almenningi nú þeg-  
ar.

Fleira ekki fyrir tekið. Allir á fundi nema  
þorvarður Þorvarðarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. K.Zimsen.  
B.Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913 miðvikudag 6. ágúst kom byggingarnefndin saman á fund og var þetta gjört:

1. Halldóri M. Þorsteinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með skúrþaki austan við húsið nr. 29 við Hverfisgötu 6.25x6.80 m. með skúr við bakhlíð 2.20x2.50 m. Tveir skúrar, sem nú eru á lóðinni verða rifnir og er stærð þeirra 2.40x5.60 m. og 3.75x3.10 m.

2. Íslands banka leyft að setja tvo glugga og 1 dyr á austurgöfl Melstedshúss við Lækjartorg.

3. Jóhann Þorkelsson dómkirkjuprestur fer fram á að mega innrétta að nýju til íbúðar gamallt hús á lóð hans nr. 8 A við Suðurgötu. Hús þetta stendur í lóðarmörkum á tvo vegu og er án eldvarnarveggja. Byggingarnefndin getur ekki veitt hið umbeðna leyfi, þar sem það mundi koma í bága við 20.gr. byggingarsamþykktarinnar.

Á fund vantaði borgarstjóra, slökkviliðsstjóra og Rögnvald Ólafsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Þorvarður Þorvarðarson. Sigv. Bjarnason.

Ár 1913, laugardag 16. ágúst hélt byggingarnefndin fund með sér og fór þannig fram:

1. Sigurður Guðmundsson sækir um leyfi til að mega reisa skúr við austurendann á húseigninni Hverfisgötu 4 C, en með því að uppdrætti og önnur skilríki vantar er málinu frestað.

2. Byggingarnefnd mælir með því, að erfðafestulandi Péturs A. Ólafssonar á Patreksfirði, því er liggur á Melunum sunnan við Skothúsið og er að stærð ca. 1 dagsláttu (f.e. ca. 1/3 ha.), verði breytt í byggingarlóð gegn venjulegu fimmtungsgjaldi í í bæjarsjóð.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum. Á fund vantaði K. Zimsen, Sigvalda Bjarnason og Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B. Jónasson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913, laugardag 30. ágúst hélt byggingarnefndin fund með sér og fór þannig fram:

1. Hjálmtýr Sigurðssyni leyft að gjöra íbúð í stað sölubúðar í Hverfisgötu 4B; þar með leyft að breyta gluggum á framhlið hússins.

2. Sigurði Guðmundssyni leyft að gjöra vagnskúr 3.60x6.50 m. að stærð á austurmörkum lóðar nr. 4C við Hverfisgötu.

3. Elísabetu Sveinsdóttur leyft að lengja úti-hús hennar við suðurenda Fríkirkjuvegur um 2.5 m. Breidd hússins er 4.0 metrar.

4. Hjálmtýr Sigurðssyni leyft að gjöra ristak á útbyggingu vestan við húsið nr. 72 við Laugaveg.

5. Jónas Jónsson lögregluþjónn, sækir um að fá breytta í byggingarlóð ca. 240 fermetrum úr Steinsholtsbletti, er hann ætlar að selja Kristjáni Guðmundssyni fyrir kr. 2.50 hvern fermetra. Byggingarnefnd mælir með þessari beiðni, enda greiði Jónas 1/5 kaupverðsins í bæjarsjóð. Bæjarverkfræðingur skal nánar ákveða legu og stærð lóðarinnar.

6. Ólafur Magnússon Laugaveg 24B hefur ekki enn gengið frá skúr þeim, er getur um, er getur um, í 9. lið fundargjörðar 31. maí b.á., en hefur tekið hann til afnota. Nefndin ákvað að kæra til sekta þetta brot á byggingarsamþykktinni og fá Ólaf skyldaðan til að lagfæra það þegar í stað, að viðlögðum dagsektum.

Fleira ekki gjört

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson og Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. K.Zimsen. B.Jónasson. Sigv. Bjarnason.

Ár 1913, þ. 13. sept. var byggingarnefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist á fundinum það er hér segir:

1. Borgþór Jósefssyni bæjargjaldkera leyft að flytja geymsluhús sitt við Láufásveg 5 út að lóðarmörkum að norðan og austan og að breyta þaki þess. Eldvarnarveggur verður á tvo vegu.

2. Jónasi Sigurðssyni skipstjóra leyft að byggja hesthús á lóð hans Hverfisgötu 37. Samþykki heilbrigðisnefndar áskilið.

3. Ólafur Magnússon sækir um leyfi til að mega setja glugga á eldvarnarvegg á húseign hans Laugaveg 24B, og er þess getið, að eigandi nágrannalóðarinnar hafi fyrir sitt leyti gefið samþykki sitt til þess. Nefndin vill fyrir sitt leyti gefa samþykki til þessa, með því skilyrði, að sú kvöð skuli þinglesin á eigninni, að glugginn skuli tekinn burt þegar þess verður krafist.

Fleira gjörðist ekki. Á fundinum voru ekki aðrir mættir en borgarstjóri og bæjarverkfræðingurinn.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónarsson.

Ár 1913, f. 27. sept. var byggingarnefndarfundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra. Gjörðist á fundinum það er hér segir:

1. Jóni Ólafssyni skipstjóra leyft að reisa hesthús á baklóðinni við hús hans Miðstr. 8B. Húsið stendur á vesturmörkum og er eldvarnarveggur bæði sunnan á því og vestan. Timur í því að öðru leyti. Stærð hússins 3.40x2.85 metrar.

2. Boga Þórðarsyni (frá Lágafelli) leyft að reisa geymsluskúr á vestur- og suðurmörkum lóðar hans Laugaveg 32. Eldvarnarveggur í vesturhlíð og suðurgafli skúrsins og stærð hans 7.55x2.50 metrar.

3. Árni Jónsson kaupm. beiðist leyfis til að mega byggja framskot á horn húss síns Laugaveg 37, þannig að framskotið taki 50 cm. fram fyrir húshlíðina og séu á því inngöngudyr. Byggingarnefnd synjar leyfis til framskotsins, ef það nær meira en 21 cm. fram fyrir húshlíðina, en inngöngudyr mega taka allt að 50 cm fran fyrir húshlíðina.

4. Byggingarnefndin kærir eigendur Goodtemplarahússins fyrir að hafa í leyfisleysi sett upp steinsteypugárðingu um lóð þeirra að Vonarstræti og Templarasundi, en girðing þessi tekur út yfir fyrirhugaðan götujaðar Templarasunds og að nokkru Vonarstrætis.

Fleiri mál ekki fyrir fundinum. Fjarverandi K. Zimsen og Þorvarður Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónasson. Sigv. Þharnason.  
Rögnvaldur Ólafsson.



Ár 1913, laugardaginn 11. október var fundundur haldinn í byggingarnefnd og gerðist þar það er hér segir:

1. Byggingarnefndin leyfir fyrir sitt leyti Tibur- og kolaverzluninni Reykjavík að reisa útihús fyrir hesta, hey og geymslu á sömu lóð og hús verzlunarinnar stendur á, vestan Kalkofnsvegjar. Húsið á að standa nyrzt á lóðinni og er að stærð 8x3.80 + 2x3.80 metrar, kjallari og ein hæð. Leyfið er þó því skilyrði bundið, að húsið verði tekið burtu bænum að kostnaðarlausu, ef nota þarf hússtæðið undir götu, og skal þetta þinglesið sem kvöð á eigninni.

2. Beiðni Helga Jónssonar um leyfi til að mega byggja hey- og hesthús á erfðafestulandi sínu inn við Laugalæk. Frestað vegna þess að uppdrátt vantar.

3. H.Th.A.Thomsen leyft að gera tvö salerni í portinu sunnan við Hverfisgötu 18 ("Nýhöfn"); þau mega þó ekki taka upp fyrir portveggina. Stærð salernanna beggja 2.30x1.20 m.

4. Eyjólfur Gíslasyni leyft að reysa geymsluhús úr steinsteypu við suðurmörk lóðar hans Vesturgötu 23 og út að Doktorsstíg. Húsið hefur eldvarnarvegg á suðurhlið og er að stærð 10.00x3.50 m.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundunum. Ferhverandi Þorvarður Þorvarðarson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. Rögnvaldur Ólafsson. K.Zimsen. B.Jónasson.

Ár 1913, laugardaginn 1. nóvember hélt byggingar-  
nefndin fund með sér og gerðist þar það er hér segir:

1. Eggert Claessen f.h. eigenda hússins Austur-  
stræti 14 leyft að setja glugga í dyra stað og svo  
nýjar dyr á norðurhlið hússins og inngöngurið upp að  
heim dyrum. Riðin mega ekki taka meira en 0.50 m. fram  
frá húshliðinni.

2. Benedikt Jónassyni bæjarverkfræðing leyft að  
reisa einlofta íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans.  
Mjóstræti 8. Stærðin er 13.10x4.10 m., þak flatt og  
hár kjallari. Eldvarnarveggur á þrjá vegu.

3. Margréti Jónsdóttur leyft að fkytja hjall, er  
stendur á lóð hennar Bakkastíg 5, á norðurmörk lóðar-  
innar, en gera skal eldvarnarvegg á lóðarmörkum.

4. Jónatan Jónssyni leyft að reisa hús úr stein-  
steypu á lóð hans Laugavegi 35, þannig að húsið verður  
framlenging á húsinu, sem nú er nr. 35, og nær fast að  
nr. 33. Húsið er tvílofta með lágu risi og að stærð  
6.10x8.70 m., með skúr 1.80x3.00 m. Einnig er honum  
leyft að flytja til skúr á lóðinni að vesturmörkum, en  
gera svo eldvarnarveggi þar, sem byggingarsamþykktin  
segir fyrir.

5. Hlutfélagið Kveldúlfur fer þess á leit, að  
götur verði ákveðnar á svonefndri "Móakotslóð", sem er  
erfðafestuland að nokkru og var bæjarverkfræðingi falin  
frankvæmd þess.

6. Erindi Bjarna Jónssonar um að mega breyta geym-  
sluhúsinu á lóðinni Bergstaðastræti 33 í íbúðarhús semnt  
vegna þess að uppdrátt vantaði.

7. H.P.Duus leyft að reisa geymsluhús og fisk-  
geymsluhús sitthvoru megin við fiskburrkunarhús hans  
við Fischerssund. Leyfið er bundið því skilyrði, að  
húsin verði a.m.k. 6.30 m. frá annara manna húsum, nema  
eldvarnarveggir komi á milli. Geymsluhúsið er einlofta  
skúr vestast á lóðinni og að stærð  $\frac{18.50}{2} \times \frac{18.20}{2} = 4.75$  m.  
og við það smáskúr (1.70 + 1.50):2 = 1.80 m.m. hvor-  
tveggja að flatarmáli 87.10 + 2.88 = 90.04 fermetraf.  
Fiskgeymsluhúsið er tvílofta hús með háu risi að stærð  
17.80x10.70 = 190.46 fermetrar.

8. Ingimundi Péturssyni leyft að reisa geymslu-  
hús á lóðinni við Sellandsstíg, sem honum tilheyrir.

Húsið er tvílofta skúr að stærð 6.20x2.80 m.

9. Sveini Jónssyni leyft að byggja viðbót við við skúr á lóð hans við Rauðarárstíg. Skúrin er að stærð 5.00x3.10 metra.

10. Sveinn Jónsson frá Vestmanneyjum sækir um undanbágu frá ll.gr. byggingarsamþykktarinnar til handa húss hans Kirkjustræti 8 B, þannig að honum leyfist að láta inngöngurið í kjallara hússins taka 0.60 m. fram frá húsinu, með því að gangstéttin sé þar 2.50 m. breið. Byggingarnefndin mælir með beiðninni.

11. Byggingarnefndin mælir með því, að 496 fermetrar af erfðafestulandi Kristjáns A. Möllers málara verði bréytt í byggingarlóð gegn venjulegu fimmtungsgjaldi í bæjarsjóð. Er ræman af landinu, um 76 fermetra, fær bærinn ókeypis til breikkunar Skólavörðustígs og Klapparstígs.

Fleiri mál lágu ekki fyrir fundinum. Þorvarður Þorvarðsson var fjórstaðdur.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjarnason. K.Zimsen.  
Benedikt Jónsson. Rögnvaldur Ólafsson.

Ár 1913 laugardaginn þ. 15. nóv. hélt byggingar-  
nefndin fund með með sér á skrifstofu borgarstjóra og  
gerðist þá það er hér segir:

1. Bjarna Jónssyni leyft að breyta geymsluhúsi  
bak við húsið nr. 33 við Bergstaðastræti í íbúðarhúsi,  
með því skilyrði að húsinu verði breytt þannig, að það  
fullnægi öllum kröfum byggingarsamþykktarinnar til í-  
búðarhúss. og var byggingarfulltrúa falið að hafa sér-  
stakt eftirlit með breytingu hússins.

2. Þorsteini Guðmundssyni leyft að byggja ein-  
lyfta viðbót úr steinsteypu með glötu baki við hús  
hans nr. 53 við Hverfisgötu. Viðbótin er að stærð  
4.80x6.20 m. og skúr þar við 1.60x1.20 m.

3. Magnús Magnússon og Valentínus Eyjólfsson  
sækja um leyfi til að byggja á erfðafestulandi þeirra  
við Fúlutjörnfiskgeymsluhús og fiskþvottahús að stærð  
30.10x12.50 m. hið fyrrnefnda og hið síðarnefnda 18.80  
x15.60 m. Veggir beggja húsanna eiga að vera úr stein-  
steypu. Nefndin veitir byggingarleyfið og felur bygg-  
ingarfulltrúa að ákveða hvar húsin eiga að standa.  
Hvorugt þeirra má þó standa nær flóðmáli en 20 metra,  
sem leyfisbeiðendur skuldbandi sig til skriflega til  
að flytja húsin burt þannig/ þænum að kostnaðarlausu  
ef vegur verður lagður þar meðfram sjónum, og skal  
skuldbinding þessi þinglesin á kostnað eigenda sem  
kvöð á eigninni áður en byrjað er að byggja.

4. Hlutafélagið "Kveldúlfur" fer þess á leit að  
bæjarstjórnin breyti áður gerðri samþykkt sinni að  
leggja götu frá Klapparstíg á Vatnsstíg milli Lindar-  
götu og fyrirhugaðri götu meðfram sjónum, yfir svo-  
nefnda "Móakotslóð". Nefndin vill ekki leggja til að  
nein breyting verði gjörð á þessu.

Á fund vantaði Rögnvald Ólafsson, Knud Zimsen og  
Þorvarð Þorvarðsson.

Fleira gjörðis ekki. Fundi slitið.

Páll Einarsson. Sigv. Bjanason. B. Jónasson.

Ár 1913, laugarda inn 29. nóv. hélt byggingarnefnd fund og voru þar afgreidd eftirgreind mál:

1. Ráinh. Andersen leyft að breyta dyrum og gluggum á framstefni húss hans Aðalstr. 9.

2. H/f "Kveldúlfur" sækir um að mega byggja fiskhús á Móakotsbletti. Með því að byggingarnefndinni er ekki annað vitanlegt en að blettur þessi sé erfðafestuland, veitist byggingarleyfið aðeins með þeim fyrirvara, að bæjarstjórn hafi veitt leyfi til að breyta blettinum í byggingarlóð áður en byrjað er á húsgerðinni. Húsið er að stærð sem hér segir: lengd (48.00 + 44.40):2 = 46.20 m. að meðaltali, breiddin 25.00 m., tvær hæðir með litlu risi, vegg hæð um 5.00 m. Nefndin áskilur sér rétt til að ákveða styrkleika húslöftsins, ef á það á að koma þungavara. Ennfremur að rennur verði settar á húsið, a.m.k. þeim megin er veit að alfaravegi. Húsið á að standa við fyrirhugaða sjvárgötu og snúa austurgafli að Vatnsstíg og verða veggir og ne ra gólf úr steinsteypu.

3. Magnús Magnússon og Valentínus Eyjólfsson endurtaka beiðni sína, sem fram kom á síðasta fundi, um að mega byggja fiskgeymslu og fiskvottahús þau, sem þar um getur, á leigulandi þeirra við Fúlutjörn og á þeim stað er þeir báðu um, þ.e. neðst við sjóinn. Nefndin heldur fast við tillögur sínar frá síðasta fundi.

4. Bæjarfógeti fer þess á leit, að Hverfisgata verði tölusett að nýju, sökum glundroða í hústölum sem nú eru. Nefndin féllst á að verða við þessum tillögum, en vill um leið breyta nafni götunnar, með því að það mundi draga úr ruglingnum á í veðmálabókinni og gjaldskrá þegarins. Leggur nefndin til að gatan verði kölluð Skúlaskeið (fógeta). Fallist bæjarstjórn á þessa tillögu, felur byggingarnefnd byggingarfulltrúa að koma með tillögur um tölusetningar við götuna.

Fleira gerðist ekki á fundinum. Á fund vantaði Þorv. Þorvarðsson og Sigv. Bjarnason.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. Rögnvaldur Ólafsson. K.Zimsen.  
B.Jónasson.

Ár 1913, laugardaginn 13. desember hélt byggingarnefndin fund og fór þetta fram:

1. Jóh.Kr.Jóhannesson skýrir frá því að hann geti ekki notað byggingarleyfi það er honum var veitt 26. apríl síðastliðinn (7.lið) og fer fram á að fá byggingarleyfisgjaldið eftirgefið (c.12 kr.). Nefndin mælir með þessari beiðni.

2. Gísli Gíslasyni Lindargötu 36 leyft að gjöra skúr við íbúðarhús sitt þar. Skúrinn stendur við austurgafli hússins og er eldvarnarveggur við austurhlíð hans. Stærð skúrsins er 7.60x3.20 m.

3. Byggingarnefnd heldur fast við tillögu sína frá fundi 29. nóvember, að hús við Hverfisgötu verði tölusett að nýju og nafni götunnar breytt í "Skúla-skeið".

Á fund vantaði Rögnval Ólafsson og Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

Páll Einarsson. B.Jónasson. Sigv.Bjarnason.  
K.Zimsen.

Registur.

Dagsetning.

Ár 1905

15. júlí Gunnlaugi Péturssyni leyft að breyta húsi sínu.  
- H.P.Duus leyft að stækka vörugeymsluhús.  
- Th.Thorsteinsson leyft að bæta skúr við hús á  
- Magnús Blöndahl fær keypta lóð milli Mógarafar-  
- M.Th.Jensen leyft að stækka fjós og heyhliðu í  
- Guðbrandi Þórðarsyni leyft að byggja hús við  
- Guðmundi Guðmundss (fv.fulltrúa) leyft að reisa  
- Péttri Jónssyni þjátrara leyft að reisa skúr við  
5. ágúst. H.Andersen leyft að breyta heyhúsi í Aðalstr.  
- Björn Símonarson frestar byggingu vegna vantandi  
- H.Th.A.Thomsen leyft leyft að gjöra skúr við Lækjart.  
- D.Ostlund leyft að lengja samkomuh. sitt í Ingólfsstr.  
- G.Guðmundss(f.fulltr.)leyft að reisa hús við Grett-  
- Haraldí Sigurðssyni leyft að gjöra geymsluhús.  
- Páli Guðmundssyni leyft að byggja milli Frakka-  
- Sveini Gestssyni leyft að gera hús við Grettisg.  
- Guðm.Jakobssyni að byggja við horn á Njálsgötu.  
- Sæm.Þórðarss sömul. milli Njálsg. og Barónsstígs.  
- Jóhannesi Lárussyni synjað um skúrbyggingu.  
- M.Th.Jensen leyft að hækka bak á fjósi í Bráðræði.  
- Erlindi Magnússyni sömul. að auka við vinnuhús.  
- D.Thomsen leyft að byggja 3 salerni.  
19.ágúst. E.Zöega leyft að byggja Þjótiá Stekkjarholts-  
- Sig.Guðmundssyni Bræðraborgarst.13 að gjöra salerni.  
- Reinh.Andersen leyft að gera dyr á hús við Aðalstr.  
- Jóh.Hjartarsyni synjað um kaup á lóðarræmu í Hlíð-  
- H.P.Duus leyft að breyta gluggum á verzlunarhúsinu.  
- Kristni Jónssyni leyfðar breytingar á húsi við  
- Marteini Finnbogasyni leyft að endurbæta Traðar-  
2. sept. Ásgeir Sigurðssyni leyft að setja dyr á hlið  
- Höggna Finnssyni að setja bakglugga.  
- Guðm. steinsm. Magnússyni, hús í Bergstaðastræti.  
- Karli Nikulássyni að gjöra skúr.  
- Ólafi Davíðssyni íbúðarhús við Laufásveg.  
- Boga Þórðarsyni að lækka gólf og stækka glugga.

1905.

2. sept. Amunda Arnasyni vörugeymsluhús.  
- Sigurði Jónssyni Hausthús byggja hús og rífa.  
- Elering Benónýssyni að gjöra kjallara.  
- Samúel Ólafssyni, geymsluhús.  
- Jón Jónsson Lindarbæ að að reisa hús við Vatnsstíg.  
- Jóhannes Jósefsson að gjöra timburgeymsluhús.  
- Guðm. Hávarðssyni að gjöra skúr við hús sitt.  
- Arna Einarssyni að gjöra skúr á lóð sinni Laug.  
- Breytt húsmæling Páls Guðmundssonar 5.f.m. H.7.  
- Kristínu Teitsdóttur leyft að færa forstofu.
16. sept. Gunnari Einarssyni útvísað slátrunarhús- og  
- Jóhannesi Magnússyni "Útihús" á Bræðraborgarstíg. /kjötbúðarstæði.  
- Björn Stefánsson fær ekki keypta lóð við Nýlendug.  
- Guðm. Einarssyni Nesi leyft að setja glugga.  
- D. Thomsen leyft að setja dyr í stað glugga.  
- Bjarna Jónssyni leyft að setja kvist á hús Laug. 18.  
- Guðm. Egilssyni að reisa geymsluhús Laugav. 38.  
- Vigfúsi Jónssyni leyft að reisa bakhús við Hverfisg.  
- Gísla kaupm. Jónssyni opið bráðabirgðaskýli.  
- Guðm. Ásbjörnssyni íbúðarhús við Njálsgötu.  
- Páli Hafliðasyni leyft að gera salerni.  
- Páli Guðmundssyni að gera kjallara undir hús sitt.  
- Þorláki Guðmundssyni útidyr á skúr.  
- Eyjólfri Ólafssyni að gjöra skúr við hús sitt í Hvg.  
- Völundi að lengja "ketilhús" hjá verksmiðjunni.  
- Samúel Jónssyni að gjöra skúr við hús sitt á Njálsg.  
- Jóni Sigmundssyni leyft að setja tröppur við húsgafl.  
- Jóni Hinrikssyni reisir hús. Bærinn Klöpp rifinn.  
- Pétri Hjaltested gjöra skúr Norðurmýrarbletti 10.  
- Jóni Sveinssyni útskotsglugga á hús í Templaras.  
- Athuguð húsbygging Helgu Hafliðadóttur Klapparstíg. r  
- Jóhannesi Zöega að gera geymsluskúr við hús sitt.
7. okt. Búnaðarfélag Íslands selur Iðnaðarmannafél. lóð.  
- Sama leyft að reisa hús þar.  
- Að setja bakglugga á stjórnarráðshúsið.  
- Steingrími Guðmundssyni að gera skúr.  
- Erlánda Magnússyni að breyta verkstæði.  
- Einari Sveinssyni o.fl. að reisa verkstofuhús.  
- Þorkeli Hreinssyni að stækka efri lofthæð o.fl.  
- Jes Zimsen að gera bráðabirgðaskúr.  
- Pétri Brynjólfssyni leyft að stækka skúr.  
- Kristjáni Teitssyni leyft að reisa skúr Bjargarst.  
- Gísla Þorkelssyni steinsmið að gera geymsluskúr.  
- Ásbirni Guðmundssyni að gjöra salerni.  
- Ásgrími Magnússyni að gjöra salerni (Bststr.)  
- Jóni Stefánssyni skósmið. að reisa íbúðarhús.  
- Magnúsi Benjamínssyni að setja kvistglugga.  
- Gísla Guðmundssyni að reisa íbúðarhús við Hverfisg.  
- Þórði Thoroddsen geymsluhús við Grjótagötu.



1905.

7. okt. Guðm. Egilssyni að stækka skúr við Laugaveg 40.  
- Mjólnir að reisa geymsluhús í stað íbúðarhúss.
21. okt. Magnús Blöndal leggur fram uppdr. við Kirkjustr.  
- Einar Zöega undanþágu frá 25.gr. byggingarsamf.  
- Völundi leyft að hafa "Rabitz" loft í ketilhúsinu.  
- Járnsteypufélaginu leyft að reisa geymsluhús við  
- "Sápufél. Reykjavík" að reisa geymsluh. v Vatnsstíg. /Norðurstíg.  
- Ásg. Sigurðss. að setja dyr í stað glugga í Edinb.  
- Þórði Guðmundssyni að gjöra útihús v. Klapparst.  
- Jónasi Eyfjörð að gjöra hús við Frakkastíg.  
- Kristófer Egilssyni að hækka nr.52 við Vesturgötu.
- 28.okt. Um götur yfir Arnarhólslóð.  
- Um húsalínuna suður eftir Útsuðurvelli.  
- Björn Kristjánsson um t.aldbyrgi.
4. nóv. M.Th.Jensen, að setja reykhálf í geymslusk.Phstr.  
- Erlendi Magnússyni leyfðar breytingar á gluggum.  
- Jóni Þórðarsyni kaupm.að gera skúr við Phstr.  
- J.E.Jensen að gjöra skúr við Hverfisgötu.  
- Pétri Friðrikssyni að reisa hús við Grettisgötu33.  
- Gísla Halldórssyni að reisa hús við Njálsgötu.  
- Sveinbirni Stefánssyni að lengja hús við Njálsgötu.  
- H.J.Bartels að gjöra skúr við geymsluhús.  
- Jónasi Guðmundssyni Sauðagerði að gjöra útihús.  
- M.Th.Jensen vagnaskúr í Bráðræði.  
- Guðm.Guðmundsson f.fltr. geymsluskúr við Grettisg.  
- Pétri Hjaltested að gjöra reykhálf á í hús í Norðurm.  
- M.Lund að stækka skúr við Kirkjustræti.  
- Hirti Hjartarsyni að stækka skúr við Bræðraborgars.  
- Inngang á lóð M.Th.Blöndal í Kirkjustræti.  
- Fríkirkjusöfnuðurinn um veg frá Laufásvegi.
- 18.nóv. Eyjólfri Eyjólfssyni salerni við Vesturgötu.  
- Félagsbakarið um færslu á dyrum í Vesturgötu.  
- Eyjólfri Þorkelssyni að breyta gluggum á húsi sínu.  
- Sveini Jónssyni íbúðarhús við Laugaveg.  
- Ásg.Sigurðssyni að flytja lifrabræðsluhús við  
- /helgastaði.  
- Einari Arnórssyni að járnklæða hús sitt Vesturg.  
- M.Lund um breyting á skúrmælingu.  
- Gísla Bjarnas. og Bjarnhj.Þorst.að reisa hús við  
- /Grettisgötu.  
- Ásg.Sigurðss. leyft að reisa fiskverkunarskúr.  
- Birni Símonars. leyfðar breytingar á gl. og dyrum.  
- Árna Thorlacius að gjöra skúr og hjall.  
- Bárufél að sér verði le ft að reisa hús á uppfull-  
- /ingu í Tjörninni.  
- Að byggingarnefnd gefi álit um lenging Tjarnarg.  
- Að sama nefnd athugi gangstígdgerð við barnaskólann.  
- Magnús Jónsson um endurgr. á vegalengingargjaldi.

1905

- 2.des. Samþykkt að D.Thomsen gjöri steinvegg við slátr-  
- Að kaupa lóðarrenning af Kristjáni Kristjánssyni /unarhúsið.  
- Ákveðið götustæði austan við Bergstaðastræti. /Bergststr.  
- Sveini J. Einarssyni leyft að reisa hús við Grettisg  
- Sæm. Þórðarsyni leyft að byggja við Barónsst. og  
- M.Th.Jensen að breyta dyrum og gl. á sölubúðinni. /Njálsgötu.  
- Halldóri M. Ólafssyni að reisa tvílyft hús við  
- Ákveðið að skipta á lóðum við Jónas H. Jónsson. /Nýlendugötu.  
16.des. E.Schram skipst. leyft að setja dyr á húsgafl sinn.  
- Þorláki Teitssyni leyft að gjöra salerni við hús s.

1906

- 6.jan. Bjarna Jónssyni trésm. leyft að byggja hús við  
- Kristni Jónssyni, að gjöra geymsluh. á lóð sinni. /Laugaveg.  
- Stefáni Bjarnasyni, Bergi, að Byggja tvíl íbúðarh.  
- Högnu Fómassyni, að reisa hús við Grundarstíg.  
- Að selja Jónasi H. Jónssyni lóðarsp. norð. við lóð h.  
- Guðm. Þorlákss. leyft að reisa hús við Grettisgötu.  
- Þorst. Sigurðssyni að reisa tvíl hús við Laugav.5.  
20.jan. Magn. Magnússyni o.fl. að reisa hús v. Ingólfsstr.  
- Þórði Péturssyni að gjöra salerni við Frammesv.  
- Stefáni Jónssyni að stækka skúr við Sauðagerði.  
- Ólafi Árnasyni að reisa hús við Suðurgötu.  
- Jóhannesi Guðmundss. að reisa hús við Nýlendugötu.  
3.febr. Árna Þorleifssyni að reisa íbúðarh. við Njálsg.  
- Bjarna Helgasyni að stækka hús við Njálsgötu.  
- Magnúsi Vigfússyni leyft að reisa heyhús o.fl.  
- Sama seld lóð 1500 feraln. við Laugarnesv. fyrir  
- Þorvaldi Jónssyni skipstj. að reisa íbúðarhús við /25 auru, hver al.  
- Guðm. Ámundasyni að breikka íbúðarh. Laugaveg 70. /Bergstaðastr.  
- Sigurði Bjarnasyni að reisa hús við Grettisgötu.  
- Sigríði Magnúsdóttur að kaupa lóð aust. v. l. Mjölná  
- Að selja Slippfélaginu lóð norðan við Nýlendugötu.  
